



ORKUSTOFNUN  
Vatnsorkudeild

Kristbjörn Egilsson  
Náttúrufræðistofnun Íslands

## FÆÐA OG BEITILÖND ÍSLENSKU HREINDÝRANNA

Rannsóknir vegna fyrirhugaðra virkjana í Jökulsá í Fljótsdal  
og Jökulsá á Dal á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands  
fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitir ríkisins/Landsvirkjun.

OS-83073/VOD-07  
Reykjavík, september 1983



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

**Kristbjörn Egilsson  
Náttúrufræðistofnun Íslands**

## **FÆÐA OG BEITILÖND ÍSLENSKU HREINDÝRANNA**

**Rannsóknir vegna fyrirhugaðra virkjana í Jökulsá í Fljótsdal  
og Jökulsá á Dal á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands  
fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins/Landsvirkjun.**

**OS-83073/VOD-07  
Reykjavík, september 1983**



## ÁGRIP

Rannsóknir á fæðu og beitilöndum hreindýranna á hálandi Austurlands fóru fram á árunum 1980-1982.

Lýst er helstu gróðurlendum og birtar niðurstöður gróðurþekjumats á Vesturöræfum, Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði, Brúardölum og Undir Fellum. Sagt er frá ástandi haganna. Þar kemur í ljós að ástand sumarhaga á Vesturöræfum og Undir Fellum er yfirleitt gott, þó með þeirri undantekningu að varað er við meiri beit á burðarsvæðinu og vorbeitilandinu í Hálsi á Vesturöræfum. Það svæði er ómetanlegt fyrir afkomu hreindýranna um burð í hördum vorum.

Vetrarhagarnir á Fljótsdalsheiði eru rýrir og þegar ofnýttir hvað fléttur varðar. Ákveðin svæði þar þola ekki aukið beitarálag að vetri.

Vetrarhagar á Jökuldalsheiði eru nú vel á sig komnir. Eskilegt er að dýrin verði aldrei það mörg þar að fléttur verði ofbeittar.

Felld voru 80 hreindýr, 20 á hverjum árstíma, sumar, haust, veturn og vor. Gorsýnum var safnað úr vömbum dýranna til að kanna fæðu þeirra. Gerð er grein fyrir fæðu á hverjum árstíma. Einnig borin saman fæðan á mismunandi svæðum eftir árstíma. Í ljós kemur að dýrin nýta helst þær tegundir sem mest er af á hverjum stað með nokkrum undantekningum. Mikill munur getur verið á fæðu eftir svæðum. Fléttur eru mikilvægastar í vetrarfæðunni á svæðum, þar sem þær er að finna.

Mæld var uppskera gróðurs í sumarbeitilöndum á Vesturöræfum, til að kanna hversu mikill hluti uppskerunnar nýtist hreindýrum og sauðfé til beitar. Í ljós kemur að einna mest nýttu svæðin eru gráviðiflesjur og stinnastararmór.

Gerð er grein fyrir ástandi og nýtingu hreindýrahaganna.

Handriti skilað í janúar 1983.



EFNISYFIRLIT

	Bls.
ÁGRIP .....	3
EFNISYFIRLIT .....	5
TÖFLUSKRÁ .....	8
MYNDASKRÁ .....	10
1 INNGANGUR .....	11
2 RANNSÓKNAFERÐIR .....	13
3 GRÓÐURFAR .....	15
3.1 Inngangur .....	15
3.2 Fyrri athuganir .....	15
3.3 Gagnasöfnun og úrvinnsla .....	17
3.4 Gróðurfar einstakra svæða .....	20
3.4.1 Vesturöræfi .....	20
3.4.1.1 Stærð gróðurlenda .....	20
3.4.1.2 Gróðurathuganir (votlendi, stinna-stararmór með smárunnum, grávíði-flesjur, þurrt mólendi, fjalldrapa og krækilyngsmór, snjódældir og melar) ....	24
3.4.2 Fljótsdalsheiði - Fellahleiði .....	44
3.4.2.1 Gróður á haustbeitarsvæðum .....	45
3.4.2.2 Gróður á vetrarbeitarsvæðum .....	49
3.4.2.3 Gróður á vorbeitarsvæðum .....	53
3.4.3 Jökuldalsheiði .....	57
3.4.3.1 Gróður á haustbeitarsvæðum .....	58
3.4.3.2 Gróður á vetrarbeitarsvæðum .....	62
3.4.3.3 Gróður á vorbeitarsvæðum .....	65
3.4.4 Önnur svæði .....	70
3.4.4.1 Brúardalir .....	70
3.4.4.2 Undir Fellum - Eyjabakkar .....	70
Stærð gróðurlenda .....	70
Gróðurathuganir .....	73
3.4.5 Niðurstöður .....	75
3.4.5.1 Vesturöræfi .....	75
3.4.5.2 Fljótsdalsheiði .....	76

	Bls.
3.4.5.3 Jökuldalsheiði .....	79
3.4.5.4 Samanburður á haust-vetrar- og vor-beitarsvæðum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	82
<b>4 FÆÐA .....</b>	<b>84</b>
4.1 Inngangur .....	84
4.2 Fyrri athuganir .....	85
4.3 Gagnasöfnun og úrvinnsla .....	86
4.3.1 Gagnasöfnun .....	86
4.3.2 Úrvinnsla sýna .....	86
4.3.3 Örðugleikar við tegundaákvörðun .....	89
4.4 Fæða eftir árstíðum .....	90
4.4.1 Sumarbeit .....	90
4.4.1.1 Sumarbeit-niðurstöður .....	90
4.4.1.2 Sumarbeit-umræða .....	98
4.4.2 Haustbeit .....	100
4.4.2.1 Haustbeit-niðurstöður .....	100
Brúardalir .....	102
Fljótsdalsheiði .....	105
Jökuldalsheiði .....	108
4.4.2.2 Haustbeit-umræða .....	112
Brúardalir .....	112
Fljótsdalsheiði .....	112
Jökuldalsheiði .....	113
Samanburður á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	114
4.4.3 Vetrarbeit .....	117
4.4.3.1 Vetrarbeit-niðurstöður .....	119
Fljótsdalsheiði .....	120
Jökuldalsheiði .....	125
4.4.3.2 Vetrarbeit-umræða .....	129
Fljótsdalsheiði .....	129
Jökuldalsheiði .....	130
Samanburður á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	132
4.4.4 Vorbeit .....	134
4.4.4.1 Vorbeit-niðurstöður .....	135

Fljótsdalsheiði .....	135
Jökuldalsheiði .....	142
4.4.4.2 Vorbeit-umræða .....	146
Fljótsdalsheiði .....	146
Jökuldalsheiði .....	147
Samanburður á Fljótsdals- og Jökuldals- heiði .....	149
5 UPPSKERA GRÓÐURS Á VESTURÖRFUM 1981 .....	152
5.1 Inngangur .....	152
5.2 Gagnasöfnun-úrvinnsla .....	152
5.3 Lýsing uppskerusvæða .....	152
5.4 Niðurstöður .....	155
5.5 Umræða-ályktanir .....	159
6 HEILDARNIÐURSTÖÐUR - ALMENN UMRÆÐA .....	163
6.1 Gróðurfar og fæða, heildarniðurstöður .....	163
6.2 Fyrri athuganir á fæðu hreindýra .....	169
6.3 Beitaratferli .....	171
6.4 Beit hreindýra og sauðfjár .....	173
6.5 Fléttur og áhrif beitar og traðks á þær .....	177
6.6 Ástand og nýting hreindýrahaganna .....	183
7 TEGUNDALISTAR (háplöntur, fléttur, mosar) .....	195
HEIMILDASKRÁ .....	200
LJÓSMYNDIR .....	211
ENGLISH SUMMARY .....	217
VIÐAUKI (Grunntöflur er sýna fæðu hreindýra) .....	231
1 Fæða hreindýra að sumri	
2 Fæða hreindýra að hausti	
3 Fæða hreindýra að vetri	
4 Fæða hreindýra að vori	

TÖFLUSKRÁ

---

Bls.

1	Skrá yfir fjölda sniða, reita og krafssvæða .....	17
2	Stærð vor- og sumarbeitilands á Vesturöræfum .....	22
3	Gróður í votlendi á Vesturöræfum (Búrfellsflói), snið 27, 28 og H2 .....	24
4	Gróður í votlendi á Vesturöræfum (Ljósalykkjuflói), snið 9-13 ...	27
5	Gróður í votlendi á Vesturöræfum (Syðradrag), snið H3, H4 og 6-8	29
6	Gróður í deiglendi (smárunnar og stinnastör á Vesturöræfum), snið H1, 19, 24 28a, 29, 30 .....	32
7	Gróður í grávíðiflesjum á Vesturöræfum, snið 15-18 .....	34
8	Gróður í þurru mólendi á Vesturöræfum, snið 1-4 .....	37
9	Gróður í fjalldrapa og krækilyngsmó á Vesturöræfum, snið 14 og 26 .....	38
10	Gróður í snjódældum á Vesturöræfum, snið 20, 21 og 31-33 .....	40
11	Gróður á melum á Vesturöræfum, snið 22 og 23 .....	43
12	Gróður í mólendi á Fljótsdalsheiði (Vegufs), snið 12a .....	46
13	Gróður í snjódæld á Fljótsdalsheiði (Vegufs), snið 12b .....	46
14	Gróður í stinnastararmó á Fljótsdalsheiði (Lambakill), snið H13	48
15	Gróður í mólendi á Fljótsdalsheiði (Eyvindarfjall), snið H11a og b .....	48
16	Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði (Eyvindarfjöll) .....	50
17	Gróður í stinnastararmó á Fljótsdalsheiði (Eyvindarfjöll), snið H19 .....	50
18	Gróður í mólendi á Fljótsdalsheiði (Merkisheiði), snið H14 og H15 .....	52
19	Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði (Merkisheiði) .....	52
20	Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði (Merkisheiði) .....	54
21	Gróður í mólendi á Fljótsdalsheiði (Klausturselsheiði) snið H20	54
22	Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði (Klausturselsheiði) .....	56
23	Gróður í mólendi á Jökuldalsheiði (Fellahlíð, Háreksstaðir), snið H8, H10 og H10a .....	59

Bls.

24	Gróður í krækilyngsmó á Jökuldalsheiði (Lónakill), snið H9, H9a .....	61
25	Gróður í mólendi á Jökuldalsheiði (Víðidalur, Litla Svalbarð, Botnalækur, Ánavatn, Grjótgarðsháls), snið H16-H18, H24, H26 .....	63
26	Gróður í krafsholum á Jökuldalsheiði (Litla Svalbarð) .....	65
27	Gróður í krafsholum á Jökuldalsheiði (Botnalækur) .....	66
28	Gróður í fífuflóá á Jökuldalsheiði (Ánavatn), snið H24a .....	67
29	Gróður í jaðri á Brúardölum, snið H7 .....	71
30	Stærð vor- og sumarbeitilands Undir Fellum - Eyjabökkum .....	72
31	Gróður í snjódæld á Eyjabökkum, snið H6 .....	74
32	Gróðurfar á haust- vetrar- og vorbeitarsvæðum á Fljótsdalsheiði (ríkjandi tegundir) .....	78
33	Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði (samantekt) .....	78
34	Gróður á haust- vetrar- og vorbeitarsvæðum á Jökuldalsheiði (ríkjandi tegundir) .....	79
35	Gróður í krafsholum á Jökuldalsheiði (samantekt) .....	81
36	Heildarþekja gróðurs á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	83
37	Fæða hreindýra að sumri (meginniðurstöður) .....	93
38	Fæða hreindýra að hausti (meginniðurstöður) .....	101
39	Samanburður á fjölda tegunda í haustfæðunni á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	115
40	Samanburður á haustfæðu hreindýra á Fljóts- og Jökuldalsheiði .....	116
41	Fæða hreindýra að vetri (meginniðurstöður) .....	118
42	Samanburður á fjölda tegunda í vetrarfæðunni á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	132
43	Samanburður á vetrarfæðu hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	133
44	Fæða hreindýra að vori (meginniðurstöður) .....	136
45	Samanburður á fjölda tegunda í vorfæðunni á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	149
46	Samanburður á vorfæðu hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði .....	150

Bls.

47	Uppskerumælingar ( $\text{gr}/\text{m}^2$ ), grávíðiflesjur .....	154
48	Uppskerumælingar ( $\text{gr}/\text{m}^2$ ), stinnastarar - grávíðimór .....	154
49	Uppskerumælingar ( $\text{gr}/\text{m}^2$ ), stinnastararmýri .....	156
50	Uppskerumælingar ( $\text{gr}/\text{m}^2$ ), stinnastararmýri .....	156
51	Uppskerumælingar ( $\text{gr}/\text{m}^2$ ), hengistararmýri .....	158
52	Uppskerumælingar ( $\text{gr}/\text{m}^2$ ), hengistararmýri .....	158
53	Fæða hreindýra samkvæmt fyrri athugunum ásamt niðurstöðum frá Fljótsdalsheiði .....	170
54	Fæða sauðfjár og hreindýra að sumri .....	175
55	Fæða sauðfjár og hreindýra að hausti .....	176
56	Fæða sauðfjár og hreindýra að vetri .....	177
57	Efnasamsetning (%) þurrvigtar) nokkurra fléttutegunda .....	178
58	Upplýsingar sem liggja þurfa fyrir til að geta gert sér fulla grein fyrir beitarþoli lands .....	183
59	Fjöldi sauðfjár í Fljótsdals- og Jökuldalshreppum .....	184
60	Helstu gróðurlendi, stærð og uppskera þeirra á Vesturöræfum .....	187

---

#### MYNDASKRÁ

---

1	Rannsóknasvæðið á Austurlandi - yfirlitsmynd .....	12
2	Rannsóknasvæðið og reitaskipting þess .....	18
3	Sumarhagar hreindýra á Vesturöræfum og Undir Fellum .....	21
4	Staðsetning gróðurmatssniða á Vesturöræfum sumarið 1980 ..	25
5	Hreindýraveiðisvæði 1980-1981 .....	87
6	Fæða hreindýra að sumri .....	91
7	Fæða hreindýra að hausti .....	103
8	Fæða hreindýra að vetri .....	121
9	Fæða hreindýra að vori .....	137
10	Staðsetning uppskerumælingareita á Vesturöræfum 1980-1981	153
11	Fæðuval hreindýra 1980-1981 .....	165

1 INNGANGUR

---

Skýrsla sú sem hér birtist er unnin á árunum 1980-1982 samkvæmt verksamningi milli Orkustofnunar og Rafmagnsveitna ríkisins annars vegar og Náttúrufræðistofnunar Íslands hins vegar.

Vegna fyrirhugaðra virkjunarframkvæmda á Austurlandi var talið brýnt að rannsóknir yrðu gerðar á þeim hluta íslenska hreindýrastofnsins er lifir á vœtanlegum virkjunarsvæðum Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal.

Tilgangur rannsóknanna var að kanna fæðuval íslenskra hreindýra og gróðurlendi er þau nýta, athuga mun á fæðuvali eftir árstíðum og svæðum, og mæla framleiðni gróðurs.

Tvær aðrar skýrslur um hreindýrarannsóknir koma út samhliða þessari. Fjallar önnur um hreindýrastofninn, stærð hans, nýliðun, farhætti, líkamlegt ástand dýranna, kynjahlutfall, burð o.fl. (Skarphéðinn Þórisson 1983). Hin fjallar um áhrif virkjana á gróðurlendi og hreindýr. Þar er að finna tillögur og ábendingar sem dregið geta úr þessum áhrifum, ásamt tillögum um frekari rannsóknir og tillögur um hreindýrafriðland (Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson 1983).

Áður hafa komið út tvær fram vinduskýrslur vegna hreindýrarannsókna á Austurlandi (Skarphéðinn Þórisson 1980, 1981).


Sumarið 1978 fékk Orkustofnun hingað til lands tvo hreindýrasérfræðinga, þá Eldar Gaare og Eigil Reimers (1980) frá Direktoratet for vildt og ferskvannsfisk í Noregi, til ráðlegginga vegna vœtanlegra rannsókna á hreindýrum og beitilandi þeirra.

Dagana 17.-21. september 1979 var haldinn önnur alþjóðaráðstefnan um hreindýr í Röros í Noregi og töku íslendingar þátt í henni (Skarphéðinn Þórisson og Kristbjörn Egilsson 1980) til undirbúnings fyrir hreindýrarannsóknirnar hér á landi. Upp úr þeirri ferð var gerð áætlun um beitarrannsóknir 1980 - 1981 (Kristbjörn Egilsson 1980).

í frambinduskýrslu nr. 2 er fjallað um fæðu- og beitarrannsóknir á árinu 1980 (Kristbjörn Egilsson 1981).

Priðja alþjóðlega ráðstefnan um hreindýr var haldin dagana 23.-26 ágúst 1982 í Saariselkä í Finnlandi. Á þessa ráðstefnu fóru fyrir hönd Íslands, þeir Kristbjörn Egilsson og Skarphéðinn Þórisson. Tilgangur fararinna var að nálgast nýjustu upplýsingar um áhrif mannvirkja og umsvifa manna á hreindýrastofna, farleiðir og nýtingu beitarlenda.

Evar Petersen, deildarstjóri Dýrafræðideilda Náttúrufræðistofnunar, var verkefnisstjóri rannsóknanna, og Hákon Aðalsteinsson hafði umsjón með þeim fyrir Orkustofnun og Rafmagnsveitur ríkisins.



MYND 1 Rannsóknasvæði - Yfirlitsmynd

2 RANNSÓKNAFERÐIR

---

Alls voru farnar 9 rannsóknaferðir til hreindýraveiða, gróðurkannana og uppskerumælinga. Á mynd 1 og 2 (bls. 18) eru rannsóknasvæðin sýnd. Hér fer á eftir skrá um þessar ferðir:

1. Ferð um burðarsvæði og sumarbeitiland hreindýranna á Vesturöræfum 4.-13. júlí 1980. Gerð úttekt á gróðurlendum. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristbjörn Egilsson.
2. Felld 20 hreindýr í sumarhögum á Vesturöræfum og Eyjabökkum og gróður kannaður á sömu slóðum, 14.-27. júlí 1980. Þátttakendur: Einar Hjörleifsson, Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Lilja Óladóttir, Páll Leifsson og Skarphéðinn Þórisson.
3. Ferð á Vesturöræfi til að setja niður uppskerumælingareiti og síðan farið á norðanverða Jökuldalsheiði til að kanna gróðurfar, 13.-22. ágúst 1982. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristbjörn Egilsson.
4. Felld 20 hreindýr í hausthögum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði og gróður kannaður á sömu slóðum, 1.-30. september 1980. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Lilja Óladóttir, Páll Leifsson og Skarphéðinn Þórisson.
5. Felld 20 hreindýr í vetrarhögum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði og gróður kannaður á sömu slóðum, 13.-24. febrúar 1981. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Páll Leifsson og Skarphéðinn Þórisson.
6. Felld 20 hreindýr í vorhögum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði og gróður kannaður á sömu slóðum, 2.-10. maí 1981. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir, Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Páll Leifsson og Skarphéðinn Þórisson.
7. Skráð gróðurfar á vetrar- og vorbeitarsvæðum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði, 3.-11. júlí 1981. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristbjörn Egilsson.

8. Farið með David R. Klein, hreindýrafræðingi frá Háskóla Alaska í Fairbanks, um beitilönd hreindýranna, 5.-10. ágúst 1981. Þátttakendur: Kristbjörn Egilsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Skarphéðinn Þórisson.
9. Ferð á Vesturöræfi til gróðurrannsókna og uppskerumælinga, 11.-24. ágúst 1981. Þátttakendur: Guðrún Á. Jónsdóttir og Kristbjörn Egilsson.

Rannsóknasvæðin eru flest fjarri byggð og í sum þeirra mesta torleiði. Ekið var á jeppum að bækistöðvum eftir því sem slóðir leyfðu en gengið um athugunarsvæðin. Að vetrinum voru notaðir vélsleðar. Í flestum ferðum var veður fremur hagstætt og sjaldan úrtök nema við haustveiðarnar.

Búið var á Merki í Jökuldal við haust-, vetrar- og vorveiðarnar, en að sumrinu í tjöldum, Lindarkofa á Vesturöræfum, búóum Orkustofnunar (Snæfellsbúóum) austan undir Sandfelli og í skála Ferðafélags Fljótsdalshéraðs við Snæfell.

Umsjón með gróðurrannsóknunum og fæðuathugunum hafði Kristbjörn Egilsson og var Guðrún Á. Jónsdóttir samstarfsmaður hans í öllum ferðunum. Við hreindýraveiðarnar störfuðu auk þeirra, Páll Leifsson skytta, aðstoðarmennirnir Einar Hjörleifsson við sumarveiðar, Lilja Óladóttir við sumar- og haustveiðar, Kristinn Haukur Skarphéðinsson í öllum veiðiferðum og Skarphéðinn Þórisson sem sá um athugun á líkamlegu ástandi dýranna.

3 GRÓÐURFAR

---

3.1 Inngangur

Til söfnunar upplýsinga um gróðurfar ákveðinna svæða má beita ýmsum aðferðum. Einkum þarf að hafa í huga stærð rannsóknasvæðis, gerð gróðurlenda, tilgang rannsóknanna, nákvæmni upplýsinga sem krafist er og síðast en ekki síst það sem oftast er takmarkaður þáttur, tímann og um leið kostnaðinn við rannsóknirnar.

Þar sem hreindýrahagar eru a.m.k.  $2500 \text{ km}^2$  er auðséð, að ekki var hægt að kanna allt svæðið nákvæmlega. Ákveðin gróðurlendi, þau stærstu og þau, sem helst eru nýtt af hreindýrunum, varð að láta ganga fyrir. Var því ákveðið að gera tiltölulega nákvæma úttekt á sumarbeitilandi á Vesturöræfum, en skoða síðan þau gróðurlendi á haust, vetrar- og vorbeitarsvæðunum, þar sem dýr voru felld. Það eru um leið þau svæði, sem hreindýrin nýta mest á þessum árstíðum.

Þrátt fyrir þessa takmörkun var fyrirsjáanlegt, að rannsóknareitir yrðu mjög margir. Því varð að velja aðferð, sem ekki tæki of langan tíma í vinnslu, en gæfi þó gott yfirlit um gróðurfar svæðanna. Ákveðið var að nota þekjumat (sjá kaflann um gagnasöfnun og úrvinnslu). Þessi aðferð var m.a. notuð við gróðurmælingar vegna rannsókna á hreindýrabet og fæðuvali í Noregi (Gaare o.fl. 1970).

Gallar þessarar aðferðar eru einkum þeir, að hún er huglæg, þ.e. gróðurbekjan er metin en ekki mæld. Hún er þar af leiðandi, strangt tiltekið ekki talin marktæk við tölfraðilega úrvinnslu.

3.2 Fyrri athuganir

Rannsóknir á gróðurfari á hreindýraslóðum hafa verið takmarkaðar til þessa. Farnir hafa verið nokkrir leiðangrar á suðurhluta beitilandsins, næst jöklum. Hinsvegar hafa norðurhlutar Fljótsdals- og Jökuldalsheiða verið afskiptir til þessa.

Steindór Steindórsson (1945) fór tvær ferðir á þessar slóðir, hina

fyrri sumarið 1933 m.a. í Sauðárdal og Kringilsárrana. Síðari ferðina fór hann 1935 og athugaði þá gróður á Eyjabökkum, í Snæfellshálsi og á hraukum og jökuloldum við Eyjafell ásamt votlendinu þar í kring. Meginmarkmið ferðanna var að safna upplýsingum um hin ýmsu gróðurlendi hálandisins.

P. Falk (1940) fór að Snæfelli sumurin 1936 og 1937. Beindust rannsóknir hans einkum að vestanverðum Eyjabökkum þar sem gróður var kannaður allítarlega.

Sumarið 1975 stóð Náttúrugripasafnið í Neskaupstað fyrir umhverfiskönnun á svæði fyrirhugaðrar Bessastaðaárvirkjunar, að beiðni Rafmagnsveitna ríkisins (Hjörleifur Guttormsson 1976, 1978). Náðu þær til gróðurs og dýralífs auk athugana á staðháttum, landslagi og jarðmyndunum.

Í ágúst 1975 fóru þrír líffræðingar á vegum Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað um hluta Eyjabakkasvæðisins til könnunar á gróðri og dýralífi (Hjörleifur Guttormsson og Gísli Már Gíslason 1977).

Sumurin 1977-1979 var unnið við rannsóknir á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal nánar tiltekið á Eyjabökkum og sunnanverðri Fljótsdalsheiði, svo og á virkjunarsvæði Jökulsár á Dal á eftirtöldum svæðum, Vesturöræfum, Kringilsárrana, Sauðafelli, Hafrahvömmum og Kárahnjúkum. Verkið var unnið af Náttúrugripasafninu í Neskaupstað að beiðni Orkustofnunar. Var þar m.a. gerð úttekt á helstu gróðurfélögum á svæðinu og könnuð útbreiðsla háplantna, mosa, fléttina og sveppa (Kristbjörn Egilsson & Hjörleifur Guttormsson 1981).

Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA) hefur unnið að gerð gróðurkorta fyrir Rafmagnsveitur ríkisins og Orkustofnun. Út eru komin kort af virkjunarsvæði Bessastaðaár, Eyjabökkum og Snæfelli. Lokið er gagnasöfnun og lokateikningum af veituleið undir Fellum, Hölnárvínu, Vesturöræfum, Sauðafelli og Hafrahvömmum.

### 3.3 Gagnasöfnun og úrvinnsla

Til að fá upplýsingar um tegundasamsetningu gróðurlenda og vægi einstakra tegunda innan þeirra, var metin þekja (cover) gróðurs í beitilöndum hreindýranna. Svæðinu var skipt niður í reiti ( $10 \times 10$  km) sem byggjast á reitaskiptingu Íslands, fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna (Hörður Kristinsson og Bergþór Jóhannsson 1970), sjá mynd 2 (bls. 18) af rannsóknasvæði og reitaskiptingu.

Tafla 1 sýnir fjölda sniða og reita sem greint var úr ásamt skráningu á krafssvæðum hreindýra að vetrarlagi. Sum sniðin voru tekin eingöngu með gróðurfarsathuganir í huga. Þau eru númeruð í hlaupandi númeraröð í töflum og textum. Önnur snið voru tekin samhliða því að hreindýr voru felld til fæðuathugana o.fl. rannsókna. Þessi svæði eru aðgreind með H á undan númerinu.


TAFLA 1

Skrá yfir fjölda sniða, reita og krafssvæða

	Snið	Reitir	Krafssvæði
Vesturöræfi	36	360	-
Fljótsdalsheiði	9	90	6
Jökuldalsheiði	11	110	6
Önnur svæði	2	20	-
Samtals	58	580	12

Hvert snið var 20 m bein lína og var annar hver metri þekjumetinn. Að baki hvers sniðs voru því 10 reitir,  $1 \times 0,33$  m hver reitur með flatarmálið  $1/3$  m<sup>2</sup>. Þekja er skilgreind sem sá hluti yfirborðs (jarðvegs), sem er í lóðréttum skugga af hverri plöntutegund. Þekja var metin í prósentum (%). Heildarþekja gróðurs verður gjarnan meiri en 100% sökum þess að hann getur verið lagskiptur. Mosalag er neðst þá

VOD-UR-730-K Eg  
83. 01. 0156. OD



MYND 2

Rannsóknarsvæðið og reitaskipting þess.  
Ferningarnir tákna 10x10 km

kemur lag með blómplöntum, grösum og lágum runnum. Þar sem viðir er hávaxinn bætist þriðja lagið við.

Þekja hverrar háplöntutegundar var metin fyrir sig, enda auðgreindar á vettvangi. Sama er að segja um fléttur. Vafategundum var safnað og þær greindar síðan. Þekja mosa var metin í heild, en eintökum þeirra safnað og þeir síðan greindir í smásjá. Vafategundir háplantna voru greindar af Kristbirni Egilssyni. Til tegundagreininga á háplöntum voru notaðar "Flóra íslands" (Stefán Stefánsson 1948) og "íslensk ferðaflóra" (Áskell Löve 1970). Um latneskar nafngiftir er farið eftir "Flora Europaea I-V" (Tutin o.fl. 1964-1980) og "Norsk og Svensk Flora" (J. Lid 1974). Fléttur voru flestar ákvarðaðar til tegundar af Guðrúnu Á. Jónsdóttur, Náttúrufræðistofnun íslands, en Hörður Kristinsson, Líffræðistofnun Háskólangs, staðfesti greiningar á vafategundum og greindi nokkrar. Nafngiftir fléttna eru samræmdar eftir lista Harðar Kristinssonar (1979): "Preliminary list of Icelandic lichens". Mosar voru ákvarðaðir af Kristbirni Egilssyni með hjálp og ráðleggingum Bergþórs Jóhannssonar, Náttúrufræðistofnun íslands og stuðst við "Moss Flora of Fennoscandia" (Nyholm 1969). Nafngiftir mosa eru samræmdar eftir lista Bergþórs Jóhannssonar (1977): "Skrá um íslenskar mosategundir í safni Náttúrufræðistofnunar íslands" (endurskoðað handrit).

Nánari lýsingar á aðferðum eða úrvinnslu einstakra rannsóknarþátta, er að finna á viðkomandi stöðum í texta, ef þess er talin þörf.

### 3.4 Gróðurfar einstakra svæða

#### 3.4.1 Vesturöræfi

"Þau liggja innan við heimaland Aðalbóls í Hrafnkelsdal, frá Hnitasporði við Jökulsá á Dal um Búrfell utanvert, þvert yfir Hrafnkelsdal inni undir Tungusporði, um Kálfafell að Hölkna. Að austan eru þau mörkuð af Rananum svo langt inn, sem hann tekur, en þar fyrir innan af innri hluta afréttarinnar "Undir Fellum", sem einnig liggur að Rananum að austan. Að vestan afmarkast Vesturöræfi af Jökulsá á Dal frá Hnitarsporði til upptaka hennar undan Brúarjöklum" (Bragi Sigurjónsson 1950, bls. 374-375).


"Land á Vesturöræfum er mishæðalítið hið efra og skiptast þar á lágar öldur, flestar aflangar í NA-SV stefnu og blásnar hið efra, en á milli þeirra votlendi, myrra- og flóasund með fjölda tjarna og smávatna, en hálfdeigjur og mólendi næst ám og þar sem dregur í hæðir (öldur). Liggur landið mest milli 650-670 m hæðar, en öldur hæst í um 700 m. Frá Búrfellsöldu og inn að Jökulkvísl eru um 13 km og nær samfellt gróðurlendi. Að Jöklum hallar landi mjög hægt uns komið er nálægt 625 m hæðarlínu að tekur að síga hraðar að ánni. Hliðarnar austan Jöklum heita Háls allt frá Sauðá eystri norður undir Sandfell. Jökla fellur frá jöкли að ármótum (vestari) nærfellt í hánorður og hefur myndað dalhvilft um 1,5-2 km breiða neðan 625 m hæðarlínu milli Vesturöræfa að austan og Kringilsárrana og Sauðafells að vestan" (Hjörleifur Guttormsson 1981, bls. 23). Norðan Búrfellsöldu að Hnitaspørði eru að mestu gróðurlausir melar. Þetta á einnig við um austasta hluta Vesturöræfa þar sem land hækkar við Sauðahnjúka og Grábergshnjúka.

3.4.1.1 Stærð gróðurlenda. RALA hefur lokið gerð gróðurkorta af Vesturöræfum fyrir Orkustofnun og verða þau gefin út fljótlega. Kort þessi voru notuð til að fá upplýsingar um stærð gróins og ógróins lands á svæðinu.

Kortin voru mæld og vegin, og reiknað út flatarmál á gramm pappírs. Síðan voru þau klippt niður eftir gróðurlendum, vegin og flatarmál gróðurlendanna reiknuð út. Gera má ráð fyrir nokkurri skekkju vegna

ónákvæmni í klippingum, en heildarsvipurinn ætti þó að vera réttur. Þar sem þekja gróðurs náði ekki 100% skv. kortinu, voru gróðurlendin umreiknuð eftir staðli frá RALA.

Í töflu 2 eru niðurstöður þessara mælinga. Í ljós kemur að sumarbeiti-landið á Vesturöræfum (mynd 3) skiptist þannig: Algróið þurrandi er  $85,2 \text{ km}^2$ , votlendi  $61 \text{ km}^2$ , ógróið land  $73,8 \text{ km}^2$  og vötn  $2 \text{ km}^2$ , eða samtals  $222 \text{ km}^2$ .



MYND 3

Sumarhagar hreindýra á Vesturöræfum og Undir Fellum

TAFLA 2

Stærð vor- og sumarbeitilands á Vesturöræfum ( $222 \text{ km}^2$ ).

Unnið eftir óbirtum gróðurkortum RALA.

Gróðurlendi	Mælt flatarmál ( $\text{km}^2$ )	<sup>1)</sup> Algróið land ( $\text{km}^2$ )	<sup>2)</sup> Land ( $\text{km}^2$ ) er færi undir vatn í Hafra- hvammalóni austan Jökulsár á Dal
-------------	--	--	--

Purrlendi

A <sub>1</sub> Mosapemba	4,1	4,1	
B <sub>3</sub> Krækilyng, víðir o.fl.	11,3	11,3	3,9
C <sub>1</sub> Fjalldrapi, bláb., Krækil.	0,8	0,8	
D <sub>1</sub> Grávíðir - krækilyng	5,4	4,9	1,7
D <sub>3</sub> Grávíðir	6,0	6,0	1,7
E Pursaskegg	6,5	6,2	5,4
G <sub>2</sub> Stinnastör - smárunnar	36,1	36,1	3,7
I Snjódæld - grasvíðir	23,7	12,7	0,5
Annað þurrlendi	3,1	3,1	0,1
	97,0	85,2	17,0

Votlendi

Mýri

U <sub>1</sub> Stinnastararmýri	30,6	30,6	0,6
U Blandaðar mýrar	7,6	7,6	0,6

Flói

V <sub>1</sub> Tjarnastör, hengistör o.fl.	3,5	3,5	
V Blandaðir flóar	19,3	19,3	

61,0      61,0      1,2

Gróið land samtals      158,0      146,2      18,2

Ógróið land (melar)      62,0      73,8      6,7

Vötn og ár      2,0      2,0

Samtals      222,0      222,0      24,9

<sup>1)</sup> Leiðrétt með tilliti til mismunandi þekju.

<sup>2)</sup> Alls færu  $45 \text{ km}^2$  undir vatn þar af  $20,1 \text{ km}^2$  vestan Jökulsár á Dal.

Stærstu gróðurlendin reynast vera G<sub>2</sub> stinnastör og smárunnar 36,1 km<sup>2</sup>, U<sub>1</sub> stinnastararmýri 30,6 km<sup>2</sup>, I snjódældir aðallega með grasvíði 12,7 km<sup>2</sup>, B<sub>3</sub> krækilyng, viðir o.fl. 11,3 km<sup>2</sup> og D<sub>1</sub> og D<sub>3</sub> grávíðir o.fl. eru 10,9 km<sup>2</sup>.

Í töflunni er einnig að finna stærð þess svæðis austan við Jökulsá á Dal er færi undir vatn við myndun Hafrahvammalóns, og skiptingu þess í gróðurlendi. Þetta svæði er 24,9 km<sup>2</sup>. Athygli skal vakin á því, að miðlunararlón ofan stíflu í Hafrahvammagljúfri á móts við Ytri-Kárahnjúk yrði um 44 km<sup>2</sup> miðað við 620 m hæð vatnsborðs. Vestan Jökulsár á Dal, þ.e. land í Kringilsárrana og Sauðafelli færu einnig á kaf um 20 km<sup>2</sup> (OS-ROD-7817). Af því svæði vantar gróðurkort.

#### 3.4.1.2 Gróðurathuganir

Hér á eftir fer lýsing á helstu gróðurlendum Vesturöræfa. Fjallað verður um gróðurlendin í þessari röð: Votlendi (flóar og mýrar) stinnastararmór með smárunnum, grávíðisflesjur, þurrt mólendi, fjalldrappa- og krækilyngsmór, snjódældir og melar. Staðsetning gróðurmatsnáiða sést á mynd 4 og veiðisvæða á mynd 5 bls. 87.

##### Votlendi, flóar og mýrar (tafla 3, 4 og 5).

Nær flatt eða lítt hallandi votlendi milli lágra alda er áberandi í landslagi Vesturöræfa, allt frá Búrfellsöldu í norðri og að Töðuhraukum í suðri. Helstu votlendissvæðin eru, Búrfellsflói, Ljósalykkjuflói, Syðradrag, Kofaflói, Sauðaflói og Fit (sjá mynd 3, bls. 21).

Þekja var metin á þrem fyrsttöldu stöðunum.

##### Búrfellsflói (tafla 3).

Búrfellsflói er flatlendur og tiltölulega jafnblautur. Tjarnir kögraðar tjarnastör (*Carex rostrata*), finnast hér og þar, einnig stórir tjarna-stararflákar þar sem blautast er. Á milli þeirra er hengistör (*Carex rariflora*) ríkjandi. Í vestanverðum flóanum er þessi skipting mjög greinileg og setur skemmtilegan svip á svæðið. Á blautustu stöðunum er tjarnastör ríkjandi. Næst þeim eru svæði nær eingöngu vaxin klófífu (*Eriophorum angustifolium*) og/eða hengistör. Þekja var metin á þremur stöðum. Tvö snið voru sett niður þar sem hengistör er aðaltegundin og eitt þar sem tjarnastör ríkir.

TAFLA 3

Gróður í votlendi á Vesturöræfum.  
Búrfellsflói 6550-10  
13. og 21.7.1980.

Þekja mæld í %  
+ merkir < 1% þekja  
- þekja ekki mæld  
H - Veiðisvæði


Snið nr.	27	28	H2
<b>HÁPLÖNTUR</b>			
<i>Carex bigelowii</i>			3
<i>C. rariflora</i>	3	60	12
<i>C. rostrata</i>	22		
<i>Eriophorum angustifolium</i>		1	3
<i>Salix callicarpaea</i>	1	+	2
<i>Calamagrostis neglecta</i>			+
<i>Cardamine nymanii</i>	+	+	+
<i>Empetrum nigrum</i>	+		+
<i>Equisetum arvense</i>		+	1
<i>E. variegatum</i>		+	
<i>Festuca rubra</i>	+	1	1
<i>Polygonum viviparum</i>	2	+	1
<i>Potentilla palustris</i>	4		
<i>Salix herbacea</i>			1
<b>FLÉTTUR</b>			
<i>Peltigera spp.</i>			+
MOSAR	100	98	100
<i>Calliergon giganteum</i>	-	-	-
<i>Drepanocladus revolvens</i>		-	
<i>D. tundraea</i>	-	-	
<i>D. uncinatus</i>			-
<i>Homalothecium nitens</i>		-	-
<i>Paludella squarrosa</i>	-		
<i>Plagiomnium ellipticum</i>			-
<i>Pseudobryum cincidioides</i>	-		
<i>Sphagnum teres</i>		-	-
<i>S. warnstorffii</i>			-

Snið 27: Tjarnastalararflói með 100% mosþekju. *Calliergon giganteum* er ríkjandi mosategund. Tjarnastör hefur mesta þekju háplantna eða 22%. Engjarós (*Potentilla palustris*) er áberandi þó hún nái aðeins 4% þekju. Alls fundust 8 tegundir háplantna í sniðinu.

Snið 28: Hengistararmýri. Þar er hengistör með 60% þekju. Kló-fífublöð eru áberandi, en þekja þeirra lítil. Alls fundust 8 tegundir háplantna í sniðinu. Mosþekja er 98% og ríkir *Calliergon giganteum* yfir öðrum mosum.

Snið H2: Smáþýfð hengistararmýri. Væta sést í sverði. Þekja hengistarar er 12%. Aðrar áberandi tegundir eru klófífa, stinnastör (*Carex*

bigelowii) og gráviðir (*Salix callicarpaea*) sem vaxa á þúfnakollum. Alls voru skráðar 12 tegundir háplantna í sniðinu. Mosáþekjan er 100%.



MYND 4

Staðsetning gróðurmatssniða á Vesturöræfum sumarið 1980

Síðasttalda sniðið var sett niður á veiðisvæði H2, sem er í hengistararmýri er liggur sem ræma milli óbitins tjarnastararflóa og stinnastararmós. Gengið var um svæðið og ummerki eftir beit skoðuð. Í ljós kom að í tjarnastararflóanum var ekkert bitið hvorki tjarnastör né engjarós. Í stinnastararmónum var lítið bitið. Engin ummerki beitar sáust ofan á þurrum þúfnakollum, en í lægðunum á milli þeirra var blautara og þar voru grávíðir og grasvíðir (*Salix herbacea*) lítið eitt bitnir. Mest bitna svæðið reyndist vera hengistararræma á milli tjarnastararflóans og stinnastararmóans. Þær tegundir sem mest var sótt í eru hengistör og grávíðir. Klófifa og stinnastör voru einnig bitnar, aðallega þar sem þær vaxa í mikilli bleytu og því mjúkar og safaríkar. Hengistör var sumsstaðar rifin upp og grávíðir einnig. Venjulega var þó aðeins um það að ræða að laufin á grávíðinum höfðu verið sleikt af og börkurinn þá tekinn með stöku sinnum.

Ljósalykkjuflói (tafla 4).

Í Ljósalykkjuflóa eru nokkrar flóagerðir. Tjarnarstararflói (ljósalykkjan) er mest áberandi. Hann þekur viðáttumikil svæði, auk þess sem hann kemur fyrir inn á milli annarra votlendissvæða. Tegundasamsetning í honum er einföld (sjá snið 11). Tjarnastör er ríkjandi og undirgróður oft aðeins mosar, þar sem blautast er. Háplöntur koma þó á milli í þurrara landi t.d. þar sem tjarnastararflói mætir hengistararmýri eða fífusundi. Þá eru stundum blettir af tjarnastör í hallamýrum. Er hún alltaf grannvaxin og rýr á þeim stöðum vegna þess að landið er þar þurrara en í flóanum og því ekki kjörlendi fyrir tjarnastör. Í tjörnum er þekja tjarnastarar alltað 100% en mosar eru þá engir og annan undirgróður vantar. Vatn flýtur yfir sverði. Stór svæði í Ljósalykkjuflóa eru þakin hengistör. Hægt er að skipta hengistararmýrinni í þrjú stig eftir bleytu í sverði. Þar sem blautast er vex aðeins hengistör, auk mosa (100% þekja). Þar sem er lítið eitt þurrara koma inn fleiri tegundir háplantna (sbr. snið 10) og að lokum þurraста svæðið í þýfðri hallamýri þar sem fylgitegundir eru enn fleiri (snið 12). Fífusund og jafnvel brokflóar eru hér og þar (snið 9). Sumstaðar á blautstu svæðunum í Ljósalykkjuflóa kögrar mýrastör (*Carex nigra*), tjarnirnar, teygir sig út frá þeim og blandast hengistararmýri. Þekja var metin á 5 stöðum.

TAFLA 4

Gróður í votlendi á Vesturöræfum.  
Ljósulykkjuflói 6551-7  
10.7.1981.

pekja mæld í %  
+ < 1% bekja  
- bekja ekki mæ

- bekja ekki mæld.

Snið nr.	HÁPLÖNTUR	11	9	10	12	13
<i>Carex bigelowii</i>				+	1	27
<i>C. rufiflora</i>		1	1	39	32	
<i>C. rostrata</i>		29				
<i>Eriophorum angustifolium</i>		+	35	1	1	+
<i>Polygonum viviparum</i>		1	2	1	5	9
<i>Salix calicarpa</i>		11	11	+	3	2
<i>Armeria maritima</i>						+
<i>Bartsia alpina</i>					+	
<i>Calamagrostis neglecta</i>		+	+	+		1
<i>Cardamine nymanii</i>		+	+	+		
<i>Carex nigra</i>				+		
<i>Carex alpinum</i>						+
<i>Empetrum nigrum</i>						1
<i>Equisetum arvense</i>						1
<i>E. variegatum</i>		1	+	+	1	1
<i>Euphrasia sp.</i>					+	
<i>Festuca rubra</i>					+	
<i>Minuartia biflora</i>					+	
<i>Pedicularis flammea</i>					+	
<i>Poa alpina</i>					+	
<i>P. pratensis</i>					+	
<i>Salix herbacea</i>					+	
<i>Saxifraga hirculus</i>					+	
<i>Selaginella selaginoides</i>					+	
<i>Silene acaulis</i>					+	
<i>Thlaspi alpinum</i>					1	
<i>Tofieldia pusilla</i>					+	
<i>Vaccinium uliginosum</i>					1	
	EFELÉTTUR					3
	<i>Cladonia chlorophcea</i>					
	<i>Peltigera leucophlebia</i>					
	<i>P. rufescens</i>					
	<i>Psoroma hypnorum</i>					

Sniδ nr.

Frh.

frh.

Snið 11: Tjarnastör er ríkjandi á svæðinu með 29% þekju. Alls fundust 9 tegundir háplantna. Mosalagið er 10-15 sm þykkt. Heildarþekja mosa er 96% og er *Calliergon giganteum* atkvæðamestur þeirra. Gróðurvana pollar eru hér og þar. Mikið traðk eftir hreindýrahjörð var á þessu svæði en hvergi merki um beit.

Snið 9: Óblómstruð klófífa er ríkjandi með 35% þekju, ásamt grávíði með 11% þekju. Alls fundust 8 tegundir háplantna í sniðinu. Sina er mikil og þar sem hún er ekki þekja mosar vel. *Calliergon giganteum* er fyrirferðarmestur mosanna. Flóinn er að mestu óþýfður.

Snið 10: Hengistararmýri. Hengistör mest áberandi, þekur 39%. Aðrar tegundir eru lítilvægar. Alls fundust 8 tegundir háplantna í sniðinu. Mosþekja 94% og myndar *Calliergon giganteum* þekjuna að mestu. Gróðurvana pollar hér og þar.

Snið 12: Hengistararmýri. Ofan flóans tekur við þýfð hallamýri. Deigja er milli þúfna, en vatn flýtur hvergi yfir sverði. Trúlega mjög blautt á vorin. Hengistör er ríkjandi með 32% þekju, en aðrar áberandi tegundir eru grávíðir með 3% þekju og kornsúra (*Polygonum viviparum*) með 5% þekju. Þessar tegundir vaxa á þúfnakollum en hengistörin aftur á móti í lægðum á milli. Af háplöntum fundust 10 tegundir, og mosþekja var 100%.

Snið 13: Enn ofar en snið 12, í aðdragandanum að flóanum, er krappþýft stinnastarardeiglendi. Hvergi mjög blautt en klófífa og hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) vaxa þarna á stangli og benda til meiri raka á svæðinu fyrri part sumars. Stinnastör er aðaltegund með 27% þekju. Kornsúra með 9% þekju og grávíðir með 2% þekju eru áberandi. Þekja mosa er 86% og vottur er af fléttum. Þá er heildarfjöldi háplöntutegunda mun meiri en í fyrri sniðum (9,10,11 og 12) eða 24 og mosategundir einnig mun fleiri.

#### Syðradrag (tafla 5).

Mikið votlendissvæði, sem hallar til norðurs, og safnar vatni er fellur í Glúmsstaðadal. Syðst, þar sem drögin byrja, er landið flatt og viðáttumikið, tiltölulega blautt með tjarnastararflóum, hengistarar- og

TAFLA 5

Gróður í votlendi á Vesturórafum.

Syðraðrag  
6551-11 (Snið 6, 7, 8)  
9.7.1980  
6550-20 (Snið H3)  
22.7.1980  
6551-12 (Snið H4)  
24.7.1980  
Sumarveiði.

Pekja mæld í %  
+ merkir < 1% þekja  
- þekja ekki mæld  
H - veiðisvæði

Snið nr.	H4	7	6	8	H3	Snið nr.	H4	7	6	8	H3
<b>HÁPLÖNTUR</b>											
<i>Carex bigelowii</i>	6	2	39	36	23	<i>Cetraria delisei</i>					2
<i>C. rariflora</i>	10	18	2			<i>C. islandica</i>					1
<i>Eriophorum angustifolium</i>	+	11	1			<i>Cladonia chlorophaea</i>					+
<i>Polygonum viviparum</i>	10	1	1	20	19	<i>C. glacialis</i>					+
<i>Salix calicarpa</i>	5	2	4	1	1	<i>Cornicularia aculeata</i>					+
<i>Armeria maritima</i>				+	+	<i>Ochrolechia frigida</i>					+
<i>Bartsia alpina</i>				+	+	<i>Peltigera sp.</i>					+
<i>Calanagrothis neglecta</i>	+	1	1	+		<i>P. leucophlebia</i>					+
<i>Carex rostrata</i>	+			1	1	<i>P. occidentalis</i>					+
<i>Cardamine nymanii</i>	+			1	1	<i>Psoroma hypnormum</i>					+
<i>Cerastium alpinum</i>				1	1	<i>Stereocaulon alpinum</i>					+
<i>Empetrum nigrum</i>	1		+	3		<i>Thamnolia subuliformis</i>					+
<i>Equisetum arvense</i>	1	+	+	1	1						
<i>E. palustre</i>	1	+	+	1	1						
<i>E. variegatum</i>	1		1	1	1						
<i>Euphrasia sp.</i>				1	1						
<i>Festuca rubra</i>			+	1	1						
<i>Luzula spicata</i>				+							
<i>Minuartia biflora</i>				+							
<i>Pedicularis flammea</i>	+			+	+						
<i>Phleum commutatum</i>				+							
<i>Poa alpina</i>				+							
<i>P. pratensis</i>				+							
<i>Potentilla crantzii</i>				+							
<i>P. palustris</i>	+			1	2						
<i>Salix herbacea</i>			+	2	1						
<i>S. lanata</i>			+								
<i>Saxifraga hirculus</i>				+	+						
<i>Silene acaulis</i>	+			2	+						
<i>Thalictrum alpinum</i>				1	+						
<i>Tordydia pusilla</i>				+	+						
<i>Veronica alpina</i>											

<b>FLÉTUR</b>											
<i>Cetraria delisei</i>											
<i>C. islandica</i>											
<i>Cladonia chlorophaea</i>											
<i>C. glacialis</i>											
<i>Cornicularia aculeata</i>											
<i>Ochrolechia frigida</i>											
<i>Peltigera sp.</i>											
<i>P. leucophlebia</i>											
<i>P. occidentalis</i>											
<i>Psoroma hypnormum</i>											
<i>Stereocaulon alpinum</i>											
<i>Thamnolia subuliformis</i>											
<b>MOSAR</b>											
<i>Bryum sp.</i>											
<i>Calliergon giganteum</i>											
<i>C. sarmaticum</i>											
<i>Climacium dendroides</i>											
<i>Dicranum fuscescens</i>											
<i>Drepanocladus revolvens</i>											
<i>D. uncinatus</i>											
<i>Helodium blandowii</i>											
<i>Homalothecium nitens</i>											
<i>Meesia uliginosa</i>											
<i>Oncophorus virens</i>											
<i>Paludella squarrosa</i>											
<i>Plagiomyia ellipticum</i>											
<i>Polytrichum alpinum</i>											
<i>P. juniperinum</i>											
<i>Pseudobryum cinctidioides</i>											
<i>Racomitrium canescens</i>											
<i>R. lanuginosum</i>											
<i>Sphagnum teres</i>											
<i>S. warnstorffii</i>											
<i>Timmia austriaca</i>											

frh./

VATN

SINA

stinnastararmýrum. Þegar norðar dregur eykst halli landsins og þrengist um. Þar eru hallamýrar með þurrari rínum á milli þ.e. krækilyngsmóum svipuðum og í Hálsi (sjá töflu 8, snið 1-4).

Þekja var metin í þremur sniðum í mýri í Syðradragi. Þar er um að ræða krappþýfða stinnastararmýri með hengistör í bland þar sem blautast er. Sumstaðar renna klófífuflákar eða sund saman við stinnastararmýrina. Þar eru einnig stöku tjarnir girtar tjarnastör. Hana er einnig að finna á blettum í stinnastararmýrinni, en þar er störin grannvaxin og óásjáleg. Mýrin var viða tröðkuð og hengistör sást bitin og rifin upp en náttstaður stórrar hreindýrahjarðar hafði verið í slakkanum ofan við mýrina skömmu fyrir athugun.

Snið 6: Stórbýfð stinnastararmýri. Mestri þekju nær stinnastör (39%), en hún vex aðallega á þúfum ásamt grávíði og krækilyngi (*Empetrum nigrum*), sem eru áberandi tegundir þó ekki hafi þær mikla þekju. Hengistör finnst hins vegar þar sem blautast er á milli þúfna og er hún bitin. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 14. Þekja mosa er 86% og er *Sphagnum teres* áberandi í þúfnakollum. Þessi mýragerð er sú algengasta á svæðinu.

Snið 7: Á blautara landi, en slikir flákar eru viða í stinnastararmýrinni. Sina er talsvert mikil. Á þúfum vex grávíðir. Viða flýtur vatn yfir svörðinn. Mesta þekju hafa hengistör (18%), og klófífa (11%) en heildarfjöldi háplöntutegunda er 8. Mosapekjja er 98% og er *Calliergon giganteum* algengasti mosinn.

Snið 8: Í stórbýfönum stinnastararmó eða deiglendi. Þúfurnar eru 40-70 sm á hæð. Mestri þekju ná stinnastör (36%) og kornsúra (20%). Efst í þúfnakollunum eru grávíðir og krækilyng áberandi. Engin bleyta er í lægðum, en þar finnast snjódældarplöntur t.d. fjalladepla (*Veronica alpina*) og fjallafoxgras (*Phleum commutatum*). Alls fundust 26 háplöntutegundir. Mosapekjja er 74% og tegundafjöldi mikill. Fléttur finnast einnig en þekja þeirra lítil.

Snið H4: Veiðisvæði innarlega í Syðradragi. Einkennist af misblautri stinnastararmýri með hengistör þar sem votast er og tjarnastör í drögum.

Ekki sást mikið bitið eftir hreindýr enda nýkomin á svæðið, er athugunin fór fram. Þau höfðu rásað út dragið frá því um morguninn og lagst niður á milli. Einna helst sáust grávíðir og hengistör bitin. Stinnastör sást einnig bitin, þar sem hún óx í bleytu. Einnig fannst bitið fjalla-foxgras (*Phleum commutatum*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*). Heildarfjöldi háplöntutegunda var 15. Mesta þekju hafa hengistör (10%), kornsúra (10%) og stinnastör (6%). Mosar ná 100% þekju.

Snið H3: Veiðisvæði í viðáttumiklu stinnastaramýrlendi, í litlum halla nokkuð þýft. Stinnastör er algeng og mest áberandi tegund með 23% þekju. Kornsúra kemur þar á eftir með 19% þekju. Grávíðir og grasvíðir eru einnig áberandi þó þekja þeirra sé lítil. Hengistör er víða á blettum, þó hún hafi ekki komið fyrir í þekjumælingarreit, er hún mikið bitin. Alls fundust 14 tegundir háplantna í reitnum. Mosaþekja er 100%.

Stinnastararmór með smárunnum (tafla 6).

Hér verður fjallað sameiginlega um gróðurlendi þau, sem nefnd eru G<sub>2</sub>-stinnastör, smárunnar, og B<sub>3</sub>- krækilyng, viðir, á gróðurkortum RALA.

Stinnastararmór finnst aðallega austast og vestast á Vesturöræfum og þekur þar stór svæði. Í Hálsi liggur þetta gróðurlendi eftir honum endilöngum í 575-650 m.h., allt frá ármótum Sauðár vestari og Jöklu, inn að ármótum Sauðár eystri og Jöklu. Þá eru nokkuð stór svæði sem falla í þennan flokk beggja megin í Syðradragi. Stærsta svæðið er þó á austanverðum Vesturöræfum. Það er breitt belti í 650-775 m hæð, er byrjar norðan við Grjótárhnjúk, liggur síðan vestan hans, þá meðfram Sauðahnjúk og fylgir hæðarlinum suður af.

Stinnastör (*Carex bigelowii*) er ríkjandi tegund í þessu gróðurlendi, en fylgitegundir eru ýmsir runnar, svo sem grávíðir (*Salix calli-carpaea*), grasvíðir (*S. herbacea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*), blá-berjalyng (*Vaccinium uliginosum*) og fjalldrapi (*Betula nana*). Í þessu gróðurlendi eru runnar allir smávaxnir og þekja lítið, þannig að þegar lítið er yfir landið er stinnastörin mest áberandi. Stinnastararmórið er venjulega þýfður og stendur í litlum halla. Hann tekur við vatni úr brekkunni fyrir ofan og er því nokkuð blautur. Hann er allur jafngróinn og mosáþekja mikil, en fléttur finnast varla.

Gróður í deiglendi (smárunnar, stinnastor)  
á Vesturöræfum.

	Snið nr.	H1	19	24	28a	29	30
Carex bigelowii	9	7	38	20	35	33	
Empetrum nigrum	13	2	+	6	3	3	
Polygonum viviparum	5	5	7	3	2	1	
Salix calicarpaea	1	3	4	7	7	7	
S. herbacea	6	+	1	1	+	1	
Armeria maritima	2	+				+	
Betula nana	1	1	1	1	+	+	
Calamagrostis neglecta	1	1	1	1	+	+	
Cardamine nymanii			1	1	+	+	
Ceratium alpinum	1	+			+	+	
Dryas octopetala		+		+	1	+	
Equisetum arvense	1	1	+	+	1	+	
E. palustre		1					
E. variegatum	+	1	1	1	1	1	
Eriophorum angustifolium				2	1	1	
Festuca rubra		1	1	1	1	1	
Harrimanella hypnoides	+						
Luzula multiflora				+			
L. spicata		+			+	+	
Pedicularis flammea		+	+		+	+	
Poa pratensis	+	1			+	+	
Saxifraga hirculus				+	+	+	
Silene acaulis	3	+			1	+	
Thalictrum alpinum	1				1	+	
Tofieldia pusilla				4	+	+	
Vaccinium uliginosum					+	+	
FLÉTTUR		1	+				
Cetraria delisei							
Cladonia pyxidata	+						
Peltigera leucophlebia							+
P. occidentalis							+
Psoroma hypnorum							+

	Snið nr.	H1	19	24	28a	29	30
HAÐLÖNTUR							
Carex bigelowii	9	7	38	20	35	33	
Empetrum nigrum	13	2	+	6	3	3	
Polygonum viviparum	5	5	7	3	2	1	
Salix calicarpaea	1	3	4	7	7	7	
S. herbacea	6	+	1	1	+	1	
Armeria maritima	2	+			+		
Betula nana	1	1	1	1	+		
Calamagrostis neglecta	1	1	1	1	+		
Cardamine nymanii			1	1	+		
Ceratium alpinum	1	+			+		
Dryas octopetala		+		+	1		
Equisetum arvense	1	1	+	+	1		
E. palustre		1					
E. variegatum	+	1	1	1	1	1	
Eriophorum angustifolium				2	1	1	
Festuca rubra		1	1	1	1	1	
Harrimanella hypnoides	+						
Luzula multiflora				+			
L. spicata		+			+	+	
Pedicularis flammea		+	+		+	+	
Poa pratensis	+	1			+	+	
Saxifraga hirculus				+	+	+	
Silene acaulis	3	+			1	+	
Thalictrum alpinum	1				1	+	
Tofieldia pusilla				4	+	+	
Vaccinium uliginosum					+	+	
MOSAR					98	100	100
Bartsia ithyphylla					-		
Brachythecium reflexum					-		
Bryum palescens					-		
Calliergon giganteum					-		
Catoscopium nigritum					-		
Cinclidium stygium					-		
Climacium dendroides					-		
Dicranum fuscescens					-		
Drepanocladus revolvens					-		
D. uncinatus					-		
Hylocomium splendens					-		
Homalothecium nitens					-		
Oncophorus virens					-		
O. wahlenbergii					-		
Polytrichum alpinum					-		
Racomitrium canescens					-		
Sphagnum teres					-		
S. warnstorfii					-		
Splachnum sphaericum					-		
FLÉTTUR							
Cetraria delisei							
Cladonia pyxidata	+						
Peltigera leucophlebia							+
P. occidentalis							+
Psoroma hypnorum							+

Gróðurþekja var metin á 4 stöðum og er niðurstöðurnar að finna í töflu 6.

Herjólfsdrag.

Snið H1: Veiðisvæði í flötum stinnastararmó, þar sem krækilyng er með 13% þekju, stinnastör með 9% þekju, grasvíðir 6% þekju og kornsúra með 5% þekju. Alls fundust 17 tegundir háplantna í sniðinu. Mosapekja er 98%. Fléttur finnast á stöku stað en þekja þeirra er hverfandi. Á milli eru skorningar með snjódældargróðri, þar sem grasvíðir (*Salix herbacea*) er áberandi.

SV við Fífuleiruvatn.

Snið 19: Smáþýfður stinnastararmór í hallandi deiglendi. Stinnastör mest áberandi, þegar litið er yfir svæðið, þó hún þekji aðeins 7%. Aðrar tegundir þekja mun minna eins og ýmsir runnar, krækilyng með 2% þekju, grávíðir og bláberjalyng með 3% þekju hvor tegund, og kornsúra þekur 5%. Alls fundust 20 tegundir háplantna í sniðinu. Mosapekjan er 100% en fléttur finnast í litlum mæli.

Utan við Klapparlæk.

Snið 24: Þurr litt hallandi stinnastararmór. Mesta þekju hefur stinnastör (38%). Aðrar áberandi tegundir eru kornsúra með 7% þekju og grávíðir með 4% þekju. Alls fundust 12 tegundir háplantna í sniðinu og mosapekja er 100%.

Háls.

Snið 28a: Þýfður stinnastararmór nokkuð sinublandinn. Stinnastör hefur 30% þekju. Aðrar tegundir eru grávíðir með 7% þekju, krækilyng með 6% þekju, kornsúra og klófífa hvor með 2% þekju. Alls skráðar 17 tegundir háplantna í sniðinu. Mosapekja er 200%.

Snið 29: Liggur aðeins lægra en snið 28a og því blautara. Stinnastör nær hér 35% þekju. Aðrar áberandi tegundir eru grávíðir með 7% þekju og kornsúra með 2% þekju. Alls fundust 11 tegundir háplantna í sniðinu. Mosapekja er 100%.

TAFLA 7

Gróður í gráviðiflesjum á Vesturöræfum.  
Háls 6551-2  
11.7.1981.

þekja mæld í %  
+ < 1% þekja  
- þekja ekki mæld.

Snið nr.	15	16	17	18
<b>HÁPLÖNTUR</b>				
<i>Salix callicarpaea</i>	37	12	23	36
<i>S. lanata</i>			12	
<i>Calamagrostis neglecta</i>			1	1
<i>Carex bigelowii</i>	1		1	1
<i>C. krausei</i>	1			
<i>Empetrum nigrum</i>	1	3	+	+
<i>Equisetum arvense</i>	1	+	3	3
<i>E. variegatum</i>	1	1	1	1
<i>Euphrasia sp.</i>	1	+		+
<i>Festuca rubra</i>	1	1	1	1
<i>Harrimanella hypnoides</i>		4	+	
<i>Parnassia palustris</i>		+		
<i>Phleum commutatum</i>				+
<i>Pinguicula vulgaris</i>	1			
<i>Poa alpina</i>				+
<i>P. pratensis</i>	+		+	+
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1	1	2
<i>Salix herbacea</i>		1	4	
<i>Silene acaulis</i>	+	+		
<i>Taraxacum spp.</i>				+
<i>Thalictrum alpinum</i>		+	+	
<i>Tofieldia pusilla</i>	1	+		
<i>Vaccinium uliginosum</i>	+	+	+	+
<b>FLÉTTUR</b>				
<i>Peltigera rufescens</i>	+			
<b>MOSAR</b>	48	100	88	27
<i>Anthelia juratzkana</i>		100		
<i>Bartramia ithyphylla</i>				-
<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-	-	-	-
<i>Plagiomnium ellipticum</i>				-
<i>Polytrichum alpinum</i>			-	
<i>Racomitrium canescens</i>		-		
<i>Timmia austriaca</i>				-
<b>FALLIB VÍÐILAUF</b>	25		12	51
<b>MOLD</b>		8		

Snið 30: Ekki eins þýft og snið 28a og blautara. Mestri þekju nær stinnastör (33%). Gráviðir þekur 7% og krækilyng 3%. Grasviðir er einnig nokkuð áberandi þó hann þeki lítið. Alls fundust 17 tegundir háplantna í sniðinu. Mosabekja er 100% og vottur af fléttum fannst.

Gráviðiflesjur (tafla 7).

Gráviðiflesjur er aðallega að finna á tveimur stöðum á Vesturöræfum. Tiltölulega mjó ræma liggur í um 575 m. hæð eftir endilöngum Hálsi.

Byrjar hún um miðjan Hálsinn, rétt SV við Fífuleiruvatn og nær inn að Sauðá eystri. Einnig eru grávíðiflesjur á og umhverfis Kofaöldu í 625-600 m. hæð. Jarðvegur grávíðiflesjunnar er nokkuð rakur. Grávíðir er ríkjandi tegund. Aðrar tegundir eru smávaxnar og þekja lítið. Þetta gróðurlendi er mjög mikilvægt beitiland hreinkúa meðan á burði stendur á vorin. Gróðurþekja var mæld á fjórum stöðum í Hálsi, sjá töflu 7.

Snið 15: Þurr og flót grávíðiflesja. Viðirinn er lágvaxinn, nær ekki 10 sm hæð, ber merki mikillar vorbeitar, brum, lauf og sprotar bitnir af. Hins vegar ber ekki á síðsumarbeit í þessu sniði. Grávíðirinn nær 37% þekju. Aðrar háplöntutegundir þekja lítið, en nokkuð áberandi eru klóelfting (*Equisetum arvense*), beitieski (*Equisetum variegatum*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*). Fjórtán háplöntutegundir fundust í sniðinu. Mosar þekja 48% og er þar ein tegund ríkjandi, *Drepanocladus uncinatus*. Fallið viðilauf, þ.e. blöð frá fyrri árum, þekja 25% sniðsins. Einnig fannst vottur af blaðfléttunni *Peltigera rufescens*.

Snið 16: Liggur í sléttri dæld neðan við brekku. Grávíðirinn liggur flatur, nær ekki nema 5 sm hæð. Merki um beit að vori eru greinileg, þó ekki sé eins hart að gengið og í sniði 15. Hér nær grávíðirinn aðeins 12% þekju. Mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) kemur næst með 4% þekju og krækilyng (*Empetrum nigrum*) með 3% þekju. Grasvíðir (*Salix herbacea*) er einnig áberandi, þó ekki nái hann teljandi þekju. Alls fundust 15 tegundir háplantna í sniðinu. Snjómosi (*Anthelia juratzkana*) hefur 100% þekju. Snjór liggur hér nokkuð lengi fram eftir vori, eins og auðsætt er af vaxtarlagi viðisins og hversu ríkjandi snjómosinn er.

Snið 17: Er í sömu dæld og snið 16, en liggur aðeins hærra og er snjóléttara þar. Mosalyng hverfur að mestu og snjómosi alveg. Grasvíðir og klóelfting verða meira áberandi, með 4% og 3% þekju, ásamt hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Grávíðir er, sem fyrr, með mesta þekju háplantna (23%). Hér er hann mun lauf- og gróskumeiri en í sniði 16. Sumstaðar voru merki um nýlega beit. Mosapekja er 88% og er *Drepanocladus uncinatus* þar atkvæðamesta tegundin. Fallið lauf þekur 12%.

Snið 18: Þurrt smádældótt land við brekkurót og teygir viðirinn sig upp í brekkuna. Mikið um fallið lauf (51% þekja) á jörðu, þar sem

viðirinn er péttastur og eru þar engir mosar. Hér eru bæði grávíðir, með 36% þekju, og loðvíðir (*Salix lanata*), með 12% þekju. Heildarþekja viðis er því 48%. Í þessu sniði nær viðirinn 20 sm hæð og sumstaðar eru allt að 30 sm háir kalkvistir. Mikið bitinn, bæði merki eftir vorbeit og síðsumarbeit. Fjallafoxgras (*Phleum commutatum*) og túnfíflar (*Taraxacum spp.*) finnast einnig bitnir. Klóelfting með 3% þekju og kornsúra (*Polygonum viviparum*) með 2% þekju eru áberandi. Heildarfjöldi háplantna er 14, og mosapekja er 24%.

Þurrt mólendi (tafla 8).

Eins og áður hefur komið fram eru stinnastararmór og viðiflesja aðalgróðurlendin í Hálsi. Þar er þó fleiri gerðir gróðurlenda að finna. Eitt af þeim er þurrt mólendi. Það er ekki alltaf mikið um sig, en finnst þar sem land verður þurrara, oft efst á hjöllum. Raki í jarðvegi ræður mestu um hvaða tegundir ríkja og eru mest áberandi.

Á þurrustu svæðunum setja *Ochrolecia frigida* og fleiri hvítar fléttur mestan svip á landið. Á milli eru berar rofskellur. Þar sem er rakara, nær mosi að þekja allan jarðveginn, og jarðvegsflétturnar hverfa. Í staðinn finnast leifar þeirrar fléttuflóru sem trúlega gæti verið nokkuð gróskumikil, ef hún hefði ekki verið bitin upp. Áberandi runnar í gróðurlendinu eru, krækilyng (*Empetrum nigrum*) og fjalldrapi (*Betula nana*). Vægi þessara tegunda í þekjunni breytist nokkuð eftir raka landsins.

Gróðurþekja var skráð í 4 sniðum í Hálsi, rétt sunnan við Klapparlæk í u.p.b. 600 m. hæð. Stutt er á milli sniðanna, en öll eru þau í mismunandi hæð, þannig að áhrif breytilegs raka í jarðvegi kemur greinilega í ljós þegar tegundasamsetning er skoðuð. Niðurstöður gróðurathugana er að finna í töflu 8.

Snið 4: Liggur í halla og u.p.b. 75 sm lægra en móarnir fyrir ofan og er því aðeins deigari en þeir. Grávíðir og stinnastör (*Carex bigelowii*) eru með 22% þekju hvor um sig. Krækilyng (*Empetrum nigrum*) með 15% þekju og kornsúra (*Polygonum viviparum*) með 7% þekju. Aðrir áberandi runnar eru bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) og grasvíðir (*Salix herbacea*) með 2% þekju. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 21. Mosar

TAFLA 8

Gróður í þurru móliendi, Vesturöræfum.  
Háls 6551-1  
8.7.1981.

þekja mæld í %  
+ < 1% þekja  
- þekja ekki mæld.

Snið nr.	4	2	1	3	Snið nr.	4	2	1	3
HÁPLÖNTUR									
<i>Betula nana</i>			2	1	<i>Baeomyces roseus</i>	+	+	1	29
<i>Carex bigelowii</i>	22	1	1	+	<i>Cetraria delisei</i>		+	1	+
<i>Dryas octopetala</i>	+		1	4	<i>C. islandica</i>	+			
<i>Empetrum nigrum</i>	15	11	17	3	<i>Cladonia chlorophaea</i>		+		
<i>Equisetum arvense</i>	1	1	3	1	<i>C. pocillum</i>		+		
<i>Polygonum viviparum</i>	7	1	3	1	<i>Cornicularia aculeata</i>		+		
<i>Salix calicarpaea</i>	22	21	4	1	<i>Ochrolechia frigida</i>		+		
<i>Salix herbacea</i>		+	1	1	<i>Pannaria pezizoides</i>		+		
<i>Vaccinium uliginosum</i>	2	11	1	+	<i>Peltigera canina</i>				
<i>Armeria maritima</i>	+	+	1	1	<i>P. rufescens</i>		+		
<i>Bartsia alpina</i>	+	+	+		<i>P. venosa</i>		+		
<i>Calanagrosis neglecta</i>	+	+			<i>Stereocaulon alpinum</i>				
<i>Carex krausei</i>					<i>Thamnolia subuliformis</i>		+		
<i>C. rupestris</i>					MOSAR				
<i>Ceratium alpinum</i>					<i>Distichium capillaceum</i>	54	88	78	21
<i>Deschampsia alpina</i>					<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-	-	-	-
<i>Equisetum variegatum</i>	1	1	+	1	<i>Homalothecium nitens</i>	-	-	-	-
<i>Festuca rubra</i>	1	1	1	1	<i>Hylocomium splendens</i>	-	-	-	-
<i>Harrimanella hypnoides</i>					<i>Plagiomnium ellipticum</i>	-	-	-	-
<i>Juncus trifidus</i>					<i>Polytrichum alpinum</i>	-	-	-	-
<i>Kobresia myosuroides</i>					<i>P. juniperinum</i>	-	-	-	-
<i>Loiseleuria procumbens</i>					<i>Racomitrium canescens</i>				
<i>Luzula spicata</i>					<i>Timmia austriaca</i>				
<i>Minuartia sp.</i>					<i>Tortula norvegica</i>				
<i>M. biflora</i>					MOLD				
<i>M. stricta</i>									
<i>Pinguicula vulgaris</i>									
<i>Pedicularis flammea</i>									
<i>Phleum commutatum</i>									
<i>Poa sp.</i>									
<i>P. alpina</i>									
<i>P. pratensis</i>									
<i>Rumex acetosa</i>									
<i>Salix lanata</i>									
<i>Silene acaulis</i>									
<i>Thalictrum alpinum</i>	1	+	+	1					
<i>Tofieldia pusilla</i>									
<i>Veronica alpina</i>									

TAFLA 9

Gróður í fjalldrapa- og krækilyngsmó  
á Vesturöræfum.

þekja mæld í %

+ < 1% þekja

- þekja ekki mæld.

Háls

6551-1 (Snið 14)

6550-4 (Snið 26)

11. og 13.7.1980.

Snið nr.	14	26
----------	----	----

HÁPLÖNTUR

<i>Betula nana</i>	10	14
<i>Empetrum nigrum</i>	25	31
<i>Armeria maritima</i>	1	1
<i>Carex bigelowii</i>	+	+
<i>Cerastium alpinum</i>		+
<i>Dryas octopetala</i>		+
<i>Equisetum arvense</i>	+	1
<i>E. variegatum</i>	1	+
<i>Festuca rubra</i>	1	1
<i>Gentianella tenella</i>		+
<i>Kobresia myosuroides</i>	1	+
<i>Loiseleuria procumbens</i>		+
<i>Luzula spicata</i>	+	
<i>Poa pratensis</i>		+
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1
<i>Salix callicarpaea</i>	1	1
<i>S. herbacea</i>	+	
<i>Silene acaulis</i>	2	1
<i>Thalictrum alpinum</i>	+	+
<i>Tofieldia pusilla</i>	+	+
<i>Vaccinium uliginosum</i>	1	1

FLÉTTUR

<i>Cetraria delisei</i>	1	+
<i>Peltigera canina</i>		+
<i>P. leucophlebia</i>	+	
<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	
<i>Thamnolia subuliformis</i>	+	

MOSAR

<i>Bryum sp.</i>		-
<i>Dicranum scoparium</i>		-
<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-	-
<i>Homalothecium nitens</i>	-	
<i>Hylocomium splendens</i>	-	
<i>Oncophorus wahlenbergii</i>	-	
<i>Polytrichum alpinum</i>	-	
<i>Racomitrium canescens</i>		-
<i>R. lanuginosum</i>	-	

þekja 54% og fléttur finnast á stangli. Eru það aðallega blaðfléttur af ættkvíslinni *Peltigera*.

Snið 2: Liggur í lægð aðeins neðan við snið 1 og er því ekki eins purrt og það. Mest áberandi tegundir eru gráviðir með 21% þekju, en krækilyng

og bláberjalyng með 10% þekju hvor um sig. Krækilyngið er grænt og gróskumikið. Hæðin á gráviðinum er um 5 sm. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 18. Mosar þekja 88% og er *Drepanocladus uncinatus* aðal mosategundin.

Snið 1: Krækilyng er mest áberandi tegundin með 17% þekju. Er það nokkuð rauðleitt. Aðrar tegundir sem setja svip sinn á svæðið eru blómstrandi holtasóley, klóelfting (*Equisetum arvense*), kornsúra og fjalldrapi. Alls fundust 26 tegundir háplantna í sniðinu. Mosabekja er 78%. Fléttur finnast á stangli.

Snið 3: Þetta snið liggur hæst og er þurrast. Viðirinn er nær allur horfinn. Mest er af holtasóley og fléttum. Áberandi eru hvítar fléttur, þekja 29%, og er *Ochrolecia frigida* algengust þeirra með 13% þekju. Mosar þekja aðeins 21% og er *Racomitrium canescens* þeirra algengastur. Ber moldarflög þekja 19%. Af háplöntum er holtasóley með 4% þekju. Fundust 23 tegundir háplantna.

#### Fjalldrappa- og krækilyngsmór (tafla 9).

Gróðurlendi þetta finnst í lágum brekkum og tiltölulega þurru flatlendi í Hálsi inn á milli víðimósins og stinnastararmósins. Hvergi er um stór svæði að ræða.

Fjalldrapi (*Betula nana*) og krækilyng (*Empetrum nigrum*) eru mest áberandi tegundirnar, en aðrir runnar koma einnig við sögu svo sem, grávíðir (*Salix callicarpaea*), grasvíðir (*S. herbacea*), bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*), sauðamergr (*Loiseleuria procumbens*) og holtasóley (*Dryas octopetala*). Gróðurþekja var metin á tveimur stöðum í Hálsi (tafla 9).

Snið 14: Niður við bakka Jökulsár á Dal, sunnan við Klapparlæk í 520 m. hæð. Flatur krækilyngsmór. Krækilyng hefur 25% þekju og er mest áberandi ásamt fjalldrappa, sem er með 10% þekju. Fjalldrapinn er fremur stórgerður en liggur flatur. Sextán háplöntutegundir fundust. Mosar þekja 98%. Vottur finnst af fléttum m.a. *Cetraria delisei* (mundagrös) sem er nýtt af hreindýrum.

Gródur í snjóðældum á vesturóránum.  
 NV við Fífuleiruvatn 6551-6  
 (Snið 20, 21)  
 12.7.1980  
 V í Grjótárhnjúk 6551  
 (Snið 33, 32, 31)  
 13.8.1981.

þekja mæld í %  
 + < 1% þekja  
 - þekja ekki mæld.

frh.

Snið nr.	20	21	33	32	31	Snið nr.	20	21	33	32	31
<b>HÁFLÖNTUR</b>											
<i>Salix calicarpaea</i>	+	11	5	11	10	<i>Cetraria delisei</i>	+	1	+	1	+
<i>S. herbacea</i>	12	10	+ +	+ +	+ +	<i>Cladonia lepidota</i>	+	+	+	+	+
<i>Armeria maritima</i>		1	+ +	1	+ +	<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	+	+	+	+
<i>Bartsia alpina</i>						<i>S. arcticum</i>	+	+	+	1	1
<i>Calamagrostis neglecta</i>	1	+ +	1	+ +	+ +	<b>MOSAR</b>	100	97	79	96	95
<i>Carex bigelowii</i>						<i>Anthelia juratzkana</i>	100	-	70	60	-
<i>Cerastium alpinum</i>						<i>Bryum spp.</i>	-	-	-	-	-
<i>C. cerastoides</i>						<i>Distichium capillaceum</i>	-	-	-	-	-
<i>Empetrum nigrum</i>						<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-	-	-	-	-
<i>Equisetum arvense</i>	1	+ +	2	+ +	+ +	<i>Polytrichum alpinum</i>	-	-	-	-	-
<i>E. variegatum</i>						<i>P. juniperinum</i>	-	-	-	-	-
<i>Erigeron uniflorum</i>						<i>Racomitrium canescens</i>	-	-	-	-	-
<i>Euphrasia sp.</i>						<i>Timmia austriaca</i>	-	-	-	-	-
<i>Festuca rubra</i>						<b>GRJÓT</b>	21				
<i>Gnaphalium spinum</i>						<b>FLAG</b>					
<i>Harrimanella hypnoides</i>	1	1	+ +	1	+ +						
<i>Luzula spicata</i>											
<i>Minuartia spp.</i>											
<i>M. biflora</i>											
<i>Oxyria digyna</i>											
<i>Pedicularis flammea</i>											
<i>Poa alpina</i>											
<i>P. pratensis</i>											
<i>Polygonum viviparum</i>	+	+	+	1	1	<i>Sagina intermedia</i>	1	1	1	2	1
<i>Saxifraga caespitosa</i>						<i>S. nivalis</i>	+	+	+	+	+
<i>S. oppositifolia</i>						<i>Silene acaulis</i>	+	1	1	1	1
<i>Taraxacum spp.</i>						<i>Tofieldia pusilla</i>	+				
<i>Veronica alpina</i>						<i>Veronica alpina</i>	+				

Snið 26: í lítilli brekku rétt norðan við Lindur í Hálsi í 570 m. hæð. Fjalldrapinn nær 10-15 sm hæð, tiltölulega gróskumikill og ekkert bitinn. Víðir, sem á vegi okkar varð á þessum slóðum, var hins vegar oft mikið bitinn. Krækilyng nær hér mestri þekju (31%) og fjalldrapi kemur næstur með 14% þekju. Aðrar áberandi tegundir eru geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*) og túnvingull (*Festuca rubra*). Heildarfjöldi háplöntutegunda er 22. Mosar þekja 89% og vottur af fléttum finnst.

Snjódældir (tafla 10).

Stærstu snjódældarsvæðin er að finna austast á Vesturöræfum. Má þar nefna vesturhlíðar Grjótárhnjúks, þar sem snjódældir taka við af stinna-stararmónum og ná upp í 800 m hæð. Mikið er um snjódældir umhverfis Sauðahnjúk og á svæðinu sunnan við Sauðá eystri að Fitjahnjúk. Í ofanverðum Hálsi eru stöku snjódældir, en þær eru allar litlar. Snjódældirnar, sem hér um ræðir, eru allar á snjóþungum stöðum. Snjór liggur tiltölulega lengi fram eftir vori. Þetta hefur augljósleg áhrif á tegunda-fjölda og tegundasamsetningu. Því lengur sem snjór þekur dældina, því færri tegundir vaxa þar og gróðurþekja verður minni. Dældin er því gróskumest neðst í brekkunni þar sem snjórinn hverfur fyrst. Aðal-tegundin er oftast grasvíðir (*Salix herbacea*) með ýmsum fylgitegundum. Eftir því sem ofar dregur og snjórinn liggur lengur á, minnkar vægi grasvíðisins, en snjómosinn (*Anthelia juratzkana*) verður meir og meir áberandi. Á Vesturöræfum finnast einkum snjódældir með grasvíði og snjódældir með snjómosa sem aðaltegundir. Snjódældir með blómplöntum er þó að finna á stöku stað neðarlega í Hálsi, en þær eru allar mjög litlar um sig, oftast aðeins lautir eða djúpir bollar.

Athugaðar voru snjódældir á tveimur stöðum. Annars vegar lítil tiltölulega flöt snjódæld ofarlega í Hálsi (tafla 10, snið 20 og 21) og hins vegar snjódæld í vesturhlíð Grjótárhnjúks (tafla 10, snið 31-33).

Norð-vestan við Fífuleiruvatn.

Snið 20: Flöt grunn snjódæld. Þekja mæld þar sem snjór liggur lengst fram eftir vori. Grá slikja snjómosans (*Anthelia juratzkana*), sem hefur 100% þekju, er einkennandi. Grasvíðir þekur 12%, en einnig er

mosalyng (*Harriemanella hypnoides*) áberandi. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 10 og vottur af fléttum finnst.

Snið 21: Sniðið í sömu snjódæld og snið 20, en liggur u.p.b. 1 m hærra og er þar mun snjóléttara, sem sést greinilega á tegundasamsetningunni. Snjómosi hverfur nær alveg en vægi annarra mosategunda eykst að sama skapi. Grávíðir (*Salix callicarpaea*) kemur inn með 11% þekju og grasvíðir er með 10% þekju. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 18, og fléttur finnast á stangli.

#### Vestan í Grjótárhnjúk.

Snið 33: Liggur ofarlega vestan í Grjótárhnjúk. Skaflar eru í hlíðinni langt fram eftir sumri. Snjómosi mest áberandi og nær hann að þekja 70% af yfirborði snjódældarinnar. Grjót þekur 21%. Áberandi háplöntutegundir eru grasvíðir með 5% þekju og beitieski (*Equisetum variegatum*) með 2% þekju. Háplöntutegundir eru 15, og vottur finnst af hrúðurfléttunni *Stereocaulon arcticum*.

Snið 32: Liggur nokkuð neðar en snið 33 og er þar snjóléttara. Háplöntutegundum fjölgar, eru hér 22. Heildarþekja mosa er 96% og þar af er þekja snjómosa 60%. Mest áberandi háplöntutegundir eru grasvíðir með 11% þekju, vallarsveifgras (*Poa pratensis*) með 1% þekju og kornsúra (*Polygonum viviparum*) með 2% þekju. Lítið um fléttur.

Snið 31: Mun snjóléttara en í sniðum 33 og 32. Fyrir utan grasvíði, sem er með 10% þekju, eru grávíðir (*Salix callicarpaea*) og kornsúra áberandi. Lítið finnst af snjómosa, en í stað hans kemur *Racomitrium canescens* sem aðalmosategund. Heildarþekja mosa er 95%. Fjöldi háplöntutegunda er 16 og 5% yfirborðs er flag.

#### Melar (tafla 11).

Melar eru viðsvegar á Vesturöræfum. Þeir eru oftast efst á öldum og ásum, en ná hvergi yfir stór samfelld svæði. Helstu svæðin, þar sem mela er að finna, eru: Búrfellsalda og svæðið vestan hennar, Kofaalda og Vestari- og Syðri - Háalda.

TAFLA 11

Gróður á melum á Vesturöræfum.  
NV við Fífuleiruvatn 6651-6  
12.7.1980.

Þekja mæld í %  
+ < 1% þekja  
- þekja ekki mæld.

Snið nr.	22	23
MÖL OG GRJÓT	85	100
HÁPLÖNTUR		
<i>Arenaria norvegica</i>	+	
<i>Armeria maritima</i>		+
<i>Cardaminopsis petraea</i>		1
<i>Carex rupestris</i>	1	
<i>Cerastium alpinum</i>	1	1
<i>Draba norvegica</i>		+
<i>Dryas octopetala</i>	7	+
<i>Empetrum nigrum</i>	+	
<i>Festuca rubra</i>	1	1
<i>Kobresia myosuroides</i>	1	1
<i>Luzula spicata</i>	+	1
<i>Minuartia biflora</i>	+	+
<i>M. rubella</i>	+	
<i>Poa alpina</i>	+	+
<i>P. glauca</i>		1
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1
<i>Sagina intermedia</i>	+	+
<i>Salix herbacea</i>	1	1
<i>Saxifraga caespitosa</i>		+
<i>S. oppositifolia</i>	+	+
<i>Silene acaulis</i>	1	1
<i>Thymus arcticus</i>	+	1
FLÉTTUR	1	1
<i>Cetraria delisei</i>	1	
<i>Cornicularia aculeata</i>	+	
<i>Stereocaulon arcticum</i>	1	1
<i>Thamnolia subuliformis</i>		+
MOSAR	1	1
<i>Distichium capillaceum</i>		-
<i>Polytrichum alpinum</i>		-
<i>P. piliferum</i>	-	
<i>Racomitrium canescens</i>	-	-

Melarnir einkennast af lítilli gróðurþekju. Veðraður jökulruðningur, steinar og grjót þekja yfirborðið, en eiginlegur jarðvegur er af skornum skammti.

Gróðurfar er tegundasnautt og oft langt milli einstaklinga. Vegna næðings eru plönturnar allar smáar og jarðlægar.

#### Norð-vestan við Fífuleiruvatn.

Snið 22: Gróðurlítill melur þar sem holtasóley (*Dryas octopetala*) hefur mesta þekju (7%). Einnig eru krækilyng (*Empetrum nigrum*) og móastör (*Carex rupestris*) áberandi. Sumar tegundanna, sem fundust, eru mjög smávaxnar, t.d. snækrækill (*Sagina intermedia*), skeggsandi (*Arenaria norvegica*) og fjallanóra (*Minuartia biflora*). Háplöntutegundir eru alls 17. Vottur finnst af fléttum og mosum, en möl og grjót þekur 85% yfirborðs.

Snið 23: Stórgryttur hákollur á mel. Gróðurbekja sama og engin, en möl og grjót þekja 100% yfirborðs.

Háplöntutegundir smáar og lítt áberandi nema grasvíðir (*Salix herbacea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og lambagras (*Silene acaulis*). Heildarfjöldi háplöntutegunda 17. Mosabekja er engin. Á stærri steinum er mikið af geitaskófum (*Umbilicaria spp.*), landfræðiflétta (*Rhizocarpon geographicum*) og *Lesidea spp.*

#### 3.4.2 Fljótsdalsheiði - Fellaheiði.

Mikið heiðarflæmi er afmarkast af Fljótsdal að austan, en Jökuldal og Hrafnkelsdal að vestan. Telja má að Fljótsdalsheiði byrji við Laugará að sunnan í nálægt 675 m hæð. Liggur hún í stefnuna SV - NA. Norðan hennar tekur Fellaheiði við og endar í Heiðarenda en brún hans er í 440 m hæð. Hæðarmunur út heiðarnar eru því u.p.b. 235 m. Milli Laugarár og Heiðarenda eru um 70 km. Breidd heiðanna er 25-30 km að jafnaði. Lauslega áætlað er flatarmál þeirra 1300-1400 km<sup>2</sup>.

Landmótun á heiðunum ber öll svip jökulsvörfunar, sem skilið hefur eftir ávöl fell, öldur og ása með grunnum lægðum á milli. Einstaka fjöll eða fell standa upp úr flatneskjunni. Sunnarlega á Fljótsdalsheiði ber Eyvindarfjöll (884 m) hæst. Fyrir sunnan þau eru Grjótalda (820 m) og Þrælaháls (879 m). Á austurbrún Fljótsdalsheiðar er Miðfell (694 m) hæst, en nyrst eru Villingafell (634 m) og Hnefill (562 m). Á Fellaheiði eru Fjórðungsháls (663 m) og Rangárhnjúkur (562 m) áberandi. Auk þessara fella, er mikið um lága hálsa, öldur og mela. Má þar nefna

Miðheiðina (Miðheiðarháls), en vatnaskil eru um hana, og Svartöldu. Á milli hálsa og alda eru lægðir og víðáttumikil votlendi með tjörnum og vötnum. Sumstaðar eru stór vatnasvæði t.d. Gilsárvötn, Bessa-staðavötn og Sandvatn. Afrennsli af heiðunum eru í mörgum tiltölulega smáum ám og lækjum. Vatnsmestu árnar eru Hölkna, Eyvindará, Hnefils-dalsá, Húsá og Hengifossá.

Gróðurfar Fljótsdals- og Fellaheiðar er einsleitt, enda gefur lands-lagið ekki tilefni til annars. Úr lofti sést, að þær eru að mestu grónar, og eru flóar og myrar með tjörnum og vötnum áberandi. Á ásum og hæðum er hins vegar mólendis- og melagróður.

Hér verður ekki reynt að lýsa öllum þeim gróðurlendum, sem fyrir koma á heiðunum, heldur verður aðeins fjallað um þau svæði, þar sem hrein-dýr voru felld í haust-, vetrar- og vorveiðum. Þar var gróður í krafs-holum skráður, og síðan farið á svæðin að sumarlagi þar sem aðstæður leyfðu og gróðurþekja metin.

Haustdýrin voru felld á tveimur svæðum sunnan Bessastaðavatna. Önnur dýr voru felld á heiðinni, frá Eyvindarfjöllum og út í Merkisheiði, (sjá mynd 4). Gróðurkort af heiðunum hafa ekki verið gefin út.

#### 3.4.2.1 Gróður á haustbeitarsvæðum.

Veiðisvæði H12, (hreindýr nr. 36-38)  
Vegufs, sunnan Bessastaðavatna (6848)  
27.9.1980.

Mikið farið að sjá á gróðri, enda langt liðið á haust. Dýrin voru á beit í þurru mólenndi (*Ochroleciamóá*) og snjódæld.

Mólenndi (tafla 12, snið H12a). Flatar þúfur, blásnar að ofan en gróðurkragar umhverfis flagsárin. Mest áberandi tegundir holtasóley (*Dryas octopetala*) með 4% þekju, stinnastör (*Carex bigelowii*), kræki-lyng (*Empetrum nigrum*) og lambagras (*Silene acaulis*) með 2% þekju hver. Stinnastör og holtasóley sölnaðar. Fléttur ná 9% þekju, þar af þekur *Ochrolechia frigida* 5%, en hún er ekki étin af hreindýrum. *Cetraria delisei* (mundagrös) er á milli þúfna og *Cladonia mitis* (hreindýrafléttu)

## TAFLA 12

Gróður í mólenði á Fljótsdalshéði.  
*Vegufs*, sunnan Bessastaðavatna 6848  
 27.9.1980  
 Veidísvarði H12a  
 Haustbeit.

## TAFLA 13

þekja mæld í %  
 + merkir < 1% þekja  
 - þekja ekki mæld  
 H - veidísvarði.  
 Gróður í snjóðaeld á Fljótsdalshéði.  
*Vegufs*, sunnan Bessastaðavatna 6848  
 27.9.1980  
 Veidísvarði H12b  
 Haustbeit.

Snið	H12a	H12b	Snið	H12b	H12a
HÁPLÖNTUR					
<i>Carex bigelowii</i>	2	9	<i>Carex bigelowii</i>	15	<i>Cladonia chlorophaea</i>
<i>Empetrum nigrum</i>	2		<i>Empetrum nigrum</i>	3	<i>C. gracilis</i>
<i>Dryas octopetala</i>	4		<i>Gnaphalium supinum</i>	6	<i>Ochrolechia frigida</i>
<i>Silene acaulis</i>	2		<i>Salix herbacea</i> (fallað lauf)	17	<i>Peltigera leucophlebia</i>
<i>Armeria maritima</i>	1		<i>Sibbaldia procumbens</i>	6	<i>P. rufescens</i>
<i>Cerastium alpinum</i>	1		<i>Alchemilla vulgaris</i>	2	<i>P. spuria</i>
<i>Equisetum arvense</i>	+		<i>Anthoxanthum odoratum</i>	+	<i>Stereocaulon alpinum</i>
<i>E. variegatum</i>	+		<i>Deschampsia flexuosa</i>	1	MOSAR
<i>Festuca rubra</i>	1		<i>Equisetum arvense</i>	2	<i>Brachythecium groenlandicum</i>
<i>F. viviparum</i>	+		<i>Psoroma hypnormum</i>	+	<i>Dicranum fuscescens</i>
<i>Harrimanella hypnoidea</i>	1		<i>Stereocaulon alpinum</i>	1	<i>Drepanocladus uncinatus</i>
<i>Luzula spicata</i>	1		<i>S. arcticum</i>	+	<i>Homalothecium nitens</i>
<i>Minuartia biflora</i>	+		<i>Thamnochila subuliformis</i>	+	<i>Racomitrium canescens</i>
<i>Poa alpina</i>	+		<i>MOSAR</i>	+	<i>R. lanuginosum</i>
<i>P. glauca</i>	+			1	
<i>Polygonum viviparum</i>	1		<i>Polygonum viviparum</i>	1	
<i>Sagina intermedia</i>	+		<i>Pyrola minor</i>	1	
<i>Salix callicarpaea</i>	+		<i>Ranunculus acris</i>	+	
<i>S. herbacea</i>	+		<i>Rumex acetosa</i>	+	
<i>Saxifraga caespitosa</i>	+		<i>Sagina sp.</i>	+	
<i>S. hirculus</i>	+		<i>Salix callicarpaea</i>	+	
<i>Sedum villosum</i>	+		<i>Taraxacum spp.</i>	1	
<i>Tofieldia pusilla</i>	+	+	<i>Veronica alpina</i>	1	
<i>Vaccinium uliginosum</i>					

finnst á stangli. Háplöntutegundir eru 24. Mosar þekja 52% og flög eru 32% af heildarþekju í sniðinu.

Snjódæld (tafla 13, snið H12b). Sniðið er tekið ofarlega í dældinni. Helstu tegundir eru stinnastör með 15% þekju, er hún mikið sölnuð. Fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*) nokkuð fallin, og grámulla (*Gnaphalium supinum*) eru með 6% þekju og krækilyng með 3% þekju. Fallið grasviðilauf (*Salix herbacea*) hefur 17% þekju. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 23. Mosar þekja 68% og fléttur finnast á stangli. Neðar í þessari sömu snjódæld er mikið af snjómosa (*Anthelia juratzkana*) og stórar þúfur með dálitlu af fléttunum *Stereocaulon alpinum* (grábreyeskíngur) *Cetraria islandica* (fjallagrös) og *Cladonia mitis* (hreindýraflétta).

Veiðisvæði H13, (hreindýr nr. 39 og 40)  
Lambakíll, sunnan Bessastaðavatna (6848)  
29.9.1980.

Hjörðin var á beit í smáþýfðum stinnastararmó (tafla 14, snið H13). Gróður fremur gisinn. Grunnt lækjardrag liggur gegnum móinn. Þar voru sýnileg merki eftir hreindýr, nokkuð traðk, og stinnastör (*Carex bigelowii*), rjúpustör (*C. lachenalii*) og túnfíflablöð (*Taraxacum spp.*) fundust bitin. Hreindýrin virtust velja þau fáu strá sem enn voru græn, en gróður var mjög sölnaður á svæðinu og svo til allt lauf dautt, þar sem þekja var metin. Helst var að finna græn strá í miðju og neðst á störum. Einnig voru geldingahnappur (*Armeria maritima*) og lambagras (*Silene acaulis*) græn. Sumar smávaxnar tegundir voru trúlega alveg horfnar og þekja annarra eins og kornsúru, vanmetin miðað við mælingar að sumarlagi. Mestri þekju háplantna ná stinnastör (17%), krækilyng (5%) og kornsúra (3%). Háplöntutegundir eru 18. Fléttur þekja 10% og þar er þekja *Cetraria delisei* (mundagrös) 9%, en hún er nýtt af hreindýrum. Þekja mosa er 77%.

Veiðisvæði H11, (hreindýr nr. 31-35)  
Eyvindarfjöll vestanverð (6649)  
12.9.1980.

Hjörðin var á beit vestan í syðra felli Eyvindarfjalla, rétt austan við Fjallakvísl. Gul haustslikja var komin á hagann og gróður tekinn að sölna, sérstaklega grávíðir (*Salix callicarpaea*), grasviðir (*S. herbacea*)

<b>TAFILA 14</b>	þekja mæld í %
Gróður í stinnastaramó á Fljótsdalshleiði.	+ merkir < 1% þekja
Lambakíll 6848 29.9.1980 Veidísvarði H13 Haustbeit.	- þekja ekki mæld H - veidísvarði.

**TAFILA 15**

þekja mæld í %  
+ merkir < 1% þekja  
- þekja ekki mæld  
H - veidísvarði.  
Gróður í mólendi á Fljótsdalshleiði.  
Eyvindarfjöll vestanverð 6649  
Veidísvarði H11  
12.9.1980  
Haustbeit.

Snið nr.	H13	H1a	H1b	H1a	H1b
<b>HÁPLÖNTUR</b>					
	FLÉTTUR	10	HÁPLÖNTUR	FLÉTTUR	2
<i>Carex bigelowii</i>	17	<i>Cetraria delisei</i>	5	<i>Cetraria delisei</i>	2
<i>Empetrum nigrum</i>	5	<i>C. nivalis</i>	+	<i>Cladonia mitis</i>	2
<i>Harrimanella hypnooides</i>	2	<i>Cladonia lepidota</i>	1	<i>Peltigera canina</i>	+
<i>Polygonum viviparum</i>	3	<i>C. mitis</i>	1	<i>Stereocaulon alpinum</i>	+
<i>Silene acaulis</i>	2	<i>Pellionia canina</i>	+	<i>S. arcticum</i>	1
<i>Armeria maritima</i>	+	<i>Stereocaulon alpinum</i>	1	MOSAR	+
<i>Calamagrostis neglecta</i>	+	<i>Armeria maritima</i>	+		97
<i>Equisetum alpinum</i>	+	<i>Calamagrostis neglecta</i>	1	<i>Campylyium stellatum</i>	-
<i>E. variegatum</i>	+	<i>Carex krausei</i>	+	<i>Comstomum tetragonum</i>	-
<i>Euphrasia sp.</i>	1	<i>Brachythecium reflexum</i>	-	<i>Drepanocladus badius</i>	-
<i>Festuca rubra</i>	+	<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-	<i>D. uncinatus</i>	-
<i>F. vivipara</i>	1	<i>Lescurea radicans</i>	-	<i>Polytrichum alpinum</i>	-
<i>Luzula spicata</i>	+	<i>Polytrichum piliferum</i>	-	<i>Racomitrium canescens</i>	-
<i>Poa alpina</i>	+	<i>Tortula ruralis</i>	-	MÖL	
<i>Salix callicarpaea</i>	1	<i>Equisetum arvense</i>	+		41
<i>S. herbacea</i>	+	<i>E. variegatum</i>	1		
<i>Saxifraga hirculus</i>	1	<i>Euphrasia sp.</i>	+		
		<i>Festuca rubra</i>	1		
		<i>Harrimanella hypnoides</i>	+		
		<i>Kobresia myosuroides</i>	1		
		<i>Luzula spicata</i>	+		
		<i>Minuartia rubella</i>	+		
		<i>M. stricta</i>	+		
		<i>Poa alpina</i>	+		
		<i>P. glauca</i>	+		
		<i>P. pratensis</i>	+		
		<i>Saxifraga caespitosa</i>	+		
		<i>S. nivalis</i>	+		
		<i>Zofieldia pusilla</i>	+		

og kornsúra (*Polygonum viviparum*) .

Snið H11a (tafla 15). Mólendi með tiltölulega lítilli gróðurþekju. Aðaltegundir eru stinnastör (*Carex bigelowii*) með 5% þekju, lambagras (*Silene acaulis*) með 4% þekju og grasvíðir með 3% þekju. *Cetraria delisei* (mundagrös) er algengasta fléttutegundin, þó hún nái ekki nema 2% þekju. Mosar þekja 97% og háplöntutegundir eru 15.

Snið H11b (tafla 15). Berangurslegur flagmór, þar sem gráviðir, grasvíðir, krækilyng (*Empetrum nigrum*) og mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) eru mest áberandi tegundir þó þær nái ekki neinni þekju að ráði. Háplöntutegundir eru 24. Mosar þekja 50%, en á milli eru ógrónir flákar. Mundagrös og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur) eru algengustu fléttturnar, þó hvergi finnist þær í miklum mæli.

Neðan við mólendið er lítið mýrardrag með tjörnum, þar sem fáein dýr voru á beit. Mýrin er aðallega vaxin stinnastör, hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), gráviði og kornsúru. Í þúfnakollum má sumstaðar finna hreindýrafléttu (*Cladonia mitis*). Merki um beit var aðallega að finna á tjarnarbökkum, en þar var gróður minnst sölnaður. Einkum fundust stinnastör, hálmgresi og klófifa (*Eriophorum angustifolium*) bitnar. Þekjumat var ekki gert í mýrinni.

#### 3.4.2.2 Gróður á vetrarbeitarvæðum.

Veiðisvæði 19, (hreindýr nr. 59 og 60).

Eyvindarfjöll austanverð (6749)

22.2.1981.

Þunnur (2-10 sm) skari yfir öllu. Mikið var af nýjum krafsholum, en sökum hvassviðris skóf fljótt í þær. Í töflu 16 eru skráðar þær tegundir, er fundust í krafsholum eða lágu lausar umhverfis þær. Ekki var gerlegt að meta magn hverrar tegundar, en á krafssvæði a var áberandi mest af stinnastör (*Carex bigelowii*), en krækilyng (*Empetrum nigrum*) og stinnastör aðaltegundirnar á krafssvæði b.

Í töflu 17, snið H19 er að finna niðurstöður gróðurmats gerðu í júlí 1981 á sama stað og krafsholusvæði a er. Þar kemur í ljós, að hreindýrin

TAFLA 16

Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði.  
Austan við Eyvindarfjöll  
22.2.1981  
Veðisvæði H19  
Vetrarbeit.

- þekja ekki mald.

Eyvindarfjöll austanverð 6749  
Veðisvæði H19  
8.7.1981  
Vetrarbeit.

TAFLA 17

Gróður í stinnastaramó á Fljótsdalsheiði.  
Eyvindarfjöll austanverð 6749  
Veðisvæði H19  
8.7.1981  
Vetrarbeit.

þekja mald í \*

+ merkir < 1% þekja  
- þekja ekki mald  
H - veðisvæði.

Krafsholur	1	2	3	4	5	6	1	2	3	Svæði a	Svæði b	Hníð nr.	H19
HÁPLÖNTUR													
<i>Armeria maritima</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Carex bigelowii</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Calamagrostis neglecta</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Cerastium alpinum</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Empetrum nigrum</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Festuca rubra</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Kobresia myosuroides</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Polygonum viviparum</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Salix calicarpa</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Silene acaulis</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
FLÉTTUR													
<i>Cetraria delisei</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>C. islandica</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Cladonia mitis</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Cornicularia aculeata</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
<i>Peltigera sp.</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-				
Flatarmál krafsholu i m <sup>2</sup>	1,8	0,8	0,7	1,0	0,9	1,0	0,6	0,5	0,5				

FLÉTTUR	3
<i>Cetraria delisei</i>	17
<i>C. islandica</i>	12
<i>Cladonia coccifera</i>	2
<i>C. furcata</i>	
<i>C. gracilis</i>	
<i>C. lepidota</i>	
<i>C. mitis</i>	
<i>C. pyxidata</i>	
<i>Cornicularia aculeata</i>	1
<i>Ochrolechia frigida</i>	1
<i>Peltigera leucophlebia</i>	1
<i>Stereocaulon alpinum</i>	+
MOSAR	100
<i>Luzula spicata</i>	+
<i>Minuartia biflora</i>	+
<i>Poa pratensis</i>	1
<i>Dicranum fuscescens</i>	-
<i>Salix calicarpaea</i>	1
<i>S. herbacea</i>	1
<i>Saxifraga hirculus</i>	-
<i>Selaginella selaginoides</i>	+
<i>Silene acaulis</i>	1
<i>Thalictrum alpinum</i>	1
<i>Tofieldia pusilla</i>	1

voru á beit í stórbýföum stinnastararmó. Rekja er milli þúfna.

Stinnastör með 17% þekju og kornsúra (*Polygonum viviparum*) með 12% þekju eru mest áberandi tegundir og nokkuð ber á krækilyngi. Af fléttum fundust 12 tegundir, en þær ná hvergi þekju að marki. Fjöldi háplöntutegunda er 20. Hins vegar eru aðeins 10 háplöntutegundir skráðar í krafsholum. Þær tegundir, sem ekki fundust að vetrinum, eru allar smáar. Sama er að segja um flétturnar, stærstu og algengustu tegundirnar fundust í krafsholunum, en hinarr ekki.

Veiðisvæði H14, (hreindýr nr. 41-43)

Við Stóralæk, Merkisheiði (6846)

15.2.1981.

Hreindýrahópur var á beit í mólendi milli berangurslegra alda. Harður snjóskari yfir öllu, 2-7 sm þykkur. Krafstur auðveldur. Áberandi tegundir voru krækilyng (*Empetrum nigrum*), holtasóley (*Dryas octopetala*) og fjalldrapi (*Betula nana*). Báru þær allar ummerki um beit og lágu oft lausar ofan á snjónum. Fjalldrapi stóð sumstaðar upp úr snjónum og var hann bæði bitinn og/eða brum sleikt af greinum. Í töflu 19 er skrá yfir tegundir sem fundust í krafsholum. Í júlí 1981 var sama svæðið skoðað og gróðurþekja mæld, sjá töflu 18, snið H14. Um er að ræða flatan mó, þar sem holtasóley er ríkjandi með 51% þekju, næst kemur krækilyng með 16% þekju og þursaskegg með 4% þekju. Háplöntutegundir eru 26. Vottur af fléttum og mosum finnast og flag-skellur þekja 7%. Fjalldrapa- og bláberjalyngs blettir eru þar sem land liggur lægra. Krækilyngið er sumstaðar dautt og annarsstaðar slitið upp frá síðastliðnum vetri. Einnig finnast á stöku stað þúfnakollar nagaðir niður í rót, en á þeim höfðu vaxið þursaskegg (*Kobresia myosuroides*), túnvingull (*Festuca rubra*) eða krækilyng. Berar skellur hér og þar gætu verið eftir vetrararbeit og krafs. Blásið land er umhverfis svæðið og áfok af því á gróðurlendið.

Veiðisvæði H15, (hreindýr nr. 44-48)

Fyrir ofan Merki, Merkisheiði (6846)

26.2.1981.

Litill hreindýrahópur (10-15 dýr) var á beit á lágum blásnum ásum og í lægðum milli þeirra. Mest bar á graskenndum plöntum, aðallega

TAFLA 18

Gróður í mólendi á Fljótsdalsheiði.

Merkishéði 6846  
Við Stóralæk  
7.7.1981  
Veiðisvæði H14  
Vetrarbeit.

	H15	H14	H15	H14	H14
HÁPLÖNTUR			FLÉTTUR		
<i>Betula nana</i>	7	1	<i>Cetraria delisei</i>	4	1
<i>Carex bigelowii</i>	6		<i>Cladonia chlorophaea</i>	1	1
<i>Dryas octopetala</i>	3	51	<i>C. gracilis</i>	+	
<i>Empetrum nigrum</i>	9	16	<i>C. pyxidata</i>	+	
<i>Kobresia myosuroides</i>	1	4	<i>Cornicularia aculeata</i>	1	+
<i>Polygonum viviparum</i>	2	1	<i>Ochrolechia frigida</i>	1	
<i>Silene acaulis</i>	6	1	<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	
<i>Armeria maritima</i>	+	1	<i>Thamnolia subuliformis</i>	+	
<i>Carex rupestris</i>	+	+	MOSAR		
<i>Cerastium alpinum</i>	+	1	<i>Dicranum fuscescens</i>	89	3
<i>Draba norvegica</i>		+	<i>Distichium capillaceum</i>		
<i>Equisetum arvense</i>		1	<i>Drepanocladus uncinatus</i>		
<i>E. variegatum</i>	1	1	<i>Homalothecium nitens</i>		
<i>Festuca rubra</i>	1		<i>Polytrichum alpinum</i>		
<i>Galium normanii</i>		+	<i>P. juniperinum</i>		
<i>Juncus trifidus</i>	+	1	<i>Racomitrium canescens</i>		
<i>Luiseluria procumbens</i>	+	1	<i>R. lanuginosum</i>		
<i>Luzula spicata</i>		+	MOLD		
<i>Minuartia biflora</i>	+	+			
<i>Pinguicula vulgaris</i>	1	+			
<i>Poa alpina</i>	+				
<i>P. pratensis</i>	1	+			
<i>Salix callicarpaea</i>	+				
<i>S. herbacea</i>	1	+			
<i>Saxifraga hirculus</i>	+				
<i>Thalictrum alpinum</i>	+				
<i>Tofieldia pusilla</i>	1	1			
<i>Vaccinium uliginosum</i>	1	1			

- bekja ekki mæld.

Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði.

	H15	H14	H15	H14	H14
HÁPLÖNTUR			FLÉTTUR		
<i>Betula nana</i>	7	1	<i>Cetraria delisei</i>	1	1
<i>Carex bigelowii</i>	6		<i>Cladonia chlorophaea</i>	1	
<i>Dryas octopetala</i>	3	51	<i>C. gracilis</i>	+	
<i>Empetrum nigrum</i>	9	16	<i>C. pyxidata</i>	+	
<i>Kobresia myosuroides</i>	1	4	<i>Cornicularia aculeata</i>	1	+
<i>Polygonum viviparum</i>	2	1	<i>Ochrolechia frigida</i>	1	
<i>Silene acaulis</i>	6	1	<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	
<i>Armeria maritima</i>	+	1	<i>Thamnolia subuliformis</i>	+	
<i>Carex rupestris</i>	+	+	MOSAR		
<i>Cerastium alpinum</i>	+	1	<i>Dicranum fuscescens</i>	89	3
<i>Draba norvegica</i>		+	<i>Distichium capillaceum</i>		
<i>Equisetum arvense</i>		1	<i>Drepanocladus uncinatus</i>		
<i>E. variegatum</i>	1	1	<i>Homalothecium nitens</i>		
<i>Festuca rubra</i>	1		<i>Polytrichum alpinum</i>		
<i>Galium normanii</i>		+	<i>P. juniperinum</i>		
<i>Juncus trifidus</i>	+	1	<i>Racomitrium canescens</i>		
<i>Luiseluria procumbens</i>	+	1	<i>R. lanuginosum</i>		
<i>Luzula spicata</i>		+	MOLD		
<i>Minuartia biflora</i>	+	+			
<i>Pinguicula vulgaris</i>	1	+			
<i>Poa alpina</i>	+				
<i>P. pratensis</i>	1	+			
<i>Salix callicarpaea</i>	+				
<i>S. herbacea</i>	1	+			
<i>Saxifraga hirculus</i>	+				
<i>Thalictrum alpinum</i>	+				
<i>Tofieldia pusilla</i>	1	1			
<i>Vaccinium uliginosum</i>	1	1			

+ merkir < 1% bekja

- bekja ekki mæld.

H - veiðisvæði.

túnvingli (*Festuca rubra*), pursaskeggi (*Kobresia myosuroides*) og stinnastör (*Carex bigelowii*). Krækilyng (*Empetrum nigrum*) var einnig áberandi. Lágu þessar tegundir oft lausar á snjónum ásamt fjalldrapa (*Betula nana*). Þunn snjóhula (10-15 sm) var yfir öllu og mikill skafrenningur, þannig að krafsholur fyllti fljótt. Í töflu 20 er listi yfir tegundir, sem skráðar voru í tveimur krafsholum, aðrar holur sýndu sömu tegundasamsetningu.

Gróðurþekja var mæld á sama stað í júlí 1981, sjá töflu 18, snið H15. Algengustu tegundirnar eru, krækilyng með 9% þekju, fjalldrapi með 7% þekju, stinnastör og lambagras (*Silene acaulis*) með 6% þekju hvor tegund og holtasóley (*Dryas octopetala*) með 3% þekju. Þá er túnvingull mjög tíður, þó hann nái ekki neinni þekju (<1%). Háplöntutegundir eru 24. Fléttur finnast á stangli og eru þær mjög smáar. Mosar þekja 89%.

#### 3.4.2.3 Gróður á vorbeitarsvæðum.

Veiðisvæði H21, hreindýr nr. 67 og 68)  
Við Stóralæk, Klausturselsheiði (6748)  
5.5.1981.

Þunn, hörð snjóhula lá yfir beitiland. Skafrenningur fyllti kraftaholur um leið og dýrin yfirláttu þær. Var skráning plantna því torveld. Hjörðin var á beit á hæð í þurru mólendi, þar sem holtasóley (*Dryas octopetala*) og krækilyng (*Empetrum nigrum*) virðast vera aðaltegundir, en móastör (*Carex rupestris*) og túnvingull (*Festuca rubra*) eru einnig áberandi. Neðan við hæðina er rakara land, þar sem stinnastör (*Carex bigelowii*) er algeng og krækilyng vex á þúfnakollum.

Hér á eftir verða taldir þær tegundir, er skráðar voru í krafsholum þeim er hreindýr 67 var að bita í, þegar það var fellt.

#### Háplöntur:

*Armeria maritima* (geldingahnappur)  
*Betula nana* (fjalldrapi)  
*Carex rupestris* (móastör)  
*Cerastium alpinum* (músareyra)  
*Dryas octopetala* (holtasóley)  
*Empetrum nigrum* (krækilyng)  
*Equisetum variegatum* (beitieski)  
*Festuca rubra* (túnvingull)  
*Luzula spicata* (axhæra)

*Poa pratensis* (vallarsveifgras)  
*Polygonum viviparum* (kornsúra)  
*Salix callicarpaea* (grávíðir)  
*Silene acaulis* (lambagras)  
*Tofieldia pusilla* (sýkigras)  
  
Fléttur:  
*Cetraria delisei* (mundagrös)  
*Cornicularia aculeata* (kræða)

TAFLA 20

Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði.  
Merkisheiði 6846  
Fyrir ofan Merki (480 m.h.)  
Veitísvæði H15  
16.2.1981  
Vetrarbeit.

- þekja ekki mæld.

þekja mæld í %	
+ merkirk < 1% þekja	
- þekja ekki mæld	H veitísvæði.

TAFLA 21

Gróður í mólendi á Fljótsdalsheiði.

Merkisheiði 6846  
Fyrir ofan Merki (480 m.h.)  
Veitísvæði H15  
16.2.1981  
Vetrarbeit.

- þekja ekki mæld.

Krafsholur	1	2	Snið	H20	H20	H20	H20
<hr/>							
HÁPLÖNTUR							
<i>Armeria maritima</i>	-						
<i>Betula nana</i>	-						
<i>Carex bigelowii</i>	-	-					
<i>Cerastium alpinum</i>	-	-					
<i>Dryas octopetala</i>	-	-					
<i>Empetrum nigrum</i>	-	-					
<i>Silene acaulis</i>	-	-					
<i>Empetrum nigrum</i>	-	-					
<i>Equisetum variegatum</i>	-	-					
<i>Pestuca rubra</i>	-	-					
<i>Juncus trifidus</i>	-	-					
<i>Kobresia myosuroides</i>	-	-					
<i>Luzula spicata</i>	-	-					
<i>Minuartia sp.</i>	-	-					
<i>Polygonum viviparum</i>	-	-					
<i>Silene acaulis</i>	-	-					
<hr/>							
FLÉTTUR							
<i>Cetraria delisei</i>	-						
<i>Cladonia sp.</i>	-						
<i>C. mitis</i>	-						
<i>Cornicularia aculeata</i>	-						
<hr/>							
Stærð krafsholu í m <sup>2</sup>	0,4	0,4					
<hr/>							
3							
<i>Cetraria delisei</i>	1						
<i>C. islandica</i>	+						
<i>C. nivalis</i>	+						
<i>Cladonia gracilis</i>	+						
<i>C. pyxidata</i>	+						
<i>Cornicularia aculeata</i>	1						
<i>Ochrolechia frigida</i>	2						
<i>Stereocaulon alpinum</i>	+						
<i>Rhamnolia subuliformis</i>	1						
MOSAR	92						
<i>Bryum palescens</i>	-						
<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-						
<i>Homalothecium nitens</i>	-						
<i>Hypnum revolutum</i>	-						
<i>Racomitrium lanuginosum</i>	-						
<i>Rimmia austriaca</i>	-						

Veiðisvæði H22, (hreindýr 69 og 70)  
Stuðlafoss, Klausturselsheiði (6747)  
5.5.1981.

Mikill skafrenningur, en hreindýrahópurinn var á beit á snjólausu svæði milli Viðidalsár og Fossár. Voru dýrin dreifð og höfðu rásað um stórt svæði. Virtust þau bíta mest í fjalldrapamó, þar sem fjalldrapi (*Betula nana*) og krækilyng (*Empetrum nigrum*) eru mest áberandi, ásamt holtasóley (*Dryas octopetala*).

Aðrar tegundir er skráðar voru í krafsholum eru:

<i>Armeria maritima</i> (geldingahnappur)	<i>Silene acaulis</i> (lambagras)
<i>Carex bigelowii</i> (stinnastör)	<i>Tofieldia pusilla</i> (sýkigras)
<i>Equisetum variegatum</i> (beitieski)	<i>Vaccinium uliginosum</i> (bláberjalyng)
<i>Festuca rubra</i> (túnvingull)	

í lægðum eru stinnastararvætur og graslendi með túngingli (*Festuca rubra*) og vallarsveifgrasi (*Poa pratensis*).

Veiðisvæði H20, (hreindýr nr. 61-66)  
Fyrir ofan Klaustursel, Klausturselsheiði (6747)  
4.5.1981.

Nýfallinn snjór var yfir öllu, þó sýnu minnstur á hæðinni þar sem hreindýrahjörðin (80-100 dýr) var á beit í fjalldrapa- og krækilyngsmó. Einginn vorhugur kominn í plöntur. Mikill samfelldur krafstur á svæðinu og voru skráðar plöntutegundir á tveimur slikum svæðum (tafla 22). Fjalldrapi (*Betula nana*) var mest áberandi, stóð viða upp úr snjónum, 15-20 sm á hæð. Krækilyng (*Empetrum nigrum*) var einnig áberandi, en rauðleitt. Túnvingull (*Festuca rubra*) og axhæra (*Luzula spicata*) stóðu viða upp úr snjónum. Í töflu 21 (snið H20) er skráð gróðurþekja á sama svæði að sumri til. Mestri þekju (9%) ná holtasóley (*Dryas octopetala*), krækilyng (6%) og fjalldrapi (4%). Nokkuð er einnig af stinnastör. Háplöntutegundir eru 22. Þarna finnast í litlum mæli þær fléttutegundir, sem hreindýrin éta helst t.d. *Cetraria islandica* (fjallagrös) og *C. delisei* (mundagrös). Þekja mosa er 92%.

TAFLA 22

Gróður í krafsholum á Fljótsdalsheiði.

- bekja ekki mæld.

Klausturselsheiði 6747  
Fyrir ofan Klaustursel  
4.5.1981  
Veiðisvæði H20  
Vorbeit.

Krafssvæði	1	2
------------	---	---

HÁPLÖNTUR

<i>Armeria maritima</i>	-	-
<i>Betula nana</i>	-	-
<i>Carex bigelowii</i>	-	-
<i>C. rupestris</i>	-	-
<i>Cerastium alpinum</i>	-	
<i>Dryas octopetala</i>	-	-
<i>Empetrum nigrum</i>	-	
<i>Festuca rubra</i>	-	-
<i>Juncus trifidus</i>	-	
<i>Kobresia myosuroides</i>		-
<i>Loiseleuria procumbens</i>	-	
<i>Luzula spicata</i>	-	
<i>Polygonum viviparum</i>	-	
<i>Poa pratensis</i>	-	
<i>Silene acaulis</i>	-	-
<i>Tofieldia pusilla</i>	-	-

FLÉTTUR

<i>Alectoria ochroleuca</i>	-
<i>Cetraria islandica</i>	-
<i>C. nivalis</i>	-
<i>Cornicularia aculeata</i>	-
<i>Stereocalon alpinum</i>	-
<i>Thamnolia subuliformis</i>	-

### 3.4.3 Jökuldalsheiði.

Mörk Jökuldalsheiðar að sunnan eru um Fiskidalsháls gengt Brú, innsta bæ í Jökuldal, en norðurmörk hennar eru um Vopnafjarðardali. Vega-lengdin þarna á milli er um 60 km. Heiðin er breiðust nyrst, rúmlega 20 km en þrengist mjög til suðurs.

Vesturmörk heiðarinnar afmarkast af tveimur fjallgörðum, sem eru nær samfelldir, Þríhyrningsfjallgarði og Möðrudalsfjallgarði, ásamt Þjóðfelli (1035 m) og Súlendum (798 m) sem taka við norðan þeirra.

Austurmörk heiðarinnar eru um hábrúnir Jökuldals með ýmsum hnjúkum, syðst Eiríksstaðahneflar innri og ytri (947 og 922 m) og Skjöldólfss-taðahnjúkur (792 m) nyrst. Norður af honum er Sandfell (876 m).

Jökuldalsheiðin er hásléttá í 500-600 m hæð, með melöldum, ásum og fellum. Má þar nefna Stóra-Svalbarð (833 m), Sænautafell (736 m), Fiskidalsháls, Búðarháls, Ánavatnsöldu, Grjótgarðsháls, Þrívörðuháls, Háreksstaðaháls og Gestreiðarstaðaháls.

Daladrög og flatlendi eru á milli hæða með flóum og vötnum, sumum stórum. Helstu stöðuvötn eru: Ánavatn, Sænautavatn, Búrfellsvatn, Gripdeild og Hnúksvatn.

Vatnaskil eru, með undantekningu þó, um Miðbunguna, en hún liggur þvert um miðja heiðina og skilur að norður- og suðurhluta hennar.

Ár og lækir er renna til norðurs, sameinast flestir í Hofsá að lokum, er fellur í Vopnfjörð. Má þar nefna talið frá vinstri: Kollseyra, Gestreiðarstaðakvísl, Háreksstaðakvísl og Tunguá. Afrennsli lækja og áa er falla til suðurs er í Jökuldal. Jökuldalsheiðin er mestöll vel gróin. Neðst í daladrögum girða flóar og mýrar fjölda vatna og tjarna. Þegar hækkar og þornar um tekur við mólendi með víðikjarri og fjalla-grösum. Gróðurteigar eru upp ása og fell, en ofar taka við berangurs-legir melar. Nákvæma staðháttalýsingu á Jökuldalsheiði er að finna í greininni "Jökuldalsheiðin og byggðin þar" eftir Halldór Stefánsson (1947).

Hér á eftir verður gerð grein fyrir gróðurlendum þeim er hreindýr nýttu að haust-, vetrar- og vorlagi. Þar var gróður í krafsholum skráður (vetur og vor) og síðan farið á svæðin að sumarlagi, þar sem aðstæður leyfðu og gróðurþekja metin. Haustveiðarnar fóru fram á norðanverðri heiðinni við Háreksstaði, í Fellahlíð vestanverðri og Lónakíl, en vetrar- og vorveiðarnar á suðurheiðinni, aðallega á svæðinu kringum Svalbarð (sjá mynd 4, bls. 25). Að haustinu héldu hreindýrin sig mest í mólendi, með víði og fléttum. Um veturinn og vorið var snjór hinsvegar yfir mestöllu landinu, og sóttu dýrin því einkum í snjóléttstu svæðin, en það eru aðallega melkollar og þurrandi með víði-, krækilyngs- og holtasóleyjarmóum. Gróðurkort hefur ekki verið gert af svæðinu.

#### 3.4.3.1 Gróður á haustbeitarsvæðum.

Veiðisvæði H8, (hreindýr nr. 26 og 27)

Fellahlíð (6745)

5.9.1980.

Hreindýrin voru á beit í afliðandi brekku, er veit mótt vestri. Efst er melur, þá taka við víðiflesjur, og er þar nokkuð um fléttur. Dýrin héldu sig mest í þeim hluta brekkunnar. Neðar tekur deiglendi við. Víðiflesjan er lítið þýfð, en grunnir skorningar skerast niður hana. Víðilauf hafði tekið á sig haustliti og var 90% þess fallið af greinum. Þess vegna var þekja þess mun minni í matinu en efni stóðu til. Í töflu 23 (snið H8) er að finna niðurstöður gróðurþekjumats. Ríkjandi tegundir eru gráviðir (*Salix callicarpaea*) með 5% þekju, krækilyng (*Empetrum nigrum*) með 11% þekju og stinnastör (*Carex bigelowii*) með 5% þekju. Runnar af bláberjalyngi (*Vaccinium uliginosum*) finnast hér og þar. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 20. Fléttur, sem ná 11% heildarþekju, eru áberandi. Algengastar þeirra eru: *Cetraria islandica* (fjallagrös) með 6% þekju, *Cetraria delisei* (mundagrös) með 4% þekju og *Cladonia mitis* (hreindýraflétta) með 2% þekju. Þekja mosá er 100%.

Gróður í mólendi á Jökuldalsheiði.

Pellahið 6745	Bekja mæld í %
+ merkir < 1% bekja	+ merkir < 1% bekja
5.9.1980	- bekja ekki mæld
Veiðisvæði H8	H - veiðisvæði.
Háreksstaðir 6644	
10.9.1980	
Veiðisvæði H10 og H10a	
Haustbeit.	

## JÖKULDALSHEIÐI

Snið nr.	H8	H10a	H10	Snið	H8	H10a	H10
<b>HÁPLÖNTUR</b>							
<i>Carex bigelowii</i>	5	1	+	<i>Cetraria delisei</i>	4	1	3
<i>Empetrum nigrum</i>	11	10	16	<i>C. islandica</i>	6	5	17
<i>Harrimanella hypnoides</i>	+	6		<i>Cladonia lepidota</i>			
<i>Loiseleuria procumbens</i>		5		<i>C. mitis</i>	2	3	+
<i>Salix callitrichaea</i>	5	2	3	<i>Cornicularia aculeata</i>			
<i>Vaccinium uliginosum</i>	2	4	2	<i>Peltigera leucophlebia</i>			
<i>Armeria maritima</i>		2	1	<i>P. occidentalis</i>			
<i>Bartsia alpina</i>	+	+	+	<i>Psoroma hypnorum</i>			
<i>Botrychium lunaria</i>				<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	2	+
<i>Calamagrostis neglecta</i>	+	+	+	<i>S. arcticum</i>	1		
<i>Ceratostigma alpinum</i>	+	+	+	<b>MOSAR</b>	100	20	39
<i>Deschampsia alpina</i>	+	+	+	<i>Bartramia ithyphylla</i>	-	-	-
<i>Dryas octopetala</i>		+	+	<i>Dicranum fuscescens</i>	-	-	-
<i>Equisetum arvense</i>	1	1	1	<i>Distichium capillaceum</i>	-	-	-
<i>E. variegatum</i>	1	1	1	<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-	-	-
<i>Festuca rubra</i>		1	1	<i>Heterocladium dimorphum</i>	-	-	-
<i>Juncus trifidus</i>		+	+	<i>Homalothecium nitens</i>	-	-	-
<i>Kobresia myosuroides</i>		+	1	<i>Oncophorus virens</i>	-	-	-
<i>Phleum commutatum</i>		+	+	<i>Polytrichum juniperinum</i>	-	-	-
<i>Pinguicula vulgaris</i>		+	+	<i>Racomitrium canescens</i>	-	-	-
<i>Poa alpina</i>	+	+	1	<i>Sphagnum teres</i>	-	-	-
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1	1	<i>S. warnstorffii</i>			
<i>Salix herbacea</i>	+	1	+				
<i>Selaginella selaginoides</i>	+	+	2				
<i>Silene acaulis</i>	+	2	2				
<i>Thalictrum alpinum</i>	+	+	1				
<i>Tofieldia pusilla</i>	+	1	+				

Veiðisvæði H10, (hreindýr nr. 25 og 30)

Háreksstaðir (6644)

10.9.1980.

Flatur viði- og fléttumór er hallar til vesturs. Austurbakkinn er blásinn. Efst er 10 m breitt belti, þar sem fléttur ná mikilli þekju. Neðar verður fléttugróðurinn gisnari. Í töflu 23 (snið H10) er að finna niðurstöður af gróðurþekjumati. *Cetraria islandica* (fjallagrös) er algengasta fléttan með 17% þekju, og var hún sýnilega mikið nýtt. Ríkjandi háplöntutegundir eru krækilyng (*Empetrum nigrum*) með 16% þekju, grávíðir (*Salix callicarpaea*) með 3% þekju (lauf mikið til fallið) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) með 2% þekju. Fjall-drapi (*Betula nana*) finnst á stangli, þó hann hafi ekki verið skráður í sniðinu. Hér og þar er að finna fláka með holtasóley (*Dryas octopetala*), með flögum á milli, en þar er *Cladonia mitis* (hreindýrafletta) í nokkrum mæli. Háplöntutegundir í sniðinu eru 18 og þekja mosa er 30%.

Veiðisvæði H10a, (hreindýr nr. V26-V28)

Háreksstaðir (6644)

10.9.1980.

Hópurinn var á beit í stórbýföldum, hallandi krækilyngs- og viðimó. Mikið um fléttur efst í sniðinu, en þekja þeirra minnkars er neðar dregur. Í töflu 23 (snið H10a) er að finna niðurstöður gróðurþekjumats. Ríkjandi tegundir háplantna eru krækilyng (*Empetrum nigrum*) með 10% þekju, mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) með 6% þekju, sauðamergr (*Loiseleuria procumbens*) með 5% þekju og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) með 4% þekju. Grávíðir (*Salix callicarpaea*) nær ekki nema 2% þekju, enda lauf allt fallið af honum. Hann er hins vegar langfyrirferðamesta tegundin í summar-skruða. Fléttur ná samtals 12% þekju, þar af eru *Cetraria islandica* (fjallagrös) með 5% þekju, *Cladonia mitis* (hreindýrafletta) með 3% þekju og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur) með 2% þekju. Pekja mosa er 20%. Ofar í brekkunni verður mosinn *Racomitrium canescens* ríkjandi með fléttubrúskum af tegundunum *Cetraria delisei* (mundagrös) og fjallagrös. Annars staðar eru sendnar viðiflesjur með nær eingöngu grávíði og fjallagrösum.

Veiðisvæði H9, (hreindýr nr. 28 og 29)  
 Lónakill (6546)  
 8.9.1980.

Snið H9 (tafla 24): Þurr harður krækilyngsmór með grávíðiflákum. Grávíðir (*Salix callicarpaea*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og klóelfting (*Equisetum arvense*) voru fallin. Krækilyng (*Empetrum nigrum*) er ríkjandi tegund með 50% þekju og *Cetraria delisei* (mundagrös) algengasta fléttan, þó hún nái aðeins 3% þekju. Háplöntutegundir eru 15 og þekja mosa er 54%. Lægðir eru inn á milli krækilyngsmónum. Þar eru upppornaðar tjarnir með stinnastör (*Carex bigelowii*) og hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) í jöðrum.

TAFLA 24

Gróður í krækilyngsmó á Jökuldalsheiði.  
 Lónakill 6546  
 8.9.1980  
 Veiðisvæði H9  
 Haustbeit.

Þekja mæld í %  
 + merkir < 1% þekja  
 - þekja ekki mæld  
 H - veiðisvæði

Snið nr.	H9	H9a	H9	H9a
<hr/>				
HÁPLÖNTUR		FLÉTTUR	3	3
<i>Dryas octopetala</i>		4 <i>Baeomyces rufus</i>	+	
<i>Empetrum nigrum</i>	50	10 <i>Cetraria deliseii</i>	3	1
<i>Salix callicarpaea</i>	2	4 <i>C. islandica</i>		+
			<i>Corneularia aculeata</i>	+
<i>Armeria maritima</i>	+	1 <i>Ochrolechia frigida</i>	+	
<i>Calamagrostis neglecta</i>	1		<i>Peltigera sp.</i>	+
<i>Carex bigelowii</i>	+	2 <i>P. spuria</i>		+
<i>C. krausei</i>	+		<i>Stereocaulon alpinum</i>	1
<i>Cerastium alpinum</i>			<i>S. arcticum</i>	2
<i>Equisetum arvense</i>	1	+		
<i>E. variegatum</i>	1	1 MOSAR	54	42
<i>Euphrasia sp.</i>	+			
<i>Festuca rubra</i>	1	1 <i>Anthelia juratzkana</i>		-
<i>Galium normanii</i>		+	<i>Aulacomnium palustre</i>	-
<i>Juncus arcticus</i>	+		<i>Bartramia ithyphylla</i>	-
<i>Kobresia myosuroides</i>		1 <i>Bryum sp.</i>		-
<i>Luzula spicata</i>		+	<i>Ditrichum flexicaule</i>	-
<i>Minuartia biflora</i>		+	<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-
<i>Poa alpina</i>		+	<i>Homalothecium nitens</i>	-
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1 <i>Oncophorus wahlenbergii</i>		-
<i>Rumex acetosa</i>		+	<i>Polytrichum juniperinum</i>	-
<i>Salix herbacea</i>	+	+	<i>Racomitrium canescens</i>	-
<i>Silene acaulis</i>	+	1 <i>R. lanuginosum</i>		-
<i>Thalictrum alpinum</i>				
<i>Thymus arcticus</i>		1		
<i>Tofieldia pusilla</i>	1			

---

Snið H9a (tafla 24): Flöt grávíðiflesja, mikið af grávíði fallið. Krækilyng þekur 10% og holtasóley (*Dryas octopetala*) 4%. Stinnastör er nokkuð áberandi með 2% þekju. *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur) er algengasta fléttan með 2% þekju. Mosar þekja 42% og er snjómosi (*Anthelia juratzkana*) áberandi, sem bendir til þess, að snjór liggi nokkuð lengi á svæðinu á vorin. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 20.

### 3.4.3.2 Gróður á vetrarbeitarsvæðum.

Veiðisvæði H16 (hreindýr nr. 49-51)  
Viðidalur (6746)  
18.2.1981.

Aðeins hábungur mela stóðu upp úr snjó í febrúar. Krafsholur voru á lágum ásum, snjóþykkt 2-3 sm en klakahella sumstaðar.

Tegundir sem fundust í krafsholum voru:

Háplöntur:

*Carex bigelowii* (stinnastör)  
*Dryas octopetala* (holtasóley)  
*Empetrum nigrum* (krækilyng)  
*Equisetum variegatum* (beitieski)  
*Festuca rubra* (túnvingull)  
*Poa alpina* (fjallasveifgras)  
*Polygonum viviparum* (kornsúra)  
*Salix callicarpaea* (gráviðir)

*Silene acaulis* (lambagras)  
*Vaccinium uliginosum* (bláberjalyng)  
Fléttur:  
*Cetraria delisei* (mundagrös)  
*C. islandica* (fjallagrös)  
*Peltigera canina* (engjaskóf)  
*Thamnolia subuliformis* (ormagrös)

Aðeins austar voru krafsholur, þar sem túnvingull og vallarsveifgras (*Poa pratensis*) voru yfirgnæfandi.

Í töflu 25 (snið H16) eru niðurstöður gróðurþekjumælinga, er voru gerðar á veiðistaðnum í júlí 1981. Um er að ræða grýttan hálfróinn mel. Holtasóley er ríkjandi tegund með 18% þekju. Krækilyng, gráviðir og móastör (*Carex rupestris*), eru einnig áberandi þó þær hafi litla þekju. Háplöntutegundir eru 21. Af fléttum er *Cetraria delisei* (mundagrös) algengust með 3% þekju. Þekja mosar er aðeins 2%, en möl og grjót er 71% melsins.

## Gróður í mólendi á Jökuldalsheiði.

Snið nr.	H16	H17	H18	H24	H26	Snið nr.	H16	H17	H18	H24	H26
<b>HÁPLÖNTUR</b>											
<i>Betula nana</i>		1	17	4		<i>Alectoria nigricans</i>					+
<i>Dryas octopetala</i>	18	12	11	14	+	<i>A. ochroleuca</i>					+
<i>Empetrum nigrum</i>	1	16	36	17	37	<i>Cetraria delisei</i>	3	19	1		+
<i>Salix callicarpaea</i>	+	2	9	2	10	<i>C. islandica</i>		+	7	+	+
<i>Arenaria norvegica</i>	+		1	1	+	<i>Cladonia sp.</i>					
<i>Armeria maritima</i>	+		1	+		<i>C. lepidota</i>					
<i>Bartrisia alpina</i>	+		1	+		<i>C. mitis</i>					
<i>Botrychium lunaria</i>						<i>C. pyxidata</i>					
<i>Carex capillaris</i>						<i>Cornicularia aculeata</i>	+	1	1		1
<i>C. glacialis</i>						<i>Ochrolechia frigida</i>					
<i>C. rupestris</i>						<i>Peltigera leucophlebia</i>					
<i>Cerastium alpinum</i>	1	1		+		<i>P. rufescens</i>					
<i>Draba norvegica</i>	+			+		<i>Psoroma hypnorum</i>					
<i>Equisetum arvense</i>			1	+		<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	1	2	1	1
<i>Festuca rubra</i>	1	1	1	1	1	<i>Thamnochloa subuliformis</i>					
<i>Galium normanii</i>			+			<i>MOSAR</i>					
<i>Juncus trifidus</i>			1	1	1	<i>Aulacomnium palustre</i>					
<i>Kobresia myosuroides</i>	1	1	1	1	1	<i>Bryum pallens</i>					
<i>Loiseleuria procumbens</i>				+		<i>Campylium chrysophyllum</i>					
<i>Luzula spicata</i>			1	+		<i>Dicranum fuscescens</i>					
<i>Minuartia biflora</i>	+					<i>Distichium capillaceum</i>					
<i>Pedicularis flammea</i>			+			<i>Drepanocladus uncinatus</i>					
<i>Pinguicula vulgaris</i>			1			<i>Homalothecium nitens</i>					
<i>Poa pratensis</i>	+			+		<i>Polytrichum alpinum</i>					
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1	1	1	1	<i>P. juniperinum</i>					
<i>Salix herbacea</i>	1	1	1	+	1	<i>Racomitrium canescens</i>					
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	+					<i>R. lanuginosum</i>					
<i>Selaginella selaginoides</i>			+			<i>Timmia austriaca</i>					
<i>Silene acaulis</i>	1	2		+	1	<i>MOLD</i>					
<i>Thalictrum alpinum</i>		1	1	1	1						
<i>Thymus arcticus</i>	+	1	1	1	1						
<i>Tofieldia pusilla</i>											
<i>Trisetum spicatum</i>											
<i>Vaccinium uliginosum</i>					+						
<i>Viscaria alpina</i>					+						

## Jökuldalsheiði

6746 viðidalur 7.7.1981; H16

pekja mæld í \*

+ merkir &lt; 1% þekja

- þekja ekki mæld

Litla Svalbarð 5.7.1981; H17

Botnalækur 4.7.1981; H18

Ánavatn 5.7.1981; H24

Grjótagarðsháls 4.7.1981; H26

Vetrar og vorbeit.

6746 viðidalur 7.7.1981; H16

pekja mæld í \*

+ merkir &lt; 1% þekja

- þekja ekki mæld

H - veiðisvæði

Litla Svalbarð 5.7.1981; H17

Botnalækur 4.7.1981; H18

Ánavatn 5.7.1981; H24

Grjótagarðsháls 4.7.1981; H26

Vetrar og vorbeit.

Veiðisvæði H17 (hreindýr nr. 52-54)  
Litla Svalbarð (6646)  
18.2.1981.

Land allt svævi þakið nema hákollar mela. Krafstur á við og dreif um svæðið, aðallega í krækilyngs- og viðimóum. Í töflu 26 er listi yfir þær 13 tegundir háplantna og 4 tegundir fléttina er fundust í krafsholum á svæðinu. Mest áberandi tegundir í krafsholum voru: lambagras (*Silene acaulis*), geldingahnappur (*Armeria maritima*) og sumstaðar þursaskegg (*Kobresia myosuroides*). Títt fundust einnig kornsúra (*Polygonum viviparum*), vallarsveifgras (*Poa pratensis*), túnvingull (*Festuca rubra*) og krækilyng (*Empetrum nigrum*) og fléttan *Cetraria delisei* (mundagrös).

Við gróðurþekjumælingu að sumri kom í ljós, að gróðurlendið einkennist aðallega af krækilyngsmó með miklu af fléttum (tafla 25, snið H17). Háplöntutegundir eru 21. Ríkjandi tegundir eru krækilyng með 16% þekju og holtasóley (*Dryas octopetala*) með 12% þekju. Gráviðir (*Salix callicarpaea*) og fjalldrapi (*Betula nana*) finnast einnig og móastör (*Carex rupestris*) er áberandi. Mundagrös eru ríkjandi fléttur með 19% þekju. Mosþekjan er aðeins 5%. Hvergi eru merki um krafstur eða beit frá vetrinum.

Veiðisvæði H18 (hreindýr nr. 56-58)  
Botnalækur vestan í Stóra-Svalbarði (6646)  
20.2.1981.

Í febrúar voru hreindýr að krafsa í brekku og brekkubrún er snýr móti SSV. Fyrir ofan brekkuna er snjólaus, ógróinn melur. Gráviðir (*Salix callicarpaea*), túnvingull (*Festuca rubra*) og fjalldrapi (*Betula nana*) stóðu sumstaðar upp úr snjónum og báru merki um beit. Í töflu 27 er listi yfir þær tegundir er fundust í krafsholum.

Við skoðun á staðnum að sumri til (tafla 25, snið H18) voru eftirtaldar tegundir ríkjandi. Krækilyng (*Empetrum nigrum*) með 36% þekju, fjalldrapi með 16% þekju, holtasóley (*Dryas octopetala*) með 11% þekju og gráviðir með 9% þekju. Í dýpstu lautum finnast snjódældaplöntur, t.d. blágresi (*Geranium sylvaticum*) og brennisóley (*Ranunculus acris*). Há-

plöntutegundir eru 22. Algengasta fléttan er *Cetraria islandica* (fjallagrös) með 7% þekju og heildarþekja mosa er aðeins 9%.

TAFILA 26

- þekja ekki mæld.

Gróður í krafsholum á Jökuldalsheiði.

Sunnan við Litla Svalbarð 6646  
19.2.1981  
Veiðisvæði H17  
Vetararbeit.

Krafsholur	1	2	3	4	5	6	7	8	9
<b>HÁPLÖNTUR</b>									
<i>Armeria maritima</i>									
<i>Carex bigelowii</i>	-	-							
<i>Cerastium alpinum</i>	-								
<i>Empetrum nigrum</i>	-				-		-	-	-
<i>Equisetum variegatum</i>				-			-	-	-
<i>Erigeron uniflorum</i>		-							
<i>Festuca rubra</i>	-	-	-	-	-	-	-	-	-
<i>Kobresia myosuroides</i>	-				-				
<i>Poa pratensis</i>		-	-	-	-		-	-	-
<i>Polygonum viviparum</i>	-	-	-	-	-		-	-	-
<i>Potentilla crantzii</i>					-				
<i>Salix callicarpaea</i>		-							
<i>Silene acaulis</i>		-	-	-			-	-	
<b>FLÉTTUR</b>									
<i>Alectoria sp.</i>									-
<i>Cetraria delisei</i>	-	-	-	-		-			-
<i>C. islandica</i>	-								-
<i>Cladonia sp.</i>				-		-	-		
<i>Cornicularia aculeata</i>				-			-		-
<i>Thamnolia subuliformis</i>				-			-		
Flatarmál krafshola í $m^2$	0,3	0,7	0,2	1,2	0,4	0,3	0,3	0,3	0,4

3.4.3.3 Gróður á vorbeitarsvæðum.

Veiðisvæði H24 (hreindýr nr. 75 og 76)  
Ánavatn (6646)  
9.5.1981.

Vetrarsnjó hafði að mestu tekið upp í maí, nema þar sem skaflar voru, en nýsnævi var yfir öllu landinu. Hreindýrahópur var á beit í kræklyngsmó á lágri hæð. Í austurbrekku hæðarinnar er blágresissnjódæld, en ofan við hana er kragi af fjalldrapa (*Betula nana*), sem lítillega

var bitinn. Vesturbrekkan, en hún snýr að Ánavatni, er vaxin grávíði (*Salix callicarpaea*) og fjalldrappa. Neðan hennar tekur við þýft mýrlendi, er nær niður að vatnsbakkanum. Næst brekkunni er fjalldrapi mest áberandi, en þegar landið blotnar meira nær grávíðir yfirhöndinni. Aðalstarategundir eru stinnastör (*Carex bigelowii*) og hengistör (*Carex rariflora*). Þá er klófífa (*Eriophorum angustifolium*) einnig áberandi.

Háplöntur skráðar í krafsholum í krækilyngsmónum efst á hæðinni voru:

<i>Armeria maritima</i> (geldingahnappur)	Fléttur:
<i>Carex rupestris</i> (móastör)	
<i>Dryas octopetala</i> (holtasóley)	<i>Cetraria islandica</i> (fjallagrös)
<i>Festuca rubra</i> (túnvingull)	<i>Cornicularia aculeata</i> (kræða)
<i>Poa pratensis</i> (vallarsveifgras)	<i>Stereocaulon alpinum</i> (grábreyeskíngur)
<i>Polygonum viviparum</i> (kornsúra)	<i>Thamnolia subuliformis</i> (ormagrös)
<i>Silene acaulis</i> (lambagras)	
<i>Tofieldia pusilla</i> (sýkigras)	

TAFLA 27

- þekja ekki mæld

Gróður í krafsholum á Jökuldalsheiði.

Vestan í Stóra Svalbarði 6646  
Botnalækur  
20.2.1981  
Veiðisvæði H18  
Vetrarbeit.

Krafsholur nr.	1	2	3	4	5

**HÁPLÖNTUR**

<i>Betula nana</i>	-	-	-	-
<i>Dryas octopetala</i>				
<i>Empetrum nigrum</i>	-	-	-	-
<i>Equisetum variegatum</i>				
<i>Festuca rubra</i>	-	-	-	-
<i>Kobresia myosuroides</i>	-		-	
<i>Poa pratensis</i>			-	
<i>Polygonum viviparum</i>			-	
<i>Salix callicarpaea</i>	-	-	-	-
<i>Thymus arcticus</i>	-			

**FLÉTTUR**

<i>Alectoria nigricans</i>	-	-	-	-
<i>Cetraria islandica</i>	-	-	-	-
<i>C. nivalis</i>	-		-	-
<i>Cornicularia aculeata</i>			-	
<i>Stereocaulon alpinum</i>	-	-	-	-

Flatarmál krafshola í m<sup>2</sup>      0,1    0,3    0,3    0,1    0,3

í töflu 25 (snið H24) er að finna niðurstöður á gróðurþekjumati, er gert var á krækilyngsmónum í júlí. Krækilyng reynist hafa mesta þekju (17%), þá holtasóley með 14% þekju, fjalldrapi með 4% þekju og grávíðir með 2% þekju. Háplöntutegundir voru 20. Fléttur voru sjaldséðar. Þekja mosa er 32% og ber flög þekja 6% yfirborðsins. Gróðurþekja við vatnsbakkann var skráð. Dýrin höfðu einnig verið á beit í fifuflóa (tafla 28 snið H24a), sem aðeins var farinn að taka við sér, áður en snjóaði aftur yfir hann. Aðaltegundir í honum eru klófifa (*Eriophorum angustifolium*) með 17% og hengistör (*Carex rariflora*) með 19% þekju.

TAFLA 28

Gróður í fifuflóa á Jökuldalsheiði.

Ánavatn 6646  
5.7.1981  
Veiðisvæði H24  
Vorbeit.

Þekja mæld í %  
+ merkir < 1% þekja  
- þekja ekki mæld  
H - veiðisvæði.

Snið

H24a

HÁPLÖNTUR

<i>Carex rariflora</i>	19
<i>Eriophorum angustifolium</i>	17
<i>Calamagrostis neglecta</i>	1
<i>Cardamine nymanii</i>	+
<i>Carex bigelowii x lyngbyei</i>	+
<i>Eriophorum scheuchzeri</i>	+
<i>Salix callicarpaea</i>	+
MOSAR	92
<i>Calliergon giganteum</i>	-
<i>Drepanocladus exannulatus</i>	-
SINA	18
VATN	8

Veiðisvæði H26, (hreindýr nr. 79 og 80)  
Grjótgarðsháls (6646)  
9.5.1981.

Í maí voru hreindýr á beit sunnarlega á Grjótgarðshálsi, þar sem hann fer að lækka. Púfnakollar vaxnir krækilyngi (*Empetrum nigrum*) og viði (*Salix sp.*) stóðu upp úr snjónum.

Tegundir sem voru skráðar í krafsholum eru:

Háplöntur:

<i>Armeria maritima</i> (geldingahnappur)	<i>Salix callicarpaea</i> (grávíðir)
<i>Carex bigelowii</i> (stinnastör)	<i>Silene acaulis</i> (lambagras)
<i>Cerastium alpinum</i> (músareyra)	Fléttur:
<i>Dryas octopetala</i> (holtasóley)	<i>Cetraria islandica</i> (mundagrös)
<i>Empetrum nigrum</i> (krækilyng)	<i>Cladonia sp.</i>
<i>Festuca rubra</i> (túnvingull)	<i>Cornicularia aculeata</i> (kræða)
<i>Kobresia myosuroides</i> (þursaskegg)	<i>Peltigera sp.</i>
<i>Pinguicula vulgaris</i> (lyfjagras)	<i>Stereocaulon arcticum</i>
<i>Poa pratensis</i> (vallarsveifgras)	<i>Thamnolia subuliformis</i> (ormagrös)
<i>Polygonum viviparum</i> (kornsúra)	

Dýrin voru líka á beit aðeins neðar í hálsinum. Þar voru grávíðir (*Salix callicarpaea*) og fléttur meira áberandi en ofar, annars sama tegundasamsetning. Við athugun á vettvangi í júlí, kom í ljós að þar sem hálsinn lækkar verður fyrir nokkuð stórpýfóur krækilyngs- og viðimór. Sumstaðar vita blásin börð móti norðri. Annars staðar má sjá dauða bletti á þúfnakollum, nagaða viðiteinunga, dautt krækilyng og sinulaust þursaskegg. Þetta ber allt vott um nokkra vetrarbeit.

Í töflu 25 (snið H26) er að finna niðurstöður af gróðurathugunum frá júlí 1981. Þar kemur í ljós að krækilyng er ríkjandi tegund með 37% þekju. Á eftir kemur "grávíðir" með 10% þekju. Við greiningu á viðinum kom í ljós að þrjár tegundir vaxa á staðnum. Fyrstan skal telja grávíðinn, sem er útbreiddastur, en loðvíðir (*Salix lanata*) og tágavíðir (*S. arctica*) eru á stöku stað. Í þekjumatinu eru þær allar settar undir einn hatt sem *Salix callicarpaea*. Kornsúra (*Polygonum viviparum*) er áberandi með 4% þekju. Alls fundust 17 tegundir háplantna í sniðinu. Fléttur finnast á stöku stað en ná engri þekju. Mosapekja er 51%.

Veiðisvæði H23, (hreindýr nr. 71-74)  
Veturhúsatjörn (6646)  
8.5.1981.

Hreindýrahópurinn, sem dýr voru felld úr, hafði verið á rás og bitið í ýmsum gróðurlendum. Þau komu frá Litla Svalbarði og héldu vestur yfir snævíþakinn og freðinn fífuflóa og myri, þar sem mest áberandi voru klófifa (*Eriophorum angustifolium*) og hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), en einnig fundust þar stinnastör (*Carex bigelowii*), hrossanál (*Juncus arcticus*), gráviðir (*Salix callicarpaea*) og túnvingull (*Festuca rubra*). Síðan staðnæmdust þau nokkra stund við blásnar beitarhúsarústir vestan við Veturhúsatjörn, en þar fundust eftirtaldar tegundir í krafsholum: fjallasveifgras (*Poa alpina*) vallarsveifgras (*P. pratensis*) túnvingull, blóðberg (*Thymus arcticus*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), geldingahnappur (*Armeria maritima*) og fléttan *Cornicularia aculeata* (kræða). Fóru þau síðan vestur yfir berangurslega mela vöxnum lambagrasi (*Silene acaulis*) og að lokum í viðimó, þar sem fjögur dýr voru felld.

Veiðisvæði H25, (hreindýr nr. 77 og 78)  
Búðarháls (6747)  
9.5.1981.

Nýsnævi þakti hálsinn og var mikill krafstur um hann allan, auk þess sem sólbráð stækkaði krafsholurnar ört. Hópurinn, sem dýrin voru felld úr, hafði rásað um mestallan hálsinn og umhverfi hans. Gróðurfar á hálsinum er mólendi og melar. *Cetraria islandica* (fjallagrös), *Cetraria delisei* (mundagrös) og fleiri fléttur eru mjög áberandi í krafstrinum ásamt mosanum *Racomitrium canescens*. Hér á eftir fer listi yfir tegundir sem skráðar voru í krafsholum á svæðinu.

Háplöntur:

*Armeria maritima* (geldingahnappur)  
*Betula nana* (fjalldrapi)  
*Carex bigelowii* (stinnastör)  
*C. rupestris* (móastör)  
*Dryas octopetala* (holtasóley)  
*Empetrum nigrum* (krækilyng)  
*Equisetum variegatum* (beitieski)  
*Festuca rubra* (túnvingull)  
*Poa alpina* (fjallasveifgras)  
*Polygonum viviparum* (kornsúra)  
*Salix callicarpaea* (gráviðir)

*Silene acaulis* (lambagrás),  
*Tofieldia pusilla* (sýkigras)

Fléttur:

*Alectoria nigricans*  
*A. ochroleuca*  
*Cetraria delisei* (mundagrös)  
*C. islandica* (fjallagrös)  
*Cladonia mitis* (hreindýrafléttta)  
*Cornicularia aculeata* (kræða)  
*Thamnolia subuliformis* (ormagrös).

#### 3.4.4 Önnur svæði.

Hreindýr voru felld á tveimur stöðum, sem ekki falla undir Vesturöræfi, Fljótsdals- eða Jökuldalsheiði. Þetta eru Brúardalir sem liggja sunnan Jökuldalsheiðar, og Eyjabakkar, er tilheyra afréttinum Undir Fellum (sjá mynd 5, bls. 87).

##### 3.4.4.1 Brúardalir.

Veiðisvæði H7, (hreindýr nr. 21-24)

Vesturdalur, Brúardölum (6449)

2.9.1980.

Hreindýrin voru á beit í jaðarsvæði milli ógróinna mela. Grávíðir (*Salix callicarpaea*), hrossanál (*Juncus arcticus*), hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) og snjómosi (*Anthelia juratzkana*) áberandi. Grávíðirinn sumstaðar mikið bitinn og farinn að fella lauf.

Niðurstöður gróðurþekjumats er að finna í töflu 29 (snið H7). Engin tegund nær mikilli þekju, en þrjár eftirtaldar eru veigamestar: Grávíðir er þekur 4%, klóelfting (*Equisetum arvense*) þekur 3% og túnvingull (*Festuca rubra*) með 2% þekju. Háplöntutegundir eru 23. Fléttur finnast í litlum mæli en *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur) og *S. arcticum* eru algengastar þeirra. Mosar þekja 88% og flög eru 4% þekjunnar. Neðan við sniðið er flatara og blautara. Þar verða áberandi tegundir eins og hálmgresi og hrossanál. Annars staðar má finna geira vaxna fjallapunti (*Deschampsia alpina*). Þá fundust einnig á svæðinu rjúpstör (*Carex lachenalii*), stinnastör (*Carex bigelowii*) og melgresi (*Elymus arenarius*).

3.4.4.2 Undir Fellum, Eyjabakkar. Afréttin "Undir Fellum" liggur vestan Jökulsár innan við Öxará og vestan heimalanda jarða í Norðurdal. Að norðan eru mörk frá Bessastaðaá, um ytri enda Ytra-Gilsárvatns og vestan þess í enda Miðheiðarháls við Aðalbólsvég ("Hrafnkelsgötu"). Þar vestur af ræður Pórisstaðakvísl og síðan Sandar vestan Snæfells allt að jöкли í kverkinni milli Eyjabakkajökuls og Brúarjökuls" (Hjörleifur Guttormsson o.fl. 1981, bls. 244).

##### Stærð gróðurlenda.

RALA hefur að beiðni Orkustofnunar gert gróðurkort af stórum hluta

svæðisins. Þessi kort hafa verið gefin út undir nöfnunum "Eyjabakkar" og "Snæfellsnes".

Sá hluti svæðisins sem telst til sumarhaga hreindýranna ( $\approx 100 \text{ km}^2$ ) sést markaður á mynd 3, bls. 21. Innan þessa svæðis er áætlað Eyjabakkalón og Eyjabakkaskurður.

Til að nálgast stærð gróðurlenda voru notaðar niðurstöður mælinga sem Verkfraðistofan Hnit í Reykjavík gerði, að beiðni Orkustofnunar, á gróðurlendum er fáru á kaf við myndun Eyjabakkalóns og Eyjabakkaskurðar. Svæðin utan þess voru ákvörðuð með sömu aðferð og viðhöfð var við mat á stærð gróðurlenda á Vesturöræfum (kafli 3.4.1.1). Stærð gróðurlenda er sýnd í töflu 30.

Helstu niðurstöður mælinganna eru þessar: Þurrandi er  $35,1 \text{ km}^2$ , votlendi  $28,7 \text{ km}^2$ , ógróið land  $34,3 \text{ km}^2$  eða samtals  $98,1 \text{ km}^2$ .

Stærstu gróðurfélögin reynast vera G<sub>2</sub> stinnastör með smárunnum  $13,3 \text{ km}^2$ , U<sub>1</sub> stinnastaramýri með hengistör  $9,8 \text{ km}^2$ , I snjódæld með grasvíði  $6,5 \text{ km}^2$ , G<sub>1</sub> stinnastararmór  $5,5 \text{ km}^2$  og V<sub>4</sub> hengistararmýri  $5,3 \text{ km}^2$ .

TAFLA 29

Gróður í jaðri á Brúardöllum.  
Brúardalir 6449  
Vesturdalur  
2.9.1980  
Haustbeit.

Bekja mæld í +  
+ merkir < 1% bekja  
- bekja ekki mæld  
H - veiðisvæði.

Snið nr.

H7

H7

HÁPLÖNTUR

<i>Equisetum arvense</i>	3
<i>Festuca rubra</i>	2
<i>Salix calicarpaea</i>	4
<i>Armeria maritima</i>	1
<i>Calamagrostis neglecta</i>	+
<i>Cerastium alpinum</i>	1
<i>Draba norvegica</i>	+
<i>Empetrum nigrum</i>	+
<i>Erigeron uniflorum</i>	+
<i>Euphrasia sp.</i>	1
<i>Gentiana nivalis</i>	+
<i>Juncus arcticus</i>	+
<i>Kobresia myosuroides</i>	+
<i>Luzula multiflora</i>	+
<i>Minuartia sp.</i>	+
<i>Poa alpina</i>	1
<i>P. glauca</i>	+
<i>P. pratensis</i>	1
<i>Polygonum viviparum</i>	1
<i>Sagina intermedia</i>	1
<i>Salix herbacea</i>	1
<i>Saxifraga oppositifolia</i>	+
<i>Silene acaulis</i>	1

FLETTUR

<i>Baeomyces roseus</i>	+
<i>Peltigera canina</i>	+
<i>P. malacea</i>	+
<i>P. spuria</i>	+
<i>Solorina bispora</i>	+
<i>Stereocaulon alpinum</i>	1
<i>S. arcticum</i>	1
MOSAR	88
<i>Bartramia ityphylla</i>	-
<i>Distichium capillaceum</i>	-
<i>Drepanocladus uncinatus</i>	-
<i>Polytrichum juniperinum</i>	-
<i>Racomitrium canescens</i>	-
MOLD	4

TAFLA 30

Stærð vor- og sumar beitilands Undir Fellum (Eyjabökkum)

( ≈ 100 km<sup>2</sup>).

Unnið eftir gróðurkortum RALA.

Land sem færi undir  
vatn í Eyjabakkalóni  
miðað við 665 m vatns-  
borð.

Gróðurlendi	Mælt	<sup>1)</sup> Algróið	Mælt	<sup>1)</sup> Algróið
	flatarmál (km <sup>2</sup> )	land (km <sup>2</sup> )	flatarmál (km <sup>2</sup> )	land (km <sup>2</sup> )
<b>Purrlendi</b>				
A Mosaþembra	6,4	3,9	3,3	2,0
B Krækilyng o.fl.	4,1	2,2		
D Grávíðir	0,9	0,9	0,1	0,1
E <sub>2</sub> Pursaskegg, smárunnar	0,4	0,4	0,1	0,1
G <sub>1</sub> Stinnastör	5,5	5,5	0,7	0,7
G <sub>2</sub> Stinnastör, smárunnar	13,5	13,3	5,1	5,0
I Snjódæld - grasviðir	13,2	6,5	2,0	0,1
T <sub>3</sub> Hálmgresi	1,2	1,2	1,2	1,2
Annað purrlendi	1,2	1,2	0,5	0,5
	46,4	35,1	12,8	9,7

Votlendi

Mýri

U <sub>1</sub> Stinnastör - hengistör	9,8	9,8	2,0	2,0
U <sub>2</sub> Stinnastör - grávíðir	0,8	0,8	0,8	0,8
U <sub>4</sub> Stinnastör - klófifa	1,3	1,3	0,3	0,3

Flói

V <sub>3</sub> Klófifa	4,5	4,5	3,5	3,5
V <sub>4</sub> Hengistör	5,3	5,3	5,2	5,2
U + V Blanda	7,0	7,0	0,9	0,9
	28,7	28,7	12,7	12,7

Gróið land samtals	75,1	63,8	25,5	22,4
--------------------	------	------	------	------

Ógróið land	23,0	16,3		
-------------	------	------	--	--

Eyjabakkaskurður		3,4	1,9	
------------------	--	-----	-----	--

Samtals	98,1	63,8	45,2	24,3
---------	------	------	------	------

<sup>1)</sup> Leiðrétt með tilliti til mismunandi þekju.

í töflunni er einnig að finna stærð þess svæðis er færi undir vatn við myndun Eyjabakkalóns. Alls fáru á kaf  $45,2 \text{ km}^2$  lands, þar af  $22.3 \text{ km}^2$  gróðurs. Stærstu gróðurlendin er hyrfu eru: V<sub>4</sub> hengistararflói  $5,2 \text{ km}^2$ , G<sub>2</sub> stinnastör og smárunnar  $5,2 \text{ km}^2$ , V<sub>3</sub> klófífa  $3,5 \text{ km}^2$  og U<sub>1</sub> stinna-stararmýri með hengistör  $2,0 \text{ km}^2$ .

Um nánari lýsingu á gróðurfari og landsháttum þessara svæða er vísað í "Gróðurathuganir og landkönnun á Eyjabakkasvæðinu" (Hjörleifur Guttormsson 1977) og "Náttúrufarskönnun á virkjunarvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal" (Hjörleifur Guttormsson o.fl. 1981).

#### Gróðurathuganir.

Hér á eftir fer lýsing á gróðurlendum þeim er hreindýr voru felld á í júlí 1980.

Veiðisvæði H6, (hreindýr nr. 15-20)  
Snæfellsnes, Eyjabakkar (6651)  
27.7.1980.

Stór hreindýrahjörð (um 70 dýr) var á beit á áætluðu stíflustæði vegna Eyjabakkalóns. Gróðurfar einkennist af þurrum snöggum flagmó með stinnastör og snjódældum. Á milli eru bollar með litlum tjörnum girtum mýrargróðri. Þar vaxa m.a. stinnastör (*Carex bigelowii*) og gulstör (*Carex lyngbyei*). Á lækjarbökkum vex hengistör (*Carex rariflora*). Við skoðun á gróðrinum sáust eftirtaldar plöntur nýbitnar.

<i>Calamagrostis neglecta</i> (hálmgresi)	<i>Poa alpina</i> (fjallasveifgras)
<i>Carex bigelowii</i> (stinnastör)	<i>Polygonum viviparum</i> (kornsúra)
<i>C. rariflora</i> (hengistör)	<i>Salix callicarpaea</i> (gráviðir)
<i>Eriophorum angustifolium</i> (klófífa)	<i>S. herbacea</i> (grasviðir)
<i>Phleum commutatum</i> (fjallafoxgras)	<i>Taraxacum sp.</i> (túnfíflar)

Snjódældagróðurinn á svæðinu er fjölbreyttur að tegundasamsetningu, en það stafar m.a. af því, að dældirnar eru breytilegar að dýpt og umfangi. Liggur snjórinn því mislengi í þeim fram á vor.

Í töflu 31 (snið H6) eru niðurstöður gróðurathugana, sem gerðar voru í langri og mjórri snjódæld. Gróður í henni var áberandi bitinn og var þar mikið af nýjum hreindýraskít. Grasviðir er ríkjandi tegund með

54% þekju og viða bitinn. Fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*) er með 18% þekju og lítið bitinn. Stinnastör nær aðeins 3% þekju en er mikið bitin. Heildarfjöldi háplöntutegunda er 13. Mosar þekja 24% en fléttur finnast varla.

TAFLA 31

Gróður í snjódæld á Eyjabökkum.

Eyjabakkar 6551  
Snæfellsnes  
27.7.1980  
Sumarbeit.

Þekja mæld í %  
+ merkir < 1% þekja  
- þekja ekki mæld  
H - veiðisvæði.

---

Snið nr.

H6

---

HÁPLÖNTUR

<i>Carex bigelowii</i>	3
<i>Salix herbacea</i>	54
<i>Sibbaldia procumbens</i>	18
• <i>Calamagrostis neglecta</i>	1
<i>Cerastium fontanum</i>	+
<i>Equisetum arvense</i>	1
<i>Festuca rubra</i>	1
<i>Gnaphalium supinum</i>	1
<i>Phleum commutatum</i>	+
<i>Poa alpina</i>	1
<i>P. pratensis</i>	+
<i>Polygonum viviparum</i>	1
<i>Taraxacum spp.</i>	+

FLÉTTUR

<i>Peltigera canina</i>	+
<i>Stereocaulon alpinum</i>	+

MOSAR

24

---

### 3.4.5 Niðurstöður.

3.4.5.1 Vesturöræfi. Lýst var helstu gróðurlendum á Vesturöræfum, gróðurþekja í þeim metin, og skráð ummerki eftir hreindýrabeti svo sem kostur var.

Gróðurlendin eru þessi: 1. votlendi með flóum og mýrum, 2. stinna-stararmór með smárunnum, 3. grávíðiflesjur, 4. þurrt mólendi, 5. fjalldrappa- og krækilyngsmór, 6. snjódældir og 7. melar.

Hreindýr sáust á beit í öllum þessum gróðurlendum, Ekki var kostur tímans vegna að fylgja hreindýrahjörðum eftir á beitinni og mæla tímann sem þær dvöldu í hverju gróðurlendi né hve oft þau sóttu í þau. Þess konar athuganir eru tímafrekar, en gætu sem best fallið saman við aðrar atferlisrannsóknir. Dreifing og ferðir dýranna um sumarbeitislandið er hins vegar nokkuð vel þekkt (Skarphéðinn Þórisson 1983). Hreindýrin halda sig á tveimur aðalstöðum: í Kringilsárrana og Sauðafelli annars vegar og á Vesturöræfum hins vegar. Þessi svæði eru aðskilin af Jökulsá á Dal, og ekki fært á milli þeirra að sumri nema yfir jökul. Vegna samgönguerfiðleika voru engar gróðurathuganir gerðar í Kringilsárrana og Sauðafelli. Gróðurfar þeirra hefur þó lítillega verið kannað (Kristbjörn Egilsson og Hjörleifur Guttormsson 1981). Um Vesturöræfi ferðast dýrin um hagana í grófum dráttum svo sem hér segir. Í maí halda þau sig mest í Hálsi og Syðradragi, um miðbik Vesturöræfa í júni, en dvelja við Grjótárhnjúk og inn við jökul í júlí. Í ágúst heldur meiri hluti þeirra sig austan Snæfells, á Eyjabökkum.

Við skoðun á bitnum plöntum er nær fullvist að eftirtalin fjögur gróðurlendi eru helst nýtt til beitar að vor- og sumarlagi.

Votlendi: Í flóanum er hengistör (*Carex rariflora*) sú plöntutegund, sem mest finnst bitinn, þar til hún fellur í fyrstu frostum í ágúst. Í mýrum eru stinnastör (*Carex bigelowii*) og klófífa (*Eriophorum angustifolium*) mikið bitnar og á þúfnakollum finnast bitinn grávíðir (*Salix callicarpaea*), grasvíðir (*S. herbacea*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*). Hvergi sáust merki um ofbeit í votlendinu. Þær tegundir, sem mest voru bitnar, eru um leið þær algengustu, með einni undantekningu.

Tjarnarstör (*Carex rostrata*) sem er sígræn stórgjerð starartegund, var hvergi bitin en hún þekur stór svæði í flóunum, oft ein sér.

Stinnastararmór með smárunnum: Aðaltegundir í þessu gróðurlendi eru stinnastör (*Carex bigelowii*) og grávíðir (*Salix callicarpaea*), og eru þær mest bitnar ásamt kornsúru (*Polygonum viviparum*). Gróður virtist nokkuð jafnt bitinn og hvergi sást nagað niður í rót. Mikið af sauðfé var á beit í þessu gróðurlendi, sérstaklega í Hálsi (sjá einnig 5. kafla um uppskeru gróðurs á Vesturöræfum).

Grávíðiflesja: Grávíðir er ríkjandi tegund og sú eina sem nær nokkurri þekju að ráði í flesjunni. Mjög mikilvægt beitiland hreinkúnna á burðartíma (Skarphéðinn Þórisson 1983). Viða þrautbitið og eina gróðurlendið sem áhyggjur þarf að hafa af sökum beitar, eins og málín standa nú á Vesturöræfum.

Snjódældir: Hreindýr sækja í snjódældagróður, sérstaklega þar sem grasvíðir (*Salix herbacea*) er í nokkrum mæli. Með því að nýta snjódældir ná þau kjarnmiklum vorgróðri langt fram á sumar.

Athyglisvert er að fléttur er hvergi að finna svo nokkru nemi á öllu svæðinu. Þó er að finna vott af ýmsum tegundum, sem gætu vaxið þarna í nokkrum mæli. Má þar nefna ýmsar tegundir, sem hreindýr eru sólgin í, svo sem *Cetraria islandica* (fjallagrös), *C. delisei* (mundagrös) *Cladonia mitis* (hreindýramosi) og *Cornicularia aculeata* (kræða).

3.4.5.2 Fljótsdalsheiði. Þeim gróðurlendum, sem hreindýr sóttu í tilbeitar á meðan haust-, vetrar- og vorveiðum stóð, hefur verið lýst. Sagt var frá niðurstöðum gróðurþekjumats, og þeim tegundum er fundust í og við krafsholur hreindýra.

Í töflu 32 er samantekt og styttинг á töflum 12, 14, 15, 17, 18 og 21 er sýna niðurstöður gróðurmats á heiðinni. Í ljós kemur að hreindýrin héldu sig allan tímann í mjög svipuðu gróðurlendi að vetrinum og vori. Þau nýta þann gróður er vex á snjóléttstu svæðunum, efst á holtum, ásum og í brekkubrúnum Fljótsdalsheiðar. Gróðurfélög þessa svæðis flokkast undir ýmiskonar mólendi. Fyrst má nefna stinnastararmó

(snið H19, H13 og H11a). Þær er stinnastör (*Carex bigelowii*) ríkjandi, en kornsúra (*Polygonum viviparum*) og krækilyng (*Empetrum nigrum*) einnig áberandi, og nokkuð er af grasvíði (*Salix herbacea*) og grávíði (*S. callicarpaea*). Fléttur eru lítt áberandi nema hvað nokkuð ber á *Cetraria delisei* (mundagrös) í einu sniðinu. Mólendi með holtasóley (*Dryas octopetala*) og fjalldrapa (*Betula nana*) eru einnig mikilvæg beitilönd (snið H14, H20 og H15). Snið H11b og H12a eru líka í mólendi með krækilyngi og holtasóley en þekja minni. Fléttugróður er fátæk-legur sem fyrr, þó finna megi ýmsar tegundir, sem hreindýrin eru sólgin í, á stangli t.d. *Cetraria delisei* (mundagrös), *C. islandica* (fjalla-grös), *Cladonia mitis* (hreindýraflétta) og *Ochrolecia frigida*.

Í töflu 33 er heildarlisti yfir þær tegundir er fundust í krafsholum á heiðinni. Ekki reyndist unnt að meta nákvæmlega magn hverrar tegundar, en þær sem auðsjáanlega mest er af eru merktar með x í töflunni.

Mest áberandi tegundirnar í krafsholunum reyndust vera þær sömu og í þekjumatinu, þ.e. krækilyng, holtasóley, stinnastör og fjalldrapi. Auk þess er túnvingull (*Festuca rubra*) áberandi í krafsholum, en hans gætir lítið í þekjumatinu, því grös og aðrar fingerðar tegundir koma fremur illa út við þekjumat. Vottur af fléttum fannst í krafsholum.

Auk þessa voru hreindýr felld að hausti á beit í snjódæld (tafla 13, snið H12b), þær sem stinnastör, grávíðir, grámulla (*Gnaphalium supinum*) og fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*) eru ríkjandi tegundir.

Af framangreindu sést að land það er dýrin geta notað til beitar að vetri og í snjóþungum vorum er einsleitt og rýrt mólendi, þær sem lyng, víðirunnar og grassina eru meginuppistaða í krafstrinum og þá um leið fæðunni. Fléttur vantar nær alveg.

Við skoðun á vetrar- og vorbeitarsvæðunum að sumri var hvergi hægt að sjá ummerki eftir beit nema á einum stað, þ.e. á Merkisheiði (veiðisvæði H14, tafla 18). Þær fundust á stöku stað þúfnakollar nagaðir niður í rót, og berar skellur er gætu verið eftir krafstur. Einnig fannst upprifið krækilyng.

## TAFLA 32

Gróðurfar á haust-vetrar- og vorbeitarsvæðum á Fljótsdalsheiði.  
Úrdráttur úr tóflum  
Ríkjandi tegundir

Bekja mæld í %  
+ meirkir < 1% bekja  
H - veidivæði  
H - veidivæði (samantekt).

## TAFLA 33

Gróður í krafsþolum á Fljótsdalsheiði (samantekt).

Tegundin mjög algeng  
Tegundin fannst.

Eyvindarfjöll aust.  
Eyvindarfjöll vest.

Hambakfjöll

Snið nr.	Vet. H19	Haust H13	Vet. H14	Haust H15	Vet. H19	Haust H11a	Vet. H14	Haust H12a	Vet. H19	Haust H11b	Vet. H15	Haust H12a
----------	----------	-----------	----------	-----------	----------	------------	----------	------------	----------	------------	----------	------------

## HÁPLÖNTUR

<i>Betula nana</i>	17	17	5	1	4	7	2	6	2	4	2	2
<i>Carex bigelowii</i>												
<i>Dryas octopetala</i>	5	1	51	9	3	2	4	6	9	+	2	
<i>Empetrum nigrum</i>	2		16	6	9	+						
<i>Kobresia myosuroides</i>	+		4	1	1	1						
<i>Polygonum viviparum</i>	12	3	2	1	1	2	1	1	1	+		
<i>Salix calicarpaea</i>	1	+	1	+	1	+	1	+	1	2	+	
<i>S. heracea</i>	1	1	3	1	1	2	1	2	1	2	+	
<i>Silene acaulis</i>	2	4	1	2	6	2	2	6	2	2	2	
<b>FLETTUR</b>	3	10	2	1	3	1	2	9				
<i>Cetraria islandica</i>	1	9	2	1	1	1	2	1	1	2	1	
<i>C. islandica</i>	1	1	1	+	1	2	1	1	1	2	1	
<i>Ochrolecia frigida</i>	+											
<b>MOSAR</b>	100	77	97	3	92	89	50	52				

## FLÉTTUR

<i>Alectoria ochroleuca</i>	-
<i>Cetraria islandica</i>	-
<i>C. islandica</i>	-
<i>C. nivalis</i>	-
<i>Cladonia mitis</i>	-
<i>Cornicularia aculeata</i>	-
<i>Peltigera sp.</i>	-
<i>Stereocaulon alpinum</i>	-
<i>Thamnolia subuliformis</i>	-

X Tegundin mjög algeng  
- Tegundin fannst.

Eyvindarfjöll vest.  
Eyvindarfjöll aust.  
Klausursselshéði

Eyvindarfjöll aust.  
Eyvindarfjöll vest.  
Klausursselshéði

Merkishéði

TAFLA 34

Gróður á haust-vetrar og vor-beitar svæðum á Jökuldalsheiði.

Úrdráttur úr töflum

Ríkjandi tegundir.

Þekja mæld í %  
+ merkir < 1% þekja  
H - veiðisvæði.

Fellahlíð	Háreksstaðir		Lónakill		Litla Svalbarð		Botnaleikur		Anavatn		Grjótgardarsháls		Víðidalur
	Haust	Haust	Haust	Haust	Haust	Vet.	Vet.	Vor	Vor	Vet.	Grjótgardarsháls	Víðidalur	
	H8	H10a	H10	H9	H9a	H17	H18	H24	H26	H16	Víðidalur	Víðidalur	
<b>HÁPLÖNTUR</b>													
<i>Betula nana</i>						1	17	4					
<i>Carex bigelowii</i>	5	1	+	+	2								
<i>Dryas octopetala</i>		+	+		4	12	11	14	+	18			
<i>Empetrum nigrum</i>	11	10	16	50	10	16	36	17	37	1			
<i>Harrimanella hypnoides</i>	+	6											
<i>Loiseleuria procumbens</i>		5					+						
<i>Polygonum viviparum</i>	1	1	1	1	1	1	1	1	4	1			
<i>Salix calicarpaea</i>	5	2	2	2	4	2	9	2	10	+			
<i>Silene acaulis</i>	+	2	2	+	1	2	+	1	1	1			
<i>Vaccinium uliginosum</i>	2	4	2			+	1	1					
<b>FLÉTTUR</b>													
<i>Cetraria delisei</i>	12	11	20	4	3	19	10	2	3	3			
<i>C. islandica</i>	4	1	3	3	1	19	1	+	1	3			
<i>Cladonia mitis</i>	6	5	17		+	+	7	+	+				
<i>Cornicularia aculeata</i>	2	3	+				+						
<i>Stereocaulon alpinum</i>	+	2	+	1	2	1	2	1	1	+			
<b>MOSAR</b>													
	100	20	39	54	42	5	9	32	51	2			
<b>MOLD</b>													
								16		71			

3.4.5.3 Jökuldalsheiði. Gerð hefur verið grein fyrir þeim gróðurlendum er hreindýrin nýta til beitar að hausti, vetri og vori á Jökuldalsheiði. Niðurstöðum gróðurmats er lýst og skráðar þær tegundir er fundust í og við krafsholur.

Í töflu 34 er samantekt og stytting á töflum 23, 24 og 25, er sýna niðurstöður gróðurmats á heiðinni. Sést strax, að dýrin héldu sig í svipuðu gróðurlendi allan tímann, þ.e. í mólendi, er einkennist af runna- og fléttugróðri.

Gróskumestu svæðin eru í norðanverðri heiðinni, á Háreksstöðum og í Fellahlíð, en þar voru sum haustdýranna felld (snið H8, H10 og H10a).

Krækilyng (*Empetrum nigrum*) og grávíðir (*Salix callicarpaea*) eru ríkjandi tegundir háplantna. Vert er að vekja athygli á, að raunveruleg þekja grávíðis er meiri en tölur í töflu gefa til kynna, þar sem lauffall var hafið, er gróðurþekjan var metin á haustveiðisvæðinu. Aðrar runnategundir, er skipta máli, eru bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*), mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) og sauðamergrugur (*Loiseleuria procumbens*). Nökkuð ber einnig á stinnastör (*Carex bigelowii*). Fléttur eru áberandi og virðast hafa mesta og jafnasta útbreiðslu á þessum slóðum miðað við önnur svæði er hreindýrin nýta. *Cetraria delisei* (mundagrös) og *Cetraria islandica* (fjallagrös) ná jafnan mestri þekju en *Cladonia mitis* (hreindýramosi) er ríkjandi á köflum.

Í Lónakíl (snið H9 og H9a) eru krækilyng og grávíðir aðaltegundir, en gróður allur lægri og gisnari en á norðanverðri heiðinni. Viðkvæmar tegundir, t.d. bláberjalyng, finnast ekki. Fléttur eru í litlum mæli. Á vetrar- og vorbeitarsvæðunum á sunnanverðri heiðinni, (snið H17, H18, H24), er krækilyng aðaltegundin. Þar er einnig holtasóley (*Dryas octopetala*) mjög algeng og fjallldrapi (*Betula nana*).

Á suðurheiðinni er þekja fléttina breytileg og útbreiðsla þeirra mun blettóttari miðað við svipuð gróðurlendi á norðanverðri heiðinni. Þá er stundum að finna nær hreinan krækilyngsmó (snið H26) eða holta-sóleyjarmó (snið H16).

Í töflu 35 er heildarlisti yfir þær tegundir er fundust í krafsholum á Jökludalsheiði að vetrar- og vorlagi. Algengustu háplöntutegundir reyndust vera fjallldrapi, holtasóley, krækilyng og grávíðir, sem fellur vel að niðurstöðum þekjumats. Auk þess voru túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*) algengar í krafsholum, þó þeirra gætti lítið í þekjumatinu.

Af fléttum voru *Cetraria delisei* (mundagrös) og *C. islandica* (fjallagrös) algengastar.

Samkvæmt þeim upplýsingum er hér koma fram, héldu hreindýrin sig mest á gróðurlendum, sem hafa svipaða tegundasamsetningu, þ.e. lágir runnar (aðallega grávíðir og krækilyng) og grassina með tiltölulega

miklu af fléttum. Þessi svæði eru snjóléttust og því tiltækust til beitar á vetrum og í snjóbungum vorum. Fléttur virðast vera í ríkari mæli á norðanverðri heiðinni en á henni sunnanverðri. Þar eru sum gróskumestu fléttusvæðin á snjóbungum stöðum og því meira friðuð fyrir vetrarbeit.

Hvað háplöntur varðar, var ekki séð að beit gengi of nærrí landinu. Aðeins í Grjótgarðshálsi sáust merki um vetrarbeit sumarið eftir.

TAFLA 35

Gróður í krafsholum á  
Jökuldalsheiði (samantekt).

x tegundin mjög algeng  
- tegundin fannst.

Vífidalur	Litla Svalbard	Botnalaðkur	Anavattn	Veturhísatjörn	Búðarháls	Grjótgarðsháls	
Krafsholur á veiðisvæði	Vet. H16	Vet. H17	Vet. H18	Vor H24	Vor H23	Vor H25	Vor H26
<b>HÁPLÖNTUR</b>							
<i>Armeria maritima</i>		x		-	-	-	-
<i>Betula nana</i>			x	x			
<i>Calamagrostis neglecta</i>					-		
<i>Carex bigelowii</i>	-	-		-	-		
<i>C. rupestris</i>				-			
<i>Cerastium alpinum</i>			-		-		
<i>Dryas octopetala</i>	-		-	-			
<i>Empetrum nigrum</i>	-	-	x	x		-	x
<i>Equisetum variegatum</i>	-	-	-			-	
<i>Erigeron uniflorum</i>					-		
<i>Eriophorum angustifolium</i>					-		
<i>Festuca rubra</i>	x	x	x	-	-	-	-
<i>Juncus arcticus</i>					-		
<i>Kobresia myosuroides</i>	-		-				-
<i>Pinguicula vulgaris</i>							-
<i>Poa alpina</i>	-						
<i>P. pratensis</i>	x	x	-	-			
<i>Polygonum viviparum</i>	-	x	-	-			
<i>Potentilla Crantzii</i>			-				
<i>Salix callicarpaea</i>	-	-	x	x	-	-	x
<i>Silene acaulis</i>	-	x		-	-	-	
<i>Thymus arcticus</i>					-		
<i>Tofieldia pusilla</i>				-			
<i>Vaccinium uliginosum</i>	-						
<b>FLÉTTUR</b>							
<i>Alectoria sp.</i>				-			
<i>A. nigricans</i>				-			
<i>A. ochroleuca</i>							-
<i>Cetraria delisei</i>	-	x				x	
<i>C. islandica</i>	-	x		-		x	
<i>C. nivalis</i>		-					-
<i>Cladonia mitis</i>	-	-					-
<i>Cornicularia aculeata</i>	-	-		-	-		-
<i>Peltigera sp.</i>							-
<i>P. canina</i>	-						
<i>Stereocaulon alpinum</i>	-			-			
<i>Thamnolia subuliformis</i>	-	-		-			-

3.4.5.4 Samanburður á haust-, vetrar- og vorbeitarsvæðum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiðum. Hreindýrin halda sig á snjóléttstu svæðunum um vetur og vor á báðum heiðunum. Gróðurfar þessara staða er mjög svipað, yfirleitt mólendi, þar sem krækilyng (*Empetrum nigrum*), grávíðir (*Salix callicarpaea*), holtasóley (*Dryas octopetala*), fjalldrapi (*Betula nana*), stinnastör (*Carex bigelowii*), kornsúra (*Polygonum viviparum*), grasvíðir (*Salix herbacea*), bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) og fléttur, eru helstu tegundir með breytilegum hlutföllum innbyrðis eftir svæðum.

Við það eitt að ganga um heiðarlöndin verður strax vart við talsverðan mun á gróska þeirra og vexti einstakra tegunda. Þetta er stutt af niðurstöðum er fengust við gróðurmat. Fernt má nefna sem einkum er áberandi í þessu tilliti, einkum Jökuldalsheiðinni í vil:

1. Fléttur finnast í mun meira mæli á Jökuldalsheiðinni, bæði eru þær stórvaxnari og einstaklingsfjöldinn er meiri. Meðalþekja fléttina á vetrar- og vorbeitarsvæðum á Jökuldalsheiði er 7.4 % en á samsvarandi svæðum á Fljótsdalsheiði er hún 2.5%.
2. Krækilyng hefur mun meiri þekju á Jökuldalsheiði, eða 21,5% á móti 8.2% á Fljótsdalsheiði.
3. Sama er að segja um grávíði, hann virðist vera mun gróskumeiri og stórvaxnari á Jökuldalsheiði með 5% þekju heldur en á Fljótsdalsheiði, þar sem hann nær aðeins 1% þekju.
4. Hins vegar er mosatækja meiri á Fljótsdalsheiði eða 70,0% á móti 35,4% á Jökuldalsheiði. Þessi munur getur m.a. stafað af því að lítið af mosa vex undir viðirunnum og krækilyngi og finnst ekki, þar sem flétturnar eru þéttastar.

Ofangreind atriði benda öll í þá átt, að beitiland á Jökuldalsheiði sé betra en á Fljótsdalsheiði. Í töflu 36 er sýndur munur heildarþekju (%), háplantna, fléttina og mosa á heiðunum.

TAFLA 36

Heildarþekja gróðurs á Fjótsdals- og Jökuldalsheiði.

	<u>Fjótsdalsheiði</u>	<u>Jökuldalsheiði</u>		
%	Meðaltal vetrar- og vorbeitar- svæða	Meðaltal allra svæða	Meðaltal vetrar- og vorbeitar- svæða	Meðaltal allra svæða
Háplöntur	49.5	34.8	51.4	43.6
Fléttur	2.5	4.2	7.4	8.7
Háplöntur + fléttur	52.0	39.0	58.8	52.3
Mosar	71.0	70.0	19.8	35.4
Heildarþekja	123.0	109.0	78.6	87.7

Þessi munur á gróðurfari, einkanlega fléttum, getur skipt sköpum fyrir afkomu hreindýranna, sérstaklega í hörðum vetrum. Nánar verður fjallað um mikilvægi þessa mismunars í kaflanum um fæðu.

4 FÆÐA

---

4.1 Inngangur

Markmið athugunar á fæðuvali íslensku hreindýranna er að fá upplýsingar um, hvaða plöntutegundir dýrin velja til fæðu, hlutfallslegt magn þeirra og sjá hvernig fæðan breytist eftir árstíðum og svæðum.

Síðan má bera saman fæðuval og framboð tegunda í högunum. Upplýsingar um samsetningu fæðunnar geta hjálpað við að segja til um ástand beiti-landsins, því vitað er að tegundir eru valdar eftir því hve vel þær bragðast dýrunum (Ingvi Þorsteinsson 1981). Litt lostætar tegundir finnast varla í fæðunni, nema annað sé ekki til staðar í högunum. Slikt getur bent til þess að betur ætar tegundir séu étnar upp og hagarnir því lélegir.

Fjórar aðferðir koma einkum til greina við könnun á fæðuvali jórturdýra:

1. Bein skoðun á dýrum á beit. Tímafrekt er að beita þessari aðferð við könnun á hreindýrabeit, þar sem þau rása daglega um viðáttumikil svæði og bíta lítið á hverjum stað. Árangur er því tæplega í samræmi við erfiði útivinnu.
2. Greining á sýnum sem safnað er hjá dýrum með op á vélinda (fistleruðum). Ýmislegt gerir þessa aðferð lýtt fýsilega. Dýrin þurfa að vera tamin, og eru ekki frjáls ferða sinna. Það hefur að öllum líkendum áhrif á fæðuvalið. Engin vissa er fyrir því, að þau velji sömu fæðu og villt dýr. Greiningar á vambarsýnum og á sýnum úr vélindaopi hjá dýrum sem voru á beit í sama gróðurlendi hafa ekki gefið sömu niðurstöðu (Gaare og Skogland 1975). Gögnin verða alltaf bundin fáum dýrum. Aðferðin er þar að auki ómannúðleg.
3. Söfnun saursýna. Vitað er að margar fæðutegundir koma ekki fram í saur. Einkum eru það fléttur og plöntur með lítið trefjainnihald. Þar af leiðandi gefa saursýni skekkta mynd af fæðunni, þar sem trefjáríkustu tegundirnar fá hæst hlutfall. Saursýni voru tekin úr öllum felldum dýrum en ekki hefur unnist tími til að vinna úr þeim. Sé það

gert, er mögulegt að bera niðurstöður þeirra saman við niðurstöður úr vambarsýnum.

Kosturinn við saursýni er sá að tiltölulega auðvelt og ódýrt er að safna þeim. Boertje (1981) telur að nota megi saursýni til að fá upplýsingar um helstu fæðuflokka, þ.e. runna, grös, fléttur og mosa, og hlutföll þeirra í fæðunni. Telur hann að nota megi mosahlutfall í vetrarsaur til að fá gott yfirlit yfir ástand vetrarbeitilands og þá ástand stofnsins um leið. Talið er að mikið af mosum en lítið af fléttum gefi bindingu um lélega haga.

4. Greiningar á gori úr vömbum felldra dýra. Þetta er algengasta aðferðin við könnun á fæðuvali jórturdýra, þar sem hún er talin gefa réttasta mynd af fæðuvalinu (Dirschl 1962, Wilkinson o.fl. 1975, Gaare o.fl. 1977).

Innbyrðis hlutföll milli plöntutegunda sem dýrið bitur þurfa ekki að vera þau sömu og fást við greiningu á gorsýnum úr vömb þess. Megin-ástæðan fyrir þessu er sú, að hinrar ýmsu tegundir tyggjast misvel og gerlagróður í vömbinni vinnur mishratt á tegundunum. Mýkri plöntur og plöntuhlutar, þ.e. þeir sem innihalda minna af trefjum, meltast hraðar en hinir (Bergerud o.fl. 1964, Gaare o.fl. 1970).

Af þessari ástæðu er ekki sama, hvort dýrið er fellt á beit eða í jórtri. Þá ber að hafa í huga, að niðurstöður sem fást með þessari aðferð, eru breytilegar eftir því hvernig sýnin eru meðhöndluð (skolun, möskvastærð sigtis) fyrir greiningu (Bergerud og Russel 1964, Scotter 1966).

#### 4.2 Fyrri athuganir

Sturla Friðriksson o.fl. (1960) könnuðu beitiland hreindýra á Fljóts-dalsheiði haustið 1959 og athuguðu tegundasamsetningu plantna úr vömbum tveggja hreinkúa.

Ingvi Þorsteinsson o.fl. (1970) athuguðu sumarbeitilönd hreindýranna árin 1968 og 1969. Gróðurlendi voru kortlögð, uppskera mæld og tegundahópar plantna greindir úr vömbum 86 hreindýra sem felld voru á

árunum 1965-1969.

Ingvi Þorsteinsson o.fl. (1972) könnuðu vetrararbeit hreindýranna í stuttri ferð í mars 1972. Felld voru 7 dýr til athugunar á líkamlegu ástandi og fæðuvali. Gróður var athugaður, þar sem dýr voru felld.

Ingvi Þorsteinsson o.fl. (1976) fóru í ágúst 1976 til að kanna plöntuval hreindýranna til samanburðar við niðurstöður rannsóknanna frá 1968 og 1969. Í þessari ferð voru felld 8 dýr.

#### 4.3 Gagnasöfnun og úrvinnsla

##### 4.3.1 Gagnasöfnun

Athugun þessi á fæðuvali íslenskra hreindýra byggist á gorsýnum úr vömbum felldra dýra. Alls voru felld 80 hreindýr, 20 á hverjum árstíma, sumar, haust, veturn og vor. Staðsetning veiðisvæða er sýnd á mynd 5. Einnig voru fengin sýni úr þremur dýrum að auki. Leitast var við að fella ekki dýr nema búið væri að fylgjast með þeim á beit í a.m.k. klukkustund áður en þau voru felld. Þetta heppnaðist í flestum tilvikum. Sýnataka fór þannig fram að hrært var vel í gorinu í vömbunum og 1 liter síðan tekin úr vömb hvers dýrs. Melting gorsins var stöðvuð með formalini. Einnig voru teknir 100 ml gors til efna-greininga og í þá settir 20 ml af 25% metafosforic sýru í 5 N brenni-steinssýru. Skoðað var upp í kjaft allra dýranna og tuggur teknað ef einhverjar voru. Við úrvinnslu kom í ljós að lítið gagn er af munn-sýnum. Saursýni voru tekin úr ristli. Öll sýnin voru síðan fryst uns unnið var úr þeim á rannsóknarstofu.


##### 4.3.2 Úrvinnsla sýna

Teknir voru 0,5 litrar af gori (Gaare 1968) og þeir skolaðir í sigti með 2 mm möskvastærð. Scotter (1966) gerði athugun á möskvastærð sigta og telur að 2 mm þvermál möskva gefi besta raun. Væru möskvarnir minni, varð aðgreining sýnis of tímafrek og tegundagreining oft erfið. Sá hluti sýnisins sem ekki fór í gegnum sigtið (2 mm og stærri) var settur á bakka (48 x 48 sm). Á botn bakkans voru merktir 400 punktar. Plöntuhlutar er lento á þessum punktum voru greindir til tegunda eins og unnt var. Þessi punktafjöldi er talinn nægilegur tölfraðilega séð (Gaare o.fl. 1969). Út frá þessum gögnum var svo reiknað hlutfall (%)

VOD-UR-730-Keg  
'82.10.1190.OD

## HREINDÝRAVEIDISVÆÐI

1980-1981



tegunda og tegundahópa í vömbinni.

Við tegundaákvvarðanir var notað stækkunargler m/ljósi, viðsjá og smásjá.

Plöntur voru greindar í eftirfarandi 7 flokka:

1. Runnar - trjákenndar tegundir ásamt laufblöðum, berki og kvistum.
2. Elftingar - allar tegundir elftinga og hlutar þeirra.
3. Einkimblöðungar - blöð og blóm stara, grasa, fifa og sefs.
4. Tvíkimblöðungar - blöð, blóm og stönglar blómplantna.
5. Fléttur - allar fléttur og fléttuhlutar.
6. Mosar - allir mosar og mosahlutar.
7. "Annað" - í pennan hóp eru sett hár, skordýr, fjaðrir og sveppir.

Til samanburðar við tegundagreiningu voru notuð eintök plantna sem safnað var á veiðisvæðunum.

Kristbjörn Egilsson greindi allar háplöntur og fléttur í fæðusýnum. Guðrún Á. Jónsdóttir og Hörður Kristinsson voru til ráðuneytis og yfirfóru nokkuð af fléttugreiningunum. Bergþór Jóhannsson greindi mosa.

#### 4.3.3 Örðugleikar við tegundaákvörðun

Helstu örðugleikar við tegundaákvörðun á sýnum er liggja til grundvallar þessari skýrslu voru þessir.

Í fæðuvalstöflunum sést að oft kemur fyrir flokkurinn *Cetraria sp.* Þarna er um að ræða blöndu af fjallagrösum (*Cetraria islandica*) og mundagrösum (*C. delisei*) en erfitt er að greina smærri búta þessara tegunda. Í hópnum "ógreind grös" er yfirleitt um að ræða blöndu af túnvingli (*Festuca rubra*) og vallarsveifgrasi (*Poa pratensis*). Þegar yfirhúð (epidermis) grasanna er melt burt verða aðeins eftir æðastrengir og er ógerlegt að greina þau sýni til tegunda.

Til að greina sundur starir aðallega stinnastör (*Carex bigelowii*), hengistör (*C. rupestris*) og klófifu (*Eriophorum angustifolium*) þurfti að skoða sýnin í smásjá við 100 x stækkun og notast við einkenni á

yfirborðsfrumum, húðtotum (papillae) og varaopum. Gekk það yfirleitt vel en var tímafrekt.

Kvisti (barkarlausa greinarbúta) var erfitt að greina til tegunda. Í þessum flokki er aðallega að finna grávíði, grasvíði en sjaldan fjalldrapa.

#### 4.4 Fæða eftir árstíðum

##### 4.4.1 Sumarbeit

Gróður allur í blóma og gnægð fæðu í högum. Næringerþörf hreindýranna er mikil um þetta leyti; kýr mjólka kálfum, horn eru að vaxa, hárvöxtur, fitusöfnun til vetrarins og kálfar og yngri dýr í vexti. Góðir hæfilega nýttir sumarhagar eru því mikilvægir fyrir framgamg hreindýrastofnsins.


4.4.1.1 Sumarbeit - niðurstöður. Samtals voru 20 hreindýr felld á fimm stöðum á Vesturöræfum og á einum stað Undir Fellum. Mynd 5 sýnir staðsetningu veiðistaða. Tafla 37 og súlurit á mynd 6, sýna megin-niðurstöður fæðuathugana. Auk þess er að finna nákvæman lista í viðauka 1, þar sem getið er um allar þær tegundir sem fundust í fæðu dýranna og hlutföll þeirra. Hér á eftir verður gerð grein fyrir sam-setningu fæðu hreindýranna á hverjum veiðistað og gerður í stuttu máli samanburður á henni og gróðri svæðanna. Að lokum verður sagt frá fæðu dýranna, samkvæmt meðaltali allra felldra dýra að sumarlagi.

##### Vesturöræfi

Veiðisvæði H1 (hreindýr nr. 1-4)  
Herjólfssdrag (6651-13)  
18.7.1980  
Niðurstöður töflu 37 og á mynd 6.

Eimkímlöðungar hafa hæst hlutfall í vömb (52%). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengust þeirra, 37% fæðunnar. Einnig fundust hengistör ((*Carex rariflora*) og vottur af tjarnarstör (*Carex rostrata*). Heildarmagn grasa er 10% og eru vallarsveifgras (*Poa pratensis*) og túnvingull (*Festuca rubra*) helstu tegundir, 3% og 2% fæðunnar. Aðrar tegundir grasa sem fundust eru: fjallafoxgras (*Phleum commutatum*) og

MYND 6  
Fæða hreindýra að sumri  
SUMARBEIT



| - 4 = Hreindýr nr.



TAFLA 37

Fæða hreindýra að sumri (meginniðurstöður).

SUMARBEIT	V E S T U R Ö R E F I				U N D I R F E L L U M		
	Herjólfss-drag	Búrfells-flói	S y ð r a d r a g	Snæfells-nes	X		
Fjöldi dýra	4	3	3	1	5	19*	
Hreindýr nr.	1-4	5-7	8-10	11-13	15	16-20	Meðaltal veiddra dýra
Veiðisvæði	H1	H2	H3	H4	H5	H6	
RUNNAR:							
<i>Salix callicarpaea</i> <sup>1</sup>	15	35	21	32	40	12	22
<i>S. herbacea</i> <sup>2</sup>	11	1	3	6	8	31	12
Aðrir runnar	3	<1	1	<1	2	<1	1
Runnar samtals	29	36	25	38	50	43	35
Staðalfrávik (S.d.)	7,9	7,2	2,8	1,6		7,2	9,2
ELFTINGAR:	8	5	6	16	8	6	8
Staðalfrávik (S.d.)	3,2	2,0	1,25	1,6		2,5	4,3
EINKÍMBLÖÐUNGAR:							
<i>Carex bigelowii</i> <sup>3</sup>	37	31	38	21	29	21	29
<i>C. rariflora</i> <sup>4</sup>	1	9	7	6	1	<1	4
Ógreindar starir	1	2	3	3	<1	1	1
Starir samtals	39	42	48	30	30	22	34
<i>Festuca rubra</i> <sup>5</sup>	2	2	1	1	1	4	2
<i>Poa pratensis</i> <sup>6</sup>	3	<1	1	1		2	2
Önnur grös	<1	1	1	<1	<1	1	1
Ógreind grös	5	6	9	5	3	9	6
Grös samtals	10	9	12	7	4	16	11
<i>Eriophorum angustifolium</i> <sup>7</sup>	3	4	6	1	2	1	3
Einkímblöðungar samtals	52	55	66	38	36	39	48
Staðalfrávik (S.d.)	11,0	7,3	1,3	4,3		9,0	12,4
TVÍKÍMBLÖÐUNGAR:							
<i>Armeria maritima</i> <sup>8</sup>	2	1	1	3	<1	1	2
<i>Polygonum viviparum</i> <sup>9</sup>	5	2	1	3	2	5	4
Aðrir tvíkímblöðungar	<1	<1	<1	1		2	1
Ógreindir tvíkímblöðungar	<1		<1	<1	1	1	<1
Tvíkímblöðungar samtals	7	3	2	7	3	9	7
Staðalfrávik (S.d.)	3,5	1,7	0,4	3,6		3,8	3,5
FLÉTTUR:	<1	<1	<1	<1		<1	<1
Staðalfrávik (S.d.)	0,2	0,2	0,1	0,1		0,1	0,2
MOSAR:	4	1	1	1	3	3	2
Staðalfrávik (S.d.)	0,9	0,6	0,6	0,7		1,7	1,7

<sup>1</sup>grávíðir    <sup>2</sup>grasvíðir    <sup>3</sup>stinnastör    <sup>4</sup>hengistör    <sup>5</sup>túnvingull    <sup>6</sup>vallarsveifgras    <sup>7</sup>kláfifa

<sup>8</sup>geldingahnappur    <sup>9</sup>kornsúra.

\* Hreindýr nr. 14 er ekki með.

hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) var 3%.

Runnar nema samtals 29% fæðunnar. Algengastir eru gráviðir (*Salix callicarpaea*) 15% og grasviðir (*S. herbacea*) 11% fæðunnar. Einnig fundust krækilyng (*Empetrum nigrum*), mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Hlutur elftinga er 8%. Fundust tvær tegundir; beitieski (*Equisetum variegatum*) 7% og klóelfting (*Equisetum arvense*) 1%.

Tvíkimblöðningar ná 7% vambainnihaldsins. Af þeim er kornsúra (*Polygonum viviparum*) í mestum mæli (5%). Aðrar tegundir eru geldingahnappur (*Armeria maritima*), smjörgras (*Bartsia alpina*) og melanóra (*Minuartia rubella*).

Mosar (8 teg.) eru 4% fæðunnar en fléttur (2 teg.) í minna en 1% hennar.

Sé fæðan borin saman við gróðurathuganir á veiðisvæði, sjá töflu 6, snið H1, bls. 32 og texta bls. 31, kemur í ljós, að þær tegundir finnast í mestum mæli í vömbum dýranna sem mesta þekju hafa, með þeirri undantekningu að hreindýrin virðast ganga framhjá krækilyngi, sem nær allt að 13% þekju en finnst varla í fæðunni. Sama er að segja um mosa.

Veiðisvæði H2 (hreindýr nr. 5-7)

Búrfellsflói (6550-10)

21.7.1980.

Niðurstöður töflu 37 og á mynd 7.

Einkimblöðningar, eru fyrirferðarmestir í fæðunni 55%. Heildarhlutfall stara er 43% og er stinnastör (*Carex bigelowii*) með 31% og hengistör (*C. rariflora*) með 9% hlutdeild, ríkjandi tegundir í fæðunni. Af grösnum (9%) fundust þessar tegundir: túnvingull (*Festuca rubra*), hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Ekki var unnt að greina meira en helming grasanna (6%) til tegunda. Klófifa (*Eriophorum angustifolium*) er 4% fæðunnar.

Runnar eru samtals 36% af fæðunni, og er grávíðir (*Salix callicarpaea*) ríkjandi tegund (35%). Aðrar tegundir fundust í litlum mæli. Þær eru: Grasvíðir (*Salix herbacea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Elftingar ná 5% hlutdeild í fæðunni.

Af tvíkímblöðungum (3%) fundust eftirtaldar tegundir: Geldingahnappur (*Armeria maritima*), smjörgras (*Bartsia alpina*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*).

Fléttur (2 teg.) og mosar (4 teg.) eru hverfandi í fæðunni.

Hreindýrin voru á beit í votlendi, sjá töflu 3, snið H2 bls. 24 og texta, bls. 24. Við gróðurmat kemur fram hátt þekjuhlutfall hengistarar, sem dýrin éta í nokkrum mæli, þó ekki eins miklum og sýndist við könnun á beit á veiðistað.

Veiðisvæði H3 (hreindýr nr. 8-10)

Syðradrag (6550-20)

22.7.1980.

Niðurstöður í töflu 37 og á mynd 6.

Einkímblöðungar (66%) eru algengastir í fæðunni. Ríkjandi starartegundir eru stinnastör (*Carex bigelowii*) 38% og hengistör (*Carex rariflora*) 7%. Grös eru samtals 12% fæðunnar, en 9% voru ógreinanleg til tegunda. Þessar tegundir fundust: túnvingull (*Festuca rubra*) vallarsveifgras (*Poa pratensis*) og hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Klófífa (*Eriophorum angustifolium*) er 6% fæðunnar.

Runnar eru 25% fæðunnar, og er grávíðir (*Salix callicarpaea*) ríkjandi eða 21%. Aðrir runnar fundust í litlum mæli. Þeir eru: grasvíðir (*Salix herbacea*), mosalyng (*Harriemanella hypnoides*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Af elftingum fannst ein tegund, beitieski (*Equisetum variegatum*), sem var 6% fæðunnar.

Tvíkímblöðningar koma fyrir í litlum mæli (2%). Af þeim fundust eftir-taldar tegundir: geldingahnappur (*Armeria maritima*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Litið finnst af fléttum (1 teg.) og mosum (4 teg.).

Hreindýrin voru á beit í þýföri stinnastararmýri, sjá töflu 5, snið H3, bls. 29 og texta bls. 31. Stinnastör (23%) og kornsúra (19%) eru með mesta þekju í sniðinu, en hengistör fannst hins vegar ekki. Hún er þó viða á svæðinu, þar sem blautast er, og er sýnilega mikil bitin. Mun meira af viði fannst í vömbum dýranna en mældist í sniði.

Veiðisvæði H4 (hreindýr nr. 11-13)  
Syðradrag (6551-12)  
24.7.1980.  
Niðurstöður í töflu 37 og á mynd 6.

Stærstu tegundahóparnir eru runnar og einkímblöðningar, hvor hópur 38% fæðunnar.

Af runnum er gráviðir (*Salix callicarpaea*) ríkjandi, 32% og grasviðir (*Salix herbacea*) er 6%. Aðrir runnar eru krækilyng (*Empetrum nigrum*) og mosalyng (*Harrimanella hypnoides*).

Stinnastör er algengasti einkímblöðungurinn, 21% fæðunnar, næst henni kemur hengistör (*Carex rariflora*) 6%. Ógreindar starir eru 3%. Grös eru samtals 7%, þar af voru 5% ógreinanleg. Þrjár tegundir fundust, túningull (*Festuca rubra*), fjallafoxgras (*Phleum commutatum*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) var 1%.

Óvenjumikið var af elftingum í þessum dýrum (16%), sem er helmingi meira en fannst í öðrum dýrum í sumarheit. Meirihlutinn (14%) er beitieski (*Equisetum variegatum*) en 2% fannst af klóelftingu (*Equisetum arvense*).

Tvíkímblöðningar eru 7% fæðunnar, þar af eru geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*) algengastar með 3% fæðunnar hvor. Aðrar tegundir eru: smjörgras (*Bartsia alpina*), hrafnaklukka (*Cardamine nymanii*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Mosar (5 teg.) og fléttur (1 teg.) fundust í örlitlum mæli.

Hreindýrin voru á beit í þýföri stinnastararmýri, þar sem hengistör vex á blettum á blautstu stöðum, sjá töflu 5, snið H4, bls. 29 og texta bls. 30. Vægi runna í þekjumati er mun minna en í fæðu dýranna, sem bendir til þess að þeir séu valdir að nokkru marki.

Veiðisvæði H5 (hreindýr nr. 5)

Syðradrag (6550)

24.7.1980.

Niðurstöður í töflu 37 og á mynd 6.

Aðeins eitt dýr, fullvaxinn tarfur, var fellt úr hópnum. Helmingur (50%) fæðunnar er runnar, þar af 41% grávíðir (*Salix callicarpaea*) og 8% grasvíðir (*S. herbacea*). Aðrar tegundir runna eru: krækilyng (*Empetrum nigrum*), mosalyng (*Harriemanella hypnoides*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Einkímblöðungar eru 36% fæðunnar og er stinnastör (*Carex bigelowii*) þeirra algengust, eða 29%. Einnig finnst hengistör (*Carex rariflora*) í litlum mæli (1%). Grös eru samtals 4% fæðunnar, þar af ógreind grös 3%. Tvær tegundir fundust, túnvingull (*Festuca rubra*) og fjallafoxgras (*Phleum commutatum*). Af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) er 2%.

Elftingar eru 8% fæðunnar, aðallega beitieski (*Equisetum variegatum*).

Tvikímblöðungar ná aðeins 3% fæðunnar. Fundust tvær tegundir, geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*).

Fléttur fundust engar en lítið eitt af mosum (4 teg.).

Ekkert þekjumat var gert á veiðisvæðinu, en hreindýrin voru á beit í stinnastararmóum, en á milli þeirra voru víðiflákar. Fundust ofangreindar tegundir flestar bitnar.

Veiðisvæði H6 (hreindýr nr. 16-20)

Snæfellsnes-Eyjabakkar (6551)

27.7.1980.

Niðurstöður í töflu 37 og á mynd 6.

Runnar eru 43% fæðunnar. Grasvíðir (*Salix herbacea*) er algengastur 31%, og grávíðir (*S. callicarpaea*) 12%. Einnig fannst krækilyng (*Empetrum nigrum*).

Einkimblöðungar ná næsthæsta hlutfalli í fæðunni (39%). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengasta tegundin (21%). Grös eru 16%, en það er hæsta hlutfall grasa er fannst í vömbum sumardýra. Eftirtaldar tegundir fundust: túnvingull (*Festuca rubra*) 4%, vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 2%. hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) og fjallafoxgras (*Phleum commutatum*). Ógreind grös eru 9%. Af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) er 3%.

Hér er hlutfall tvíkímblöðunga í sumardýrum einnig hæst, 9%. Þar af er kornsúra (*Polygonum viviparum*) 5% fæðunnar. Aðrar tegundir eru: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mariustakkur (*Alchemilla vulgaris*), gullbrá (*Saxifraga hirculus*), fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*), lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*).

Elftingar eru 6% fæðunnar. Beitieski (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*E. arvense*) fundust báðar.

Vægi fléttina (2 teg.) og mosa (9 teg.) er mjög lítið.

Hreindýrin voru á beit í flagmó, þar sem stinnastör er ríkjandi og í snjó-dældum, þar sem mikið er um grasvíði, sjá töflu 31, snið H6 bls. 73 og texta bls. 73. Gróðurfar er fjölbreytt á þessu svæði. Mest virðist þó vera af stinnastör og grasvíði, sem eru algengustu tegundirnar í fæðunni.

#### 4.4.1.2. Sumarbeit - umræða.

Vesturöræfi og Undir Fellum. Við samanburð á fæðu hreindýranna og frambóði plantna í högunum, kemur í ljós að dýrin nýta í öllum tilvikum mest þær plöntutegundir sem algengastar eru, t.d. stinnastör (*Carex bigelowii*) og grávíði (*Salix callicarpaea*). Nokkrar tegundir virðast þó vera valdar,

t.d. kornsúra (*Polygonum viviparum*) sem er algeng en nær lítilli þekju. Hún finnst í þó nokkru magni í fæðu sumra dýranna. Öðrum tegundum virðist alfarið hafnað, t.d. krækilyngi (*Empetrum nigrum*), sem er algengt m.a. í Herjólfssdragi, en finnst varla í fæðu dýranna sem þar voru felld.

Í töflu 37, bls. 93 og mynd 6 er að finna samantekt á niðurstöðum athugana á fæðuvali þeirra 19 hreindýra er felld voru í júlí 1980 á nokkrum stöðum á Vesturöræfum og Undir Fellum. Eitt dýrið (nr. 14) sjúkur kálfur, var með nær tóman maga og því ekki nothæfur við fæðu-athuganir.

Einkímblöðningar eru 48% sumarfæðunnar og því meginuppistaða hennar ásamt runnum (35%). Starir eru 34% og er stinnastör algengust þeirra, eða 29% fæðunnar. Hengistör (*Carex rariflora*) er 4% og aðrar svo og ógreindar starir 1% fæðunnar. Tjarnastör (*C. rostrata*) finnst í tveimur dýrum í örlitlu magni. Af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) er 3%. Grös eru 11% fæðunnar, þar af eru ógreind grös 6%. Helstu grasategundir eru túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 2% fæðunnar hvor tegund. Einnig hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) og fjallafoxgras (*Phleum commutatum*).

Hlutfall runna í fæðunni er, sem fyrr segir, 35%. Algengastir þeirra eru grávíðir (*Salix callicarpaea*) 22% og grasvíðir (*S. herbacea*) 12%. Aðrir runnar eru fátíðir í fæðunni: krækilyng (*Empetrum nigrum*), mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Elftingar eru samtals 8% fæðunnar. Beitieski (*Equisetum variegatum*) er aðaltegund, en klóelfting (*Equisetum arvense*) finnst í litlum mæli.

Tvíkímblöðningar eru 7% fæðunnar. Helstu tegundir eru: kornsúra (*Polygonum viviparum*) og geldingahnappur (*Armeria maritima*) með 4% og 2% fæðunnar. Aðrar tegundir eru: mariustakkur (*Alchemilla vulgaris*), smjörgras (*Bartsia alpina*), hrafnaklukka (*Cardamine nymanii*), melanóra (*Minuartia rubella*), brennisóley (*Ranunculus acris*), gullbrá (*Saxifraga hirculus*), fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*), lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagrás (*Thlaspi alpinum*).

Af mosum fundust 17 tegundir, en þeir eru aðeins 2% fæðunnar. Tíðastir mosa eru *Drepanocladus uncinatus*, *Polytrichum juniperinum* og *Racomitrium canescens*, en þeir fundust í um 80% dýranna.

Fléttur eru aðeins um 0.2% fæðunnar. Af þeim fundust 3 tegundir: *Cetraria delisei* (mundagrös), *C. islandica* (fjallagrös) og *Cornicularia aculeata* (kræða).

Alls fundust 46 tegundir plantna í fæðusýnum; 17 tegundir mosa, 11 tegundir tvíkímlöðunga, 8 tegundir einkímlöðunga, 5 tegundir runna, 3 tegundir fléttna og 2 tegundir elftinga.

Af ofangreindu má sjá, að viðir og starir, samtals 69%, eru meginuppi-staða í fæðu hreindýranna um hásumarið. Þar af eru tvær tegundir ríkjandi, stinnastör 29% og grávíðir 22%. Eru þessar tvær tegundir því helmingur fæðunnar.

#### 4.4.2 Haustbeit

Haustið einkennist af sölnun gróðurs. Snjór er yfirleitt ekki til trafala við beit nema skamman tíma í senn. Eftir fyrstu frost breytist litur landsins úr grænu yfir í gult og brúnt. Runnar og tvíkímlöðungar láta fyrst á sjá, en síðan sölna grös og starir. Eftir því sem næringargildi sumarfæðunnar minnkar, sérstaklega runna, verður hlutfallsleg aukning í þeim plöntutegundum sem eru uppistaðan í vetrarfæðunni, t.d. fléttum, en dýrin nota einmitt haustið til að flytja sig á vetrar-beitarvæðin.

4.4.2.1 Haustbeit - niðurstöður. Hreindýr voru felld samtals á átta stöðum í haustveiðunum, þrem stöðum á Fljótsdalsheiði, fjórum stöðum á Jökuldalsheiði og á Brúardölum. Mynd 5 sýnir staðsetningu veiðistaðanna. Alls voru felld 20 hreindýr og auk þess fengin gorsýni úr 3 öðrum dýrum.

Tafla 38 og súlurit á mynd 7 (bls. 103), sýna meginniðurstöður fæðuathugana. Auk þess er að finna nákvæma lista í viðauka 2, þar sem getið er um allar þær tegundir sem fundust í fæðu dýranna og hlutföll þeirra.

TAFLA 38

Fæða hreindýra að hausti (meginniðurstöður)

HAUSTBEIT	Brúar-dalir	F L J Ó T S D A L S H E I Ð I					J Ö K U L D A L S H E I Ð I				
		Eyvindar-fjöll	Veg-ufs	Lamba-kill	X	Fella-hlíð	Háreks-staðir	Háreks-staðir	Lóna-kill	X	
Fjöldi dýra	4	5	3	2	10	2	2	3	2	9	
Hreindýr nr.	21-24	31-35	36-38	39-40	Meðaltal veiddra dýra	26-27	25 & 30	V26-V28	28 & 29	Meðaltal veiddra dýra	
Veidisvæði	H7	H11	H12	H13		H8	H10	H10a	H9		
RUNNAR:											
<i>Salix callicarpaea</i> <sup>1</sup>	41	8	5	5	6	8	2	2	14	6	
<i>S. herbacea</i> <sup>2</sup>	1	9	7	11	9	1	<1	1	<1	<1	
Aðrir runnar	<1	1	<1	<1	1	1	1	2	2	<1	
Runnar samtals	42	18	12	16	16	11	3	4	16	6	
Staðalfrávik (S.d.)	13,9	4,4	3,8	3,7	4,5	3,0	0,0	1,5	0,2	6,0	
ELFTINGAR:	4	4	10	21	9	3	<1	1	3	2	
Staðalfrávik (S.d.)	2,6	2,3	5,3	6,2	7,7	1,6	0,4	1,1	3	1,8	
EINKÍMBLÖÐUNGAR:											
<i>Carex bigelowii</i> <sup>3</sup>	4	27	17	13	21	4	12	10	6	8	
Ögreindar starir	1										
Starir samtals	5	27	17	13	21	4	12	10	6	8	
<i>Calamagrostis neglecta</i> <sup>4</sup>	26	5	4	1	4	<1	1	1	2	1	
<i>Poa pratensis</i> <sup>5</sup>	2	2	1	1	2	5	3	4	2	4	
Önnur grös	4	2	1	<1	1	1	1	2	2	2	
Ögreind grös	12	5	9	6	6	7	4	5	8	6	
Grös samtals	44	14	15	8	13	13	9	12	14	13	
<i>Eriophorum angustifolium</i> <sup>6</sup>	1	3		1	2	<1		1	1	<1	
Einkimblöðungar samtals	50	44	32	22	36	17	21	23	21	21	
Staðalfrávik (S.d.)	10,8	5,2	5,2	2,5	10,3	10,3	3,7	14,9	4,6	8,7	
TVÍKÍMBLÖÐUNGAR:											
<i>Armeria maritima</i> <sup>7</sup>	<1	3	3	3	3	1	1	<1	3	1	
<i>Polygonum viviparum</i> <sup>8</sup>	1	3	3	3	3	1	1	<1	1	1	
Aðrir tvíkimblöðungar	1	1	1	<1	1	<1	<1	1	<1	1	
Ögreindir tvíkimblöðungar	<1	1	2	2	1	<1	<1	<1	<1	<1	
Tvíkimblöðungar samtals	2	8	9	8	8	2	2	1	4	3	
Staðalfrávik (S.d.)	0,9	2,1	1,5	2,8	1,8	1,1	0,2	1,3	0,4	1,5	
FLÉTTUR:											
<i>Cetraria delisei</i> <sup>9</sup>	17	4	11	12	1	4	<1	2	2	2	
<i>C. islandica</i> <sup>10</sup>	1	19	11	9	60	65	68	46	61		
Aðrar fléttur	1	1	<1	<1	1	<1	<1	3	1		
Ögreindar fléttur	<1	<1	<1	2	1	<1	1	1	<1		
Fléttur samtals	1	18	24	24	21	62	70	69	51	64	
Staðalfrávik (S.d.)	1,1	2,7	8,4	0,9	5,4	11,3	1,1	16,0	6,0	12,0	
MOSAR:											
<i>Racomitrium canescens</i>	<1	5	3	1	3	1	1	1	3	1	
Aðrir mosar	1	4	9	9	6	1	3	1	2	2	
Mosar samtals	1	9	12	10	9	2	4	2	5	3	
Staðalfrávik (S.d.)	1,0	2,5	2,5	2,0	2,9	0,9	3,2	0,6	1,1	1,7	
SVEPPIR ANNAD		<1	1		1	2	<1	1		1	
						<1				<1	

<sup>1</sup>gráviðir    <sup>2</sup>grasviðir    <sup>3</sup>stinnastör    <sup>4</sup>hálmgresi    <sup>5</sup>vallarsveifgras    <sup>6</sup>klófifa    <sup>7</sup>geldingahnappur

<sup>8</sup>kornsúra    <sup>9</sup>mundagrös    <sup>10</sup>fjallagrös

Hér á eftir verður gerð grein fyrir samsetningu fæðu hreindýranna á hverjum veiðistað. Í umræðukafla verður síðan gerður í stuttu máli samanburður á fæðunni og gróðri svæðanna. Einnig verður sagt frá fæðu dýranna samkvæmt meðaltali allra felldra dýra á hvorri heiði. Að lokum verður gerður samanburður á fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði.

#### Brúardalir

Veiðisvæði H7 (hreindýr nr. 21-24)

Brúardalir (6449)

2.9.1980

Niðurstöður í töflu 38 og á mynd 7.

Einkímblöðningar hafa hæst hlutfall í vömb (50%) og eru grös þar í meirihluta, 44%. Hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) er ríkjandi grastegund, eða 26% fæðunnar. Aðrar grastegundir eru fjallapuntur (*Deschampsia alpina*), túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Ógreind grös eru 12% fæðunnar. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 4% fæðunnar. Lítið eitt er af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) og hrossanál (*Juncus arcticus*).

Gráviðir (*Salix callicarpaea*) er ríkjandi runnategund, 41% fæðunnar.

Grasviðir (*S. herbacea*) og holtasóley (*Dryas octopetala*) fundust einnig (<1%).

Elftingar eru 4% fæðunnar. Bæði beitieski (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*Equisetum arvense*) fundust.


Heildarhlutfall tvíkímblöðunga í fæðunni er aðeins 2%. Eftirtaldar tegundir fundust: Geldingahnappur (*Armeria maritima*), smjörgras (*Bartsia alpina*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Mosar (8 tegundir) og fléttur (1 tegund) finnast í litlum mæli, aðeins 1%.




MYND 7  
Fæða hreindýra óð hausti

HAUSTBETIT

100 %  
50 %



JÖKULDALSHÉIDI





Hlutfall plöntutegunda í þessum dýrum svipar til sumarbeitar. Niðurstöður gróðurmælinga á veiðistað er að finna í töflu 29, sniði H7 og texta bls. 70. Þar kemur í ljós, að gróðurþekja á svæðinu er tiltölulega lítil, og hins háa hlutfalls gráviðis og hálmgresis, sem er í vömbum felldu dýranna, verður ekki vart. Vægi gráviðis og hálmgresis á svæðinu í heild er þó meira en þekjumat gefur til kynna, því útbreiðsla þessara tegunda er á blettum, þannig að tiltölulega meira er af þeim á öðrum stöðum á svæðinu.

### Fljótsdalsheiði

Veiðisvæði H11 (hreindýr nr. 31-35)

Eyvindarfjöll (6649)

12.9.1980

Niðurstöður í töflu 38 og á mynd 7,

Einkimblöðungar ná hæstu hlutfalli tegundahópa í vömb (44%). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er aðaltegundin, 27% fæðunnar. Af grösum eru hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) 5% og vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 2% fæðunnar. Aðrar grastegundir sem fundust eru fjallafoxgras (*Phleum commutatum*) og túnvingull (*Festuca rubra*). Ógreind grös eru 5% fæðunnar. Af klófífu (*Eriophorum angustifolium*) er 3%.

Runnar eru samtals 18% fæðunnar. Algengastir eru grasviðir (*Salix herbacea*) 9% og gráviðir (*S. callicarpaea*) 8% fæðunnar. Aðrar tegundir eru: krækilyng (*Empetrum nigrum*), mosalyng (*Harriemanella hypnooides*) og holtasóley (*Dryas octopetala*).

Fléttur nema 18% fæðunnar og er *Cetraria delisei* (mundagrös) algengust þeirra (17%). Lítið eitt fannst af *Cetraria islandica* (fjallagrös).

Heildarmagn mosa (9 tegundir) í fæðunni er 9% og er *Racomitrium canescens* algengasta tegundin (5%).

Tvikimblöðungar eru 8% fæðunnar. Geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*) eru algengustu tegundirnar og nema 3% fæðunnar hvor. Aðrar tegundir eru: mósareyra (*Cerastium alpinum*), lækjafræhyrna (*C. cerastoides*), fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*),

lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*).

Hlutur elftinga er 4%. Beitieski (*Equisetum variegatum*) er í mestum mæli, en lítið eitt fannst af klóelftingu (*Equisetum arvense*). Sveppir og "annað" eru <1%.

Hreindýrin höfðu verið á beit í mólendi og mýrardragi. Í töflu 15, sniðum H11a og H11b og texta bls. 49 er að finna niðurstöður gróðurmats á veiðisvæðinu. Þekja flestra tegunda er lítil, en helstu tegundir eru þær sömu og mest er af í vömbum dýranna. Tiltölulega hátt hlutfall stinnastalar og grasa, sérstaklega hálmgresi, má rekja til mýrardragsins rétt neðan við aðalbeitarstaðinn. *Cetraria delisei* (mundagrös) er aðalfléttan og virðist valin því hún nær hvergi mikilli þekju, en er jafndreifð um mólendið.

Veiðisvæði H12 (hreindýr nr. 36-38)

Vegufs (6848)

27.9.1980

Niðurstöður í töflu 38 og mynd 7.

Einkimblöðningar eru 32% fæðunnar, þar af er stinnastör (*Carex bigelowii*) 17% og grös 15%. Algengast grasa er hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) 4%, en aðrar tegundir eru túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Ógreind grös eru 9% fæðunnar.

Fléttur eru með næsthæst hlutfall í vömb (24%). *Cetraria islandica* (fjallagrös) er algengasta fléttan, 19% fæðunnar. Einnig fundust *Cetraria delisei* (mundagrös) 4% og örlítið af *Cladonia mitis* (hreindýramosa).

Runnar nema samtals 12% fæðunnar. Algengustu tegundir eru grasvíðir (*Salix herbacea*) 7% og grávíðir (*S. callicarpaea*), 5% fæðunnar. Auk þeirra fundust, krækilyng (*Empetrum nigrum*), mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) og holtasóley (*Dryas octopetala*).

Mosar (11 tegundir) eru 12% fæðunnar. Algengustu tegundirnar eru, *Pohlia wahlenbergii* 4% og *Racomitrium canescens* 3%.

Af elftingum er 10% og er beitieski (*Equisetum variegatum*) aðaltegund

en klóelfting (*E. arvense*) finnst einnig.

Tvikimblöðungar eru 9% fæðunnar. Algengastir eru geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*) með 3% hvor tegund. Aðrar tegundir eru mísareyra (*Cerastium alpinum*), lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*). Sveppir og "annað" eru 1%.

Í töflum 12 og 13, snið H12a og H12b og texta bls. 5 og 47 er að finna niðurstöður gróðurmælinga á veiðisvæðinu, sem er fjölbreytt mólendis- og snjódældagróðurlendi. Þekja háplantna er lítil, en helstu tegundir eru þær sömu og finnast í vömbum dýranna, með þeim undantekningum, að lítið finnst af grávíði og beitieski í gróðurmælingunum og ekkert af fjallagrösum, en þau eru aðalfléttan í fæðu felldu dýranna.

Veiðisvæði H13 (hreindýr nr. 39 og 40).

Lambakíll (6848)

29.9.1980

Niðurstöður í töflu 38 og mynd 7.

Fléttur eru 24% fæðunnar. Aðaltegundir eru *Cetraria delisei* (mundagrös) og *Cetraria islandica* (fjallagrös) 11% hvor tegund. Aðrar tegundir sem fundust eru *Cladonia mitis* og *Umbilicaria cylindrica*.

Einkimblöðungar eru 21% fæðunnar, og er stinnastör (*Carex bigelowii*) veigamest þeirra, 13%. Grastegundir eru samtals 8%, þar af eru 6% ógreinanleg grös. Eftirtaldar grastegundir fundust: hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), fjallapuntur (*Deschampsia alpina*), túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Auk þess fundust klófífia (*Eriophorum angustifolium*) og hrossanál (*Juncus arcticus*).

Elftingar eru 21% fæðunnar, og er það hæsta hlutfall elftinga, sem fram kom í þessum mælingum. Er einkum um beitieski (*Equisetum variegatum*) að ræða. Örlitið finnst einnig af klóelftingu (*E. arvense*).

Runnar eru 16% fæðunnar, þar af eru grasvíðir (*Salix herbacea*) 11% og grávíðir (*S. callicarpaea*) 5%. Einnig fundust krækilyng (*Empetrum nigrum*) og mosalyng (*Harrimanella hypnoides*).

Af mosum (10 tegundir) sem eru 9% fæðunnar eru *Pohlia wahlenbergii* 5%, *Philonotis fontana* 2% og *Racomitrium canescens* 1% aðaltegundir.

Tvíkímlöðungar eru 8% fæðunnar. Ríkjandi tegundir eru geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*), 3% hvor tegund. Einnig finnst lambagras (*Silene acaulis*) og fræhyrna (*Cerastium* sp.)

Í töflu 14 snið H13 og texta bls. 48, er að finna niðurstöður gróðurathugana á veiðisvæðinu, sem er gróskulítill stinnastararmór. Tegundir er fundust í vömbum dýranna eru mikið til þær sömu og koma fram í þekjumatinu. Ún eina undantekningu er þó að ræða, *Cetraria islandica* sem er 11% fæðunnar, fannst ekki á veiðisvæðinu, en vex þar nærri.

#### Jökuldalsheiði

Veiðisvæði H8 (hreindýr nr. 26 og 27)

Fellahlíð (6745)

5.9.1980.

Niðurstöður í töflu 38 og mynd 7.

Fléttur eru aðalfæða dýranna á þessu veiðisvæði 62%. Þar af er *Cetraria islandica* (fjallagrös) ríkjandi tegund 60%. Aðrar tegundir eru: *C. delisei* (mundagrös) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkímlöðungar eru 17% fæðunnar. Þar af eru grös 13%, og er vallarsveifgras (*Poa pratensis*) mest áberandi 5%. Aðrar tegundir eru: hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), túnvingull (*Festuca rubra*) og fjalla-sveifgras (*Poa alpina*). Ógreind grös eru 7%. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 4% fæðunnar.

Runnar eru 11% fæðunnar. Grávíðir (*Salix callicarpaea*) er aðaltegundin 8%. Aðrir runnar eru krækilyng (*Empetrum nigrum*), grasvíðir (*Salix herbacea*) og holtasóley (*Dryas octopetala*).

Elftingar eru 3%. Ein tegund fannst, beitieski (*Equisetum variegatum*).

Tvíkímlöðungar eru 2% fæðunnar. Fjórar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), kornsúra (*Polygonum viviparum*), lambagras

(*Silene acaulis*) og brjóstagras (*Thalictrum alpinum*).

Mosar (6 tegundir) og sveppir (ógreindir til tegunda) eru 2% fæðunnar.

Hreindýrin voru á beit á víðiflesjum, þar sem nokkuð er um fléttugróður, sjá töflu 23 snið H8 bls. 59 og texta bls. 58. Mestri þekju í gróðurmatinu ná eftirtaldar tegundir: krækilyng 11%, grasviðir 5%, stinnastör 5%, fjallagrös 6% og mundagrös 4%. Hreindýrin leiða krækilyngið nær alveg hjá sér, en nýta annars aðallega þær tegundir sem mest er af á svæðinu og sækja sérstaklega í fléttugróður. Mun meira er af grösum í fæðunni en kemur fram í gróðurmatinu.

Veiðisvæði H10 (hreindýr nr. 25 og 30)

Háreksstaðir (6644)

10.9.1980

Niðurstöður í töflu 38 og mynd 7.

Fléttur eru ríkjandi, nema 70% fæðunnar, þar af er *Cetraria islandica* (fjallagrös) algengust, eða 65%. Einnig fundust *C. delisei* (mundagrös) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkímblöðungar eru 21% fæðunnar, þar af er stinnastör (*Carex bigelowii*) ríkjandi eða 12%. Grös eru samtals 9% og fundust eftirtaldar tegundir; hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Ógreind grös eru 4% fæðunnar.

Mosar (18 teg.) eru 4% fæðunnar. Tvær tegundir, *Racomitrium canescens* og *Pohlia wahlenbergii* eru algengastar.

Runnar eru aðeins 3% fæðunnar. Þar af er grávíðir (*Salix callicarpaea*) tiðastur (2%). Einnig fundust grasviðir (*S. herbacea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Hlutfall tvíkímblöðunga í fæðunni er 2%. Þessar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og brjóstagras (*Thalictrum alpinum*).

Elftingar eru innan við 1% og örlítið fannst af sveppum.

Hreindýrin voru á beit í víði- og fléttumó, sjá töflu 23, snið H10 bls. 59, og texta bls. 60. Þar kemur í ljós, að fjallagrös eru algengustu flétturnar með 17% þekju. Krækilyng er með 16% þekju og grávíðir með 2% þekju (lauffall mikið). Hreindýrin sækja því í flétturnar en láta Krækilyngið afskiptalaust. Þá er mun meira af stinnastör í vömbum dýranna en fram kemur í gróðurmælingunum, sem bendir til að dýrin hafi einnig verið á beit í votlendinu neðan við fléttumóinn.

Veiðisvæði H10a (hreindýr nr. V26-V28 (aukadýr))  
Háreksstaðir (6644)  
10.9.1980.  
Niðurstöður í töflu 38 og mynd 7.

Fléttur eru með mest fæðuhlutfall, 69%, og er *Cetraria islandica* (fjallagrös) aðaltegundin, 68%. Aðrar fléttur eru: *Cetraria delisei* (mundagrös) *Cladonia mitis* (hreindýramosí) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkimblöðningar eru 23% fæðunnar, þar af eru stinnastör (*Carex bigelowii*) 10% og grös 12%. Af grösum eru fjórar tegundir: hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) 1%, túnvingull (*Festuca rubra*) 2%, fjallafoxgras (*Phleum commutatum*) <1% og vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 4%. Ógreinanleg grös eru 5% fæðunnar. Lítið eitt finnst af klófífu (*Eriophorum angustifolium*).

Runnar, með grávíði (*Salix callicarpaea*) sem aðaltegund (2%), auk grasvíðis (*S. herbacea*) og krækilyngs (*Empetrum nigrum*), eru 4% fæðunnar.

Mosar (6 tegundir) eru 2% fæðunnar, og er *Racomitrium canescens* algengastur þeirra.

Tvikimblöðningar eru 1% fæðunnar. Eftirtaldar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), kornsúra (*Polygonum viviparum*), fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*), lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagras (*Thalictrum alpinum*).

Hlutdeild elftinga og sveppa er 1% hvor flokkur.

Hreindýrin voru á beit í krækilyngs- og víðimó vöxnum fléttum, sjá

töflu 23, snið H10a bls. 59 og texta bls. 60. Dýrin sækja hér mest í fléttur, en láta aðrar algengar tegundir vera, svo sem runna ýmiskonar. Lítið er af grósum og störum í gróðursniðunum en koma fyrir í fæðunni. Votlendi og jaðarsvæði með störum og grósum er neðan við mólendið, sem dýrin voru á beit í, þegar þau voru felld.

Veiðisvæði H9 (hreindýr nr. 28 og 29)

Lónakíll (6546)

8.9.1980

Niðurstöður í töflu 38 og mynd 7.

Fléttur eru ríkjandi, nema 51% fæðunnar. *Cetraria islandica* (fjallagrös) er í mestum mæli (46%). Aðrar tegundir eru *C. delisei* (mundagrös), *Cornicularia aculeata* (kræða) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Hlutur einkímblöðunga í fæðunni er 21%. Grös eru 14% og fundust þrjár tegundir hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), túnvingull (*Festuca rubra*) og vallarsveifgras (*Poa pratensis*). Ógreinanleg grös eru 8%. Stinnastör eru 6% fæðunnar. Auk þessa fannst lítið eitt af klófifu (*Eriophorum angustifolium*) og hrossanál (*Juncus arcticus*).

Runnar nema 16% fæðunnar, þar af er mest af grávíði (*Salix callicarpaea*) 14%. Aðrir runnar eru krækilyng (*Empetrum nigrum*) og grasviðir (*Salix herbacea*).

Mosar (7 tegundir) eru 5% fæðunnar, og er *Racomitrium canescens* algengastur þeirra.

Hlutfall tvíkímblöðunga í fæðunni er 4%, þar af er geldingahnappur (*Armeria maritima*) algengastur 3%. Kornsúra (*Polygonum viviparum*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*) fundust einnig.

Hlutur elftinga er 3%, allt beitieski (*Equisetum variegatum*).

Hreindýrin voru á beit í krækilyngs- og grávíðimó með lítilli fléttuþekju. Niðurstöður þekjumats eru að finna í töflu 24 snið H9 og H9a bls. 61 og texta bls. 61. Þær eru í litlu samræmi við fæðuval hreindýranna sem felld voru á staðnum, þar sem algengasta flétta í fæðunni,

*Cetraria islandica* (fjallagrös), fannst ekki í gróðursniðum. En hafa ber í huga, að dýrin höfðu verið á rás og lítið bitið á svæðinu, þegar þau voru felld.

#### 4.4.2.2 Haustbeit - umræða.

Brúardalir. Aðeins var um einn veiðistað að ræða og er vísað beint í lýsingu á honum (bls. 102).

Fljótsdalsheiði. Við samanburð á fæðu hreindýranna og framboði plantna í högunum kemur í ljós, að dýrin éta mest þær tegundir sem algengastar eru, að því að séð verður. Þó var lítið af grávíði og grasvíði í gróðurreitunum en allt að 16% í fæðunni, sem bendir til vals á þessum tegundum. Þá eru mundagrös (*Cetraria delisei*) greinilega valin, því 19% af þeim er í fæðunni, en þau ná hvergi mikilli þekju í högunum.

Í töflu 38 bls. 101 og mynd 7 bls. 103 er að finna niðurstöður á athugunum á fæðuvali þeirra 10 hreindýra er felld voru í september 1980 á Fljótsdalsheiði.

Einkimblöðungar ná hæstu hlutfalli í fæðu, 36%. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengust þeirra, 21%. Grös eru samtals 13% fæðunnar. Algengast grasa eru hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) 4% og vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 2% fæðunnar. Önnur grös eru: fjallapuntur (*Deschampsia alpina*), túningull (*Festuca rubra*) og fjallafoxgras (*Phleum commutatum*). Ógreind grös eru 6%. Einnig fundust hrossanál (*Juncus arcticus*) og klófifa (*Eriophorum angustifolium*) í vömbum dýranna.

Fléttur eru með næsthæst hlutfall í fæðunni 21%. Þar af eru tvær tegundir algengastar, *Cetraria delisei* (mundagrös) 12% og *C. islandica* (fjallagrös) 9%. Aðrar fléttutegundir (<1%) eru *Cladonia mitis* (hreindýrafléttu) og *Umbilicaria cylindrica*.

Runnar eru 16% fæðunnar. Grasvíðir (*Salix herbacea*) 9% og grávíðir (*S. callicarpaea*) 6% eru aðaltegundir. Auk þeirra fundust krækilyng, (*Empetrum nigrum*), mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) og holtasóley (*Dryas octopetala*) í litlum mæli.

Elftingar eru 9% fæðunnar. Beitieski (*Equisetum variegatum*) er aðal-tegundin, en auk þess finnst lítið eitt (<1%) af klóelftingu (*Equisetum arvense*).

Mosar (17 tegundir) eru 9% fæðunnar. Af þeim eru *Racomitrium canescens* og *Pohlia wahlenbergii* algengastar, 3% hvor tegund.

Hlutfall tvíkímlöðunga er 8%. Geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*) eru helstu tegundir, 3% hvor. Aðrar tegundir eru mísareyra (*Cerastium alpinum*), lækjafrafhyrna (*C. cerasoides*), fjallasmári (*Sibbaldia procumbens*), lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*). Einnig fundust ættkvíslirnar *Alchemilla* og *Epilobium*.

Sveppir og "annað" er minna en 1% fæðunnar.

Alls fundust 43 tegundir plantna í fæðusýnum: 17 tegundir mosa, 7 tegundir tvíkímlöðunga, 7 tegundir einkímlöðunga, 5 tegundir runna, 4 tegundir fléttina og 2 tegundir elftinga.

Af ofangreindu má sjá að engin ákveðin tegund eða tegundahópur ríkir yfir öðrum í fæðunni, en eftirtaldar tegundir eru meginuppistaðan í henni (57%): Stinnastör 21%, mundagrös 12%, fjallagrös 9%, grasvíðir 9% og grávíðir 6%.

Jökuldalsheiði. Við samanburð á fæðu hreindýranna og framboði plantna í högunum kemur í ljós að dýrin nýta aðallega þær tegundir sem mest er af á svæðinu. Þau sækja þó sérstaklega í fléttugróðurinn, sem mikið er af.

Í töflu 38 og mynd 7 er að finna niðurstöður á athugun á fæðuvali þeirra 9 hreindýra er felld voru í september 1980 á Jökuldalsheiði.

Fléttur eru aðaluppistaðan í haustbeitinni á Jökuldalsheiði, nema alls 64% fæðunnar. *Cetraria islandica* (fjallagrös) eru langalgengust, 61%. Aðrar tegundir eru *C. delisei* (mundagrös), *Cladonia mitis* (hreindýramosi), *Cornicularia aculeata* (kræða) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkimblöðungar eru 21% fæðunnar, þar af eru grös 13%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) er algengast, 4%. Önnur grös eru: hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), túnvingull (*Festuca rubra*), fjallafoxgras (*Phleum commutatum*) og fjallasveifgras (*Poa alpina*). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 8% fæðunnar. Aðrir einkimblöðungar eru hrossanál (*Juncus arcticus*) og klófífia (*Eriophorum angustifolium*).

Hlutur runna í fæðunni er 6% og er grávíðir (*Salix callicarpaea*) aðal-tegundin. Einnig fundust grasvíðir (*S. herbacea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*), bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*) og holtasóley (*Dryas octopetala*).

Tvikimblöðungar eru 3% fæðunnar og fundust eftirtaldar tegundir. Geldingahnappur (*Armeria maritima*), kornsúra (*Polygonum viviparum*), fjallasmári (*Sibbalida procumbens*), lambagras (*Silene acaulis*) og brjóstagrás (*Thalictrum alpinum*). Auk þess fundust ættkvíslirnar *Alchemilla* og *Minuartia*.

Elftingar, klóelfting (*Equisetum arvense*) og beitieski (*E. variegatum*) eru 2% fæðunnar.

Mosar (13 tegundir) eru 3% fæðunnar og er *Racomitrium canescens* algengasta tegundin.

Sveppir og "annað" er minna en 1% af fæðunni.

Alls fundust 43 tegundir plantna í fæðusýnum: 14 tegundir mosa, 10 tegundir einkimblöðunga, 7 tegundir tvikimblöðunga, 5 tegundir fléttana og runna og 2 tegundir elftinga.

Af ofangreindu má sjá að fjallagrös (61%) er aðalfæðutegund hreindýranna á Jökuldalsheiði að haustinu. Aðrar tegundir er fundust í nokkrum mæli eru stinnastör 8% og grávíðir 6%. Þessar 3 tegundir eru 75% fæðunnar.

Samanburður á haustbeit hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

Svo sem fram kom í kaflanum um gróðurfar, er mun meira um fléttur á Jökuldalsheiði en Fljótsdalsheiði. Gróðurfar virðist almennt rýrara

á Fljótsdalsheiði, þó hreindýrin haldi sig í svipuðum gróðurlendum á báðum stöðunum (sjá bls. 82).

Ef litið er á fjölda tegunda er fundust í fæðu dýranna á báðum heiðunum (tafla 39), sést að heildarfjöldi er svipaður eða 43 tegundir á Jökuldalsheiði á móti 42 tegundum á Fljótsdalsheiði. Þó er munur á fjölda tegunda innan nokkurra tegundahópa. Á Jökuldalsheiði fannst 3 tegundum fleira af einkímblöðungum og 1 tegund fleira af fléttum, en 3 tegundum fleira af mosum á Fljótsdalsheiði.

Tafla 39

Samanburður á fjölda tegunda í haustfæðunni á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

	Jökuldalsheiði	Fljótsdalsheiði
Tegundafjöldi		
Runnar	5	5
Elftingar	2	2
Einkímblöðungar	10	7
Tvíkímblöðungar	7	7
Fléttur	5	5
Mosar	14	17
Samtals	43	42

Með því að líta á súluritin á mynd 7 bls. 103 sést strax að mikill munur er á haustfæðu hreindýranna á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

Í töflu 40 er gerður samanburður á fæðu hreindýra á heiðunum að haustlagi. Þar sést að marktækur munur er á öllum fæðuflokkum milli heiðanna.

Tafla 40

Samanburður á haustfæðu hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

	Fljótsdals- heiði	Jökuldals- heiði
Fjöldi dýra (n)	10	9
	%	%
Runnar	16	6
Elftingar	9	2
Einkímblöðningar	36	21
Tvíkímblöðningar	8	3
Fléttur	21	64
Mosar	9	3
Samtals	99	99

Aðalmunur á fæðuvali hreindýranna er sá, að á Jökuldalsheiði er þrisvar sinnum meira af fléttum í vömbum dýranna. Hér er aðallega um *Cetraria islandica* (fjallagrös) að ræða, eða 64% á móti 21% af *C. islandica* og *C. delisei* (mundagrös) samanlagt á Fljótsdalsheiði. Á báðum svæðunum virðast fléttur vera valðar markvisst til átu, en vegna þess hve lítið er orðið um fléttugróður á Fljótsdalsheiði (sbr. bls. 179), þurfa dýrin þar að vinna upp muninn með því að nýta betur aðrar plöntutegundir.

Einkímblöðningar eru 36% af fæðu Fljótsdalsheiðadýranna, en 21% af fæðu dýranna á Jökuldalsheiði. Þarna er munurinn aðallega fólginn í beit á stinnustör, 21% á Fljótsdalsheiði á móti 8% á Jökuldalsheiði, en nýting á grösum er sú sama á báðum stöðunum, 13%.

Runnar eru 16% af fæðu dýranna á Fljótsdalsheiði, en 6% á Jökuldalsheiði, þó svo að runnar eru mun gróskumeiri á Jökuldalsheiði. Muninn er aðallega að finna í beit á grasvíði (*Salix herbacea*), 9% á Fljótsdalsheiði á móti tæplega 1% á Jökuldalsheiði.

Hlutfall elftinga er mun hærra í fæðu Fljótsdalsheiðadýranna, eða 9% á móti 2% í fæðu Jökuldalsheiðadýranna.

Svipað er að segja um mosa. Þeir eru 9% í fæðu dýranna á Fljótsdalsheiði en 2% á Jökuldalsheiði.

Tvikimblöðungar eru 8% í fæðu á Fljótsdalsheiði á móti 3% á Jökuldalsheiði. Munurinn er aðallega sá, að geldingahnappur (*Armeria maritima*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*) eru bitin þar í mun meiri mæli.

Sem sagt, fléttur eru af skornum skammti á Fljótsdalsheiði. Í þeirra stað nýta hreindýrin sér stinnastör, grávíði, beitieski, mosa, geldingahnapp og kornsúru í haustbeitinni.

#### 4.4.3 Vetrarbeit

Veturinn má telja að nái yfir 6 mánuði, frá miðjum október til miðs apríl, en tíðarfari getur haft áhrif í báðar áttir. Skoog (1968) segir hreindýrin vera vel aðhæfð hinum harða norræna vetri. Hann segir sjaldgæft, að hreindýr falli af völdum óhagstæðs veðurfars, nema helst á landsvæðum, þar sem snögg veðrarbrigði með þíðu og frostum verða, er valda jarðbönnum, eins og við sjávarsíðuna á Grænlandi og við strendur Beringshafs. Telur hann afrán og sjúkdóma verða þeim miklu fremur að aldurtilla (sjá einnig Skarphéðinn Þórisson 1983). Ýmislegt má nefna, sem gerir hreindýrin fær um að standast óblíða norræna vetur. Scholander o.fl. (1950, 1958, fengið hjá Skoog 1968) nefnir ýmis dæmi: Þau halda líkamshitanum stöðugum þrátt fyrir miklar sveiflur í hita umhverfisins. Það er, í fyrsta lagi, að þakka mikilli einangrunarhæfni feldsins (háranna). Í öðru lagi er bræðslumark fitu á fótleggjum lágt, og gerir þeim fært að halda eðlilegri starfsemi í vefjum fótleggja langt neðan við venjulegan líkamshita. Í þriðja lagi fara fram "mótstraumsvarma-skipti" (vascular counter currents mechanism) í æðakerfi fótleggja, sem minnka varmatap úr líkama dýranna. Vegna þessa er lítil þörf fyrir aukna brennslu (efnaskipti) hjá dýrunum þrátt fyrir mikla vetrarkulda (-40°C).

Auk þess hafa Kuitkin (1950) og Segal (1926b, fengið hjá Skoog) 1968), komist að því, að hraði efnaskipta (basal metabolismi) hreindýra minnkar um 40%

TAFLA 41

Fæða hreindýra að vetri (meginniðurstöður)

VETRARBEIT:	F L J Ó T S D A L S H E I D I					J Ö K U L D A L S H E I D I				
	Merkisheiði	Eyvindar- fjöll	$\bar{x}$	Víði- dalur	Litla- Sval- barð	Háreks- staðir	Stóra- Sval- barð	$\bar{x}$		
Fjöldi dýra	3	5	2	10	3	3	1	3	10	
Hreindýr nr.	41-43	44-48	59-60	Meðaltal veiddra dýra	49-51	52-54	55	56-58	Meðaltal veiddra dýra	
Veiðisvæði	H14	H15	H19	H16	H17	H17a	H18			
RUNNAR:										
<i>Dryas octopetala</i> <sup>1</sup>	7	8	3	7	< 1	1	1	3	2	
<i>Empetrum nigrum</i> <sup>2</sup>	5	6	19	8	2	2	1	4	2	
<i>Loiseleuria procumbens</i> <sup>3</sup>	13	10	< 1	9			1		< 1	
<i>Salix calicarpa</i> <sup>4</sup>	2	1	3	2	2	2	2	2	2	
<i>S. herbacea</i> <sup>5</sup>	3	2	4	3	< 1	< 1	< 1	1	< 1	
Ógreindir kvistir	11	13	7	11	1	1	1	1	1	
Aðrir runnar	< 1	< 1	< 1	< 1						
Runnar samtals	41	40	36	40	5	6	6	11	7	
Staðal frávik (S.d.)	9,2	3,6	10,1	6,5	1,8	1,6		3,4	3,3	
ELFTINGAR:										
Staðal frávik (S.d.)	0,1	1,5	0,4	1,2	0,9	1,4		1,4	1,1	
EINKÍMBLÖÐUNGAR:										
<i>Carex bigelowii</i> <sup>6</sup>	9	8	17	10	9	8	3	12	9	
<i>C. rupestris</i>	4			2	< 1	1		< 1	< 1	
Ógreindar starir	2	2	1	2				< 1	< 1	
Starir samtals	11	14	18	14	9	9	3	12	9	
<i>Festuca rubra</i> <sup>8</sup>	12	8	6	9	10	12	6	4	9	
<i>Poa pratensis</i> <sup>9</sup>	13	14	12	13	13	20	15	10	14	
Önnur grös	< 1	< 1		< 1	< 1	1	< 1		< 1	
Ógreind grös	9	6	5	6	7	6	3	5	6	
Grös samtals	34	28	23	27	30	39	24	19	29	
Aðrir einkimbl.		2		1		< 1	< 1	< 1	< 1	
Einkimbl. samtals	45	44	41	42	39	48	27	31	38	
Staðal frávik (S.d.)	12,0	8,4	8,8	8,5	8,1	11,8		14,0	12,0	
TVÍKÍMBLÖÐUNGAR:										
<i>Polygonum viviparum</i> <sup>10</sup>	1	1	1	1	1	1	1	1	1	
<i>Silene acaulis</i>	< 1	1	2	1	1	1	1	< 1	1	
Aðrir tvíkimbl.	< 1	1	1	< 1	1	< 1		< 1	1	
Ógreindir tvíkimbl.	1	< 1	< 1	1	1	1	< 1	< 1	1	
Tvíkimbl. samtals	2	3	4	3	4	3	2	1	4	
Staðal frávik (S.d.)	1,0	0,7	1,4	1,3	2,0	1,0		0,6	1,5	
FLÉTTUR:										
<i>Cetraria spp.</i>						12				
<i>C. delisei</i> <sup>12</sup>	< 1	1	< 1	1	< 1	6	1	4	3	
<i>C. islandica</i> <sup>13</sup>	3	2	1	2	43	19	62	44	38	
Aðrar fléttur	< 1	< 1		< 1	< 1	2	2		1	
Ógreindar fléttur	< 1	< 1		< 1	1	< 1		< 1		
Fléttur samtals	3	3	1	3	44	39	63	50	46	
Staðal frávik (S.d.)	1,5	4,0	0,0	3,0	10,1	10,0		21,4	14,0	
MOSAR:										
<i>Racomitrium canescens</i>	6	4	10	6	3	1		3	2	
<i>R. lanuginosum</i>	1	3	3	2		< 1		1	< 1	
Aðrir mosar	1	1	3	2	3	< 1		1	1	
Mosar samtals	8	8	16	10	6	1		5	3	
Staðal frávik (S.d.)	2,3	2,0	3,0	4,0	2,3	0,9		3,9	3,0	

<sup>1</sup> holtasóley    <sup>2</sup> krækilyng    <sup>3</sup> sauðamergrur    <sup>4</sup> grávíðir    <sup>5</sup> græsvíðir    <sup>6</sup> stinnastör    <sup>7</sup> móastör    <sup>8</sup> túnvingull

<sup>9</sup> vallasveifgras    <sup>10</sup> kornsúra    <sup>11</sup> lambagrás    <sup>12</sup> mundagrös    <sup>13</sup> fjallagrös.

eða meira að vetrinum. Til dæmis þarf 100 kg hreindýr, 3000-3500 hitaeiningar (k.kal) að vetri en 5000-6000 að sumri. Klein (1970) telur minni þörf á próteini að vetrinum en sumrin, en kolvetni (orkugjafi) hins vegar vera mikilvægari í fæðunni til að halda líkamshita. Þessar breytingar á fæðupþörf falla vel að framboði fæðu.

Í sumarhögum er gróður með tiltölulega hátt próteininnihald, en í vetrarhögum eru fléttur aðalfæða, með hátt hlutfall af kolvetni. Þessir þættir vega mikið fyrir afkomu dýranna að vetrinum, þegar haglendið er rýrast.

Hæfileikinn til að nýta mestallan gróður sem fæðu, hægari efnaskipti og minnkuð orkupþörf fyrir veturinn, gerir hreindýrunum kleift að lifa af vetrarhörkur. Meira en 2000 kýr, sem Skoog (1968) skoðaði í Alaska, voru í góðu ásigkomulagi í mars og apríl. Það er ekki fyrr en eftir þann tíma, að hungur fer að sverfa að, vegna aukinna orkuparfar dýranna. Umhleypingar að vori hafa mikið að segja um afkomu hreindýrahjarðanna, kuldar og hriðarveður lengja veturinn og neyða dýrin til að halda áfram á vetrarfæði þó þörfin fyrir kjarnbetri fæðu sé vaxandi (sjá kafla um vorbeit, bls.134).

Skoog (1968) telur, að veturinn sjálfur sé ekki verulegt vandamál fyrir afkomu hreindýrastofnsins í flestum árum. Það er fyrst og fremst vorið, og síðari hluti vetrar sem ráða úrslitum fyrir hreindýrin. Líklegt er, að afkoma þeirra á þeim tíma ákvarði stofnstærðina hverju sinni. Sjá nánar um stofnstærð hjá Skarphéðni Þórisssyni (1983).

4.4.3.1. Vetrarbeit - niðurstöður Hreindýr voru felld á samtals sjö stöðum í vetrarveiðum, þrem stöðum á Fljótsdalsheiði og fjórum stöðum á Jökuldalsheiði. Alls voru felld 20 dýr, 10 á hvorri heiði.

Tafla 41 og súlurit á mynd 8, sýna meginniðurstöður fæðuathugana. Auk þess er að finna nákvæma lista í viðauka 3, þar sem getið er um allar þær tegundir sem fundust í fæðu dýranna og hlutföll þeirra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir samsetningu fæðu hreindýranna á hverjum veiðistað. Í umræðum verður gerður samanburður á fæðunni og gróðri svæðanna í stuttu máli. Síðan verður sagt frá fæðu dýranna samkvæmt meðaltali allra felldra dýra á hvorri heiði. Að lokum verður gerður samanburður á fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði.

### Fljótsdalsheiði

Veiðisvæði H14 (hreindýr nr. 41-43)

Merkisheiði (6846)

15.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og á mynd 8.

Einkímlöðungar (45%) eru atkvæðamestir í fæðunni. Ríkjandi gras-tegundir eru vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 13% og túnvingull (*Festuca rubra*) 12%. Ógreinanleg grös reyndust vera 9%. Meirihluti þeirra er þó trúlega fyrrnefndar tvær tegundir, en erfitt getur verið að greina mikið melta grasbúta til tegunda. Einnig fannst vottur af hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengasta störin (9%).

Runnar eru 41% fæðunnar, en algengustu tegundirnar eru sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*) 13%, holtasóley (*Dryas octopetala*) 7% og krækilyng (*Empetrum nigrum*) 5% fæðunnar. Ógreinanlegir kvistir eru 11%. Meirihluti þeirra eru víðiteinungar og e.t.v. fjalldrapi (*Betula nana*), en ógerlegt er að greina þá til tegunda barkarlausa. Grávíðir (*Salix callicarpaea*) og grasvíðir (*S. herbacea*) eru 3% og 2% fæðunnar. Lítið eitt fannst af bláberjalyngi (*Vaccinium uliginosum*).

Mosar (8 tegundir) nema 8% fæðunnar. Af þeim er *Racomitrium lanuginosum* algengastur (6%).


Fléttur eru aðeins 3% fæðunnar. *Cetraria islandica* (fjallagrös) er algengust þeirra, en aðrar tegundir sem fundust eru *Cetraria delisei* (mundagrös) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Af tvíkímlöðungum sem eru 2% fæðunnar fundust 3 tegundir: Geldingahnappur (*Armeria maritima*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagrás (*Silene acaulis*).

Lítið eitt fannst af elftingu, (1%).

Í töflu 19 bls. 52 er listi yfir tegundir sem fundust í krafsholum, þar á meðal eru þær tegundir sem mest fannst af í vömbum dýranna. Með þeim undantekningum, að fjalldrapi fannst ekki með vissu í vambarsýnum,

MYND 8  
Fæða hreindýra að vetri  
VETRARBEIT  
FLJÓTSDALSHÉIDI  
JÖKULDALSHÉIDI





heldur ekki axhæra (*Luzula spicata*) og fléttan *Cornicularia aculeata* (kræða).

Í töflu 18, snið H14 bls. 52 og texta bls. 51 er að finna niðurstöður af gróðurmáti á veiðisvæðinu, er gerðar voru að sumri til. Þar eru helstu tegundir holtasóley (51%), krækilyng (16%) og þursaskegg (*Kobresia myosuroides*) (4%). Aðrar tegundir hafa mün minni þekju.

Hér virðast hreindýrin sækja í túnvingul og vallarsveifgras ásamt sauðamerg, en lítið fannst af þessum tegundum við gróðurathuganir. Þau nýta hins vegar hlutfallslega lítið af holtasóley og krækilyngi sem mest er af.

Veiðisvæði H15 (hreindýr nr. 44-48)

Merkisheiði (6846)

16.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og á mynd 8.

Einkímlöðungar eru 44% fæðunnar, þar af eru grös 28%. Af þeim eru vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 14% og túnvingull (*Festuca rubra*) 8%, algengustu grösin. Lítið eitt fannst af hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Ógreind grös eru 6%. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 8% og móastör (*C. rupestris*) 4% fæðunnar. Aðrar tegundir einkímlöðunga eru móasef (*Juncus trifidus*), þursaskegg (*Kobresia myosuroides*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*).

Hlutur runna í fæðunni er 40%. Ógreindir kvistir eru 13% fæðunnar.

Þeir eru blanda af grávíði (*Salix callicarpaea*), grasvíði (*S. herbacea*) og e.t.v. fjalldrapa (*Betula nana*). Sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*) er 10%, holtasóley (*Dryas octopetala*) 8% og krækilyng (*Empetrum nigrum*) 6% fæðunnar. Lítið eitt fannst af bláberjalyngi (*Vaccinium uliginosum*).

Mosar (11 tegundir) eru 8% fæðunnar. Algengustu tegundirnar eru *Racomitrium canescens* 4% og *R. lanuginosum* 3%.

Hlutur fléttina er aðeins 3% og fundust eftirtaldar tegundir: *Cetraria delisei* (mundagrös), *C. islandica* (fjallagrös) og *Cornicularia aculeata* (kræða).

Tvikimblöðungar eru einungis 3% fæðunnar. Helstu tegundir eru geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Elftingar eru 2% fæðunnar aðeins ein tegund, beitieski (*Equisetum variegatum*).

Í töflu 20 bls. 54 er listi yfir tegundir, sem fundust í krafsholum á veiðisvæðinu (sjá texta bls. 51). Aðaltegundir í krafsholunum og í fæðunni eru í meginindráttum þær sömu. Þó vantaði gráviði, grasvíði, sauðamerg og vallarsveifgras í krafsholurnar. Erfitt var að skoða gróður í holunum sökum skafrennings er fyllti þær fljótt. Í töflu 18 snið H15 bls. 52 og texta bls. 51, er að finna niðurstöður gróðurathugana á veiðisvæðinu sem gerðar voru að sumri til. Hér, eins og á veiðisvæði H14, finnst mjög lítið af sauðamerg í gróðursniðunum, en hann er hins vegar í miklum mæli í fæðu dýranna. Fjalldrapi finnst ekki með vissu í fæðu dýranna, en tiltölulega mikið (7%) er af honum í gróðursniðinu. Mun meira er af grösnum í fæðunni en þekjumatið gefur tilefni til, en sem fyrr segir þá verða grös oft vanmetin, við þekjumat. Sæmileg fylgni virðist vera milli annarra tegunda.

Veiðisvæði H19 (hreindýr nr. 59 og 60)

Eyvindarfjöll (6749)

22.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og mynd 8.

Einkimblöðungar eru 41% fæðunnar, þar af eru grös 28%. Algengustu grösin eru vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 14% og túnvingull (*Festuca rubra*) 8%. Ógreind grös eru 6% fæðunnar. Hlutur stinnastalarar (*Carex bigelowii*) í fæðunni er 17%. Lítið eitt fannst af pursaskeggi (*Kobresia myosuroides*).

Runnar eru næstalgengasti fæðuflokkurinn 36%. Krækilyng (*Empetrum nigrum*) er algengast 19%, ógreindir kvistir 7%, grasvíðir (*Salix herbacea*) 4% og gráviðir (*S. callicarpaea*) og holtasóley (*Dryas octopetala*) 3% hvor tegund. Einnig fundust mosalyng (*Harrimanella hypnoides*), sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Hlutur mosa (7 tegundir) í fæðunni er 16%, *Racomitrium canescens* er 10% og *R. lanuginosum* 3%.

Af tvíkímblöðungum, sem eru 4% fæðunnar, fundust þessar tegundir: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Elftingar eru 2% fæðunnar. Fundust bæði beitieski (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*E. arvense*).

Fléttur eru aðeins 1% fæðunnar. Tvær tegundir fundust, *Cetraria delisei* (mundagrös) og *C. islandica* (fjallagrös).

Í töflu 17 snið H19, bls. 50 og texta bls. 49 er að finna niðurstöður gróðurathugana á veiðisvæðinu að sumarlagi. Þar vantar holtasóley, eins og í krafsholunum, (tafla 16 bls. 50), og krækilyng nær aðeins 2% þekju, sem bendir til að dýrin hafi verið á beit í öðru gróðurlendi, skömmu áður en þau voru felld. Kornsúra hefur hins vegar 12% þekju, en er lítið í fæðunni. Hafa ber í huga, að blöð hennar sölna yfirleitt áður en yetur gengur í garð.

#### Jökuldalsheiði

Veiðisvæði H16 (hreindýr nr. 49-51)

Víðidalur (6746)

18.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og á mynd 8.

Fléttur eru atkvæðamestar í fæðunni, 44%. *Cetraria islandica* (fjallagrös) er ríkjandi tegund, eða 43% fæðunnar. Aðrar tegundir eru: *Cetraria delisei* (mundagrös), *Cornicularia aculeata* (kræða) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkímblöðungar eru einnig atkvæðamiklir í fæðunni, eða 39%. Grös eru í miklum meiri hluta (30%). Helstu tegundir eru vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 13% og túnvingull (*Festuca rubra*) 10%. Ógreind grös eru 7%. Lítið eitt fannst af hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 9% fæðunnar, en auk hennar fannst móastör (*C. rupestris*).

Mosar (8 teg.) eru 6% fæðunnar, og er *Racomitrium canescens* þeirra algengastur.

Runnar eru samtals 5% fæðunnar. Eftirtaldar tegundir fundust: krækiliyng (*Empetrum nigrum*), grávíðir (*Salix callicarpaea*) og grasvíðir (*S. herbacea*).

Hlutur tvíkimblöðunga er 4% og fundust eftirfarandi tegundir: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Af elftingum er 2%. Ein tegund fannst, beitieski (*Equisetum variegatum*).

Í töflu 25 snið H16 bls. 63 og texta bls. 62 er að finna niðurstöður gróðurmats að sumri til á veiðisvæðinu og skráningu úr krafsholum að vetrinum (bls. 62). Þær tegundir sem mest er af í fæðunni, fundust einnig í krafsholum og við gróðurmat. Mjög lítið finnst þó af fléttum á svæðinu, einkanlega fjallagrösum sem mest er af í vömbum dýranna. Má ætla að dýrin hafi verið á beit í flétturíkara landi, skömmu áður en þau hófu beit á svæðinu sem þau voru felld á.

Veiðisvæði H17 (hreindýr nr. 52-54)

Litla Svalbarð (6646)

18.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og mynd 8.

Einkimblöðungar eru 48% fæðunnar, þar af eru grös 39%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 20% og túnvingull (*Festuca rubra*) 12% eru ríkjandi grastegundir. Ógreind grös eru 6%. Lítið eitt fannst af fjallafoxgrasi (*Phleum commutatum*). Starir eru 9% fæðunnar og er stinnastör (*Carex bigelowii*) aðaltegundin (8%). Auk hennar fannst móastör (*C. rupestris*). Einnig fundust klófífa (*Eriophorum angustifolium*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*).

Hlutur fléttna í fæðunni er 39%. *Cetraria islandica* (fjallagrös) er algengasta fléttan 19% og *C. delisei* (mundagrös) 9%. Erfitt var að greina sundur fjallagrös og mundagrös úr þessum dýrum, þar sem flétturnar voru mikið meltar. 12% fléttanna var því aðeins hægt að greina í ættkvíslina *Cetraria*. Aðrar tegundir eru *Cornicularia aculeata* (kræða)

og *Thamnolia subuliformis* (ormagrös).

Hlutur runna í fæðunni er 6%. Eftirtaldar tegundir fundust: krækilyng (*Empetrum nigrum*), gráviðir (*Salix callicarpaea*), grasvíðir (*S. herbacea*) og holtasóley (*Dryas octopetala*).

Hlutur elftinga er 3%. Bæði fundust beitieski (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*E. arvense*).

Tvíkimblöðungar eru einnig 3% fæðunnar. Fjórar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Mosar (5 teg.) eru aðeins 1% fæðunnar.

Í töflu 25 snið H17 bls. 63 og texta bls. 64 er að finna niðurstöður gróðurmats að sumri til á veiðisvæðinu og skráningu úr krafsholum að vetrinum (bls. 65). Þær tegundir sem mest er af í fæðunni fundust einnig í krafsholum í í gróðursniðum. Fjallagrös eru mun algengari í fæðunni en á jörðu (veiðistaðnum). Hins vegar virðast dýrin leiða krækilyng og holtasóley hjá sér.

Veiðisvæði H17a (hreindýr nr. 55)

Háreksstaðir

20.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og á mynd 8.

Hér var felldur haltur tarfur, er var einn á ráfi sunnan við Háreksstaði. Engin tök á nákvæmri staðsetningu á beitarstað.

Fléttur eru ríkjandi í fæðunni, 63%, þar af er *Cetraria islandica* (fjallagrös) í mestum mæli 62%. Einig fundust *Cladonia mitis* (hreindýramosi) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkimblöðungar eru 27% fæðunnar, þar af eru grös 24%. Aðaltegundir grasa eru vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 15% og túnvingull (*Festuca rubra*) 6%. Ógreind grös eru 3%. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 3% fæðunnar. Einig fundust þursaskegg (*Kobresia myosuroides*) og fjalla-foxgras (*Phleum commutatum*).

Hlutur runna er 6%. Eftirfarandi tegundir fundust: Krækilyng (*Empetrum nigrum*), sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*), gráviðir (*Salix callitrichaea*), grasvíðir (*S. herbacea*) og holtasóley (*Dryas octopetala*).

Af öðrum tegundahópum er enn minna. Beitieski (*Equisetum variegatum*) er 2% fæðunnar og sama hlutfall hafa tvíkimblöðungar. Af þeim fundust tvær tegundir, kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*) og auk þess ættkvíslin *Minuartia*.

Mosar eru engir.

Veiðisvæði H18 (hreindýr nr. 56-58)

Stóra Svalbarð, Botnalækur

20.2.1981

Niðurstöður í töflu 41 og á mynd 8.

Helmingur fæðunnar er fléttur (50%). *Cetraria islandica* (fjallagrös) er ríkjandi tegund 44%. Einnig fundust *Cetraria delisei* (mundagrös) *Cornicularia aculeata* (kræða) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Einkimblöðungar eru 31% fæðunnar, þar af eru grös 19%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 10% og túnvingull (*Festuca rubra*) 4% eru aðalgrastegundirnar. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 12% fæðunnar. Einnig fundust móastör (*C. rupestris*), þursaskegg (*Kobresia myosuroides*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*).

Hlutur runna í fæðunni er 11%. Mest er af krækilyngi (*Empetrum nigrum*) 4%, þá kemur holtasóley (*Dryas octopetala*) 3% og gráviðir (*Salix callitrichaea*) 3% fæðunnar.

Mosar (12 teg.) eru 5% fæðunnar. *Racomitrium canescens* er algengasti mosinn.

Af elftingum er 2%, en beitieski (*Equisetum variegatum*) er eina tegundin sem fannst.

Af tvíkimblöðungum er aðeins 1% í fæðunni. Þessar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), hvítmaðra (*Galium normanii*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

í töflu 25, bls. 63 og texta bls. 64 er að finna niðurstöður gróður-mats að sumri til á veiðisvæðinu og skráningu á plöntum í krafsholum að vetrinum. Þær tegundir sem mest er af í vömb, finnast einnig í mestum mæli í krafsholum og gróðursniðum. Helstu undantekningar frá þessu eru þær, að hreindýrin virðast forðast að bíta fjalldrappa (*Betula nana*), sem hefur 17% þekju, en finnst ekki í fæðunni og krækilyng sem er með 36% þekju en er aðeins í 4% fæðunnar. Auk þess er holtasóley ekki mikið bitin, þó hún sé til staðar í nokkru magni. Í staðinn nýta hreindýrin sér hreindýramosa, sem er með 7% þekju en er 44% fæðunnar.

#### 4.4.3.2 Vetrarbeit - umræða.

Fljótsdalsheiði. Í töflu 41 og mynd 8 er að finna niðurstöður athugunar á fæðuvali þeirra 10 hreindýra er felld voru á Fljótsdalsheiði í febrúar 1981.

Einkimblöðungar eru 42% fæðunnar, þar af eru grös 27% og starir 14%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 13% og túnvingull (*Festuca rubra*) 9% eru algengust grasa, en ógreind grös eru 6%. Þau eru líklega að meirihluta ofmeltir bútar af vallarsveifgrasi og túnvingli. Lítið eitt fannst af hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengust stara, 10% fæðunnar, auk hennar fannst móastör (*C. rupestris*).

Heildarvægi runna er svipað og einkimblöðunga, eða 40%. Sauðamerkur (*Loiseleuria procumbens*) 9%, krækilyng (*Empetrum nigrum*) 8% og holtasóley (*Dryas octopetala*) 7% eru algengustu tegundirnar. Ógreindir kvistir eru 11% fæðunnar, og er þar um að ræða blöndu af grávíði (*Salix callicarpaea*), grasvíði (*S. herbacea*) og fjalldrappa (*Betula nana*). Grasvíðir nemur 3% og grávíðir 2% fæðunnar. Einnig fundust mosalyng (*Harrimanella hypnoides*) og bláberjalyng (*Vaccinium uliginosum*).

Mosar eru 10% fæðunnar. Algengustu tegundir eru *Racomitrium canescens* 6% og *R. lanuginosum* 2%. Alls fundust 14 tegundir mosa í fæðunni.

Fléttur eru 3% fæðunnar. Fundust fjórar tegundir: *Cetraria delisei*

(mundagrös), *C. islandica* (fjallagrös), *Cornicularia aculeata* (kræða) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Tvíkímlöðungar eru einnig 3% fæðunnar og fundust eftirtaldar tegundir: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cetastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Elftingar eru 2% fæðunnar og er beitieski (*Equisetum variegatum*) eina tegundin.

Alls fundust 38 tegundir háplantna í fæðusýnum: 14 tegundir mosa, 8 tegundir einkímlöðunga, 7 tegundir runna, 4 tegundir tvíkímlöðunga og fléttina og 1 tegund elftingar.

Af ofangreindu má sjá að einkímlöðungar (42%) og runnar (40%) eru meginuppistaða í fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði í febrúar.

Við samanburð á fæðunni og framboði í högunum kemur í ljós að dýrin nýta þær plöntutegundir sem mest er af á hverjum stað. Þó er undantekning, að sauðamerkur virðist vera valinn, þar sem hann er 9% fæðunnar en gætir mjög lítið í gróðurmati og fannst ekki í krafsholum. Við skoðun á beitilandinu að sumri kom í ljós, að hann vex dreift, en hver planta er tiltölulega stór um sig á hverjum stað. Má ætla að hreindýrin finni staðina, sem hann vex á, undir snjó með lyktarskyni og nái því tiltölulega miklu af honum á hverjum stað, þó að meðalþekja hans sé lítil.

Hátt hlutfall mosa (10%) og krækilyngs (16%) í fæðunni, bendir hvortveggja til lélegs ástands beitilands (sbr. bls. 190).

Jökuldalsheiði. Í töflu 41 og mynd 8 er að finna samanteknar niðurstöður athugunar á fæðuvali þeirra 10 hreindýra er felld voru í febrúar 1981 á Jökuldalsheiði.

Fléttur eru 46% fæðunnar. *Cetraria islandica* (fjallagrös) er algengasta tegundin, eða 38% fæðunnar. Aðrar tegundir er fundust eru: *Cetraria delisei* (mundagrös), *Cladonia mitis* (hreindýramosi), *Cornicularia aculeata* (kræða), *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur) og *Thamnolia subuliformis* (ormagrös).

Einkímlöðungar eru næstalgengasti fæðuflokkurinn, eða 38% fæðunnar. Þar af eru grös 29%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 14% og túnvingull (*Festuca rubra*) 9% eru algengustu tegundirnar. Önnur grös eru hálm-gresi (*Calamagrostis neglecta*) og fjallafoxgras (*Phleum commutatum*). Ógreind grös eru 6% fæðunnar. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengasta störin, 9% fæðunnar. Einnig fannst móastör (*C. rupestris*). Aðrar tegundir úr hópi einkímlöðunga eru: Móasef (*Juncus trifidus*), pursaskegg (*Kobresia myosuroides*), klófifa (*Eriophorum angustifolium*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*).

Hlutur runna í fæðunni er 6%. Tegundir eru nokkrar: holtasóley (*Dryas octopetala*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og grávíðir (*Salix callicarpaea*) 2% fæðunnar hver. Auk þess finnst sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*) og grasvíðir (*Salix herbacea*).

Tvíkímlöðungar eru 4% fæðunnar og fundust eftirtaldar tegundir: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), hvítmaðra (*Galium normanii*), kornsúra (*Polygonum viviparum*), lambagras (*Silene acaulis*) og ættkvíslin *Minuartia*.

Mosar (12 tegundir) eru 3% fæðunnar, og er *Racomitrium canescens* algengasta tegundin.

Elftingar eru 2% fæðunnar, það eru (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*E. arvense*).

Auk þessa fannst mosajafni (*Selaginella selaginoides*) í vömb eins dýrs.

Alls fundust 41 tegund plantna í vömbum dýranna: 14 tegundir mosa, 9 tegundir einkímlöðunga, 6 tegundir fléttna, 5 tegundir tvíkímlöðunga og runna og 2 tegundir elftinga.

Af ofangreindu má sjá að fléttur (46%) og einkímlöðungar (38%) eru aðalfæða hreindýranna á Jökuldalsheiði í febrúar. Helstu tegundir í fæðunni eru: Fjallagrös 38%, vallarsveifgras 14%, túnvingull og stinnastör 9% hvor tegund. Þessar fjórar tegundir eru 70% fæðunnar.

Við samanburð á fæðu hreindýranna og framboði plantna í högunum kemur

í ljós að hreindýrin velja, að því er séð verður, markvisst fléttur. Hlutfall þeirra í vömb er mun hærra en fram kemur í gróðurmati. Grös og starir sýnast líka vera valin að nokkru marki. Hins vegar er tiltölu- lega lítið af runnum í fæðunni, sem nóg framboð er þó af. Sérstaklega á þetta við um krækilyng. Þess gætti svo lítið í fæðunni, að ætla má, að það hafi aðeins slæðst með öðrum gróðri í beitinni en ekki verið valið. Sama er að segja um fjalldrapa (*Betula nana*). Talsvert er af honum á ýmsum stöðum, en hann kemur þó hvergi fram í vambarsýnum.

Samanburður á vetrarbeit hreindýra  
á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

Þegar litið er á fjölda tegunda er fundust í fæðu dýranna á báðum heiðunum, sést að heildarfjöldi er svipaður, 41 tegund á Jökuldalsheiði á móti 38 tegundum á Fljótsdalsheiði (tafla 42). Þó er munur á fjölda tegunda innan hópanna: 1 tegund elftinga, einkimblöðunga og tvíkim- blöðunga og 2 tegundum fléttina fleira fundust á Jökuldalsheiði, en 2 tegundum fleira af runnum fundust á Fljótsdalsheiði.

Tafla 42

Samanburður á fjölda tegunda í vetrarfæðunni á Fljótsdals- og Jökuldals- heiði.

Fljótsdalsheiði                            Jökuldalsheiði

	Tegundafjöldi	Tegundafjöldi
Runnar	7	5
Elftingar	1	2
Einkimblöðungar	8	9
Tvíkimblöðungar	4	5
Fléttur	4	6
Mosar	14	14
Samtals	41	38

Með því að líta á súluritin á mynd 8 bls. 121 sést strax, að mikill munur er á vetrarfæðu hreindýranna á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

Í töflu 43 er gerður samanburður á fæðu hreindýranna á heiðunum að vetrarlagi.

Tafla 43

Samanburður á vetrarfæðu hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

	Fljótsdals-heiði	Jökuldals-heiði
Fjöldi dýra (n)	10	10
	%	%
Runnar	40	7 $t = 14,22; df = 18; P < 0,001$
Elftingar	2	2 $t = 1,15; df = 18; e.m.$
Einkímblöðungar	42	38 $t = 1,02; df = 18; e.m.$
Tvikímblöðungar	3	4 $t = 0,60; df = 18; e.m.$
Fléttur	3	46 $t = 4,11; df = 18; P < 0,001$
Mosar	10	3 $t = 9,61; df = 18; P < 0,001$
Samtals	100	100

e.m. = ekki marktækur munur ( $P < 0,05$ )

Í töflunni sést að marktækur munur er milli heiðanna á þremur fæðuflokkum, runnum, fléttum og mosum, en ekki flokkum einkímblöðunga, elftinga og tvikímblöðunga.

Mestu skiptir munur á fléttumagni. Nær helmingur fæðunnar (46%) á Jökuldalsheiði er fléttur en aðeins 3% á Fljótsdalsheiði.

Í stað fléttna koma í fyrsta lagi runnar, sem eru 40% fæðu á Fljótsdalsheiði en 7% á Jökuldalsheiði. Helstu tegundir eru holtasóley

(*Dryas octopetala*) 7%, krækilyng (*Empetrum nigrum*) 8% og sauðamerkur (*Loiseleuria procumbens*) 9%. Ógreindir kvistir (11%) eru að mestu grávíðir (*Salix callicarpaea*), grasvíðir (*S. herbacea*) og örlítið af fjalldrapa (*Betula nana*).

Í öðru lagi eru það mosar, en þeir nema 10% fæðunnar á Fljótsdalsheiði á móti 3% á Jökuldalsheiði.

Hlutfall einkímblöðunga, tvíkímblöðunga og elftinga í fæðunni er svipað á báðum heiðunum.

Hátt hlutfall sígrænna runna, eins og krækilyngs, og mosa í fæðunni á Fljótsdalsheiði, bendir til lélegs fæðuframboðs, þar sem dýrin nýta þessar tegundir aðeins þegar annað skárra er ekki á boðstólum.

Raða má helstu fæðuflokkunum eftir lostætni þeirra: Fléttur, einkímblöðungar og runnar.

Flétturnar eru því sá fæðuflokkur sem sóst er í að vetrinum. Framboð á einkímblöðungum (grösum og störum) er aldrei meira en svo að þeir nægi fyrir u.p.b. 40% af fæðubörfinni. Trúlegt að ekki borgi sig orkulega að hafa það hlutfall hærra. Verða þá runnar og mosar þrautalengingin, þar sem fléttur eru ekki til staðar.

#### 4.4.4 Vorbeit

Góðir hagar og vorkoma á réttum tíma eru mikilvæg fyrir afkomu hreindýrastofnsins og vænleik dýranna í hjörðinni (Skoog 1968, Klein 1968). Eftir tiltölulega litla orkunotkun og hvíld á líkamsstarfsemi að vetrinum, verða lífeðlisfræðilegar breytingar og efnaskipti öll aukast hjá dýrunum með hækandi sól. Þetta leiðir til þess, að þörfin fyrir góða fæðu eykst, bæði hvað varðar prótein (eggjahvítu), orkuinnihald og steinefni (Skoog 1968).

Helstu breytingar er verða á líkamsstarfsemi dýranna eru þessar. Hreinkýrnar þurfa mikla orku tvo síðustu mánuði meðgöngutímans, en þá er vöxtur fóstursins örastur, og fyrstu vikurnar sem þær hafa kálfa á spena. Meðal jórturdýra (húsdýra) er vitað að léleg beit (eða fóðrun) á þessum tíma veldur skaðvænlegum áhrifum, t.d. fósturláti, erfiðari

fæðingu eða jafnvel dauða móður, veikburða kálfum fram eftir sumri og þá um leið aukinni dánartíðni þeirra, ásamt lélegri nyt kúnna (Maynard og Loosli 1962, fengið frá Skoog 1968). Má ætla að slikt hendi hreindýr lika, ef þau eru í sveltí á vorin. Hornavöxtur fullorðinna tarfa og fitusöfnun hefst snemma vors, sem er undirbúningur fyrir fengitímann. Einnig hefst vöxtur vetrunga strax að vori, eftir stöðnun hans yfir veturinn.

Mikil þörf orku og próteins og framboð á kraftmikilli fæðu fellur saman í flestum árum. Hörð vor verða af og til, og geta þau ráðið úrslitum fyrir afkomu stofnsins, ef ekki er að finna snjólétt svæði, þar sem dýrin geta verið nær örugg um að ná til gróðurs.

4.4.4.1 Vorbeit - niðurstöður. Hreindýr voru felld á samtals sjö stöðum í vorveiðunum, þrem stöðum á Fljótsdalsheiði og fjórum stöðum á Jökuldalsheiði. Alls voru felld 20 dýr, 10 á hvorri heiði.

Tafla 44 og súlurit á mynd 9, sýna meginniðurstöður fæðuathugana. Auk þess er að finna nákvæma lista í viðauka 4, þar sem getið er um allar þær tegundir sem fundust í fæðu dýranna og hlutföll þeirra.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir samsetningu fæðu hreindýranna á hverjum veiðistað. Í umræðum verður gerður í stuttu máli samanburður á fæðunni og gróðri svæðanna. Síðan verður sagt frá fæðu dýranna samkvæmt meðaltali allra felldra dýra á hvorri heiði. Að lokum verður gerður samanburður á fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði og Jökuldalsheiði.

#### Fljótsdalsheiði

Veiðisvæði H20 (hreindýr nr. 61-66)

Klausturselsheiði (6747)

4.5.1981

Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9.

Einkimblöðningar eru algengastir í fæðunni, 36%. Mest er af grósum, 31%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) er 12% og túnvingull (*Festuca rubra*) 2% fæðunnar. Ógreind grös eru 16%.

TAFLA 44


Fæða hreindýra að vori (meginniðurstöður)

VORBEIT	F L J Ó T S D A L S H E I Ð I					J Ö K U L D A L S H E I Ð I				
	Klaustur-selsheiði	Stóri-lækur	Stuðla-foss	X		Vetur-húsa-tjörn	Ána-vatn	Búðar-háls	Grjót-garðs-háls	X
Fjöldi dýra	6	2	2	10		4	.2	2	2	10
Hreindýr nr.	61-66	67-68	69-70	Meðaltal veiddra dýra		71-74	75-76	77-78	79-80	Meðaltal veiddra dýra
Veiðisvæði	H20	H21	H22			H23	H24	H25	H26	
RUNNAR:										
<i>Betula nana</i> <sup>1</sup>	<1	2	1	1			<1	1		<1
<i>Dryas octopetala</i> <sup>2</sup>	4	8	4	5		1	<1	<1	1	1
<i>Empetrum nigrum</i> <sup>3</sup>	6	5	5	5		1	2	1	4	2
<i>Loiseleuria procumbens</i> <sup>4</sup>	6	1	5	4		<1				<1
<i>Salix callicarpaea</i> <sup>5</sup>	1	3	1	2		<1	1	<1	4	1
<i>S. herbacea</i> <sup>6</sup>	3	2	1	3		<1	1	1		<1
Ógreindir kvistir	7	7	5	7		1	1	<1	2	1
Runnar samtals	27	28	22	27		3	5	2	12	5
Staðalfrávik (S.d.)	5,5	9,0	1,1	5,5		1,9	3,9	0,2	1,9	3,9
ELFTINGAR:	4	8	2	4		2	1	2	3	2
Staðalfrávik (S.d.)	2,0	3,3	1,2	2,7		0,73	0,7	1,1	2,3	1,3
EINKÍMBLÖÐUNGAR										
<i>Carex bigelowii</i> <sup>7</sup>	2	8	4	4		18	15	1	9	13
<i>C. rupestris</i> <sup>8</sup>	2	5	2	2			<1		1	<1
Ógreindir starir:	1	<1		<1		2	3		<1	1
Starir samtals	5	13	6	6		20	18	1	10	14
<i>Festuca rubra</i> <sup>9</sup>	2	4	2	3		3	1	1	1	2
<i>Poa pratensis</i> <sup>10</sup>	13	8	38	17		16	3	4	21	12
Önnur grös						1	1	<1	1	1
Ógreindir grös	16	4	14	13		11	5	1	12	8
Grös samtals	31	16	54	33		31	10	6	35	23
<i>Eriophorum angustifolium</i> <sup>11</sup>		<1		<1		3	9		2	4
Annað	<1	<1	<1	<1				2		<1
Einkimbl. samtals	36	29	60	39		54	37	7	49	41
Staðalfrávik (S.d.)	5,9	10,8	1,9	12,2		12,9	13,8	1,2	13,3	21,1
TVÍKÍMBLÖÐUNGAR:										
<i>Polygonum viviparum</i> <sup>12</sup>	1	4	<1	2		<1		1	1	<1
Aðrir tvíkimbl.	1	2	1	1		1	<1		2	1
Ógreindir tvíkimbl.	1	1	1	1		<1		<1		
TVíkímblöðungar samtals	3	7	2	4		1	<1	1	3	1
Staðalfrávik (S.d.)	0,9	0,5	0,4	1,6		0,3	0,2	0,5	1,8	1,2
FLÉTTUR:										
<i>Cetraria spp.</i>	6	6	4	6		25	28	39	14	26
<i>C. delisei</i> <sup>13</sup>	1	3	1	2		1	8	10	4	5
<i>C. islandica</i> <sup>14</sup>	10	3	1	6		6	8	29	<1	10
<i>Cornicularia aculeata</i> <sup>15</sup>	3	1	1	2		4	11	5	11	7
Aðrar fléttur	<1	<1	<1	<1		1		1		1
Ógreindar fléttur	<1	<1	<1	<1			<1		<1	
Fléttur samtals	20	13	7	16		37	55	84	29	49
Staðalfrávik (S.d.)	9,2	3,2	0,4	8,8		13,3	8,1	1,3	15,2	22,7
MOSAR:										
<i>Racomitrium canescens</i>	7	10	5	7		1	1	3	1	1
Aðrir mosar	3	5	2	3		2	1	1	2	1
Mosar samtals	10	15	7	10		3	2	4	3	2
Staðalfrávik (S.d.)	3,1	2,5	2,1	3,6		0,8	0,9	1,8	0,4	1,0
ANNAD:	<1			<1		<1			1	<1

<sup>1</sup>fjalldrapí <sup>2</sup>holtasóley <sup>3</sup>krækilyng <sup>4</sup>sauðamergr <sup>5</sup>grávíðir <sup>6</sup>grasvíðir <sup>7</sup>stinnastör <sup>8</sup>móastör <sup>9</sup>túnvingull

<sup>10</sup>vallarsveifgras <sup>11</sup>klófifa <sup>12</sup>kornsúra <sup>13</sup>mundagrös <sup>14</sup>fjallagrös <sup>15</sup>kræða.

MYND 9  
Fæða hreindýra að vori  
JÖKULDALSHEIDI





Af störum fundust stinnastör (*Carex bigelowii*) og móastör (*C. rupestris*), 2% hvor tegund. Aðrar tegundir eru, flagasef (*Juncus biglumis*), móasef (*J. trifidus*), þursaskegg (*Kobresia myosuroides*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*).

Runnar eru 28% fæðunnar. Algengustu tegundirnar eru: sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*) 6%, krækilyng (*Empetrum nigrum*) 6%, holta-sóley (*Dryas octopetala*) 4% og grasvíðir (*Salix herbacea*) 3%. Einnig fundust gráviðir (*S. callicarpaea*) og fjalldrapi (*Betula nana*). Ógreinanlegir kvistir eru 6% fæðunnar.

Fléttur eru 20% fæðunnar. *Cetraria islandica* (fjallagrös), 10%, er algengust þeirra. Aðrar tegundir sem fundust eru: *Cornicularia aculeata* (kræða) 3%, *Cetraria delisei* (mundagrös) 1% *C. nivalis* (mariugrös), *Cladonia mitis* (hreindýraflétta) og *Stereocaulon alpinum* (grábreyeskíngur). Undir ættkvíslina *Cetraria* fellur 6% fléttanna.

Hlutur mosa (11 tegundir) í fæðunni er 10%, og er *Racomitrium canescens* algengastur þeirra, 7%.

Af elftingum er 4%. Fundust bæði beitieski (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*E. arvense*).

Tvíkimblöðungar eru 3% fæðunnar. Þessar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

"Annað" er minna en 1% fæðunnar. Sveppir fundust í einu dýri.

Í töflu 22, bls. 56 er listi yfir tegundir er fundust í krafsholum á veiðisvæðinu. Aðaltegundir í krafsholum og fæðunni eru í megin-dráttum þær sömu. Þó vantar gráviði og grasvíði í krafsholurnar.

Í töflu 21, snið H20, bls. 54 og texta bls. 55 er að finna niðurstöður gróðurathugana á veiðisvæðinu, gerðum að sumarlagi. Tiltölulega lítil þekja er af sauðamergrum, fléttum og grösnum í gróðurreitunum, mun minni en í fæðunni, sem bendir til að eftir þessum tegundum sé sóst í beitinni.

Veiðisvæði H21 (hreindýr nr. 67 og 68)

Stórilækur, Klausturselsheiði (6747)

5.5.1981

Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9,

Einkimblöðungar eru 29% fæðunnar. Þar af eru grös 16% og starir 13%.

Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 8% og túnvingull (*Festuca rubra*) 4% eru algengustu grösin. Ógreind grös eru 4%.

Af störum fundust stinnastör (*Carex bigelowii*) 8% og móastör (*C. rupestris*) 5%. Aðrar tegundir einkimblöðunga er fundust í fæðunni eru: pursaskegg (*Kobresia myosuroides*) og klófífa (*Eriophorum angustifolium*).

Runnar nema 28% fæðunnar. Þessar tegundir fundust: holtasóley (*Dryas octopetala*) 8%, krækilyng (*Empetrum nigrum*) 5%, grávíðir (*Salix callitrichaea*) 3%, grasvíðir (*S. herbacea*) 2%, fjalldrapi (*Betula nana*) 2% og sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*) 1%. Ógreindir kvistir eru 7% fæðunnar.

Mosar (6 tegundir) eru 15% fæðunnar og eru *Racomitrium canescens* (10%) og *R. lanuginosum* (4%) algengastir þeirra.

Hlutur fléttina í fæðunni er 13%. *Cetraria* spp. er 6%, en *C. delisei* (mundagrös) og *C. islandica* (fjallagrös) eru 3% fæðunnar hvor tegund.

Aðrar tegundir eru: *Cladonia mitis* (hreindýrafléttta) og *Cornicularia aculeata* (kræða).

Elftingar eru 8% fæðunnar. Ein tegund fannst, beitieski (*Equisetum variegatum*).

Tvikimblöðungar eru 7% fæðunnar. Kornsúra (*Polygonum viviparum*) er algengasta tegundin, 4%. Aðrar tegundir eru: geldingahnappur (*Armeria maritima*) og vetrarsteinbrjótur (*Saxifraga oppositifolia*),

Í texta bls. 53 er að finna niðurstöður á athugun á veiðisvæðinu að vetrinum. Helstu tegundir í fæðunni, finnast einnig í krafsholunum. ekki fundust þó grasvíðir, sauðamergrur og fjallagrös. Ekkert þekjumat var gert að sumarlagi, þar sem veiðistaðurinn fannst ekki aftur með vissu.

Veiðisvæði H22 (hreindýr nr. 69 og 70)  
Stuðlafoss, Klausturselsheiði (6747)  
5.5.1981  
Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9.

Einkimblöðungar eru samtals 60% fæðunnar, þar af eru grös 54%. Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) er algengasta grasið, 38%, en einnig fannst túnvingull (*Festuca rubra*) 2%. Ógreind grös eru 14% fæðunnar. Af störum greindust 2 tegundir, stinnastör (*Carex bigelowii*) 4% og móastör (*C. rupestris*) 2%.

Hlutur runna í fæðunni er 22%. Algengustu tegundir eru: krækilyng (*Empetrum nigrum*) 5%, sauðamergr (Loiseleuria procumbens) 5% og holtsóley (*Dryas octopetala*) 4%. Einig fundust: grávíðir (*Salix callitrichaea*), grasvíðir (*S. herbacea*) og fjalldrapi (*Betula nana*). Ógreindir kvistir eru 5% fæðunnar.

Fléttur eru 7% fæðunnar. Undir ættkvíslina *Cetraria* flokkast 4%. Tegundir sem fundust eru: *Cetraria delisei* (mundagrös), *C. islandica* (fjallagrös), *Cornicularia aculeata* (kræða) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur).

Hlutur mosa (4 tegundir) í fæðunni er einnig 7%. Mest er af *Racomitrium canescens* eða 5%.

Elftingar eru 2% fæðunnar. Ein tegund, beitieski (*Equisetum variegatum*) fannst.

Tvikimblöðungar eru aðeins 2% fæðunnar. Eftirtaldar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*) og kornsúra (*Polygonum viviparum*).

Á bls. 55 er fjallað um gróðurfar í krafsholum á veiðisvæðinu. Ekki var talið fært að meta gróðurþekju að sumarlagi, vegna þess að dýrin stóðu stutt við á hverjum beitarstað, voru í ýmsum gróðurlendum og fóru hratt yfir. Helstu tegundir í fæðunni fundust einnig í krafsholunum, að undanskildum sauðamergr, grasvíði, grávíði og móastör.

Jökuldalsheiði

Veiðisvæði H23 (hreindýr nr. 71-74)

Veturhúsatjörn (6646)

8.5.1981

Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9.

Einkimblöðungar eru 54% fæðunnar, þar af eru 31% grös og 20% starir.

Vallarsveifgras (*Poa pratensis*) er algengasta tegundin, eða 16%.

Einnig fundust túningull (*Festuca rubra*) (3%) og hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Stinnastör (*Carex bigelowii*) er 18% fæðunnar og klófífa (*Eriophorum angustifolium*) 3%.

Hlutur fléttina í fæðunni er 37%. Mest er af *Cetraria* spp. 25% sem er blanda af *Cetraria islandica* (fjallagrösum) og *C. delisei* (mundagrösum). Fléttutegundir sem fundust eru, fjallagrös 6%, *Cornicularia aculeata* (kræða) 4% og mundagrös 1%, *Cladonia gracilis*, *Pseudophebe pubescens*, *Stereocaulon alpinum* (grábreyeskíngur) og *Umbilicaria cylindrica*.

Runnar eru 3% fæðunnar, en þessar tegundir fundust: krækilyng (*Empetrum nigrum*), holtasóley, (*Dryas octopetala*), sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*), gráviðir (*Salix callicarpaea*) og grasviðir (*S. herbacea*).

Mosar (12 tegundir) eru 3% fæðunnar og er *Racomitrium canescens* þeirra algengastur.

Hlutur elftinga er 2%, allt ein tegund, beitieski (*Equisetum variegatum*).

"Annað" er minna en 1% fæðunnar. Fannst bjalla af tegundinni *Phyllolecta polaris*, svo og fjaðrir.

Á bls. 69 eru niðurstöður gróðurathugana að vetri. Ekkert fannst af fléttugróðri á stöðunum þar sem dýrin voru á beit, en hátt hlutfall fléttina er í vönbum þeirra. Hreindýrin voru hins vegar nýkomin úr Víðidal, sem er flétturíkt svæði. Ekkert gróðurmat var gert að sumri til.

Veiðisvæði H24 (hreindýr nr. 75 og 76)

Ánavatn (6646)

9.5.1981

Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9.

Fléttur eru ríkjandi í fæðunni (55%). *Cetraria islandica* (fjallagrös) og *C. delisei* (mundagrös) eru 8% fæðunnar hvor tegund, auk þess sem 28% fellur undir ættkvíslina *Cetraria*, sem er blanda af fyrrnefndum tegundum. *Cornicularia aculeata* (kræða) er 11%. Auk þess fannst ættkvíslin *Stereocaulon*.

Einkímblöðungar eru 37% fæðunnar, þar af eru starir 18%, grös 10% og fífur 9%. Hlutur stinnastalar (*Carex bigelowii*) í fæðunni er 15%. Af grósum eru þessar tegundir: vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 3%, túningull (*Festuca rubra*) 1% og hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*). Ógreind grös eru 5% fæðunnar. Klófifa (*Eriophorum angustifolium*) er 9% fæðunnar.

Hlutur runna í fæðunni er 5%. Eftirtaldar tegundir fundust: krækilyng (*Empetrum nigrum*), gráviðir (*Salix callicarpaea*), grasviðir (*S. herbacea*) og fjalldrapi (*Betula nana*).

Mosar (4 tegundir) eru 2% fæðunnar, og er *Racomitrium canescens* algengasta tegundin.

Elftingar, eru 1% fæðunnar, allt beitieski (*Equisetum variegatum*).

Af tvíkímblöðungum fannst aðeins geldingahnappur (*Armeria maritima*), sem reyndist minna en 1% fæðunnar.

Í töflu 25, snið H24, bls. 63, töflu 28, snið H24a, bls. 67 og texta bls. 65 er að finna niðurstöður gróðurmats að sumri til á veiðisvæðinu og skráningu úr krafsholum að vetrinum.

Plöntutegundir, er fundust í vömbum dýranna, finnast allar á veiðisvæðinu.

Dýrin virðast sækja mest í stinnastör og klófifu í flóanum. Þessar tegundir voru aðeins farnar að taka við sér og grænir fífukólfar

áberandi undir nýsnævinu, einu merkin um vorkomu á veiðisvæðinu.

Hreindýrin líta hins vegar lítið við runnum sem nægilegt framboð er af samkvæmt þekjumati. Hins vegar er mun meira af fléttum í fæðunni en hagarnir gefa tilefni til. Má því ætla, að dýrin hafi verið á beit í flétturíkara landi nokkru áður en þau voru felld, því flétturnar í vömbunum voru mikið meltar og erfitt að greina stóran hlut þeirra til tegunda.

Veiðisvæði H25 (hreindýr nr. 77 og 78)

Búðarháls (6747)

9.5.1981

Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9.

Fléttur eru hér 84% fæðunnar. Þar af eru tegundir af ættkvíslinni *Cetraria* 78%. Einungis tókst að greina helminginn með vissu til tegunda. *Cetraria islandica* (fjallagrös) (29%) og *Cetraria delisei* (mundagrös) (10%). Aðrar tegundir eru, *Cornicularia aculeata* (kræða) 5%, *Cladonia gracilis* og *Umbilicaria cylindrica*.

Einkimblöðningar eru 7% fæðunnar, þar af eru grös 6% og starir 1%. Grösin eru þessi, vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 4%, túnvingull (*Festuca rubra*), fjallapuntur (*Deschampsia alpina*), fjallasveifgras (*Poa alpina*). Af störum fundust tvær tegundir, stinnastör (*Carex bigelowii*) og móastör (*Carex rupestris*).

Hlutur mosa (4 tegundir) er 4%, og er *Racomitrium canescens* algengasta tegundin.

Runnar eru 2% fæðunnar. Eftirtaldar tegundir fundust: krækilyng (*Empetrum nigrum*), grasvíðir (*Salix herbacea*), grávíðir (*S. callipræcea*), holtasóley (*Dryas octopetala*) og fjalldrapi (*Betula nana*).

Af elftingum er 2%, eingöngu beitieski (*Equisetum variegatum*).

Tvikimblöðningar eru 1% fæðunnar. Ein tegund fannst, kornsúra (*Polygonum viviparum*).

Á bls. 69 eru niðurstöður gróðurathugana á veiðisvæðinu. Allar tegundir er finnast í fæðunni fundust einnig í krafsholum nema vallarsveifgras og

grasviðir. Fléttur voru mjög áberandi um allan hálsinn, sérstaklega fjallagrös og mundagrös.

Veiðisvæði H26 (hreindýr nr. 79 og 80)

Grjótgarðsháls (6546)

9.3.1981

Niðurstöður í töflu 44 og á mynd 9.

Einkímblöðungar eru 49% fæðunnar, þar af eru grös 35% og starir 10%.

Af grósum er mest af vallarsveifgrasi (*Poa pratensis*) 21%. Aðrar grastegundir eru: túnvingull (*Festuca rubra*), hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) og fjallasveifgras (*Poa alpina*). Af störum eru tvær tegundir: stinnastör (*Carex bigelowii*) 9% og móastör (*C. rupestris*) 1%.

Aðrar tegundir einkímblöðunga eru: klófífa (*Eriophorum angustifolium*), sýkigras (*Tofieldia pusilla*) og ættkvíslin *Juncus*.

Fléttur eru 29% fæðunnar, 14% flokkast undir ættkvíslina *Cetraria*.

Helstu tegundir eru: *Cornicularia aculeata* (kræða) 11%, *Cetraria delisei* (mundagrös), 4% og *C. islandica* (fjallagrös) 1%. Auk þess fannst ættkvíslin *Peltigera*.

Hlutur runna í fæðunni er 12%. Algengustu tegundir eru gráviðir (*Salix callicarpaea*) 4% og krækilyng (*Empetrum nigrum*) 4%. Einnig fundust holtasóley (*Dryas octopetala*) og fjalldrapi (*Betula nana*).

Tvikímblöðungar eru 3% fæðunnar. Eftirtaldar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Af elftingum er 3%. Ein tegund fannst, beitieski (*Equisetum variegatum*).

Mosar (6 tegundir) eru 3% fæðunnar.

"Annað" er 1% fæðunnar, þ.e. sveppir, fjaðrir, spörð og bjallan *Phyllolecta polaris*.

Í töflu 25, snið H26, bls. 63 og texta bls. 68 er að finna niðurstöður gróðurathugana að sumarlagi á veiðisvæðinu og skráningu úr krafsholum að

vetrinum. Hreindýrin ganga mikið til framhjá krækilyngi og viði sem mest er af í gróðurþekjunni, en sækjast hins vegar eftir fléttum og grósum sem ná mun minni þekju.

#### 4.4.4.2 Vorbeit - umræða.

Fljótsdalsheiði. Við samanburð á fæðu hreindýranna og framboði plantna í högunum kemur í ljós, að þau virðast velja þær tegundir sem mest er af á hverjum stað. Þess ber þó að geta, að hvorki fundust grávíðir, grasvíðir, sauðamerger né fjallagrös í krafsholum, en þau eru þó nokkur hluti fæðunnar. Þetta er trúlega vegna þess, að hreindýrin rása oft mikið á beitinni, og því ekki líkur á, að allar tegundir sé að finna á þeim stöðum, þar sem þau voru felld.

Í töflu 44 og mynd 9 er að finna niðurstöður á athugun á fæðuvali þeirra 10 hreindýra er felld voru á Fljótsdalsheiði í maí 1981.

Einkimblöðningar eru 39% fæðunnar, þar af eru grös 33% og starir 6%. Tvær tegundir grasa fundust, vallarsveifgras (*Poa pratensis*) 17% og túnvingull (*Festuca rubra*) 3%. Ógreind grös eru 13% fæðunnar. Er þar um að ræða mikið melta búta af vallarsveifgrasi og túnvingli. Tvær tegundir stara fundust, stinnastör (*Carex bigelowii*) 4% og móastör (*C. rupestris*) 2% fæðunnar. Einnig fannst klófífa (*Eriophorum angustifolium*), flagasef (*Juncus biglumis*), móasef (*J. trifidus*), þursaskegg (*Kobresia myosuroides*) og sýkigras (*Tofieldia pusilla*).

Heildarvægi runna í fæðunni er 27% og dreifist á eftirtaldar tegundir; krækilyng (*Empetrum nigrum*) 5%, holtasóley (*Dryas octopetala*) 5%, sauðamergr (*Loiseleuria procumbens*) 4%, grasvíði (*Salix herbacea*) 3%, grávíði (*S. callicarpaea*) 2% og fjalldrappa (*Betula nana*) 1%. Ógreindir kvistir eru 7% og er þar aðallega um að ræða grávíði, grasvíði og fjalldrappa.

Fléttur eru 16% fæðunnar. Algengstu tegundirnar eru: *Cetraria islandica* (fjallagrös) 6%, *C. delisei* (mundagrös) 2% og *Cornicularia aculeata* (kræða) 2%. Auk þess fannst lítið eitt af *Cetraria nivalis* (mariugröstum), *Cladonia mitis* (hreindýrafléttu) og *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingi). Erfitt reynist að greina á milli fjallagrassa og mundagrassa og falla 6% flétttnanna því undir *Cetraria* spp.

Hlutur mosa (10 tegundir) í fæðunni er 10% og er *Racomitrium canescens* algengasta tegundin.

Af elftingum er 4% fæðunnar. Tvær tegundir fundust: Beitieski (*Equisetum variegatum*) og klóelfting (*E. arvense*).

Tvikimblöðungar eru einnig 4% fæðunnar. Kornsúra (*Polygonum viviparum*) er algengasta tegundin (2%). Aðrar tegundir eru: Geldingahnappur (*Armeria maritima*), músareyra (*Cerastium alpinum*), vetrarsteinbrjótur (*Saxifraga oppositifolia*) og lambagras (*Silene acaulis*).

Alls fundust 41 tegund háplantna í fæðusýnum: 11 tegundir mosa, 9 tegundir einkimblöðunga, 7 tegundir runna, 6 tegundir fléttna, 6 tegundir tvikimblöðunga og 2 tegundir elftinga.

Af ofangreindu má sjá að einkimblöðungar (39%) og runnar (27%) eru meginuppistaða í fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði í mai ásamt fléttum (16%). Tegundir er tilheyra þessum flokkum eru fremur margar, og er hlutfall hverrar tegundar um sig í fæðunni tiltölulega lágt. Helstu tegundir eru: vallarsveifgras 17%, fjallagrös 6%, holtasóley 5% og krækilyng 5%.

Vert er að benda á, að hlutur fléttna hefur aukist úr 3% í 16% frá vetrarbeitinni, á kostnað runna sem voru 40% í vetrarbeit, en eru 27% í vorbeitinni. Þessi breyting stafar af því, að hreindýrin eru komin innar á heiðina, þar sem meira er um fléttur og velja þær hiklaust fram yfir runnana.

Ógreind grös eru 13% (blanda af vallarsveifgrasi og túnvingli), ógreindir kvistir 7% (blanda af grávíði, grasvíði og fjalldrapa), og *Cetraria* spp. 6% (blanda af fjallagrösum og mundagrösum). 26% fæðunnar var því ekki unnt að greina til tegunda.

Jökuldalsheiði. Við samanburð á fæðu hreindýranna og framboði plantna í högunum kemur í ljós að þau virðast velja fléttur, grös og starir en ganga framhjá runnum, t.d. krækilyngi og viði sem nóg framboð er af.

Í töflu 44 og mynd 9 er að finna niðurstöður á athugun á fæðuvali þeirra

10 hreindýra er voru felld í mai á Jökuldalsheiði.

Fléttur eru 49% fæðunnar og þar af er *Cetraria* spp. 41%. Af þeim greindust *Cetraria islandica* (fjallagrös) 10% og *C. delisei* (mundagrös) 5% sem aðaltegundir. *Cornicularia aculeata* (kræða) er 7% fæðunnar. Aðrar fléttur eru: *Cladonia gracilis*, *Pseudophebe pubescens*, *Stereocaulon alpinum* (grábreykskingur), *Umbilicaria cylindrica* og ættkvíslin *Peltigera*.

Einkímlöðungar eru næstalgengasti fæðuflokkurinn 41% fæðunnar, þar eru grös 23% og starir 14%. Af grösum er mest af vallarsveifgrasi (*Poa pratensis*) eða 12%. Aðrar tegundir eru: túnvingull (*Festuca rubra*), hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*), fjallapuntur (*Deschampsia alpina*) og fjallasveifgras (*Poa alpina*). Ógreind grös eru 8% fæðunnar. Stinnastör (*Carex bigelowii*) er algengust stara, eða 13% fæðunnar. Litið eitt fannst af móastör (*Carex rupestris*). Aðrar tegundir úr hópi ein-kímlöðunga eru: klófífa (*Eriophorum angustifolium*) 4%, sýkigras (*Tofieldia pusilla*) og ættkvíslin *Juncus*.

Hlutur runna í fæðunni er 5%. Þessar tegundir fundust: fjalldrapi (*Betula nana*), holtasóley (*Dryas octopetala*), krækilyng (*Empetrum nigrum*), sauðamergrur (*Loiseleuria procumbens*), gráviðir (*Salix callitrichaea*) og grasvíðir (*Salix herbacea*).

Elftingar eru 2% fæðunnar. Ein tegund fannst, beitieski (*Equisetum variegatum*).

Mosar (15 tegundir) eru 2% fæðunnar.

Hlutur tvíkímlöðunga í fæðunni er 1%. Þessar tegundir fundust: geldingahnappur (*Armeria maritima*), mísareyra (*Cerastium alpinum*), kornsúra (*Polygonum viviparum*) og lambagras (*Silene acaulis*).

"Annað" er innan við 1% fæðunnar: sveppir, fjaðrir, spörð og bjallan *Phyllodecta polaris*.

Alls fundust 42 tegundir plantna í vömbum dýranna: 15 tegundir mosa, 9 tegundir einkímlöðunga, 7 tegundir fléttna, 6 tegundir runna, 4

tegundir tvíkimblöðunga og 1 tegund elftingar.

Af ofangreindu má sjá að fléttur (49%) og einkimblöðungar (41%) eru aðalfæðuhópur hreindýranna á Jökuldalsheiði fyrrihluta maí. Helstu tegundir eru: fjallagrös og mundagrös samtals 41% fæðunnar, stinna-stör 13%, vallarsveifgras 12% og kræða 7%. Þessar tegundir nema alls 73% fæðunnar.

Fæðuval hreindýranna á Jökuldalsheiði í febrúar og maí er nánast eins, enda dýrin á sömu slóðum og gróandi ekki hafin.

Vetrarfæða er ennþá ríkjandi.

Samanburður á vorbeit hreindýra  
á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

Heildarfjöldi plöntutegunda á báðum heiðunum er svipaður, 42 tegundir á Jökuldalsheiði á móti 41 tegund á Fljótsdalsheiði (tafla 45). Munur er á fjölda tegunda innan einstakra hópa á hvorum staðnum.

Á Jökuldalsheiði er 4 tegundum mosa og 1 tegund fléttna fleira en á Fljótsdalsheiði. Hins vegar greindust fleiri tegundir tvíkimblöðunga (2), elftinga (1) og runna (1) á Fljótsdalsheiði en á Jökuldalsheiði.

Tafla 45

Samanburður á fjölda tegunda í vorfæðunni á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

	Fljótsdalsheiði	Jökuldalsheiði
Tegundarfjöldi	Tegundarfjöldi	
Runnar	7	6
Elftingar	2	2
Einkimblöðungar	9	9
Tvíkimblöðungar	6	4
Fléttur	6	7
Mosar	11	15
Samtals	41	42

Með því að líta á súluritin á mynd 9 bls. 137 sést að mikill munur er á fæðu hreindýranna á Fljótsdals- og Jökuldalsheiðum í maíbyrjun.

Í töflu 46 er gerður samanburður á fæðu hreindýra á heiðunum. Þar sést að marktækur munur er á öllum fæðuflokkum milli heiðanna nema flokki einkimblöðunga.

Hafa ber í huga, að hér er eiginlega um vetrarbeit að ræða þar sem snjór var yfir öllu og ekkert farið að grænka.

Tafla 46

Samanburður á vorfæðu hreindýra á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

	Fljótsdals- heiði	Jökuldals- heiði
Fjöldi dýra (n)	10	10
	%	%
Runnar	27	5 $t = 9,86$ : df = 18: $P < 0,001$
Elftingar	4	2 $t = 2,37$ : df = 18: $P < 0,05$
Einkimblöðungar	39	41 $t = 0,14$ : df = 18: e.m.
Tvikimblöðungar	4	1 $t = 3,54$ : df = 18: $P < 0,01$
Fléttur	16	49 $t = 4,19$ : df = 18: $P < 0,001$
Mosar	10	2 $t = 6,70$ : df = 18: $P < 0,001$
Samtals	100	100

e.m. = ekki marktækur munur ( $P < 0,05$ )

Mestu skiptir munur á fléttum í fæðunni, 49% á Jökuldalsheiði miðað við 16% á Fljótsdalsheiði. Aðaltegundir fléttna á báðum svæðunum eru þær sömu, *Cetraria islandica* (fjallagrös), *C. delisei* (mundagrös) og *Cornicularia aculeata* (kræða).

í stað fléttannanna koma, í fyrsta lagi, runnar sem eru 27% í fæðu Fljótsdalsheiðardýranna en 5% í fæðu Jökuldalsheiðardýranna. Helstu tegundir eru: Holtasóley (*Dryas octopetala*) 5%, krækilyng (*Empetrum nigrum*) 4%. Ógreindir kvistir eru 7%.

Í öðru lagi eru það mosar sem nema 10% fæðunnar á Fljótsdalsheiði en 2% á Jökuldalsheiði.

Hlutur elftinga og tvíkimblöðunga er 4% á Fljótsdalsheiði en 2% og 1% á Jökuldalsheiði.

Rétt, eins og í vetrarbeitinni, bendir hátt hlutfall runna og mosa í fæðunni á Fljótsdalsheiði til lélegra fæðuframboðs þar en á Jökuldalsheiði. Hlutur einkimblöðunga er um 40% eins og í vetrarbeitemum á báðum heiðunum. Ástandið er þó nokkru skárra en í vetrarbeitinni, því dýrin eru komin innar á Fljótsdalsheiðina en þar er aðeins meira af fléttum, sem aukast því í fæðunni á kostnað runna.

## 5 UPPSKERA GRÓÐURS Á VESTURÖRFUM 1981

### 5.1 Inngangur

Tilgangur rannsóknanna var að fá yfirlit yfir framleiðslu háplantna á vor- og sumarbeitilandi hreindýra á Vesturöræfum.

Valin voru fjögur svæði í gróðurlendum, sem vitað er að hreindýrin nýta. Um er að ræða þurrlendi með viðiflesjum, stinnastararmó og tvenns konar votlendi, þ.e. stinnastararmýri og hengistararmýri. Á mynd 10 eru sýndir þeir staðir, þar sem uppskerumælingar voru gerðar.


### 5.2 Gagnasöfnun - úrvinnsla

Í júlí og ágúst 1980 var komið fyrir 5 lokaðum búrum á hverju svæði og klippt úr þeim ári seinna, 17.-23. ágúst 1981. Auk þess var klippt úr opnum reitum sem paraðir voru við búrin, en þar gátu dýr bitið óhindrað. Hvert búr var 100 x 60 sm að stærð, braggalaga, gert úr plasthúðuðu víneti með möskvastærð 2,5 x 2,5 sm. Gaflar búranna voru hins vegar gerðir úr hænsnaneti. Þau voru fest niður með 8 tjaldhælum. Öll búrin stóðu sig með prýði, þoldu bæði snjóalög og hugsanlegan átroðning hreindýra og sauðfjár.

Á hverjum stað voru því klipptir 10 reitir, 5 lokaðir (merktir B í töflum) og 5 opnir (merktir A í töflum). Hver reitur var 50 x 50 sm á kant. Klippt var með grasklippum eins neðarlega við svörð og kostur var og uppskerunni safnað í plastpoka. Hún var síðan aðskilin samdægurs og öll greind til tegunda. Af viði og öðrum runnum var aðeins sumarvöxtur tekinn með. Uppskeran var þurrkuð við stofuhita til bráðabyrgða. Lokapurkun og vigtun var gerð á rannsóknastofu. Sýnin voru höfð í þurrkskáp við 80°C í sólarhring og síðan vegin á rafmagnsvog með 0,01 gr. nákvænni.

### 5.3 Lýsing uppskerusvæða

Háls I Gráviðiflesjur í Hálsi 570 m y.s. virðist vera mest bitna svæðið á Vesturöræfum, bæði af hreindýrum og sauðfé (sjá kafla 3.4.1.2.). Búrin voru sett niður á tveim stöðum. Búr B<sub>1</sub> og B<sub>2</sub> eru á þurri, flatri flesju. Viðirinn lágvaxinn, nær ekki 10 sm hæð (sjá töflu 7, snið 15).



MYND 10

Staðsetning uppskerumælingareita  
á Vesturöræfum 1980-1981

Á svæðinu sem Búr B<sub>3-5</sub> voru sett niður nær grávíðirinn allt að 20 sm hæð, þar sem best lætur og sumstaðar eru lengri kalkvistir (30sm). Auk þess sem mikið sést á viðinum vegna beitar, eru aðrar tegundir einnig nokkuð bitnar. Í töflu 7 (snið 18) er að finna niðurstöður af þekjumati á svæðinu.

Háls II Gróðurlendi, þar sem stinnastör er ríkjandi ásamt grávíði. Stór svæði ofarlega í Hálsinum eru þannig. Í töflu 6 (snið 28a-30) er að finna niðurstöður af þekjumati á svæðinu. Búrin voru sett niður í u.p.b. 630 m.y.s.. Búr B<sub>1-3</sub> eru í stinnastararmýri, þar sem stinnastör (*Carex bigelowii*) er mest áberandi. Landi hallar til vesturs

TAFLA 47

Uppskerumælingar (gr/m<sup>2</sup>), grávíðiflesjur.

HÁLS I. Vesturöræfum

Ágúst 1981  
B- lokaðir reitir  
A- opnir reitir

	B	A
<i>Salix callicarpaea</i>	85,28	48,44
<i>Empetrum nigrum</i>	2,96	1,52
<i>Equisetum arvense</i>	3,08	2,44
<i>E. variegatum</i>	2,64	2,96
<i>Carex bigelowii</i>	1,24	1,76
<i>C. krausei</i>	0,20	0,36
<i>Festuca rubra</i>	8,16	6,52
<i>Poa pratensis</i>	3,08	2,56
<i>Tofieldia pusilla</i>	0,36	0,28
<i>Euphrasia</i> sp.		0,04
<i>Polygonum viviparum</i>	4,64	2,00
<i>Silene acaulis</i>	0,24	
<i>Taraxacum</i> sp.	1,00	
SAMTALS	112,88	68,88

TAFLA 48

Uppskerumælingar (gr/m<sup>2</sup>), stinnastarar-grávíðimór.

HÁLS II. Vesturöræfum

Ágúst 1981  
B- lokaðir reitir  
A- opnir reitir

	B	A
<i>Carex bigelowii</i>	78,48	52,64
<i>Empetrum nigrum</i>	3,52	3,64
<i>Salix herbacea</i>	0,68	0,20
<i>S. callicarpaea</i>	20,72	10,08
<i>Vaccinium uliginosum</i>		0,24
<i>Polygonum viviparum</i>	4,52	2,76
<i>Eriophorum angustifolium</i>	4,16	2,08
<i>Equisetum arvense</i>	0,96	1,12
<i>E. variegatum</i>	9,32	4,56
<i>Calamagrostis neglecta</i>	0,48	0,32
<i>Festuca rubra</i>	0,64	0,20
<i>Poa pratensis</i>	1,20	
SAMTALS	124,68	77,84

og er þýft. Búr B<sub>4-5</sub> eru á aðeins þurrara og flatara landi. Auk stinnastarar, eru gráviðir (*Salix callicarpaea*), krækilyng (*Empetrum nigrum*) og klófifa (*Eriophorum angustifolium*) mest áberandi tegundirnar.

Syðradrag Stórbýfð stinnastararmýri í 650 m y.s. með hengistör (*Carex rariflora*) þar sem blautara er. Klófifuflákar á milli sem renna svo saman við stinnastörina. Í töflu 6 (snið 6 og 7) er að finna niðurstöður þekjumats á svæðinu B<sub>1-3</sub> í stinnastör og B<sub>4-5</sub> í hengistör.

Búrfellsflói Smáþýfð stinnastararmýri og flatir hengistararflákar í 650 m.y.s. Búr B<sub>1-3</sub> eru í stinnastararmýri, en búr B<sub>4-5</sub> eru í hengistör. Uppskerusvæði þetta er á sömu slóðum og veiðisvæði H2 (tafla 3 bls. 24) en þar var mikið bitið í júlí 1980. Aðrar áberandi tegundir eru gráviðir og klófifa.

#### 5.4 Niðurstöður

Niðurstöður uppskerumælinga er að finna í töflum 47-52. Þar er skráð uppskera hverrar tegundar í gr/m<sup>2</sup> og heildaruppskera svæðisins. Samtals fundust 17 tegundir háplantna í uppskerumælingareitunum, þar af gáfu 3 tegundir verulega uppskeru, 4 nokkra uppskeru en afgangurinn litla uppskeru.

Allsstaðar var meiri uppskera í lokuðum reitum en opnum, nema í stinna-stararreit í Búrfellsflóá.

Í Hálsi II mældist mest heildaruppskera, 124,68 gr/m<sup>2</sup>, þar af voru 78,48 gr/m<sup>2</sup> stinnastör, sem einnig er mesta uppskera þeirra tegundar. Hengistararflói í Búrfellsflóá hafði einnig 124,68 gr/m<sup>2</sup> heildaruppskeru og vó hengistörin þar 72,36 gr/m<sup>2</sup>. Gráviðirinn náði mestri uppskeru einstakra tegunda 85,28 gr/m<sup>2</sup> í Hálsi I. Þrjár ofangreindar tegundir gefa 50-75% uppskerunnar á hverjum stað. Aðrar tegundir vega mun minna, en fjórar ná þó sumstaðar nokkurri uppskeru. Þær eru, klófifa (*Eriophorum angustifolium*) með 22,08 gr/m<sup>2</sup> í Búrfellsflóá, túnvingull (*Festuca rubra*) með 17,80 gr/m<sup>2</sup> í Búrfellsflóá, hálmgresi (*Calamagrostis neglecta*) með 10,24 gr/m<sup>2</sup> í Syðradragi og beitieski (*Equisetum variegatum*) með 9,32 gr/m<sup>2</sup> í Hálsi II.

TAFLA 49

Uppskerumælingar (gr/m<sup>2</sup>), stinnastararmýri.

BÚRFELLSFLÓI, Vesturöræfum

Ágúst, 1981

B- lokaðir reitir

A- opnir reitir

	B	A
<i>Carex bigelowii</i>	35,92	36,40
<i>C. rariflora</i>	2,40	
<i>Eriophorum angustifolium</i>	11,44	17,60
<i>E. scheuchzeri</i>	1,00	1,24
<i>Equisetum variegatum</i>	1,80	1,32
<i>Calamagrostis neglecta</i>	1,52	3,28
<i>Festuca rubra</i>	2,60	3,48
<i>Polygonum viviparum</i>	1,56	0,96
<i>Salix callicarpaea</i>	2,48	2,24
SAMTALS	58,32	68,92

TAFLA 50

Uppskerumælingar (gr/m<sup>2</sup>), stinnastararmýri.

SYÐRADRAG, Vesturöræfum

Ágúst, 1981

B- lokaðir reitir

A- opnir reitir

	B	A
<i>Carex bigelowii</i>	41,72	30,56
<i>C. rariflora</i>	2,44	0,72
<i>Eriophorum angustifolium</i>	7,60	10,68
<i>E. scheuchzeri</i>	1,72	1,68
<i>Equisetum variegatum</i>	0,96	0,28
<i>Calamagrostis neglecta</i>	10,24	10,04
<i>Festuca rubra</i>	1,92	2,64
<i>Polygonum viviparum</i>	0,56	0,40
<i>Salix callicarpaea</i>	1,08	2,28
SAMTALS	68,24	59,28

Háls I - grávíðiflesjur (tafla 47) Mikill munur var sjáanlegur á vexti plantna í lokuðum og opnum reitum. Sumstaðar virtist troðið kringum búrin. Lengstur summarvöxtur grávíðisprota í búri var 8 sm. Opnu reitirnir voru hins vegar þrautbitnir. Mikið af brumum var skemmt og lauf og nývöxtur bitinn af. Nýjar greinar geta aðeins náð að vaxa neðan á eldri sprotum, þar sem brum ofan á eru oftast bitin.

Hér var meðaltal uppskeru í lokuðum reit  $112,88 \text{ gr/m}^2$ , en  $68,88 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Munurinn er að mestu fólginn í mismikilli uppskeru á grávíði þ.e.  $85,28 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit en  $48,44 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Þarna munar  $36,44 \text{ gr/m}^2$  sem eru 43% af uppskeru grávíðisins. Grös eru samtals með  $11,60 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit en  $9,36 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Mesta uppskeru grasa gefur túnvingull.

Háls II - stinnastör - grávíðir (tafla 48) Sjáanlegur munur á lokuðum og opnum reitum var í reitum B<sub>4</sub>-A<sub>4</sub> og B<sub>5</sub>-A<sub>5</sub>. Ekki áberandi bitið kringum búrin. Heildaruppskera var  $124,68 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit en  $77,84 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Stinnastör er aðaltegundin með  $78,48 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit en  $52,60 \text{ gr/m}^2$  í opnum, sem gerir  $25,84 \text{ gr/m}^2$  mismun, eða 33% af heildaruppskeru stinnastarar á svæðinu. Uppskera af grávíði er einnig nokkur,  $20,72 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit, en  $10,08 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Þá er þó nokkuð af korssúru (*Polygonum viviparum*)  $4,52 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit á móti  $2,76 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Sú í lokuðu reitunum er mun gróskumeiri og betur blómguð en sú sem vex í þeim opnu. Þá var einnig nokkuð af beitieski (*Equisetum variegatum*)  $9,32 \text{ gr/m}^2$  á móti  $4,56 \text{ gr/m}^2$  og svipað magn af krækilyngi  $3,52 \text{ gr/m}^2$  var í opnu og lokuðu reitunum. Af öðrum tegundum var mun minna.

Syðradrag og Búrfellsflói - stinnastararmýri (tafla 49 og 50) Mæld var uppskeru í stinnastararmýri í Búrfellsflóa (tafla 49) og Syðradragi. Ekki var sjáanlegur munur á opnum og lokuðum reitum. Hvorki bitið né traðkað.

Í Syðradragi (tafla 50) er heildaruppskera  $68,24 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit en  $59,28 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit. Stinnastör er aðaltegundin með  $47,72 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum reit en  $30,56 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit, sem gerir  $11,16 \text{ gr/m}^2$  mismun, eða 27% af heildaruppskeru stinnastarar. Klófifa er með  $10,68 \text{ gr/m}^2$  í opnum reit en  $7,60 \text{ gr/m}^2$  í lokuðum, og hálmgresi er með

TAFLA 51

Uppskerumælingar (gr/m<sup>2</sup>), hengistararmýri.

SYÐRADRAG, Vesturöræfum

Ágúst, 1981

B- lokaðir reitir

A- opnir reitir

	B	A
<i>Carex bigelowii</i>	5,00	9,00
<i>C. rariflora</i>	56,60	30,72
<i>Eriophorum angustifolium</i>	7,52	7,24
<i>E. scheuchzeri</i>	0,16	0,40
<i>Equisetum arvense</i>		0,08
<i>E. variegatum</i>	1,60	0,76
<i>Calamagrostis neglecta</i>	1,96	1,56
<i>Festuca rubra</i>	0,12	0,56
<i>Polygonum viviparum</i>	1,48	1,44
<i>Salix callicarpaea</i>	0,68	0,72
SAMTALS	75,12	52,48

TAFLA 52

Uppskerumælingar (gr/m<sup>2</sup>), hengistararmýri.

BÚRFELLSFLÓI, Vesturöræfum

Ágúst, 1981

B- lokaðir reitir

A- opnir reitir

	B	A
<i>Carex bigelowii</i>	2,20	5,96
<i>C. rariflora</i>	72,36	63,80
<i>Eriophorum angustifolium</i>	22,08	14,16
<i>E. scheuchzeri</i>	0,24	1,00
<i>Equisetum variegatum</i>	0,92	1,00
<i>Calamagrostis neglecta</i>	8,28	5,40
<i>Festuca rubra</i>	17,80	16,28
<i>Polygonum viviparum</i>		0,92
<i>Salix callicarpaea</i>	0,80	2,36
SAMTALS	124,68	110,88

10,24 gr/m<sup>2</sup> uppskeru í lokuðum reit en 10,04 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit. Aðrar tegundir hafa mun minni uppskeru.

Heildaruppskera í Búrfellsflóa er hærri í opnum reit en lokuðum, 68,92 gr/m<sup>2</sup> á móti 58,32 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum. Svipuð uppskera er af stinnastör í opnum 35,92 gr/m<sup>2</sup> reit og lokuðum reit 36,40 gr/m<sup>2</sup>. Af klófífu voru 11,44 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit, en 17,60 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit. Aðrar tegundir hafa uppskeru innan við 4 gr/m<sup>2</sup>.

Syðradrag og Búrfellsflói - hengistararmýri (tafla 51 og 52) Ekki sjáanleg beit í opnum reitum. Heildaruppskera mest í Búrfellsflóa 124,68 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 110,88 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit. Í Syðradragi er uppskeran 75,12 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 52,48 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit.

Í Syðradragi (tafla 51) er mest uppskera af hengistör 56,60 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 30,72 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit, sem gerir 25,88 gr/m<sup>2</sup> mismun, eða 46% af heildaruppskeru hengistarar. Svipuð uppskera er af klófífu, 7,52 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 7,24 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit. Grös vega hér lítið.

Í Búrfellsflóa (tafla 52) er uppskera hengistarar 72,36 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 63,80 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit, sem gerir 8,56 gr/m<sup>2</sup> mismun eða 12% af heildaruppskeru hengistarar. Þá er mikil uppskera af klófífu 22,08 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit og 14,16 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit. Einnig vega grös tiltölulega mikið. Af túnvingli voru 17,80 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 16,28 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit, en af hálmgresi 8,28 gr/m<sup>2</sup> í lokuðum reit en 5,40 gr/m<sup>2</sup> í opnum reit.

### 5.5 Umræða - ályktanir

Ekki þótti fært að gera uppskerumælingar allt sumarið og fá þannig nákvæmar upplýsingar um framleiðslu gróðurs á svæðinu, vegna þess hversu tímafrekar þær eru og kostnaðarsamar. Til að fá einhverja hugmynd um uppskeruna, var brugðið á það ráð að klippa einu sinni seinni part sumars og ná þannig hámarksuppskerunni á svæðinu. Með því að hafa helming reitanna lokaða fyrir beit, var vonast til að fá nokkra hugmynd um hversu mikil beitin er. Reitirnir voru ekki nægilega

margir til að hægt sé að vinna tölfraðilega úr niðurstöðunum.

Nokkra þætti má nefna er geta haft áhrif á uppskerumælingarnar.

1. Mynstur (mosaic) í gróðurfari: Veldur því að paraðir reitir verða aldrei eins, og hefur það áhrif á uppskerumagnið í báðar áttir. Þetta kemur berlega í ljós í stinnastararmýrinni í Búrfellsflóa, þar sem uppskera í opnu reitunum er 15% hærri en í þeim lokuðu vegna þess að breytileikinn innan svæðisins er væntanlega meiri en beitaráhrifin. Til að vinna gegn áhrifum sliks breytileika þyrftu reitirnir að vera miklu fleiri.

2. Skjóláhrif: Vöxtur plantna gæti verið meiri innan búranna, vegna skjóláhrifa. Þó ættu þau ekki að vera afgerandi, þar sem munur á opnum og lokuðum reitum er mjög lítill í Syðradragi og Búrfellsflóa þar sem beit var lítil.

3. Klippingartími: Samkvæmt rannsóknum í Þjórsárverum (Arnþór Garðars-son 1974) er talið að viðir nái fullum vexti um miðjan júlí en starir, fífur og grös snemma í ágúst. Þetta fer þó mikið eftir vorkomu og sumarhita. Þar sem klippt var á Vesturöræfum eftir 15. ágúst má ætla, að hámarksvexti hafi verið náð fyrir nokkru og uppskeran lítið eitt farin að rýrna.

4. Aödráttarafl búra: Hugsanlegt er að skepnur dragist að búrunum fyrir forvitnissakir og verði því traðk og beit umhverfis búrin meiri en ella. Það komi þá niður á uppskerunni í opnu reitunum.

Þrátt fyrir þessa annmarka, staðfesta mælingarnar ýmislegt sem sést þegar svæðið er skoðað og gefa nánari vísbendingar um ástand gróðurs á Vesturöræfum. Varast ber að ofmeta einstakar hlutfallstölur um beitarálag, þó draga megi líklega heildarmynd af beitarálagi á einstökum svæðum.

Í Hálsinum innanverðum, þar sem gráviðiflesjur eru ríkjandi gróðurlendi á stóru svæði, er landið mest bitið og samkvæmt uppskerumælingunum er beitin 43% af heildaruppskeru gráviðis. Þetta er ekki ósennilegt hlutfall, ef hafður er í huga ágangur á svæðinu, en mikil beit er í Hálsinum allt sumarið.

Snemma vors safnast hreinkýr saman á Hálsi til að bera, enda snjó-léttasti staðurinn á Vesturöræfum í venjulegu árferði (Skarphéðinn Þórisson 1983). Er grávíðirinn þá trúlega aðgengilegasta fæðan. Strax að burði loknum og þegar snjóá leysir annarsstaðar, dreifa hreindýrin sér yfir stærra svæði og eru í Hálsi tiltölulega lítið yfir hásumarið. Í stað þeirra kemur sauðfé og er það staðbundið í Hálsi allt sumarið og fram á haust.

Þetta mikla beitarálag, allan vaxtarímann veldur því, að viðirinn nær ekki að endurýja sig og þroskast sem skyldi. Á ég þar við að nýjar greinar eru minni og grennri en þær sem áður hafa vaxið. Sést þetta vel, þegar borinn er saman vöxtur viðisins í friðuðu reitunum og þeim beittu. Minnkun verður því á virkum tillifunarvef, framleiðni minnkars og þá um leið uppskeran. Áhrifa mikillar beitar gætir því í langan tíma.

Hvort þetta ástand hefur ríkt lengi, veit ég ekki. Snjóalög hafa mikil áhrif, en þau eru mismikil milli ára. Vitað er, að þegar snjólétt er, dreifa hreinkýr sér mun meira um Vesturöræfi um burðinn, þá verður beitarálagið ekki eins mikið og í snjóbungum vorum. Sauðfjárbeitin er trúlega svipuð frá ári til árs.

Nauðsynlegt er að fylgjast með beitinni í Hálsi og stuðla frekar að minnkun hennar en aukningu. Ofar í Hálsinum er allt aðra sögu að segja, eins og uppskerumælingarnar í Hálsi II sína (tafla 48). Þar er einnig þó nokkur beit, bæði á stinnastör og grávíði, en hvergi er gengið of nærri landinu.

Votlendið í Búrfellsflóa og Syðradragi sýnir ekki merki um mikla beit. Munur á uppskeru í opnum og lokuðum reitum er tiltölulega lítill og sjáanlegur munur enginn. Hreindýrin nýta þetta land samt að einhverju leyti, sbr. veiðisvæði H2 (bls 24) í Búrfellsflóa, sem var talsvert bitið í júlí 1980. Sennilegt er, að hreindýrin nýti störlina í mýrunum fyrri part sumars, meðan hún er nýspröttin og ótrénuð, en hætti við hana þegar hún fer að tréna.

Vorbeitilandið í Hálsi, grávíðiflesjurnar, er því það svæði, þar sem beitarálag gæti auðveldlega orðið óhóflegt eins og nú háttar þar til

sbr. ofangreindar mælingar. Til að kanna nánar vöxt og viðgang viðisins væri nauðsynlegt að girða af nokkur hólf til friðunar og bera síðan friðuðu svæðin saman við þau opnu. Með þess konar athugun væri hægt að komast að raun um hvort sú skoðun míن sé rétt, að grávíðir í Hálsi sé þegar fullnýttur.

6 HEILDARNIÐURSTÖÐUR - ALMENN UMRÆÐA

---

í þessum kafla verða fyrst birtar til glöggvunar, heildarniðurstöður eða samantekt á köflum hér á undan um gróðurfar og fæðu. Bent skal á nákvæma umræðu um þessi gögn hver á sinum stað í skýrslunni. Síðan verða ræddir eftirfarandi þættir: Fyrri athuganir á fæðu hreindýra, beitaratferli, beit hreindýra og sauðfjár, fléttur og áhrif beitar og traðks á þær, og ástand og nýting hreindýrahaganna. Mynd 11 sýnir fæðuval hreindýra 1980-1981.

#### 6.1 Gróðurfar og fæða, heildarniðurstöður

Vesturöræfi, sumarbeitiland. Gróðurlendi þau er hreindýr nýta helst að sumarlagi (seinnipart júlí) á Vesturöræfum eru: stinnastararmór með smárunnum, gráviðiflesja, snjódældir og votlendi.

Gráviðiflesjurnar í Hálsi eru eina gróðurlendið á Vesturöræfum, sem áhyggjur þarf að hafa af sökum beitar, eins og málín standa nú. Fléttur er hvergi að finna, svo nokkru nemi, á öllu svæðinu, og má álita að þær hafi verið étnar upp. Þar af leiðandi er allt sumarbeitilandið ofnýtt hvað varðar fléttugróður. Fléttur skipta hins vegar ekki megin mali sem fæða hreindýra að sumarlagi.

#### Sumarbeit:

Hlutföll fæðuflokka í sumarbeit hreindýranna er sem hér segir: ein-kimblöðningar 48%, runnar 35%, tvíkimblöðningar 7%, mosar 2% og fléttur 0,2%. Helstu tegundir eru stinnastör 29%, gráviðir 22% og grasvíðir 12%, samtals 63% fæðunnar.

Fljótsdalsheiði, haust-, vetrar- og vorbeitiland. Hreindýrin bíta mest í mólendi ýmiskonar haust, vetur og vor.

Að vetrinum og á vorin nýta þau þann gróður (aðallega í mólendi) er vex á snjóléttustu svæðunum efst utan í holtum, ásum og í brekkubrúnum heiðarinnar. Á haustin eru þau á beit í fjölbreyttara mólendi, snjó-dældum og votlendi. Helstu mólendisgerðirnar eru þessar: stinnastararmór með stinnastör, kornsúru, krækilyngi, grasvíði og gráviði sem mest áberandi tegundir, mólendi með holtasóley og fjalldrapa og mólendi með krækilyngi og holtasóley.

Fléttugróður er fátæklegur, þó finna megi ýmsar tegundir, í litlum mæli, er hreindýrin sækja í, t.d. mundagrös, fjallagrös og hreindýramosa. Minnst er af fléttum í brúnum Merkis- og Klausturselsheiða, en þar halda dýrin sig líklega mikið um háveturinn. Meira finnst af fléttum innar á Fljótsdalsheiðinni, en þar halda dýrin sig á haustin og vorin.

Þegar vetrar- og vorþeitarsvæðin voru skoðuð að sumri var hvergi hægt að sjá ummerki eftir beit, nema á einu svæði á Merkisheiði, þar mátti sjá þúfnakolla nagaða niður í rót og berar skellur er gætu verið eftir krafstur. Hins vegar er fléttuflóran löngu ofnýtt.

Haustbeit:

Fæðuval hreindýranna að hausti, er sem hér segir: einkímlöðungar 36%, fléttur 21%, runnar 16%, elftingar 9%, mosar 9%, tvíkímlöðungar 8%, sveppir og "annað" 1%.

Engin ákveðin tegund eða tegundahópur ríkir yfir öðrum í fæðunni, en eftirtaldar tegundir eru meginuppistaðan í henni (57%): stinnastör 21%, mundagrös 12%, fjallagrös 9%, grasvíðir 9% og gráviðir 6%.

Vetrarbeit:

Að vetrinum er fæðuvalið þetta: einkímlöðungar 42%, runnar 40%, mosar 10%, fléttur 3%, tvíkímlöðungar 3% og elftingar 2%.

Einkímlöðungar og runnar eru ríkjandi fæðuflokkar og eru þessar tegundir helstar: vallarsveifgras 13%, stinnastör 10%, túnvingull 9%, sauðamergergur 9%, krækilyng 8% og holtasóley 7%.

Dýrin virðast nýta þær plöntutegundir, sem mest er af á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, að sauðamergergur virðist valinn, þar sem hann er 9% fæðunnar en gætir lítið í gróðurfari og fannst ekki í krafsholum. Hér skipta fléttur engu máli í fæðunni.


Vorbeit:

Skipting fæðunnar eftir flokkum að vorinu er sem hér segir: Einkímlöðungar 39%, runnar 27%, fléttur 16%, mosar 10%, elftingar 4% og tvíkímlöðungar 4%. Einkímlöðungar og runnar ásamt fléttum eru því

VOD-UR-730-KEq  
84.01.0063.0D

## FÆÐDUVAL HREINDÝRA 1980-1981

MYND II





meginuppistaða í fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði í maí (82%).

Tegundir er tilheyra þessum flokkum eru fremur margar og vægi hverrar tegundar í fæðunni fremur lágt. Helstu tegundir eru þessar: vallarsveifgras 7%, fjallagrös 6%, holtasóley 5% og krækilyng 5%. Hafa ber í huga að hér er í raun um vetrarbeit að ræða, þar sem snjór var mikill í högum og gróður ekkert farinn að taka við sér.

Jökuldalsheiði, haust-, vetrar- og vorbeitiland. Á Jökuldalsheiði halda hreindýrin sig aðallega í mólendi, er einkennist af runna- og fléttugróðri. Gróskumestu svæðin eru á norðanverðri heiðinni, þar sem haustdýrin voru felld. Þar eru krækilyng og grávíðir ríkjandi tegundir háplantna, ásamt bláberjalyngi, mosalyngi, sauðamerg og stinnastör. Fléttur eru áberandi og virðast hafa mesta og jafnasta útbreiðslu á þessum slóðum. Á sunnanverðri heiðinni, þar sem vetrar- og vordýrin voru felld, er krækilyng aðaltegundin ásamt holtasóley og fjalldrapa. Þekja fléttina er breytileg og virðist útbreiðsla þeirra vera blettóttari en í svipuðum gróðurlendum á norðanverðri heiðinni. Mundagrös og fjallagrös eru algengustu flétturnar á þessum slóðum.

Hvað háplöntur varðar var ekki séð að beitin gengi of nærrri landinu. Aðeins í Grjótgarðshálsi sáust merki um beit sumarið eftir. Fléttuflóran er einnig vel á sig komin, sérstaklega á norðanverðri heiðinni, en þar liggur snjór yfir beitilandinu stóran hluta vetrar og því lítil hætta á ofbeit að vetrinum. Hér er því um að ræða beitiland sem er hæfilega nýtt í dag.

Haustbeit:

Fæðuval hreindýranna að hausti á Jökuldalsheiði eftir fæðuflokkum er sem hér segir: fléttur 64%, einkimblöðungar 21%, runnar 6%, tvíkimbloðungar 3%, mosar 3% og elftingar 2%.

Þrjár tegundir nema 75% fæðunnar, fjallagrös 61%, stinnastör 8% og grávíðir 6%.

Vetrarbeit:

Að vetrinum er hlutfall fæðunnar eftirfarandi: fléttur 46%, einkimblöðungar 29%, runnar 6%, tvíkimbloðungar 4%, mosar 3%, elftingar 2%.

Helstu tegundir í fæðunni eru: fjallagrös 38%, vallarsveifgras 14%, túnvingull 9% og stinnastör 9%. Þessar 4 tegundir eru 70% vetrarfæðunnar.

Vorbeit:

Skipting fæðunnar eftir fæðuflokkum að vorinu er eftirfarandi: fléttur 49%, einkímlöðungar 41%, runnar 5%, elftingar 2%, mosar 1% og tvíkímlöðungar 1%.

Helstu tegundir eru: fjalla- og mundagrös 41%, stinnastör 13%, vallarsveifgras 12% og kræða 7%. Þessar tegundir nema alls 73% fæðunnar.

Fæðuval hreindýranna í febrúar og maí er nánast eins, enda dýrin á sömu slóðum og gróandi orðin litil.

Samanburður á fæðuvali á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði.

Svo sem fram kom í kaflanum um gróðurfar, er mun meira um fléttur á Jökuldalsheiði en Fljótsdalsheiði. Gróðurfar virðist almennt rýrara á Fljótsdalsheiðinni, þó hreindýrin haldi sig á svipuðum gróðurlendum á báðum stöðunum. Hreindýrin sækja í og nýta þær fléttur sem fyrir eru á staðnum, en fara í annan gróður þegar þær þrýtur. Hátt hlutfall sigrænna runna (t.d. krækilyngs) og mosa í fæðunni á Fljótsdalsheiði bendir til lélegs fæðuframboðs, þar sem dýrin éta þessar tegundir aðeins, þegar annað skárra er ekki á boðstólum.

Haustbeit:

Marktækur munur er á öllum fæðuflokkum milli heiðanna. Aðalmunur á fæðuvali hreindýranna á þessum tveimur heiðum er sá, að fléttur eru af skornum skammti á Fljótsdalsheiði.

Á Jökuldalsheiði eru fléttur 64% fæðunnar, en 21% á Fljótsdalsheiði. Í þeirra stað nýta hreindýrin sér stinnustör, grávíði, beitieski, mosa, geldingahnapp og kornsúru í haustbeitinni.

Vetrarbeít:

Marktækur munur er á fléttum, runnum og mosum milli heiðanna. Mestu máli skiptir munur á fléttumagni, sem er 46% í fæðu Jökuldalsheiðardýranna en aðeins 3% í fæðu Fljótsdalsheiðardýranna. Í stað fléttina

éta hreindýrin í fyrsta lagi runna, 40%, aðallega sauðamergr, krækilyng, holtasóley, grávíði og grasvíði. Og í öðru lagi eru það mosar sem eru 10% fæðu Fljótsdalsheiðardýranna.

Vorbeit:

Marktækur munur er á öllum fæðuflokum milli heiðanna, nema flokki ein-kimblöðunga.

Mestu skiptir munur á fléttur í fæðunni, 49% á Jökuldalsheiði miðað við 16% á Fljótsdalsheiði.

í stað fléttna koma í fyrsta lagi runnar 27%, aðallega holtasóley, krækilyng og sauðamergr og, í öðru lagi, mosar, sem eru 10% fæðu Fljótsdalsheiðardýranna en 2% í fæðu Jökuldalsheiðardýranna.

6.2 Fyrri athuganir á fæðu hreindýra.

í kafla 4.2 um fyrri rannsóknir, kom fram að fjórar skýrslur hafa verið gerðar um leiðangra er farnir voru á tímabilinu 1959-1976 til að kanna gróðurfar og fæðuval hreindýra.

í tveim fyrstu skýrslunum er um lokaniðurstöður að ræða (Sturla Friðriksson 1960, Ingvi Þorsteinsson o.fl. 1970). Tvær hinari síðari eru bráðabirgðaskýrslur, en lokaniðurstöður fæðuathugana hafa ekki birst.

í töflu 53 eru birtar niðurstöður um fæðu hreindýra sem sagt er frá í tveim fyrri skýrslunum, auk niðurstaðanna á fæðu hreindýra á Fljótsdalsheiði í september 1980.

Með því að skoða töfluna sést, að mikill munur er á niðurstöðunum. Ekki verður farið nánar út í hann hér, þar sem ég tel samanburð óraun-hæfan og verða helstu ástæður þess taldar hér.

Samanburður við niðurstöður úr fyrstu ferðinni er ekki marktækur, þar sem aðeins er um tvö dýr að ræða og úrvinnsla á gögnum er önnur en við núverandi athuganir (Sturla Friðriksson, munnl. uppl.).

Tafla 53

Fæðuval hreindýra skv. fyrri athugunum ásamt niðurstöðum frá Fljótsdalsheiði

	1959 <sup>1</sup> sept.	1965-1969 <sup>2</sup> ágúst	1980 <sup>3</sup> sept. Fljótsdalsheiði
Fjöldi dýra (n)	2	86	10
Plöntuhópar	%	%	%
Runnar	26.5	44.6	16 + 4.5
Elftingar	4.0		9 + 7.7
Grös	26.0	31.0	13 + 3.4
Starir	17.2	8.7	23 + 8.4
Tvíkimblöðungar	0.5	11.8	8 + 1.8
Fléttur	5.2	3.8	21 + 5.4
Mosar	17.0		9 + 2.9
Annað	3.5		
Samtals	99.9	99.9	99

<sup>1</sup>Sturla Friðriksson 1960

<sup>2</sup>Ingvi Þorsteinsson o.fl. 1970

<sup>3</sup>Núverandi rannsóknir

Ýmsir annmarkar eru einnig á samanburði við niðurstöður fæðuvals-athugana í annarri skýrslunni, þó dýrafjöldinn (86) hafi verið nægilegur. Þeir helstu eru:

1. Dýrin voru veidd í síðari hluta ágúst. Dýrin, sem næst komast því að gera samanburð við, og um er fjallað í þessari skýrslu, voru felld í september. Lauffall hefst snemma í september, og hefur það áhrif á fæðuvalið í þá átt að minnka vægi runna, sérstaklega gráviðis og grasviðis.

2. Dýrin voru felld á löngu árabili (1965-1969), mismörg á hverju ári. Veiðisvæðið náði yfir viðáttumikil landsvæði og er ekki afmarkað nákvæmlega. Aðstæður voru því allar mjög breytilegar.

3. Gera verður ráð fyrir, að hluti dýranna hafi verið felldur stuttu eftir jórtur. Við það geta innibyrðis hlutföll fæðuflokka breyst mikið, þar eð auðmeltanlegar tegundir vega minna en ella, t.d. fléttur, en vægi hinna t.d. runna, verður meira. Komið var í veg fyrir þetta í núverandi rannsóknum með því að fylgjast með dýrunum á beit í a.m.k. klukkustund áður en þau voru felld.

4. Úrvinnsla sýna er ólik að því leyti, að gorið var ekki þvegið og sigtað, áður en því var dreift á bakka og fæðan greind, eins og gert var við sýnin í þessari könnun.

Hlutsýni eru því misstór og aðgreining þeirra erfið. Hætta er á að úrtakið verði ekki tilviljanakennt og minnstu sýnin fari framhjá skoðanda (oft fléttur sem meltast fyrst).

5. Við greiningu í fæðuflokka eru mosar og elftingar ekki tekin með, en þessir fæðuflokkar skipta þó nokkru máli í niðurstöðunum frá 1980.

### 6.3 Beitaratferli

Gera má ráð fyrir að hreindýrin hafi þróað með sér beitaratferli, sem gerir þeim kleyft að fá nægilega fæðu til að framfleyta sér með sem minnstu erfiði (Skoog 1968). Komið hefur í ljós, að sá hluti "vökutíma" (activity time) dýranna, sem notaður er til beitar, er mismikill eftir árstíma. Hæstur er hann (80%) rétt eftir burð, lægstur um hávetur 63%. Yfir sumartímann er hlutfallið 75-80% (Skoogland 1975). Boertje (1981) telur, að til að minnka orkunotkunina sem mest að vetrinum, verji dýrin styrttri tíma í rölt og stöður, og fer þá meira af tímanum til hvíldar og beitar. Enginn marktækur munur á beitartíma hefur fundist milli aldurs og kynja hjá hreindýrunum á sumarbeit (Skoogland 1975).

Hreindýr eru oftast saman í misstórum hópum eða hjörðum. Þau eru þekkt fyrir að rása á beitinni, eru stöðugt á hreyfingu meðan þau bíta, og standa ekki lengur við á hverjum stað en þann tíma sem tekur að bíta

eina til tvær munnfylli. Dýrin sjást jafnvel oft griður á hlaupum, einkum að vori og hausti, þegar þau ferðast milli svæða. Á vissum tímum, eins og við burð og um hávetur, rása þau ekki eins við beitina og að sumrinu. Þó dvelja þau aldrei lengi á hverjum stað og ferðast því einnig yfir talsvert stór svæði að vetrinum. Hér á landi eru engar skordýraplágur sem hafa áhrif á beitaratferli dýranna á sumrin, eins og er yfirleitt annars staðar á hreindýraslóðum.

Hreindýr eru nákvæm í vali á plöntuhlutum. Það hefur sýnt sig (Skoog 1968) að dýrin sækjast aðallega eftir efri hluta fléttina, blöðum og blómendum stara og grasa, brumum, blöðum og stöngulendum viðis. Við venjulegar aðstæður verður þess ekki vart, að dýrin bíti plöntur niður í rót.

Lítill beit á hverri plöntu og tiltölulega stutt viðstaða á hverjum stað minnkar mjög hættu á ofbeit eða eyðileggingu á gróðri og töfum á vexti plantna. Skoog (1968) telur, að hreindýr umgangist beitilandið betur en flest önnur klaufdýr.

Athuganir á törfum um fengitímann í Alaska sýna, að þeir bíta lítið á þeim tíma og missa því meirihluta summarfitunnar áður en vetur gengur í garð. Flestir tarfar eru því verr undir veturinn búnir en kýrnar (Skoog 1968). Boertje (1981) telur, að 12% beitartíma hreinkúa og kálfa nýtist ekki vegna atgangs hreintarfanna um fengitímann.

Að vetrinum þurfa hreindýrin oft að afla sér fæðu undan snjó vikum saman. Hreindýrin hafa háþróað lyktarskyn og nota það til að finna þá staði undir snjónum þar sem besta beitarlandið er hverju sinni (Skoog 1968, Murie 1935, fengið hjá Skoog 1968) athugaði fæðuval blinds hreindýrakálfs á Unimak eyju í Alaska. Hann reyndist lifa á sams konar fæðu og sjáandi kálfar.

Bergerud og Nolan (1970) komust að raun um, að dýrin fundu fléttur undir snjó með lyktarskyni, ef hann var minna en 18 sm á dýpt. Þegar snjódýptin var meiri en 25 sm fundu þau flétturnar ekki, nema þar sem loftstreymi var upp gegnum snjóinn, t.d. meðfram viðiteinungum er stóðu upp úr snjónum.

Til þess að ná fæðunni undan snjónum krafsa dýrin holur í snjóinn með framfótunum. Skoog (1968) hefur mælt 40 sm djúpar krafsholur í harðfenni og allt að 100 sm djúpar holur í lausamjöll. Formosov (1946), Pruitt (1959) og Henslaw (1964) telja, að hámarkssnjódýpt er dýrin geta krafsað í, svo að nokkru gagni nemi, sé 50-60 sm.

Við athuganir á krafsholum á Fljótsdals- og Jökuldalsheiði veturinn 1980-81 og vorið 1981, mældust allar krafsholur á bilinu 15-20 sm á dýpt. Segal (1962, fengið frá Skoog 1968) segir, að dýrin noti um 25% beitar-tímans á vetrum í krafstur.

Þegar snjóalög eru þunn og laus í sér, þurfa dýrin ekki að krafsa heldur reka þau snoppuna beint gegnum snjóinn og bíta. Þessi aðferð krefst ekki eins mikillar orku og krafsturinn (Boertje 1981). Eðli snjóalaga er talið afgerandi hvað varðar afkomu hreindýra að vetrinum (Pruitt 1959, Henslaw 1968).

#### 6.4 Beit hreindýra og sauðfjár

Fæðuval sauðfjár hefur verið rannsakað nokkuð á undanförnum árum. Upp-lýsingar þær, sem hér verður fjallað um, fengust úr könnunum sem gerðar voru á Hesti í Borgarfirði (Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson 1965), Hesthálsi í Borgarfirði (Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson 1967) og á Vesturöræfum (Anna Guðrún Þórhallsdóttir 1981).

Um beinan samanburð á fæðu hreindýra og sauðfjár getur varla verið að ræða nema í einu tilviki þ.e. niðurstöðurnar af Vesturöræfum. Þar eru gögnin unnin á líkan hátt (vambarsýni) og hreindýragögnum. Hátt hlutfall plöntuhópa er fellur í "ógreint" í sauðfjárbeitinni gera þó samanburð erfiðan.

Helstu annmarkarñir á þessum samanburði eru þeir að rannsóknirnar í Borgarfirði byggðust á vélindaopnuðum ám í úthagabeit á láglendi. Aðstæður (gróðurfar, sýnataka) voru ekki þær sömu og á hreindýraslóðum á Austurlandi. Hætta er á að samanburður sýni alveg eins mun á flóru svæðanna eins og mun á fæðu dýranna.

Úrvinnsla sýna var önnur en í hreindýrarannsóknunum, t.d. aðeins greint

frá plöntuhópum en ekki sagt frá tegundum og hlutföllum þeirra. Þá eru flokkar mosa og elftinga ekki inni í myndinni hvað varðar sauðfjár-beitina en þeir skipta þó nokkru máli í hreindýrabeitinni. Að auki fellur tímabil sýnatöku ekki saman.

Vitað er að beitaratferli hreindýra og sauðfjár er mjög ólíkt. Hreindýr eru hjarðýr og ferðast yfir tiltölulega stór svæði dag hvern, grípa niður og bíta á víð og dreif. Sauðfé er staðbundnara og braut-nagar oft ákveðin svæði, þó nægir hagar séu fyrir hendi. Því er frekar hætta á staðbundinni ofbeit af völdum sauðfjár en hreindýra nema e.t.v í jarðbönnum að vetrinum.

Fléttur eru líklega ekki nýttar af sauðfé svo neinu nemi þannig að sauðfjárbeit hefur engin áhrif á fléttumagn á beitilandinu.

Hér á eftir verður aðeins skýrt frá muni á fæðuvali hreindýra og sauðfjár í grófum dráttum með ofangreindum fyrirvörum.

Við samanburð á sauðfjárbeit á Hesti og Hestháli í Borgarfirði á Vesturöræfum og hreindýrabeit á Vesturöræfum (tafla 54) að sumri til, kemur í ljós að hreindýrin nýta runna og starir mun meir en sauðfé. Í staðinn bítur féð grös. Elftingar og tvíkímblöðungar eru líka stærri þáttur í fæðu hreindýranna en sauðfjárins. Elftingar virðast ekki hafa fundist í fæðu áんな en eru þó nokkur hluti fæðu hreindýranna.

Minni munur er á fæðuvali sauðfjár og hreindýra á Vesturöræfum. Runnar og starir erumeira nýtt af hreindýrum, en grös og elftingar meira bitnar af sauðfé í júlí. Vægi stara í fæðu sauðfjár eykst hins vegar til muna í ágúst á kostnað runna og elftinga, en engin gögn eru til um hreindýrabeit í ágúst.

Athyglisvert er, að grös hafa mun minni þýðingu í fæðunni hjá sauðfé á Vesturöræfum en í Borgarfirði, en þar virðist það velja grös markvisst til átu (Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson 1965).

Tafla 54

Fæða sauðfjár og hreindýra að sumri.

Plöntuhópar	Sauðfjárbeit					Hreindýrabeit
	<sup>1</sup> Hestháls Borgarfirði	<sup>2</sup> Hestur Borgarfirði	<sup>3</sup> Vestur- öræfi	<sup>4</sup> Vestur- öræfi	<sup>5</sup> Vestur- öræfi	
	%	%	%	%	%	
Runnar	3	7 ± 6.5	21 ± 3,4	13 ± 3.7	35 ± 9.2	
Elftingar			14 ± 5.1	7 ± 2.5	8 ± 4.3	
Grös	64	71 ± 7.4	20 ± 11.3	19 ± 5.5	11 ± 4.5	
Starir & fifur	23	19 ± 3.3	21 ± 12.6	45 ± 9.0	37 ± 12.2	
Tvikimblöðungar	10	3 ± 2.2	6 ± 4.9	4 ± 2.6	9 ± 4.5	
Ógreint			18 ± 3.4	12 ± 4.5		
Samtals	100	100	100	100	100	

<sup>1</sup>· Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson (1967): Tekið úr töflu 3, bls. 12, beit í júlí.

<sup>2</sup>· Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson (1965): Unnið úr töflu 2, bls. 160, meðaltal beitar í úthaga ágúst-september.

<sup>3</sup>· Anna Guðrún Þórhallsdóttir (1981): Unnið úr töflu 22, bls. 44, beit í júlí.

<sup>4</sup>· Anna Guðrún Þórhallsdóttir (1981): Unnið úr töflu 34, bls. 63, beit í águst.

<sup>5</sup>· Núverandi rannsóknir.

í töflu 55 eru niðurstöður á haustbeit. Þar kemur í ljós að fæða sauðfjár í Borgarfirði er að mestu grös en fæða hreindýranna á Fljótsdalsheiði dreifist á fleiri fæðuflokka, aðallega starir, fléttur, runna og grös. Hér eru 40% af fæðu hreindýranna í flokkum, sem ekki er getið um í fæðu sauðfjársins, þ.e. fléttur, elftingar og mosar.

Tafla 55

Fæða sauðfjár og hreindýra að hausti.

Plöntuhópar	Sauðfjárbeit	Hreindýrabeit
	<sup>1</sup> Hestháls Borgarfirði	<sup>2</sup> Fljótsdals- heiði
	%	%
Runnar	9	16 + 4.5
Elftingar		9 + 7.7
Grös	74	13 + 3.4
Starir & fifur	11	23 + 8.3
Tvikimblöðungar	6	8 + 1.8
Fléttur		21 + 5.4
Mosar		9 + 2.9
<hr/>		
Samtals 100		99
<hr/>		

<sup>1</sup>• Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson (1967): Unnið úr töflu 3 bls. 12, beit í september.

<sup>2</sup>• Núverandi rannsóknir.

Að vetrinum (tafla 56) eru runnar hins vegar aðalfæða sauðfjársins ásamt grösum. Í fæðu hreindýranna á Fljótsdalsheiði er einnig mikið af runnum og grösum, en auk þeirra skipa starir og mosar tölverðan sess í fæðunni. Hér verður ekki reynt að bera saman fæðu hreindýranna á Jökuldalsheiði þar sem aðstæður eru enn ólíkari vegna flétttnana sem þar ríkja í gróðurlendum.

Allt bendir til að talsverður munur sé á fæðu hreindýra og sauðfjár. Niðurstöður könnunar á sauðfjárbeit og hreindýrabeit á Vesturöræfum gefa til kynna að um nokkra samkeppni gæti verið að ræða, a.m.k. ef þrengdist um í högunum. Sú staða virðist ekki vera fyrir hendi nú.

En vegna þess hversu aðstæður og úrvinnsla gagna eru ólík við rannsóknirnar, er ekki hægt að slá því föstu, að munur sá sem kemur fram í

bessum töflum, gefi rétta mynd af muninum á fæðunni.

Vert væri að kanna fæðuval sauðfjár á hreindýraslóðum og þá allt sumarið. Þar sem vetrarbeit sauðfjár er að mestu niðurlögð er hins vegar óþarf að leggja út í kostnað við beitarathugun að vetri.

Tafla 56

Fæða sauðfjár og hreindýra að vetri.

	Sauðfjárbeit	Hreindýrabeit
	<sup>1</sup> Hestháls, Borgarfirði	<sup>2</sup> Fljótsdals- heiði
	%	%
Runnar	72	40 ± 6.5
Elftingar		2 ± 1.2
Grös	20	27 ± 8.4
Starir & fifur	8	15 ± 3.9
Tvikimblöðungar	-	3 ± 1.3
Fléttur		3 ± 3.0
Mosar		10 ± 4.0
Samtals	100	100

<sup>1</sup>· Ingvi Þorsteinsson og Gunnar Ólafsson (1967): Tekið úr töflu 3 bls. 12, beit í mars.

<sup>2</sup>· Þessar rannsóknir.

6.5 Fléttur og áhrif beitar og traðks á þær.

Hér á landi hafa engar rannsóknir verið gerðar á vexti fléttina, þóri beirra gagnvart beit og traðki og gildi þeirra fyrir hreindýr. Þessir þættir hafa hinsvegar verið til athugunar undanfarin ár í Kanada, Alaska, Noregi, Svíþjóð og Sovétríkjum. Verður nú fjallað nokkuð um niðurstöður þeirra rannsókna, þar sem vænta má svipaðra niðurstaðna á Íslandi. Athygli skal þó vakin á því, að nær allar athuganirnar miðast við tegundir af ættkvíslinni *Cladonia* en þær eru fátiðar í hreindýralöndum hér, þar sem tegundir af ættkvíslinni *Cetraria* eru hins vegar ríkjandi.

Fléttur eru samþýli af sveppum og þörungum. Þær hafa ekkert rótakerfi og fá því meirihluta næringarefna sinna úr loft.

Í töflu 57 er yfirlit yfir næringarefni í nokkrum fléttutegundum er hreindýrin nýta sem fæðu.

Tafla 57

Efnasamsetning (% þurrvigtar) nokkurra fléttutegunda (eftir Karev, fengið frá Skjenneberg og Slagsvold 1968).

	Aska	Protein	Fita	Kolvetni
<i>Cetraria islandica</i> - fjallagrös	1,3	5,1	4,2	89
<i>C. nivalis</i> - mundagrös	1,7	2,3	2,5	94
<i>Cladonia arbuscula</i>	1,5	2,9	2,2	93
<i>C. rangiferina</i> - hreindýramosi	1,4	2,9	2,8	94
<i>C. stellaris</i>	1,1	2,6	1,9	94
<i>Stereocaulon sp.</i>	2,7	7,8	2,6	87

Þar sem hreindýr hafa verið flutt á ný svæði, eru til dæmi um að á fáum árum hafi þau étið upp allar fléttur á svæðinu og valdið ofbeit á öðrum gróðri. Lindsay (1973) skrifar um áhrif hreindýrabeitar á eyjunni South Georgia í sunnanverðu Atlantshafi, en þangað voru hreindýr flutt árið 1909. Þau hafa valdið mikilli breytingu á gróðurfari, þar á meðal hafa fléttur er þau geta nýtt sér nær allar horfið.

Lesel og Derenne (1975) ræða sömu vandamál, er upp komu í Kerguelen eyjaklasanum í Indlandshafi. Þangað voru flutt fáein dýr 1956. Fléttum hafði fækkað mikið 1965 og 1973 voru þær allar horfnar. Aukning á hreindýrum og sauðfé (trúlega átt við traðk sauðfjár) ollu þessum breytingum. Ofnýting á landinu leiddi til hruns í hreindýrastofninum.

Það hefur sýnt sig að prótein í fléttum nýtast skepnum illa. Meirihluti fléttnanna eru hins vegar kolvetni, sem eru ólik að samsetningu eftir fléttutegundum. Hjá ættkvíslinni *Cladonia* eru trefjar 40% þurrunnis fléttunnar en aðeins 10% hjá *Cetraria*, en sú ættkvist er mest nýtt af hreindýrunum hér á landi.

Kolvetnið í fléttum inniheldur mikið af "lichenini" og skildum efnum. Þessi efni brotna aðeins niður með hjálp sérstakra hvata (enzyma). Við niðurbrot þeirra myndast orkuríkur þrúgusykur. Talið er, að hreindýrin geti nýtt sér allt að 80-90% kolvetnanna í fléttum, en önnur jórturdýr aðeins 40-50%. Allt að 20% gorsins í hreindýrvömbinni eru örverur (mikrobes), sem eru sérstaklega aðlagðar því að brjóta niður kolvetnin í fléttunum. Önnur jórturdýr hafa ekki þennan stofn örvera í vömbinni. Örverufánan er breytileg eftir því hvernig fæðu dýrin éta á hverjum tíma. Því skiptir máli að breytingar á fæðunni verði ekki snöggar, þannig að örverufánan nái að laga sig að breyttum aðstæðum hverju sinni (Krog o.fl. 1980).

Fléttur eru mikilvæg fæða hreindýranna að vetrinum, þar sem þær finnast í 10-80% fæðunnar. Hjá okkur skipta þessar tegundir mestu máli sem fæða hreindýra: mundagrös (*Cetraria delisei*), fjallagrös (*C. islandica*) og kræða (*Cornicularia aculeata*).

Pegau (1970a) sýnir fram á, að traðk hreindýrahjarða getur á stuttum tíma breytt gróðurfarinu. Hann flutti 550 hreindýr á áður óbeitt land nálægt Nome í Alaska, þar sem krækilyngs-starar-mólendi með fléttum af ættkvíslinni *Cladonia* var ríkjandi. Eftir eitt sumar höfðu 68% fléttannana verið eyðilagðar, losnað eða verið étnar, og 16% var brotið niður í búta minni en 1,25 sm. Á svæði, þar sem 30% af tiltækri fæðu voru fléttur, voru a.m.k. 15% fléttina dæmdar ónothæfar til átu vegna traðks hreindýranna.

Það er því ekki eingöngu beit sem fer illa með fléttugróður, heldur eru neikvæð áhrif traðks og krafsturs við ákveðin skilyrði að vetrinum ekki síðri. Oksanen (1978) telur þó, að beit í snjó valdi tiltölulega litlum skemmdum á fléttum.

Klein (1970) segir, að hreindýr noti fléttur takmarkað að sumri og alls ekki þegar þær eru þurrar og stökkar, en þá eru þær viðkvæmastar fyrir traðki. Pegau (1968b, fengið frá Klein 1970) sem gerði tilraun með áhrif traðks 1966 nálægt Nome í Alaska. Komst hann að þeirri niðurstöðu að þéttir hreindýrahópar eyðileggðu 15% fléttina á rökum degi en 35% þegar þær voru þurrar.

Áhrif losunar fléttna frá jörðu vegna beitar og traðks eru ekki með öllu ljós. Þó má nefna að lausar fléttur þorna fyrr og verða skorpnar á heitum og/eða vindasönum dögum (Pegau 1970). Þær, sem ekki eru rifnar upp, halda raka lengur, þar sem þær njóta skjóls og vætu frá mosum og öðrum plöntum er vaxa með þeim. Föstu flétturnar geta því stundað tillífun og næringarnám lengur, en vitað er að í þurrum fléttum er öll lífsstarfssemi í lágmarki og þá um leið fer enginn vöxtur fram (Pegau 1970a).

Arlegur meðalvöxtur fléttana *Cladonia alpestris*, *C. rangiferina* og *C. sylvatica* mældist 5 mm (Pegau 1968a). Andrew (1954, fengið frá Pegau 1970) telur að litlu fléttubrotin þurfi 2 ár til að geta hafið vöxt á ný. Samkvæmt þessu þarf a.m.k. 10 ár til þess að fléttubrotin verði hæf til beitar á ný.

Pegau (1970b) segir frá tilraun í Unalkleet í Alaska, þar sem svæði hafði verið bitið af hreindýrum, var girt af og friðað til að það mætti ná sér og gróa upp án annarra aðgerða en friðunar. Niðurstöður urðu þær, að eftir 30 ára friðun, var ekki merkjanleg nein framför á fléttugróðri í sumum reitum. Aðrir reitir sýndu vöxt fléttna, en hvergi það mikinn að fullum vexti væri náð. Þetta er reyndar ótrúlega langur tími miðað við fyrrgreindar mælingar hjá Pegau (1968).

Klein (1970) telur, að ef fléttur eru algjörlega bitnar upp taki 30-50 ár fyrir landið að ná upp fyrri fléttuflóru sé landið alveg friðað. Ef aðeins hluti fléttunnar (hvers einstaklings) er numin á brott, má taka allt að 45% hennar og endurnýjunartíminn verður 3-5 ár. Á þessu má sjá, að hófleg nýting eykur afrakstur svæðisins margfalt. Menn eru sammála um, að hreindýr séu alætur á plöntur, þ.e. að þau séu fær um að nýta sér flestar tegundir þegar þörf er á (Skoog 1968). Bergerud (1972) álítur, að þær fléttur séu mest étnar sem mest er af á hverjum stað. Fléttur virðast hins vegar vera hreindýrunum misnauðsynlegar eftir árstíma. Klein (1970) segir, að hreindýr noti fléttur aðeins takmarkað að sumri og alls ekki þegar þær eru þurrar og brothættar, en þær séu hins vegar mikilvægur þáttur í vetrarfæðu. Hanson o.fl. (1975) reiknuðu út, að hreindýr í Alaska nýti að meðaltali 4.5-5 kg af fléttum (þurrvigt) á dag/dýr að vetrinum. Þau virðast hins vegar komast af án

fléttina (að vetrinum eða allt árið) eins og tilvera hreindýranna á Svalbarða sannar, en þar finnast varla nokkrar fléttur lengur er hreindýrin geta nýtt sér (Punsvik o.fl. 1979).

Klein (1980) heldur því fram, að þó hreindýrastofnar geti komist af á ákveðnum svæðum án fléttina, útiloki það ekki að þróun hreindýranna sé aðlöguð fléttum og að þau eru háð fléttum að einhverju leyti á flestum svæðum.

Nú hefur nokkuð verið fjallað um áhrif beitar og traðks á fléttugróður á hreindýraslóðum erlendis. Aðrir þættir koma einnig til greina sem áhrifavaldar við eyðingu á fléttum hér á landi. Má þar nefna öskufall af völdum eldgosa, áfok vegna uppblásturs og grasatekju fyrr á tímum. Heimildir um fléttur og ástand gróðurs frá fyrri öldum eru af skornum skammti. Helst er að finna upplýsingar um grasatekju í sóknarlýsingum. Í sóknarlýsingu Gutorms prófasts Pálssonar í Vallanesi gerðri stuttu eftir 1856 segir: "Fjallagrasatekja var mikil í Múlaþingi allt fram að árinu 1783. Öskufallið af jarðeldinum í Skaftafellssýslu eyddi þá nálega öllum fjallagrösum; og nýgræðingur sá, er síðan hefur sprottið, er nú að mestu leyti upprættur, því bæði hefur verið mikið að honum gengið í hörðum árum og líka hafa hreindýr, eftir því sem þau fjölguðu, og sauðfénaður gjört sitt til að eyða honum. Má því að orði kveða, að þessi bjargræðisvegur sé nú þrotinn" (bls. 68).

Í lýsingu Gutorms Þorsteinssonar á Hofssókn í Vopnafirði árið 1890 stendur eftirfarandi: "Hreindýr eru hér ekki..." "Grasatekja er í heiðarlöndum. Þykir hún fara minnkandi og mun stafa af því, sem grösum er eytt, bæði af mönnum og fénaði" (bls. 91).

Gífurlegt öskufall varð í Öskjugosinu 1875 og lagðist þá þykkt öskulag yfir hluta Fljótsdals og Jökuldalsheiða, sem hafði mjög neikvæð áhrif á gróðurfar þeirra fyrst eftir öskufallið (Agnar Hallgrímsson 1970).

Þorvaldur Thoroddsen (1922) segir: "Fyrir Öskjugosið og hið mikla öskufall 1875 fóru menn allmikið á grasafjall úr Fljótsdalshéraði og Jökuldal, en þá lögðust þær ferðir niður" (bls. 231).

Hreindýrastofninn var orðinn lítill þegar á seinni hluta 19. aldar og tók ekki að rétta við fyrr en eftir 1940 (Skarphéðinn Þórisson 1983). Fléttugróðurinn hefur því haft a.m.k. 50 ár til að ná sér eftir eyðingu af völdum Öskjugossins.

Samkvæmt munnlegum heimildum frá Óla Stefánssyni á Merki (1982), má ætla að fléttugróður hafi náð sér verulega á Fljótsdalsheiði upp úr 1935, því þá var farið í grasaferðir í Mórauðumela og fljótlegt að tina í nokkra poka. Hann segir, að hreindýr hafi aldrei sést á heiðinni árin 1930-1940 í seinni göngum (þ.e. um mánaðarmótin september-október) og telur að það sé ekki fyrr en eftir 1945, að þau fari að sjást utan til á Fljótsdalsheiði. Þá telur hann, að hreindýramosi hafi aldrei verið áberandi á heiðinni, en mun meira hafi borið á kræðu (hér er líklega bæði átt við kræðu og mundagrös). Hafi fléttum hnignað mjög í fjallinu ofan við Merki hin síðari ár.

Jökuldalsheiði var hins vegar friðuð enn lengur fyrir hreindýrabeti, því ekki var farið að eltast við hreindýr þar fyrr en um 1960, þó ófárra dýra hafi verið þar vart áratugum á undan (Óli Stefánsson, Merki 1982, munnl. uppl.). Í dag er ástand fléttugróðurs á beitarlöndum hreindýranna í grófum dráttum þannig: sumarhagarnir eru nær fléttulausir en ekki er vitað hve lengi þeir hafa verið það.

Lítið er um fléttur á haust-, vetrar- og vorbeitarsvæðunum á Fljótsdalsheiði, en tiltölulega mikið um þær á Jökuldalsheiði.

Varhugavert er að draga miklar ályktanir af svo litlum upplýsingum. Þó benda þessi gögn til þess að fléttur á Fljótsdalsheiðinni hafi náð sér nokkuð vel á strik eftir öskufallið 1875. Fléttum hafi svo fækkað aftur fljótlega eftir að hreindýrin hófu vetrarsetu á heiðinni og eru nær uppurnar nú.

Ástæðan fyrir tiltölulega góðu ástandi fléttugróðurs á Jökuldalsheiði, gæti verið sú að þar hafi alltaf verið meiri gróska í fléttum, og einnig sú staðreynd að hreindýrin tóku að nýta sér þá heiði um 15 árum síðar en Fljótsdalsheiðina. Norðurhluti heiðarinnar virðist einnig snjóþyngri og mörg fléttusvæði þar því friðuð fyrir beit að vetrinum vegna snjóalaga.

### 6.6 Ástand og nýting hreindýrahaganna.

Til að geta gert fulla grein fyrir nýtingu beitilands og beitarþoli þess þ.e. hve mikinn hluta framleiðslu gróðurlenda óhætt er að nýta án hættu á ofbeit, þurfa eftirfarandi upplýsingar helst að liggja fyrir (sjá töflu 58):

TAFLA 58

Upplýsingar sem liggja þurfa fyrir til að geta gert fulla grein fyrir beitarþoli lands.

	Sumarbeitiland		Haust-, vetrar-og vor-beitiland	
	Vestur- öræfi	Eyjabakkar (Undir Fellum)	Fljótsdals- heiði	Jökuldals- heiði
1. Stærð landsvæðis	+	+	+	+
2. Skipting þess í gróður-lendi (gróðurkort)	+	+	að hluta	‡
3. Uppskera í gróðurlendum	+	‡	‡	‡
4. Fæðuval hreindýra	+	+	+	+
5. Fæðuval sauðfjár	að hluta	‡	‡	‡
6. Fjöldi hreindýra sem nýta svæðið	+	+	+	+
7. Fjöldi sauðfjár sem nýtir svæðið	‡	‡	‡	‡
8. Tíminn sem dýrin nota í hverju gróðurlendi	‡	‡	‡	‡
9. Lengd beitartíma á hverju svæði (árstími)	+	+	+	+
10. Snjóalög á vetrarbeitar-svæðum			‡	‡
11. Meðalfóðurþörf/dýr á dag*	‡	‡	‡	‡
12. Beitarþol einstakra plöntu-tegunda og gróðurlenda**				
13. Nærингargildi fæðunnar**				

\* upplýsingar fyrir hendi.

† upplýsingar skortir.

\*\* líklega má nota erlendar niðurstöður bæði fyrir hreindýr og sauðfé.

\*\* upplýsingar til að hluta.

Eins og sjá má á töflunni eru ýmsar mikilvægar upplýsingar þegar fyrir hendi en aðrar vantart.

Hvað hreindýrin varðar sakna ég mest að vita ekki hve langan tíma þau dvelja í einstökum gróðurlendum, en ljóst er að þau eru mislengi í hverju fyrir sig. Verður beitarálagið og nýting haganna því ekki sú sama í einstökum gróðurlendum. Einnig skortir tilfinnanlega upplýsingar um raunverulega stærð vetrarhaganna með upplýsingum um snjóalög. Gleggri vitneskju um fæðuval og beit sauðfjár ættu að fást innan fárra ára, því að RALA vinnur nú að þess háttar rannsóknum viðsvegar um land. Þó má benda á að vert væri að rannsaka fæðuatferli og fæðuval sauðfjár á Vesturöræfum nánar með tilliti til hugsanlegrar samkeppni við hreindýr.

Í töflunni sést einnig, að mestar upplýsingar eru til um sumarbeitilandíð, en mest fé hefur fengist í rannsóknir á því svæði vegna áformaðra virkjana.

Sauðfjárrækt hefur um aldir verið undirstaða búskapar í Fljótsdals- og á Jökuldalshreppum, og er svo enn. Fjöldi sauðfjár hefur verið mjög áþekkur í þessum tveimur hreppum og breyttist lítið fyrri hluta aldarinnar, en hefur farið fjölgandi svo sem sjá má af töflu 59.

#### Tafla 59

Fjöldi sauðfjár í Fljótsdals- og Jökuldalshreppum

Ár	Fjöldi sauðfjár	
	Fljótsdalur	Jökuldalur
1900	6.993	6.719
1930	6.866	6.682
1950	7.132	6.599
1970	8.771	9.200
1979	9.050	10.939 <sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> Hér hefur verið fargað fé á Brú á Jökuldal, sem ekki er meðtalið.

Vetrararbeit er aflögð, en hún var mikið stunduð á heiðunum áður fyrr, einkum þegar byggð var á Jökuldalsheiði á síðustu öld og fram á þessa miðja (Halldór Stefánsson 1947).

Upplýsingar um fjölda sauðfjár á einstökum afréttum og ólikum gróðurlendum þeirra t.d. í sumarbeitilandi hreindýranna á Vesturöræfum liggja ekki á lausu. Þó er ljóst að sumarhagar hreindýranna eru ekki ofsetnir af sauðfé.

Hér á eftir verður gerð grein fyrir ástandi og nýtingu hreindýrahaganna, byggt á niðurstöðum þeirra rannsókna sem liggja fyrir. Niðurstöður eru bornar saman við erlendar rannsóknir, sem koma okkur að gagni. Varlega ber þó að fara í samanburð við rannsóknir erlendis, þar sem loftslag og ýmsir líffræðilegir þættir geta verið mjög breytilegir eftir stöðum. Það er t.d. ekki talið réttlætanlegt að bera nákvæmlega saman beit milli landa. Dýrin í hverju landi éta aðallega þann gróður sem mest er af. Verður samanburður því einkum til að sýna fram á ólika flóru landanna. Hins vegar er oft reynt að bera saman fæðuflokka þá er dýrin nýta.

Allar upplýsingar um fjölda hreindýra og staðsetningu þeirra í högum eru fengnar hjá Skarphéðni Þórisssyni (1983).

#### Sumarhagarnir.

Sumarhagarnir (sjá mynd 3, bls. 21), sem hér verður fjallað um eru á Vesturöræfum og Undir Fellum, en þar dvelja flest dýrin sem fara út á Fljótsdalsheiði á haustin. Auk þess eru mikilvæg sumarbeitilönd í Kringilssárrana og Sauðafelli vestan Jökulsár á Dal, en þar eru sumarhagar þess hluta stofnsins sem heldur sig að miklu leyti á Jökuldalsheiði á veturna.

Stærð sumarhaganna á Vesturöræfum (tafla 2, bls. 22) og Undir Fellum (tafla 30, bls. 72) er um  $320 \text{ km}^2$ , þar af er gróið land  $170 \text{ km}^2$ . Dýrin nýta svæðið á milli og umhverfis afmörkuðu svæðin (sjá mynd 3) aðeins að litlu leyti, (einkum um fartíma á haustin) því að þau standa hærra og eru lítt gróin.

Hreindýrin nýta sumarhagana sem hér segir: í maí, júní og júlí eru

þau aðallega á Vesturöræfum, en dvelja svo Undir Fellum, mest á Eyjabökkum og Snæfellsnesi í ágúst.

Meðalfjöldi hreindýra í sumarhögum yfir 14 ára tímabil 1965-1981, (ekki talið 1971, '72 og '77) voru  $5,5 \text{ dýr/km}^2$  lands, eða  $10,3 \text{ dýr/km}^2$  gróins lands. Mestum þéttleika náðu þau árið 1965,  $19,4 \text{ dýr/km}^2$  gróins lands.

Einangraðir stofnar hreindýra, þar sem afrán og veiðar eru ekki til að halda dýrafjöldanum niðri, hafa komist í þéttleika sem nemur 18-23 dýrum/ $\text{km}^2$  lands, án þess að skaðlega áhrifa á sumarhagana yrði vart (Klein 1968, Leader-Williams 1980). Samkvæmt þessu virðist fjöldi hreindýra  $10,3 \text{ dýr/km}^2$  í sumarhögum ekki vera of mikill sé gert ráð fyrir að uppskera gróðurs sé svipuð hér og á öðrum hreindýraslóðum. Þéttleikinn er þó mun meiri á burðarsvæðinu í Hálsi á vorin.

Í sumarbeitilandinu í Holsteinsborgar-Syðri Straumfjarðar svæðinu á Grænlandi er talið, að dýrin hafi verið flest  $25 \text{ dýr/km}^2$  gróins lands um 1967. Svo varð hrún í stofninum vegna ofbeitar, 1977 voru  $10 \text{ dýr/km}^2$  og 1980  $4 \text{ dýr/km}^2$  gróins lands. Þessi stofn er einangraður, þ.e. dýrin hafa ekki tækifæri til að flytja af svæðinu. Ofbeit var því óumflíjanleg, þegar þau urðu of mörg (Thing 1981). Þessar upplýsingar benda til að þegar ofbeit á sér stað, verður hún ekki svo auðveldlega stöðvuð. Langan tíma tekur að snúa þróuninni við.

Ekki er talið að dýr verði hungurdauða vegna ofbeitar í sumarhögum. Hins vegar veldur samkeppni um bestu fæðuna því að dýrin ná ekki að safna nægum forða fyrir veturinn þegar um þrengist í sumarhögunum. Þau verða því verr undir hann búin og falla, ef vetrarhagarnir eru lélegir (Klein 1968).

Tafla 59 sýnir yfirlit um helstu gróðurlendi og uppskeru þeirra á Vesturöræfum. Þar kemur í ljós, að gróðurlendið stinnastör með smárunnum er  $36,1 \text{ km}^2$ , grávíðiflesjur eru  $10,9 \text{ km}^2$ , stinnastaramyri er  $30,6 \text{ km}^2$ . Hengistararfloar eru litlir að umfangi, alls um  $3 \text{ km}^2$ .

Tafla 60

Helstu gróðurlendi, stærð og uppskera þeirra á Vesturöræfum.

Gróðurlendi	Aðaltegund	Stærð lands km <sup>2</sup>	Uppskera g/m <sup>2</sup>	Heildar- uppskera tonn	%	Uppskera bitin tonn
<hr/>						
D <sub>1</sub> og D <sub>3</sub>						
Grávíðiflesja	grávíðir	10,0	85,28	929	43	396
G <sub>2</sub> Stinnastör með smárunnunum	grávíðir stinnastör	36,1 36,1	20,72 78,48	747 2833	52 33	388 932
U <sub>1</sub> Stinnastararmýri	stinnastör	30,6	41,72	1276	27	340
V <sub>4</sub> Hengistararflói	hengistör	3,0	64,48	193	26	50
<hr/>						
		115,8		5978		2106
<hr/>						

Uppskera gróðurs var mæld í Hálsi á Vesturöræfum (sjá nánar í kafla 5, bls. 152). Þar kemur m.a. í ljós að grávíðirinn er mest bitinn, 42% í Hálsi I og 52% í Hálsi II, 32% stinnastalarar í þurrlendi er bitin, en 13% stinnastalarar í mýri og 45% hengistarar.

Niðurstöður uppskerumælinganna eru ekki marktækar tölfraðilega vegna fárra klippinga. Þær gefa þó ákveðna vísbendingu. Reiknuð var framleiðsla þriggja veigamikilla beitarplantna, og þá eingöngu miðað við þau gróðurlendi sem þær vaxa aðallega í. Eftir þeim útreikningum að dæma nálgast uppskera stinnastalarar á Vesturöræfum að vera 4100 tonn. Þær af eru 1271 tonn bitin, eða 31% uppskerunnar. Af grávíði er uppskera hins vegar 1676 tonn, þær af eru 784 tonn bitin eða um 47% uppskerunnar. Á þessu sést að meir er sótt í grávíðinn en stinnastörina miðað við framboð tegundanna. Einnig kemur í ljós að meira er bitið af stinnastör í þurrlendi (33%) en í votlendi (27%).

Í fæðu þeirra 14 dýra sem felld voru á Vesturöræfum í júlí 1980 er stinnastör 32%, grávíðir 26% og hengistör 5% fæðunnar. Þessar þrjár tegundir eru samtals 63% sumarfæðunnar. Hreindýrin nýta því aðallega þær tegundir sem mest framboð er af í fyrrgreindum gróðurlendum.

"Hófleg beit eða nýting gróðurs á sumarbeit er miðuð við, að ekki sé fjarlægt meira en 50% af uppskeru bestu beitarplantnanna (jurta) á þurrlendi. Þegar því marki er náð, hafa að jafnaði verið bitin um 10 prósent af uppskeru kvistagróðurs. Reiknað er með, að bitin séu 30 prósent uppskeru mýra og 10 prósent af uppskeru flóa miðað við sauðfjár- og hrossabeit" (Ingvi Þorsteinsson 1980, bls. 8).

Ef þessar tölur eru látnar gilda fyrir hagana á Vesturöræfum, sem eru nýttir af hreindýrum og sauðfé, og þær bornar saman við áætlaða beit samkvæmt uppskerumælingunum kemur í ljós að beit gráviðis (47%) nálgast 50% mörkin, en aðrar tegundir eru fyrir neðan þetta mark. Eftir þessu að dæma er gráviðirinn í efri mörkum nýtingar.

Í kaflanum um uppskeru gróðurs bls. 152 og í lýsingu á gróðurlendum á Vesturöræfum (bls. 20), hefur verið sagt frá sjáanlegum beitaráhrifum á viðinn, en hann er víða illa farinn og kyrkingslegur að sjá vegna beitar.

Niðurstöður ofangreindra útreikninga ber að sama brunni. Gráviðirinn er eina plöntutegundin á svæðinu, sem gæti stafað hætta af ofbeit eins og málin standa nú. Útreikningarnir hér að framan eru yfirfærðir á allan gráviðinn á Vesturöræfum. Í reynd er þó aðalhættan á ofbeit í Hálsinum rétt innan og utan við Kofalæk, en þar er beitin mest um burðinn á vorin.

Háls á Vesturöræfum er mikilvægt fæðuforðabúr fyrir hreindýrin á vorin. Þetta er snjóléttasta svæðið á hreindýraslóðum. Þar safnast kýrnar saman til að bera, en á þeim tíma eru oft jarðbönn annars staðar vegna snjóa. Til að kýrnar mjólkvi vel og kálfadauði verði lítill, þurfa fæðuskilyrði að vera góð.

Beitinni í Hálsinum á því að stjórna þannig, að gróðurinn sé í það góðu ástandi, að hann geti tekið við auknu beitarálagi t.d. þegar snjóþung vor verða, án þess að tjón verði unnið á gróðrinum og hann nái sér upp aftur á stuttum tíma.

Ég tel að gráviðiflesjurnar í Hálsi standi ekki undir beitinni nú og því ekki færar um að taka við auknu beitarálagi sem gæti komið upp

ef dýrunum fjöldaði. Til þess að viðirinn nái að jafna sig og bæta við sig, verður að minnka beitarálagið.

Hafa ber i huga að mun skynsamlegra er að fækka dýrunum á ákveðnu svæði og leyfa þeim svo að fjölgja aftur þegar ástæða er til, heldur en að láta gróður skemmast. Hann er lengi að ná sér og þarf oft miklu að kosta til þegar skaðinn er skeður, sem dæmi um allt land sýna.

Hér hefur að mestu verið fjallað um sumarbeitilandið á Vesturöræfum. Svæðið Undir Fellum er minna nýtt og engin hætta á ofnýtingu gróðurs þar eins og málín standa núna án tillits til fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar. Svæðið er hins vegar mjög mikilvægt til beitar, því að það léttir á beitarálaginu á Vesturöræfum og dreifir stofninum.

Fléttur hefur ekki borið á góma í sambandi við sumarbeitina, enda finnast þær ekki á svæðinu svo nokkru nemi. Ekki er hægt að fullyrða um hvort þær hafi þegar verið ofnýttar eða fléttuflóra svæðisins hafi alltaf verið rýr. Til að þær hefðu möguleika á að ná sér upp, þarf a.m.k. 40-50 ára friðun á svæðinu (sbr. Klein 1970). Ekki er nein þörf, hreindýranna vegna, að flétturnar nái sér upp í sumarbeitilandinu, því þær skipta mestu máli sem vetrarfæða.

#### Haust-, vetrar- og vorhagarnir.

Haust-, vetrar- og vorbeitin fer að miklu leyti fram á Fljótsdals- og Jökuldalsheiðum. Hluti hausts og vors fer í ferðir til og frá sumar- og vetrarhögunum. Þann tíma hausts og vors, sem dýrin eru ekki á farleiðum, eyða þau á svipuðum slóðum og að vetrinum en oft í öðrum gróðurlendum. Fer það fyrst og fremst eftir snjókomu og snjóalögum hverju sinni. Hér verður ekki talað sérstaklega um haust- og vorbeitar-svæðin, heldur lögð áhersla á vetrarhagana og heiðarnar sem heild.

Þegar litið er á töflu 58 (bls. 183) sést, að ýmislegt vantar til að hægt sé að gera fulla grein fyrir beitarþoli heiðanna. Gróðurkort eru aðeins til af hluta Fljótsdalsheiðar og engin af Fella- og Jökuldalsheiði. Því er ekki hægt að reikna flatarmál gróðurlenda. Ekki er heldur vitað um áhrif snjóalaga á gróðurlendin, þ.e. hve mikill hluti þeirra liggur undir svo þykki snjóhulu, að hann sé óaðgengilegur fyrir hreindýrin.

Til að reikna þéttleika hreindýra á heiðunum verður að notast við flatarmál lands, án þess að hægt sé að taka tillit til hversu mikið af því er gróið.

Ekki hefur verið unnt að kanna ferðir hreindýra á veturna vegna fjárvskorts. Þær tölur á fjölda hreindýra, sem hér eru notaðar, kunna því að vera nokkuð ónákvæmar. Ýmsir skekkjuvaldar koma til greina, t.d. óþekktur fjöldi dýra er fer austur fyrir Lagarfljót, einnig óþekktur fjöldi er rásar milli Jökuldals- og Fljótsdalsheiðar (Skarphéðinn Þórisson 1983).

Hér er gert ráð fyrir, að Fljótsdalsheiði-Fellaheiði séu  $1300 \text{ km}^2$ . Nú eru þar að meðaltali um 550 hreindýr að vetrinum (1979-1981) sem gera  $0,4 \text{ dýr/km}^2$ . Flest voru dýrin á Fljótsdalsheiði 1976, eða um  $1,9 \text{ dýr/km}^2$ , og á árunum 1965, 1970 og 1972 voru þar um  $1,2 \text{ dýr/km}^2$ .

Gert er ráð fyrir að Jökuldalsheiði sé um  $900 \text{ km}^2$ . Þar eru nú að meðaltali um 550 dýr að vetrinum eða  $0,6 \text{ dýr/km}^2$  í mesta lagi. Þeim hefur farið fjölgandi undanfarin ár því að 1965 voru þar tæplega  $0,1 \text{ dýr/km}^2$  og  $0,5 \text{ dýr/km}^2$  árið 1975.

Til samanburðar við fjölda dýranna hér verða nefnd dæmi um fjölda dýra á vetrarstöðvum erlendis og hvernig menn túnka þann fjölda með tilliti til beitilanda.

Vetrarhagarhreindýra einkennast á flestum stöðum af miklu magni fléttna en í þeim eru orkurík kolvetni, sem koma sér vel að vetrinum. Gallinn við fléttturnar er sá, að þær vaxa mjög hægt og eru viðkvæmar fyrir beit og traðki. Hreindýrahjarðirnar þurfa því tiltölulega stór landsvæði til að ekki verði hætta á ofnýtingu fléttnanna.

Við rannsóknir erlendis hefur viða komið í ljós ofbeit á fléttum í vetrarhögum af völdum hreindýra. Ástæðurnar fyrir því að viðkomandi hreindýrastofn verður stærri en æskilegt má telja eru ýmsar. Oftast er talið, að gæði haganna á afmörkuðum svæðum leiði til mikillar fjölgunar, en afrán (veiðar meðtaldar) ekki nægilegt til að halda stofninum í skefjum. Ein ástæðan fyrir því að afrán er ekki talið nógum mikið gæti verið þessi. Menn hafa haldið rándýrastofnum (t.d. úlfum og björnum) niðri með

óhóflegum veiðum, vegna ótta við samkeppni um fæðu. Rándýrin geta því ekki haldið í við fjölgun hreindýranna og veiðar manna eru ekki nægilega miklar til að halda hreindýrastofninum í skefjum. Vísindamenn eru ekki á eitt sáttir hvort afrán eitt sér sé nægilegt til að halda hreindýrastofninum niðri og hindra þar með ofbeit á ákveðnum svæðum (Bergerud 1980, Klein, munnl. uppl.). Hreindýrastofnarnir vaxa upp fyrir burðar- getu haganna, ofbeit verður og horfellir. Lýsingar á þessu er að finna frá mörgum stöðum, t.d. á Kolaskaga (Semenov Tian Shansk 1979), í Suður-Noregi (Gaare 1968b, Reimers 1969, Kraft o.fl. 1971, Gaare og Skoogland 1979) þar sem stofninn varð 4-5 dýr/km<sup>2</sup> að vetrinum þegar mest var. Á Íkardluik, Grænlandi (Thing 1980a, 1980b og 1981) er talið, að hámarksfjöldi í vetrarhögum hafi verið 13-14 dýr/km<sup>2</sup> þegar mest var (um 1968). Árið 1977 hafði dýrunum fækkað í 4-5 dýr/km<sup>2</sup>, 1978 í 2 dýr/km<sup>2</sup> og 1980 voru dýrin færri en 1 dýr/km<sup>2</sup>. Þrátt fyrir hrún í stofnunum er enn engin batamerki að sjá á högunum.

Niðurstaða ofangreindra höfunda er sú, að þegar meta á fjölda hreindýra í högunum, megi ekki aðeins miða við fjölda dýra á ferkilómetra.

Í Norður-Ameríku þar sem sumir telja afrán helst takmarka stofnstærð, er þéttleiki hjarðanna 0,4-0,8 dýr/km<sup>2</sup> eða minni (Bergerud 1980).

Fyrir Ilvnera-hjörðina (hálftamin) í Góðravon á Vestur Grænlandi er 1,5 hreindýr/km<sup>2</sup> lands talin vera mótuleg stofnstærð, þar sem hagarnir eru í góðu ástandi (Aastrup 1973, fengið hjá Thing 1981).

Í Kanada lífa Peary-hreindýrin á nær fléttulausu svæði. Þau eru færri en 1 dýr/km<sup>2</sup> í vetrarhögum (Miller o.fl. 1977).

Parker (1975) telur, að hámarksstærð stofnsins á Southampton Island í N.W.T. Kanada megi ekki fara yfir 2,8 dýr/km<sup>2</sup> í vetrarhögum.

Þó samanburður milli landa sé erfiður og verði að taka með varúð, má segja, að þegar dýrin eru færri en 0,8 dýr/km<sup>2</sup> séu þau neðan við hættumörk hvað varðar ofbeit á fléttum í góðum vetrarhögum (Gaare 1980). Hér á landi eru 0,6 dýr/km<sup>2</sup> í flétturíkum högum á Jökuldalsheiði.

Þær plöntutegundir sem hafa mesta lostætni (palatability) og minnsta

lostætni eru mikilvægir ávitar (indicator) á jafnvægið milli þéttleika hreindýrastofns og ástands haganna. Á Grænlandi (Thing 1981) hefur fléttum fækkað mjög bæði vegna beitar og traðks. Í stað fléttina verður aukning á tegundum sem annars er ekki mikið sótt í að vetrinum, einkum grös og mosa sem ná sér á strik í eyðunum sem verða við fækkun fléttannana. Svipaðri reynslu hafa eftirtaldir höfundar einnig sagt frá, Gaare (1968), Miller (1976) og Oksanen (1978).

Fljótsdals- og Fellaheiði. Eins og áður sagði eru í dag að meðaltali  $0,4 \text{ dýr/km}^2$  á Fljótsdalsheiði, en mestur fjöldi þeirra samkvæmt talningu var  $1,9 \text{ dýr/km}^2$  1976. Ef miðað er við, að  $0,8 \text{ dýr/km}^2$  sé þéttleiki neðan við hættumörk ofbeitar ætti ástandið á Fljótsdalsheiði að vera gott. Við skoðun á helstu vetrarbeitarstöðunum sést hins vegar að svo er ekki. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú, að miklu fleiri dýr hafa verið á ákveðnum stöðum á heiðinni undanfarin ár en þessar þéttleikatölur gefa til kynna, því að snjóalög stefna hjörðinni í vindblásin svæði og/eða svæði sem leyfa krafstur. Eru þau undir fótum dýranna ár eftir ár og því meir nýtt en ætla mætti, ef aðeins er litið á tölurnar um fjölda dýra/ $\text{km}^2$ .

Þetta hefur leitt til þess, að fléttur eru mikið til horfnar á ákveðnum svæðum, t.d., á Merkisheiði, Klausturselsheiði og suður undir Eyvindarfjöll. Nokkuð er hins vegar af fléttum sunnar á heiðinni.

Gróðurlendi þau sem hreindýrin hafa bestan aðgang að utan sumartíma, er einsleitt og rýrt mólendi, þar sem sauðamerkur, krækilyng, holtasóley, grasviðir og gráviðir eru áberandi, ásamt grassinu og mosum. Þessar tegundir þurfa dýrin því að nýta sem fæðu og verða þær meginuppistaða hennar, eins og berlega kom í ljós í fæðuathugunum. Runnar eru 40% (sauðamerkur, krækilyng o.fl.), grassina og starir 42% og mosar 10% fæðunnar.

Þessi fæðusamsetning er talin benda til lélegs ástands haganna. Bojrte (1981) segir, að tiltölulega hátt hlutfall mosa 10%, bendi til að ástand haga sé ekki eins gott og verið gæti.

Steen (1968 fengið hjá Thing 1981), Klein (1968) og Thing (1981) segja, að hátt hlutfall sigrænna runna í fæðunni, t.d. krækilyng, bendi til

hættu á ofnýtingu svæðisins, því að dýrin leggi þessa runna sér ekki til munns, nema annað betra sé ekki til staðar.

Ástandið á Fljótsdalsheiði er því í stórum dráttum þannig. Hreindýrin eru í góðu líkamlegu ástandi, en fléttur horfnar að mestu. Dýrin hafa mestan aðgang að rýru mólendi og nýta þar m.a. sígræna runna og mosa, sem hvortveggja þykir benda til lélegs ástands haganna. Dýrunum hefur fækkað á hverja einingu lands, þar sem þau kjósa betri haga annars staðar. Miðað við reynslu frá öðrum löndum, er ólíklegt að fléttuflóran nái sér upp, þannig að hún verði nýtanleg til beitar í vetrarhögunum, nema algjör friðun komi til í áratugi. Hreindýrin geta hins vegar lifað veturinn af án fléttina, sérstaklega ef þau ná góðum holdum í sumarhögunum (Reimers 1980). Þó að dýrin, sem nú hafa vetrarsetu á heiðinni, séu aðeins 0.4 á km<sup>2</sup>, hindra þau að hagarnir nái að jafna sig, ásamt sauðfénu á sumrin. Því má búast við svipuðu ástandi gróðurs á vetrarbeitarsvæðunum á Fljótsdalsheiði að óbreyttu beitarálagi. Smávægileg aukning á þéttleika dýranna og veðurfarsbreytingar geta hins vegar leitt til ofnýtingar haganna. Þarf því að fylgjast vel með gróðurbreytingum og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir skemmdir á gróðri.

Jökuldalsheiði. Á Jökuldalsheiði hefur hreindýrum fjölgæð undanfarin ár. Árið 1965 voru þar 0,1 dýr/km<sup>2</sup>, árið 1975 0,5 dýr/km<sup>2</sup> en eru nú 0,6 dýr/km<sup>2</sup>. Ef miðað er við, að 0,8 dýr/km<sup>2</sup> sé sá þéttleiki, sem hagarnir þola ætti ástandið að vera gott. Við skoðun á gróðurlendum heiðanna kemur í ljós að svo er. Hér er ástand gróðurs mun betra en á Fljótsdalsheiði. Hreindýrin hafa nýtt heiðina í tiltölulega fá ár og hafa aldrei orðið of mörg. Nægilegt magn er að finna af fléttum. Nokkur munur er á grósku og stærð fléttina og víðis á norðanverðri og sunnanverðri heiðinni, norðurheiðinni í vil. Má þar ef til vill þakka meiri snjóalögum og því minni beit að vetrinum. Áður hefur komið fram, að lítið er vitað um dreifingu dýranna um heiðina á vetrum.

Gróðurlendi þau sem hreindýrin hafa bestan aðgang að, meðan snjór liggur yfir landinu, hafa svipaða tegundasamsetningu, þ.e. lágir runnar (aðallega grávíðir og krækilyng), grassina og mikið af fléttum. Meginuppistaða í fæðu hreindýranna að vetrinum eru, fléttur 46%, grassina og starir 38% samtals. Þeir hópar plantna sem mikið er af í fæðunni þegar hagar eru lélegir, finnast í lágu hlutfalli í fæðu dýranna á Jökuldalsheiði

(runnar 7% og mosar 3%). Þetta styður þá skoðun mína, að ástand gróðurs sé gott á heiðinni. Líkamlegt ástand dýranna er betra en á Fljótsdalsheiði (Skarphéðinn Þórisson 1983).

Hér er því um að ræða beitiland, sem er hæfilega nýtt í dag. Leggja ber áherslu á að halda því ástandi. Það verður einungis gert með því að fylgjast náið með fjölda dýra á svæðinu og breytingum sem kunna að verða á gróðurfarinu, þannig að tryggt verði að flétturnar verði ekki ofnýttar. Eins og áður hefur verið vikið að, gengur fléttunum hægt að endurnýja sig, ef beitin verður of mikil.

7 TEGUNDALISTAR (háplöntur, fléttur, mosar)

Listi yfir háplöntur fundnar í vömbum (x) feldra hreindýra og skráðar í gróðurmælingareitum (o).

x	<i>Alchemilla spp.</i>	
x o	<i>A. vulgaris</i> L.	Mariustakkur
o	<i>Anthoxanthum odoratum</i> L.	Ilmreyr
o	<i>Arenaria norvegica</i> Gunn.	Skeggsandi
x o	<i>Armeria maritima</i> (Mill.) Willd.	Geldingahnappur
x o	<i>Bartsia alpina</i> L.	Smjörgras
x o	<i>Betula nana</i> L.	Fjalldrapi
o	<i>Botrychium lunaria</i> (L.) Sw.	Tungljurt
x o	<i>Calamagrostis neglecta</i> (Ehrh.) G.M. & Sch.	Hálmgresi
x o	<i>Cardamine nymanii</i> Gand.	Hrafnaklukka
o	<i>Cardaminopsis petraea</i> (L.) Hiit.	Melskriðablóm
x	<i>Carex spp.</i>	
x o	<i>C. bigelowii</i> Torr.	Stinnastör
o	<i>C. bigelowii</i> x <i>lyngbyei</i>	Bleikstinnungur
o	<i>C. capillaris</i> L.	Hárleggjastör
o	<i>C. glacialis</i> Mack.	Dvergstör
o	<i>C. krausei</i> Böckl.	Toppastör
o	<i>C. nigra</i> Reich	Mýrastör
x o	<i>C. rariflora</i> (Wg.) Sm.	Hengistör
x o	<i>C. rostrata</i> Stokes.	Ljósastör
x o	<i>C. rupestris</i> All.	Móastör
x	<i>Cerastium spp.</i>	
x o	<i>C. alpinum</i> L.	Músareyra
x o	<i>C. cerastoides</i> (L.) Britton	Lækjafræhyrna
o	<i>C. fontanum</i> Baumg.	Végarfi
x o	<i>Deschampsia alpina</i> (L.) R. & S.	Fjallapuntur
o	<i>D. flexuosa</i> (L.) Trin	Bugðupuntur
o	<i>Draba norvegica</i> Gunn	Hagavorblóm
x o	<i>Dryas octopetala</i> L.	Holtasóley
x o	<i>Empetrum nigrum</i> L.	Krækilyng
x	<i>Epilobium spp.</i>	
x o	<i>Equisetum arvense</i> L.	Klöelfting
o	<i>E. palustre</i> L.	Mýrelfting
x o	<i>E. variegatum</i> Schleich.	Beitieski
o	<i>Erigeron uniflorum</i> L.	Fjallajakobsfífill
x o	<i>Eriophorum angustifolium</i> Honck.	Klófifa
x o	<i>E. scheuchzeri</i> Hoppe	Hrafnafifa
o	<i>Euphrasia spp.</i>	Augnfró
x o	<i>Festuca rubra</i> L.	Túnvingull
x o	<i>Galium normanii</i> O. Dahl	Hvitmaðra
o	<i>Gentiana nivalis</i> L.	Dýragras
o	<i>Gentianella tenella</i> Rottb.	Mariuvendlingur
o	<i>Gnaphalium supinum</i> L.	Grámulla
x o	<i>Harriemanella hypnoides</i> (L.) Coville	Mosalyng
x	<i>Juncus spp.</i>	
x o	<i>J. arcticus</i> Willd.	Tryppanál
x	<i>J. biglumis</i> L.	Flagasef
x o	<i>J. trifidus</i> L.	Móasef
x o	<i>Kobresia myosuroides</i> (Vill.) Fiori & Paol.	Þursaskegg

x o	<i>Loiseleuria procumbens</i> (L.) Desv.	Sauðamergrur
o	<i>Luzula multiflora</i> (Retz) Lej	Vallhæra
o	<i>L. spicata</i> (L.) DC.	Axhæra
o	<i>Lychnis alpina</i> L.	Ljósberi
x	<i>Minuartia spp.</i>	
o	<i>M. biflora</i> (L.) Sch. & Thell.	Fjallanóra
x o	<i>M. rubella</i> (Wg.) Hiern.	Melanóra
o	<i>M. stricta</i> (Sw.) Hiern.	Móanóra
o	<i>Oxyria digyna</i> (L.) Hill	Ólafssúra
o	<i>Parnassia palustris</i> L.	Mýrasóley
o	<i>Pedicularis flammea</i> L.	Lúsajurt
x o	<i>Phleum commutatum</i> Gaud	Fjallafoxgras
o	<i>Pinguicula vulgaris</i> L.	Lyfjagras
x	<i>Poa spp.</i>	
x o	<i>P. alpina</i> L.	Fjallasveifgras
o	<i>P. glauca</i> Vahl.	Blásveifgras
x o	<i>P. pratensis</i> L.	Vallarsveifgras
x o	<i>Polygonum viviparum</i> L.	Kornsúra
o	<i>Potentilla crantzii</i> (Cr.) G. Beck	Gullmura
o	<i>P. palustris</i> (L.) Scop.	Engjarós
o	<i>Pyrola minor</i> L.	Klukkublóm
x o	<i>Ranunculus acris</i> L.	Brennisóley
o	<i>Rumex acetosa</i> L.	Túnsúra
o	<i>Sagina intermedia</i> Fenzl.	Snækrækill
x o	<i>Salix callicarpaea</i> Trautv.	Grávíðir
x o	<i>S. herbacea</i> L.	Grasvíðir
o	<i>S. lanata</i> L.	Loðvíðir
o	<i>Saxifraga caespitosa</i> L.	Þufusteinbrjótur
x o	<i>S. hirculus</i> L.	Gullbrá
o	<i>S. nivalis</i> L.	Snæsteinbrjótur
x o	<i>S. oppositifolia</i> L.	Vetrarsteinbrjótur
o	<i>Sedum villosum</i> L.	Flagahnoðri
o	<i>Selaginella selaginoides</i> (L.) Link.	Mosajafni
x	<i>Sibbaldia procumbens</i> L.	Fjallasmári
x o	<i>Silene acaulis</i> (L.) Jacq	Lambagras
o	<i>Taraxacum spp.</i>	
x o	<i>Thalictrum alpinum</i> L.	Brjóstagras
o	<i>Thymus arcticus</i> (Dur.) Ronn.	Blóðberg
x o	<i>Tofieldia pusilla</i> (Michx.) Pers.	Sýkigras
o	<i>Trisetum spicatum</i> (L.) Richt	Lógresi
x o	<i>Vaccinium uliginosum</i> L.	Bláberjalyng
o	<i>Veronica alpina</i> L.	Fjalladepla

Listi yfir fléttur fundnar í vömbum (x) felldra hreindýra og skráðar í gróðurmælingareitum (o).

o	<i>Alectoria spp.</i>	
o	<i>A. nigricans</i> (Ach.) Nyl.	
o	<i>A. ochroleuca</i> (Hoffm.) Mass.	
o	<i>Baeomyces roseus</i> Pers.	
o	<i>B. rufus</i> (Huds.) DC.	
x	<i>Cetraria spp.</i>	
x o	<i>C. delisei</i> (Bory) Th.Fr.	Mundagrös
x o	<i>C. islandica</i> (L.) Ach.	Fjallagrös
x o	<i>C. nivalis</i> (L.) Ach.	Mariugrös
x	<i>Cladonia spp.</i>	
o	<i>C. chlorophaea</i> (Somm.) Spreng.	
o	<i>C. coccifera</i> (L.) Willd.	
x o	<i>C. gracilis</i> (L.) Willd.	
o	<i>C. lepidota</i> Nyl.	
x o	<i>C. mitis</i> Sandst.	Hreindýrafléttu
o	<i>C. pocillum</i> (Ach.) O.Rich.	
o	<i>C. pyxidata</i> (L.) Hoffm.	
x o	<i>Cornicularia aculeata</i> (Schreb.) Ach.	Kræða
o	<i>Ochrolechia frigida</i> (Sw.) Lyngé	
o	<i>Pannaria pezizoides</i> (Web.) Trev.	
x o	<i>Peltigera spp.</i>	
o	<i>P. canina</i> (L.) Willd.	Engjaskóf
o	<i>P. leucophlebia</i> (Nyl.) Gyeln.	Þorskaskóf
o	<i>P. malacea</i> (Ach.) Funck	
o	<i>P. occidentalis</i> (Dahl) Krist.	
o	<i>P. rufescens</i> (Weiss.) Humb.	Fjallaskóf
o	<i>P. spuria</i> (Ach.) DC.	Lambaskóf
o	<i>P. venosa</i> (L.) Baumg.	Æðaskóf
x	<i>Pseudephebe pubescens</i> (L.) Choisy	
o	<i>Psoroma hypnorum</i> (Vahl.) S.F.Gray	
o	<i>Solorina bispora</i> Nyl.	
x	<i>Stereocaulon spp.</i>	
x o	<i>S. alpinum</i> Laur.	Grábreyeskíngur
o	<i>S. arcticum</i> Lyngé	
x o	<i>Thamnolia subuliformis</i> (Ehrh.) Culb.	Ormagrös
x	<i>Umbilicaria cylindrica</i> (L.) Del.	Skeggnaflí

Listi yfir mosa fundna í vömbum (x) felldra hreindýra og skráða í gróðurmælingareitum (o).

*Hepaticae*

- o *Anthelia juratzkana* (Limpr.) Trev.
- x *Barbilophozia hatcheri* (Evans) Loeske

*Musci*

- x o *Aulacomnium palustre* (Hedw.) Schwaegr.
- x o *Bartramia ithyphylla* Brid.
- x *Blindia acuta* (Hedw.) B.S.G.
- x *Brachythecium glaciale* B.S.G.
- o *B. groenlandicum* (C.Jens.) Schljak.
- o *B. reflexum* (Starke) B.S.G.
- x o *Bryum sp.*
- o *B. pallescens* Schwaegr.
- x *B. pseudotriquetrum* (Hedw.) Gaerthn., Meyer & Scherb.
- x o *Calliergon giganteum* (Schimp.) Kindb.
- x *C. richardsonii* (Mitt.) Kindb.
- x o *C. sarmentosum* (Wahlenb.) Kindb.
- x o *C. stramineum* (Brid.) Kindb.
- o *C. trifarium* (Web. & Mohr) Kindb.
- o *Campylium chrysophyllum* (Brid.) J. Lange
- o *C. stellatum* (Hedw.) C.Jens.
- o *Catoscopium nigritum* (Hedw.) Brid.
- x *Ceratodon purpureus* (Hedw.) Brid.
- o *Cinclidium stygium* Sw.
- x o *Climacium dendroides* (Hedw.) Web. & Mohr
- o *Conostomum tetragonum* (Hedw.) Lindb.
- x *Dichodontium pellucidum* (Hedw.) Schimp.
- x o *Dicranum fuscescens* Sm.
- x o *D. scoparium* Hedw.
- o *Distichium capillaceum* (Hedw.) B.S.G.
- o *Ditrichum flexicaule* (Schwaegr.) Hampe
- x *Drepanocladus aduncus* (Hedw.) Warnst.
- o *D. badius* (Hartm.) Roth
- x o *D. exannulatus* (B.S.G.) Warnst.
- x o *D. revolvens* (Sw.) Warnst.
- o *D. tundrae* (H.Arnell) Loeske
- x o *D. uncinatus* (Hedw.) Warnst.
- o *Helodium blandowii* (Web. & Mohr) Warnst.
- o *Heterocladium dimorphum* (Brid.) B.S.G.
- x o *Homalothecium nitens* (Hedw.) Robins
- o *Hygrohypnum ochraceum* (Wils.) Loeske
- x o *Hylocomium splendens* (Hedw.) B.S.G.
- o *Hypnum revolutum* (Mitt.) Lindb.
- x *Lescuraea incurvata* (Hedw.) Lawt.
- o *L. radicosa* (Mitt.) Moenk.
- o *Meesia uliginosa* Hedw.
- o *Oncophorus virens* (Hedw.) Brid.
- o *O. wahlenbergii* Brid.
- o *Paludella squarrosa* (Hedw.) Brid.

- x *Philonotis fontana* (Hedw.) Brid.
- o *Plagiomnium ellipticum* (Brid.) Kop.
- x *Pogonatum urnigerum* (Hedw.) Beauv.
- x *Pohlia wahlenbergii* (Web. & Mohr) Andr.
- x o *Polytrichum alpinum* Hedw.
- x o *P. juniperinum* Hedw.
- o *P. piliferum* Hedw.
- x *P. sexangulare* Brid.
- o *Pseudobryum cinctidioides* (Hueb.) Kop.
- x o *Racomitrium canescens* (Hedw.) Brid.
- x *R. fasciculare* (Hedw.) Brid.
- x o *R. lanuginosum* (Hedw.) Brid.
- x *Schistidium strictum* (Turn.) Maort.
- o *Sphagnum teres* (Schimp.) Aongstr.
- o *S. warnstorffii* Russ.
- o *Splachnum sphaericum* Hedw.
- x o *Timmia austriaca* Hedw.
- o *Tortula norvegica* (Wed.) Lindb.
- x o *T. ruralis* (Hedw.) Gaertn., Meyer & Scherb.

HEIMILDASKRÁ

---

Aastrup, P. 1978: *Tamrendriften ved Irivnera, Vestgrønland. Bestandens udvikling, struktur og fourageringsmuligheder.* Specialeoppgave i Viltbiologi, Viltbiologisk Station, Kalø , 114 s.

Agnar Hallgrímsson 1979: *Öskjugosið mikla árið 1875 og afleiðingar þess.* Múlaping, rit Sögufélags Austurlands, 5.hefti.

Almenna Verkfræðistofan h.f., Virkir h.f., & Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen h.f. 1978: *Austurlandsvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Hraunaveita.* Orkustofnun,OS-ROD 7817, 94 s. og kort.

Anna Guðrún Þórhallsdóttir 1981: *Beitvalg hos sau og rein på Vesturöræfi Island.* Hovedoppgave ved Norges landbrukskole, Institut for Naturforvalting (Handrit), 107 s.

Andrew, V.N. 1954: The growth of forage lichens and the methods for their regulation [á rússnesku]. *Tr. Bot. Inst. AN SSSR. Ser. III, Geobotanica*, 9. 11-74.

Búnaðarsamband Austurlands 1974 og 1975: *Sveitir og jardir í Múlapingu*, 1. og 2. bindi (Ármann Halldórsson, ritstjóri), 976 s.

Arnbóður Garðarsson 1974: Rannsóknir á framleiðslu gróðurs og beit heiðagæsar. Í: Jón Baldur Sigurðsson og Arnbóður Garðarsson: *Skýrsla um rannsóknir í Þjórsárverum 1972*, Orkustofnun OS-ROD-7414, 60 s + töflur.

Áskell Löve 1970: *Islensk ferðaflóra.* Reykjavík, Almenna bókafélagið, 428 s.

Bergerud, A.T. 1972: Food habits of Newfoundland Caribou. *J. Wildl. Mgmt.* 36: 913-923.

Bergerud, A.T. 1980: A review of the population dynamics of caribou and wild reindeer in North America. Í: Reimers, E. Gaare, E. & Skjenneberg, S. (ritstj.). *Proc. 2nd Int. Reindeer/Caribou Symp.*, Røros, Norway, 1979. Direktoratet for vilt og ferskvannsfisk, Trondheim.

Bergerud, A.T. & L. Russel 1964: Evaluation of rumen food analyses for Newfoundland caribou. *J. Wildl. Mgmt.*, 28: 809-814.

Bergerud, A.T. & M.J. Nolan 1970: Food habits of hand-reared caribou *Rangifer tarandus* L. in Newfoundland. *Oikos*, 21: 340-350.

Bergþór Jóhannsson 1977: Skrá um íslenskar mosategundir í safni Náttúrufræðistofnunar Íslands, Reykjavík. Handrit, 11 s.

Boertje, R.D. 1981: *Nutritional ecology of the Denali caribou herd*. A thesis. Fairbanks University, Alaska, 293 s.

Bragi Sigurjónsson (ritstjóri) 1950: *Göngur og réttir III*. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri; 356-397.

Dirscht, H.J. 1962: Sieve mesh size related to analyses of antelope rumen contents. *J. Wildl. Mgmt.*, 26: 326-327.

Falk, P. 1940: Further observations on the ecology of Central Iceland. *Journal of Ecology*, 28: 1-41.

Formosov, A.N. 1946: Snow cover as an integral factor of the environment and its importance in the ecology of mammals and birds. I: *Fauna and Flora of the USSR. New Series, Zoology*, 5(20) 1946. (Trans. from Russian) Occ. Publ. No. 1, Boreal Inst., Univ. Alberta, Edmonton, 141 s.

Gaare, E. 1968a: *Prøver av vomminkhold i studiet av villreinens konsumption i vinterhalvåret*. Handrit, 13 s.

Gaare, E. 1968b: A preliminary report on winter nutrition of wild reindeer in the southern Scandes, Norway. *Symp. Zool. Soc. Lond.* 21: 109-115.

Gaare, E., T. Skoglund & B.R. Thomson, 1970: *Villreinens næringsvaner og adferd, Hardangervidda Jan-Jun 1970*. Trondheim 1970 (fjölrituð skýrsla), 97 s.

Gaare, E. & T. Skogland 1975: Wild reindeer food habits and range use at Hardangervidda. In: Ed. Wielgolaski, F.E. *Fennoscandian tundra ecosystems. Part 2. Animals and systems analyses.* Springer, Berlin: 195-205.

Gaare, E.A., Sørensen & R.G. White 1977: Are rumen samples representative of the diet? *Oikos*, 29: 390-395.

Gaare, E. & T. Skogland 1979. Grunnlaget for villreinforvaltningen. *Jakt, Fiske, Friluftslif* 108(4): 16-19.

Gaare E., & E. Reimers, 1980: Tillaga um rannsóknir á hreindýrum og beitarlandi þeirra á Íslandi. í: Skarphéðinn Þórisson 1980: *Hreindýrarannsóknir á Austurlandi. Framvinduskýrsla nr. 1.* Orkustofnun, OS80005/ROD03, 45 s. (fylgirit 1).

Galt, H.D., P.R. Ogden, I.H. Ehrenreich, B.T. Theurer & C.S. Martin, 1969: Estimating botanical composition of forage samples from fistulated steers by a microscope point method. *J. Range Mgmt.* 21: 397-401.

Guttermur Pálsson 1947: Austfjarðalýsing (1856) í: Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson (ritstj.): *Austurland, safn austfiskra fræða I.* Útg. Söguþjóður Austfirðinga, Akureyri: 47-69.

Guttermur Þorsteinsson 1947: Lýsing Hofssóknar í Vopnafirði 1840. í Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson (ritstj.): *Austurland, safn austfiskra fræða I.* Útg. Söguþjóður Austfirðinga, Akureyri: 77-97.

Halldór Stefánsson 1947: Jökuldalsheiðin og byggðin þar. í: Halldór Stefánsson og Þorsteinn M. Jónsson (ritstj.). *Austurland, safn austfiskra fræða I.* Útg. Söguþjóður Austfirðinga, Akureyri: 145-271.

Hanson W.C., F.W. Whicker & J.F. Lipscomb 1975: Lichen forage ingestion rates of free-roaming caribou estimated with fallout Cesium-137. í: Luick o.fl. (ritstj.) *First international reindeer and caribou symposium.* Biological papers of the University of Alaska, Special rep. nr. : 71-79.

Henshaw, J. 1968: The activities of the wintering caribou in North-western Alaska in relation to weather and snow condition. *Int. J. Biometeor.*, 12: 21-27.

Hjörleifur Guttormsson 1976. *Skýrsla um umhverfiskönnun á svæði Bessastadavirkjunar 1975.* Rafmagnsveitur ríkisins, 20 s.

Hjörleifur Guttormsson 1977. Gróðurathuganir og landkönnun á Eyjabakka-svæðinu. f: Hjörleifur Guttormsson & Gísli Már Gislason 1977: *Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi.* Orku-stofnun, OS-ROD-7719, 44 s.

Hjörleifur Guttormsson 1978: *Umsögn um líkleg umhverfisáhrif Bessastaða-árvirkjunar.* Náttúrugripasafnið í Neskaupstað. Handrit.

Hjörleifur Guttormsson (ritstjórn), Einar Þórarinsson, Kristbjörn Egilsson, Erling Ólafsson & Hákon Aðalsteinsson 1981. *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal.* Orku-stofnun OS 81002/VOD02, 271 s + 24 myndsiður.

Hjörleifur Guttormsson 1981 Landfræði. f: Hjörleifur Guttormsson (ritstjórn) *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal.* Orkustofnun OS 81002/VOD02, 271 s + 24 myndasiður.

Hjörleifur Guttormsson & Gísli Már Gislason 1977: *Eyjabakkar. Landkönnun og rannsóknir á gróðri og dýralífi.* Orkustofnun, OS-ROD-7719, 76 s.

Hörður Kristinsson & Bergþór Jóhannsson 1970: Reitaskipting Íslands fyrir rannsóknir á útbreiðslu plantna. *Náttúrufr.*, 40, 58-65.

Hörður Kristinsson 1979: *Preliminary list of Icelandic Lichens.* Reykjavík, Líffræðistofnun Háskóla Íslands. Handrit, 18 s.

Ingvi Þorsteinsson 1972: *Hreindýrarannsóknir, ferd 20-23 mars 1972.* Menntamálaráðuneytið. Handrit, 5 s.

Ingvi Þorsteinsson 1976: *Bráðabirgðaskýrsla um rannsóknarferð á hreindýraslóðir 1976.* Menntamálaráðuneytið. Handrit 5 s.

Ingvi Þorsteinsson 1980: *Ahrif Blönduvirkjunar á gróður og beitarpol afréttarlands vestan og austan Blöndu.* Orkustofnun, OS 80033/ROD14, 25 s.

Ingvi Þorsteinsson & Gunnar Ólafsson, 1965: Plöntuval sauðfjár og meltanleiki beitarplantna. *Freyr*, 61: 157-163.

Ingvi Þorsteinsson & Gunnar Ólafsson, 1967: Fjárbeit í skóglendi og úthaga. *Arsrit Skógræktarfélags Íslands 1967.* Reykjavík: 6-14.

Ingvi Þorsteinsson, Arnþór Garðarsson, Gunnar Ólafsson & Gylfi M. Guðbergsson 1970: Íslensku hreindýrin og sumarlönd þeirra. *Náttúrufraðingurinn*, 40: 145-208.

Klein, D.R. 1970: Tundra ranges north of the boreal forest. *J. Range Mgmt.*, 23: 8-14.

Klein, D.R. 1980: Range ecology and management progress made and direction for the future. f: Reimers, E., Gaare, E. & Skjenneberg, S. (ritstj.) *Proc. 2nd Reindeer/Caribou Symp.* Røros, Norway, 1979. Direktoratet for vilt og ferskvannsfisk, Trondheim.

Kraft, A., E. Gaare, & E. Reimers 1971. Villreinen på Hardangervidda. *Vilt og Viltstell*, 5: 18-32.

Kristbjörn Egilsson 1980: Áætlun um beitarrannsóknir 1980-1981. f: Skarphéðinn Þórisson 1980: *Hreindýrarannsóknir á Austurlandi.* *Framvinduskýrsla nr. 1.* Orkustofnun, OS80005/ROD03, 45 s.

Kristbjörn Egilsson 1981: Fæðu og beitarrannsóknir 1980. f: Skarphéðinn Þórisson 1981: *Hreindýrarannsóknir á Austurlandi.* *Framvinduskýrsla nr. 2.* Orkustofnun, OS 81993/VID03, 34 s.

Kristbjörn Egilsson & Hjörleifur Guttormsson 1981: Gróður. f: Hjörleifur Guttormsson (ritstj.) 1981: *Náttúrufarskönnun á virkjunarsvæði Jökulsár í Fljótsdal og Jökulsár á Dal.* Orkustofnun, OS81002/VOD02, 271 s + 24 myndasiður.

Kristbjörn Egilsson & Skarphéðinn Þórisson 1983: *Ahrif virkjana í Jökulsá í Fljótsdal og Jökulsá á Dal á hreindýr og beitilönd Þeirra.* Orkustofnun, OS-83074/VOD-08.

Grog H., H. Østhogen & T. Tønsberg 1980: *Lauflora*, Oslo Universitetsforlaget, 312 s.

Kvitkin, Yu. P. 1950. Seasonal changes in gaseous and energy exchanges in reindeer. Sovet Zootekh, 9: 86-88. Abstract No. 777: *Nutrition Abstr. Rev.* 22(1): 153 (á rússnesku).

Leader-Williams, N. 1980: Population ecology of reindeer on South Georgia í: *Proc. 2nd Int. Reindeer/Caribou Symp.*, Røros 1979  
Direktoratet for vilt og ferskvannsfisk, Trondheim.

Lesel, R. & Ph. Derenne, 1975: Introducing Animals to Isles of Kerguelen  
*Polar Record*, 17, 110: 485-494.

Lid, J. 1963: *Norsk og Svensk Flora*. Det Norske Samlaget, Oslo,  
808 s.

Lindsay, D.C. 1973: Effects of reindeer on plant communities in the Royal Bay area of South Georgia. *Br. Antarct. Surv. Bull.* 35:  
101-109.

McEwan, E.H. & A.J. Wood 1966: Growth and development of the barren ground caribou. I. Heart girth, hind foot length, and body weight relationships. *Can. J. Zool.*, 44: 401-411.

Maynard, L.A. & J.K. Loosli 1962: *Animal nutrition*. 5th ed. McGraw-Hill Book Co., Inc., New York, 533 s.

Miller, D.R. 1976: Biology of the Kaminuriak population of barren-ground caribou. Part 3. Taiga winter range relationships and diet. *Can. Wildl. Serv. Rep. Ser.*, 36: 42 s.

Miller, F.L., R.H. Russell & A. Gunn 1977: Peary caribou and muskoxen on western Queen Elisabeth Islands, N.W.T. 1972-74. *Can. Wildl. Serv. Rep. Ser.* 40:54 s.

